


# Bændablaðið

16. tölublað 2023 • Fimmtudagur 7. september • Blað nr. 640 • 29. árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Hjónin Jóhann Pjetur Jónsson og Harpa Jóhanna Reynisdóttir eru ráðin af Vegagerðinni til að smala umferðarþyngstu þjóðvegina frá Hvalfjarðargöngum að Holtavörðuheiði til að fækka slysum. Vegna umferðarþunga þurfa þau að sinna starfinu í skjóli nætur. – Nánar á bls. 38–39 Mynd / ÁL

## Kornrækt í sókn

**Útgáfa skýrslu starfshóps á vegum matvælaráðuneytisins, „Bleikir akrar – aðgerðaáætlun um aukna kornrækt“, sem kom út fyrr á árinu, hefur blásið lífi í kornrækt á Íslandi að nýju eftir mögur ár.**

Eflaust hafa þættir eins og heimsfaraldur kórónuveiru, stríðsátök í heiminum og loftslagsvá einnig ýtt við ráðamönnum, því samkvæmt fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar verður tveimur milljörðum varið í að hrinda aðgerðaáætluninni í framkvæmd. „Fyrsta forgangsmál kornræktar á Íslandi er að það þarf að kynbæta korn. Allt annað verður til einskis ef ekki verða til kynbætur á korni,“ segir Hrannar Smári Hilmarsson, tilraunastjóri Jarðræktarmiðstöðvar LbhÍ og einn höfunda skýrslunnar Bleikir akrar.

Kynbætur á byggi hófust að nýju í vor eftir að hafa legið niðri í nokkuð mörg ár.

Sú vinna fer fram í samstarfi við sænskt kynbótafyrirtæki sem býr yfir nýrri kynbótahvelfingu með þjörkum og fyrsta flokks búnaði. Nú verður hægt að erfðagreina gríðarlegan fjölda plantna og reikna kynbótamat fyrir þær áður en þær hafa verið prófaðar við íslenskar aðstæður. Það hefur ekki verið gert áður. /ÞAG

*– Sjá nánar í fréttaskýringu á bls. 20–21*

## Ylrækt:

# Stefnt að 26 hektara garðyrkjustöð við Árnes

## – Áformin gera ráð fyrir að tómataframleiðslan árið 2025 verði 13 tonn dag hvern og 56 tonn þegar stöðin er að fullu risin

**Þann 30. ágúst var undirritað samkomulag um uppbyggingu á matvælaframleiðslu á iðnaðarsvæði í Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Nánar tiltekið er þar um að ræða tómataframleiðslu í gróðurhúsum á um 26 hektara lands þegar uppbyggingu verður lokið árið 2027. Strax árið 2025 er gert ráð fyrir að fyrsta áfanga sé lokið og þá verði heildarframleiðslan um 13 tonn á dag af tómötum á um sex hektara lands.**

Það eru félagið Landnýting og Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur sem eru aðilar að samkomulaginu. Það gildir í 12 mánuði og tryggir Landnýtingu umbeðna 30 hektara af landi, en stöðina á að stækka í tveimur til þremur þrepum.

### *56 tonna tómataframleiðsla á dag*

Í fyrsta áfanga er áætlað að 24 störf skapist við stöðina, en heildarfjöldi starfa verði 284 á árinu 2027. Þegar stöðin verður að fullu risin mun tómataframleiðslan verða um 56 tonn á dag, gangi áformin eftir.

Haraldur Þór Jónsson sveitarstjóri segir að sveitarfélagið sé skuldbundið á þessu 12 mánaða tímabili að úthluta lóðinni eða svæðinu ekki til annarra aðila. Báðir aðilar séu sammála um að á þessum tíma stefni aðilar að gerð skuldbindandi samnings um skipulagsvinnuna, úthlutun lóðanna og verkefnið í heild til framtíðar.

### *Tómataframleiðsla til útflutnings*

Óttarr Makuch, framkvæmdastjóri Landnýtingar, segir að verkefnið gangi út á að framleiða tómata til útflutnings og um sannkallað risaverkefni sé að ræða. „Við horfum aðallega á útflutning og þá á markaði þar sem vel er greitt fyrir þessa gæðavöru sem verður framleidd með íslensku vatni og rafmagni – og án allra eiturefna. Auðvitað má vel vera að eitthvað fari á innanlandsmarkað,“ segir Óttarr og bætir við að horft sé til tveggja eða þriggja tómataafbrigða til ræktunar.

Ef allt gengur samkvæmt áætlun hefjast framkvæmdir strax á næsta ári og svo verður framleiðslan komin á fullt árið 2025. Verkefnið er enn í fjármögnunarferli, en það gengur vel þannig að ég hef enga trú á öðru en að áætlunin standi,“ segir Óttarr, en vill að svo stöddu ekki gefa upp hvaða fjárfestar eru þegar komnir að borðinu.

### *Spennandi verkefni*

Óttarr segir að í raun séu allar forsendur fyrir hendi á svæðinu svo hægt sé að ráðast í uppbygginguna, nema kannski raforkumálin, því þegar stöðin verður að fullu risin verði hún skilgreind sem stórnotandi rafmagns með orkuþörf upp á 45 megavött. „Eins og þetta er í dag þá virðist fljótlega stefna í að það verði ekki næg raforka handa öllum sem vilja hér á landi. Við bíðum því eftir jákvæðum tíðindum í þeim málum, til dæmis af Hvammsvirkjun.

Þetta er auðvitað mjög spennandi verkefni og allir sem við ræðum við eru mjög jákvæðir gagnvart verkefninu. Í rauninni er alveg furðulegt að ekki hafi verið ráðist fyrr í sambærilegt verkefni í íslenskri ylrækt.“

### *Verkefnið ekki háð Hvammsvirkjun*

Haraldur segir verkefnið í raun ekki vera háð Hvammsvirkjun. Fyrirhuguð hús verði staðsett við hliðina á Búrfellslínu 3 og því auðvelt að taka út rafmagn frá þeirri línu í verkefnið.

„Það væri því mikið fagnaðarefni ef loksins yrði til stórnotandi rafmagns í nærsamfélaginu þar sem orkan verður til. Þegar Hvammsvirkjun verður byggð bætast 95 megavött við uppsett afl á svæðinu.

Ekki liggur enn fyrir hvenær Landsvirkjun fær aftur virkjanaleyfi hjá Orkustofnun, en Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur veitt framkvæmdaleyfi til byggingar Hvammsvirkjunar,“ segir Haraldur.

Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands, segir að hugmyndir að svona verkefnum komi alltaf reglulega upp – sem sé gott mál. „Líka flott að sveitarfélög taki frá pláss í sínu skipulagi ef verkefnin komast svo enn lengra.

Við sem hér á landi búum vitum vel að gæði íslenskrar ræktunar eru mikil. Þar spilar margt inn í, hreinleiki vatns, græn orka, grænn hiti og notkun varnarefna sama og engin þar sem skordýr þrífast illa í íslenskri náttúru. Einnig erum við öruggt land og fólk fær hér mannsæmandi laun.

Ef rétt verð fæst fyrir gæðaafurðir úr gróðurhúsum á Íslandi þá er því ekkert til fyrirstöðu að fara í stærri skala á ræktun hér á landi.

Ég held að það gæti orðið erfitt að keppa á erlendum mörkuðum með sömu vöru og er framleidd þar vegna fjarlægðar frá markaði.

Íslenska varan þyrfti að geta sýnt fram á gæði sín og þar af leiðandi að vera dýrari,“ segir Axel um áform Landnýtingar. /smh




Fresturinn til að breyta öllum hænsnahúsum í lausagönguhús hefur tvisvar verið framlengdur.

# Allar hænur í lausagöngu

## – Fagnaðarefni í ljósi dýravelferðar

**Matvælastofnun (MAST) vinnur nú að úttekt allra þeirra búa sem eru með starfsleyfi til frumframleiðslu eggja. Frá 30. júní hefur ekki verið heimilt að halda varphænum í hefðbundnum búrum.**

Eggjabændum hafði verið gefinn átta ára frestur til að breyta sínum búum í lausagöngubú með reglugerð frá 2015. Upphaflega átti bann við búrum að ganga í gildi í lok árs 2021 en fresturinn var tvisvar framlengdur af ráðuneyti landbúnaðarmála.



Brigitte Brugger, sérgreinadýralæknir hjá MAST. Mynd / Aðsend

Brigitte Brugger, sérgreinadýralæknir hjá MAST, segir þennan áfanga mikið fagnaðarefni vegna bættrar dýravelferðar. Íslendingar séu þó ellefu árum á eftir Evrópusambandinu að innleiða þessar kröfur en þar hefur verið óheimilt að hafa hænur í búrum frá 2012.

*Allar hænur hafi það sem þær þurfa að hafa að lágmarki*

„Því ber að fagna að þetta hefur tekið gildi og núna göngum við út frá því að allar hænur hafi það sem þær þurfa að hafa að lágmarki," segir Brigitte. Þær eigi að komast í sandbað, geta setið á prikum, hafa aðgang að varpkössum ásamt því að geta gengið og hreyft sig.

Hún segir MAST standa í eftirliti núna, þar sem tekin verða út þau tólf bú sem eru með starfsleyfi til frumframleiðslu eggja. Brigitte vonar að öllum búum hafi tekist að uppfylla nýjar aðbúnaðarkröfur í tæka tíð, en ekki sé komin niðurstaða úr eftirlitinu og geti hún því ekki upplýst hver staðan sé.

*Einhverjir bregði búi*

Þegar niðurstaða verður komin úr eftirlitinu verður hægt að svara hvort breytingar hafi orðið á fjölda eggjabúa vegna hertra krafna. Brigitte telur að einhverjir eggjabændur hafi ákveðið að ráðast ekki í breytingar, heldur bregða búi upp um leið og bann við notkun hefðbundinna búra tók gildi.

Úti í Evrópu hafa verið í notkun svokölluð innréttuð búr um árabil, þar sem 20 til 50 hænur eru saman í hóp. Brigitte segist ekki vita til að nokkurt hænsnahús sé innréttað á slíkan hátt hérlendis, heldur velja íslenskir eggjabændur að byggja lausagönguhús. Í þeim gilda engar takmarkanir á fjölda hænsna í einu rými. /ÁL




Skráið smáauglýsingar á www.bbl.is

Riða:

# Sextán gripir með T137 drepnir í Miðfirði

## – Stór hluti stofnsins með verndandi arfgerðir eða lítið smitnæmi

**Eftir að hafa fengið niðurstöður arfgerðargreiningar á öllum fjárstofni sínum, segir Elín Anna Skúladóttir, bóndi á Bergsstöðum í Miðfirði, sárt að mikill fjöldi gripa með mótstöðu gegn riðu hafi verið felldir.**

Tekin voru arfgerðarsýni úr 669 gripum þegar fjárstofninn á Bergsstöðum var skorinn niður vegna riðu fyrr á árinu. Niðurstöður úr þeim skiluðu sér til bændanna á Bergsstöðum 2. september síðastliðinn. Þar kom í ljós að 139 gripir voru með arfgerðir sem veita mögulega mótstöðu gegn riðu. Af þeim voru 9 kindur með T137 breytileikann, sem er talinn eitt dýrmætasta vopnið í baráttunni gegn riðu. Á Urriðaá, þar sem fé var jafnframt skorið niður, fundist sjö gripir með T137 og tugir gripa með aðrar mögulega verndandi arfgerðir.

Elín segir hræðilegt að sjá hversu mörgum dýrmætum gripum var slátrað og niðurstöðurnar séu mikið áfall. Þau á Bergsstöðum höfðu barist fyrir því að lambhrútar, gemlingar og kaupafé yrði ekki skorið niður, en fengu það ekki í gegn. Fulltrúar Matvælastofnunar (MAST) höfðu sagt bændunum að of stutt væri í sauðburð og því þyrfti að skera allt fé niður hið snarasta. Þau létu undan þrýstingi fagfólksins, en Elín segist sjá eftir því núna.

*Óþarfi að drepa hrútana*

Rökin um að öllu þyrfti að vera slátrað fyrir sauðburð segir Elín alls ekki geta átt við um hrútana, enda voru þeir ekki að fara að bera og hægt er að geyma þá úti, þar sem smitálag er lítið. Jafnframt telji hún að einhverjar leiðir hefðu verið færar til að þyrma gemlingunum. Arfgerðagreiningarnar sýni að fimmtungur fjárstofnsins hefði verið ónæmur fyrir riðusmiti og féð hafi verið skorið niður í of miklum flýti. „Það hefði verið hægt að anda inn og út," segir Elín

Eftir að hafa skoðað niðurstöður arfgerðargreiningarinnar segir Elín að arfgerðir sem veita mögulega mótstöðu gegn riðu hafi verið dreifðar um hjörðina. Þetta hafi ekki afmarkast við lítinn ættlegg. Bændurnir á Bergsstöðum hafi selt hrúta á marga bæi í gegnum tíðina og segir Elín núna unnið að arfgerðagreiningu afkomenda þeirra til að sjá hvort þeir hafi dreift verndandi arfgerðum. Hún segir tvo hrúta sem þau seldu nýlega hafa verið drepna eftir að riða kom upp á bænum, sem síðar kom í ljós að báru mótstöðu gegn riðu, annar með T137 breytileikann.

*Einstaklega hátt hlutfall T137*

Samkvæmt Karólínu Elísabetardóttur í Hvammshlíð, frumkvöðli í riðurannsóknum á Íslandi, var fjárstofninn á Bergsstöðum með sérlega stórt hlutfall T137 arfgerðarinnar miðað við fjárstofninn á landsvísu.



Elín Anna Skúladóttir, bóndi á Bergsstöðum í Miðfirði, stendur í fjárhúsunum þar sem allt fé var skorið niður rétt fyrir sauðburð í vor. Mynd / Aðsend

Á Bergsstöðum var þetta 1,4 prósent, á meðan fjárstofninn á landinu öllu er einungis með örfá prómill. Karólína nefnir í því samhengi tölur frá RML þar sem arfgerðagreiningar um 30 þúsund kinda frá öllu landinu voru skoðaðar, en einungis 83 í þeim hópi hafi verið með T137. Hingað til hafi arfgerðin einungis verið þekkt í átta hjörðum.

Karólína bætir við að þrátt fyrir það mikla smitálag sem ætla má að hafi verið hjá sauðfénu á Bergsstöðum, þá fannst enginn gripur með riðu sem var með stökkbreytingu á príongeni. Allar 52 ærnar á Bergsstöðum sem veiktust voru með svokallaða ARQ/ARQ arfgerð, sem Karólína segir að sé greinilega mjög næm fyrir riðusmiti. Þetta styrki enn stoðum undir að nokkrar arfgerðir gagnist í baráttunni gegn riðu, ekki síst T137 en líklega fleiri. Þetta sé í fullu samræmi við niðurstöður næmisprófanna franska vísindamannsins Vincent Béringue, sem eru yfirstandandi síðan í vetur.

*Reglugerðirnar manngerðar*

„Það sem ég vil undirstrika með Bergsstaði er að það var greinilega mjög dýrmætur stofn og ótrúlega sorglegt að þessar kindur fóru," segir Karólína. Aðspurð hvort hún hefði séð aðra leið til að bregðast við riðusmitunum á Bergsstöðum í ljósi gildandi lagaumhverfis, svarar Karólína að reglugerðirnar séu manngerðar og því sé alltaf hægt að breyta þeim í ljósi nýrrar þekkingar. Óheppilegt hafi verið hversu stutt var í sauðburð þegar riða greindist þannig að MAST hafi verið undir tímapressu til að taka ákvörðun. Karólína er þó bjartsýn á að þessir hlutir fari batnandi í náinni framtíð.

Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir hjá MAST, segist hafa óskað eftir tillögum að bættum viðbrögðum við uppkomu riðuveiki frá deild sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands, í ljósi þess að byrjað sé að rækta gegn riðu. Þær tillögur séu komnar og er MAST að rýna þær, ásamt sérfræðingum skipuðum af matvælaráðuneytinu. Sá hópur eigi að ljúka störfum fyrir 1. nóvember og leggja tillögurnar fyrir ráðherra, sem geti þá breytt reglugerðum eða lagt til breytingar á lögum sé þess þörf.

Það séu tvenns konar aðgerðir mögulegar í baráttunni gegn riðu. Í fyrsta lagi sé að fjarlægja smitefnin með niðurskurði svo þau berist ekki víðar eða endursmiti stofninn. Í öðru lagi sé að rækta stofn sem beri verndandi, eða hugsanlega verndandi arfgerðir. Sigurborg geti ekki svarað því á þessari stundu hvor leiðin verði farin og hvernig þær verði útfærðar. Rétt sé þó að endurskoða þá vinnureglu að farga öllum skepnum þegar riða greinist á bæ. „Við erum sem betur fer komin með mun sterkari verkfæri í verkfærakistuna til að vinna gegn þessum sjúkdómi."

*„Riðuveikilaust Ísland"*

Sigurborg vill ekki segja að það hafi verið mistök að farga fénu í Miðfirði. Staðan hafi verið sú að búið var að greina riðuveiki á bænum og sauðburður var yfirvofandi. „Allir vefir sem koma nálægt sauðburði, það er að segja hildir og legvatn, eru með tíuþúsundfalt meira smitefni en aðrir líkamsvessar, eins og saur. Það var það sem við vorum að reyna að koma í veg fyrir, að smitefnið, sem er í svo ofboðslega miklu magni, dreifði sér.

Sigurborg fagnar því hversu góður skriður er kominn á þessi mál þannig að hægt verði að horfa bjartari augum til framtíðar. „Riðuveikilaust Ísland – það er framtíðarsýnin." /ÁL

# Lítil hreyfing á kvótamarkaði

**Markaður með greiðslumark í mjólk var haldinn 1. september síðastliðinn. Þar seldust einungis 225 þúsund lítrar af 1,4 milljón lítrum sem voru boðnir til sölu.**

Rafn Bergsson, formaður deildar nautgripabænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir óvanalegt að meira framboð sé á markaði en það sem óskað er eftir. Hann segir þetta ekki hafa gerst í langan tíma.

„Eftirspurnin er sjálfsagt minni af því að bændur binda vonir við að greitt verði fyrir umframmjólk. Svo er vaxtaumhverfið ekki að hjálpa.

Bændur eru ekki tilbúnir til að kaupa greiðslumark á þessu verði, eins og staðan er í dag," segir Rafn, en jafnvægisverðið endaði í 350 krónum fyrir hvern lítra. Greiðslumarkið sem óskað var eftir voru 846 þúsund lítrar, en verðið sem flestir buðu var of lágt og því gengu viðskiptin ekki eftir, nema fyrir áðurnefnda 225 þúsund lítra.

Hámarksverðið er þrefalt afurðastöðvaverð, eða 379 krónur.

Rafn segir verðið fyrir mjólkurlítrinn á tilboðsmörkuðum hingað til yfirleitt hafa verið það sama og hámarksverðið. Því sé óvanalegt að jafnvægisverðið hafi endað talsvert neðar. /ÁL




Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

7 3+4 ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA · VEGAAÐSTOÐ

2018 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

FRÉTTIR

Upprunamerkingar:

# Íslenskt ekki enn staðfest

**Bændasamtök Íslands hafa sent áskoranir á afurðastöðvar til að hvetja þau til að taka upp Íslenskt staðfest staðalinn.**

Engin afurðastöð hefur enn tekið merkið upp og hefur engin þeirra sem fengu fyrirspurnir frá Bændablaðinu hafið markvissa vinnu við upptöku merkisins.

Samkvæmt svörum frá Ágústi Torfa Haukssyni, framkvæmdastjóra Kjarnafæðis Norðlenska hf., ríkir jákvætt viðhorf innan þess fyrirtækis og er líklegt að vörur þess beri merkið í framtíðinni. Hann segist ekki sjá neinar stórar hindranir sem komi í veg fyrir upptöku merkisins, enda ekki flókið í eðli sínu og ljóst að flestar framleiðsluvörur fyrirtækisins uppfylli kröfur þess

Engin ákvörðun hafi þó verið tekin um hvenær vinna við upptöku merkisins gæti hafist, en hún fælist meðal annars í umbúðahönnun.

*Mikill kostnaður*

Steinþór Skúlason, forstjóri SS, segir mikilvægt að neytendur viti hvort þeir séu að kaupa innlent eða innflutt kjöt. Íslenskt staðfest merkið getið verið gagnlegt séu umbúðamerkingar ekki skýrar. Ekki hafi verið tekin ákvörðun hjá SS hvort merkið verði tekið upp og því ekki hafin vinna að undirbúningi.

Steinþór segir helstu ástæðurnar fyrir því að upptaka merkisins sé ekki komin í farveg meðal annars þær að árlegur kostnaður við að nota merkið sé á bilinu 15–20 milljónir króna. Þar að auki felist mikill kostnaður í umbúðabreytingum. Samkvæmt honum er SS mjög sterkt vörumerki og ítarlega merkt hver uppruni afurðanna sé. Því sé ekki augljós ávinningur af því að færa fjármuni í Íslenskt staðfest úr öðrum markaðsmálum, þó það sé í skoðun.

Sigurjón R. Rafnsson, aðstoðarkaupfélagsstjóri Kaupfélags Skagfirðinga, svaraði ekki fyrirspurnum Bændablaðsins, nema með því að verið væri að skoða þessi mál innan fyrirtækisins og ekki lægi fyrir hvort tekinn yrði upp Íslenskt staðfest staðallinn.

*Á að gera neytendum auðvelt fyrir*

Íslenskt staðfest er merki sem á að gera neytendum auðvelt fyrir að velja íslenskar vörur. Samkvæmt skoðanakönnun Gallup fyrir Icelandic Lamb árið 2021, kjósa ríflega 80 prósent neytenda íslenskar vörur í verslunum, sé þess kostur.

Jafnframt segjast 70 prósent neytenda óánægðir með að erlendar kjötafurðir séu seldar undir íslenskum vörumerkjum. Á Norðurlöndunum hafa verið tekin upp samsvarandi merki, eins og Nyt Norge og Från Svergie, og hefur það sýnt sig að notkun þeirra eykur sölu.

Til að mega bera merkið Íslenskt staðfest þarf vara að uppfylla eftirfarandi skilyrði: Varan er unnin og pökkuð á Íslandi; minnst 75 prósent innihalds í samsettum vörum þarf að vera íslenskt; og að lokum skal kjöt, egg, sjávarafurðir og mjólk vera 100 prósent íslenskt. Óháð vottunarstofa fylgist með hvort vörur uppfylli kröfur merkisins. /ÁL



Steinþór Skúlason, forstjóri SS. Mynd / HKr.

TILBOÐ MÁNAÐARINS*
-20%
+ 2 POKAR AF STALDREN FYLGJA FRÍTT MEÐ
BRETTI AF SAGI (21 stk.)
BRETTI AF SPÆNI (21 stk.)
SAGKÖGGLAR (500 kg.)

51.070 kr. m/vsk.
56.950 kr. m/vsk.
42.390 kr. m/vsk.
* Tilboðið gildir september 2023 eða á meðan birgðir endast.
FB FÓÐURBLANDAN
FB Reykjavík Korngarðar 12 570 9800
FB Selfoss Austurvegur 64 a 570 9840
FB Hvolsvöllur Duftþaksbraut 1 570 9850
www.fodur.is fodur@fodur.is



Handverkssláturhúsið að Seglbúðum. Þar verður engin starfsemi í haust. Mynd / smh

# Seglbúðir byrja ekki aftur

**Forsvarsmenn handverkssláturhússins að Seglbúðum í Landbroti munu ekki hefja slátrun og vinnslu kjöts í haust, þrátt fyrir að hætt hafi verið við gjaldskrárhækkun Matvælastofnunar (MAST).**

Fyrirhuguð verðhækkun á þjónustu dýralækna var blásin af of seint, eins og greint var frá á forsíðu síðasta tölublaðs Bændablaðsin.

Þá höfðu forsvarsmenn sláturhússins í Seglbúðum gefið út yfirlýsingu þess efnis að ekkert yrði af slátrun og kjötvinnslu hjá þeim í haust vegna fyrirhugaðra verðhækkana á dýralæknaþjónustu MAST. Í samtali við Bændablaðið á þeim tíma sagði Þórunn allar forsendur þurfa að breytast til að starfsemin yrði tekin upp að nýju.

Matvælaráðuneytið féll frá áðurnefndum hækkunum skömmu eftir útgáfu síðasta tölublaðs Bændablaðsins, en Þórunn segir það engu breyta, enda kom ákvörðunin of seint. Allir bændur sem þau hafa þjónustað þurftu að senda sláturhúsunum áætlun um fjölda sláturlamba fyrir miðjan ágúst. Þórunn segir þetta lélega stjórnsýslu, en hún vill ekki skrifa þetta alfarið á MAST, heldur sé ákvörðunin frá ráðuneytinu. Þórunn segir matvælaráðuneytið ekki hafa svarað umsögn sem þau sendu inn, eða verið í neinu sambandi út af þessu máli.

*Vantar farveg fyrir sorpið*

Aðspurð segir Þórunn mögulegt að þau taki upp þráðinn næsta haust, enda er húsnæðið til staðar og þau eru með öll leyfi. Þau þurfi hins vegar að fá svör við fjölmörgum spurningum um förgun á sláturúrgangi, þar sem ekki má urða lífrænan úrgang lengur. „Okkur hafa ekki verið kynntar neinar leiðir í þeim málum.“

*Enginn sjáanleg lausn*

Hingað til hafi þau borgað fyrir flutning á sorpinu tíu kílómetra að Stjórnarsandi, þar sem sveitarfélagið sá um förgun. Nú sé enginn sjáanlegur farvegur fyrir almennan sláturúrgang, nema kjötmjölsverksmiðjan í Heiðargerði í Flóahreppi. Þangað eru 200 kílómetrar og er flutningurinn dýr, þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar með úrgang af þessu tagi. Þórunn kallar eftir farvegi fyrir lífrænan úrgang heima í héraði.

Þórunn segir leiðinlegt að sjá eftir þessum rekstri fara svona. „Þetta var þjónusta sem fólk var almennt ánægt með, en við getum ekki endalaust borgað með þessu.“ /ÁL

Alþingi:

# Nýtt frumvarp um samstarf kjötafurðastöðva

**Stjórnvöld vilja heimila kjötafurðastöðvum í meirihlutaeigu framleiðenda að eiga með sér samstarf um afmarkaða þætti til að styrkja stöðu þeirra.**

Alþingi mun í vetur væntanlega taka fyrir tillögu til breytingar á búvörulögum nr. 99/1993 í því skyni að styrkja stöðu og samtakamátt frumframleiðenda búvöru og ýta undir samvinnu, endurskipulagningu og hagræðingu í slátrun, kjötvinnslu og markaðssetningu. Frumvarpsdrög eru í samráðsgátt stjórnvalda til 11. september.

*Samstarf um afmarkaða þætti*

Samkvæmt greinargerð er gert ráð fyrir að heimila fyrirtækjum í meirihlutaeigu framleiðenda að eiga með sér samstarf um afmarkaða þætti líkt og tíðkist í nágrannalöndum. Einkum verði horft til reglna ESB og Noregs á þessu sviði og tryggt að innlendir framleiðendur hafi ekki lakara svigrúm til hagræðingar og starfsemi en tíðkist í nágrannalöndunum.

„Við höfum hvatt til þess að afurðageirinn fái möguleika til hagræðingar eins og gengur í öllum öðrum löndum sem við berum okkur saman við og ekki síður til að standast samkeppni við innfluttar vörur,“ segir Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands.




Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands. Mynd / HKr.

*Hægt að hagræða*

Aðspurður hvort slík lagabreyting komi raunverulega að gagni svarar hann: „Ég tel að hagræðing í greininni sé mikil þar sem við erum með mjög smáar einingar sem mikið fjármagn er bundið í en skila litlum sem engum arði.

Og okkar sýn hefur verið að með þessu sé hægt að hagræða – sem nýtist bændum og neytendum.“ Fróðlegt verði að sjá í hverju „samstarf um afmarkaða þætti“ felst þegar frumvarpið sjálft líti dagsins ljós

Frumvarp af þessum toga var einnig í pípunum í fyrrahaust en fallið frá því vegna efnislegra ágalla þegar gerðar voru alvarlegar athugasemdir við það í samráðsgátt. Samkeppniseftirlitið taldi undanþágu sem lögð var til í frumvarpsdrögunum mögulega fara gegn ákvæðum EES samningsins.

Auk þess gengi sú undanþága mun lengra en viðgengist í nágrannalöndum og hætta væri á að hagsmunir kjötafurðastöðva færu ekki saman við hagsmuni bænda. Frumvarpsdrögin fóru því í endurvinnslu. /sá



# Fjöldi afslátta og sérkjara

**Kynntu þér kosti viðskiptakorts Skeljungs**
Kortið veitir þínu fyrirtæki afslátt af eldsneyti, vörum og þjónustu hjá samstarfsaðilum Skeljungs.




skeljungur.is | Skútuvogi 1

Skeljungur

# Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar þá kr. 14.900 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 11.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Sigurður Már Harðarson (ábm.) smh@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is – Þórdís Anna Gylfadóttir thordisanna@gmail.com
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN

# Græðlingar

**Skrifað stendur í einu fræðsluriti Skógræktarfélags Íslands að sá plöntuhluti sem notaður er til þess að rækta af nýja plöntu nefnist stiklingur. Stiklingur sem kominn er með rætur og blöð og þannig orðinn sjálfstæð planta nefnist græðlingur.**

Hér í blaðinu er fjallað um tvo efnilega „græðlinga“ í íslenskri garðyrkjuflóru sem eru af gjörólíkum uppruna.

Annars vegar eru það hvítlauksbændur í Dölunum, hjón sem hafa á undanförnum árum undirbúið jarðveginn fyrir að hætta að vinna venjulega launavinnu og gera að einhverju leyti atvinnu úr áhugamálinu – sem er að rækta hvítlauk.

Þau hafa lagst í pælingar um forsendur vel heppnaðrar ræktunar á hvítlauk á Íslandi án tilbúins áburðar og notkunar eiturefna. Niðurstaðan er að það þarf að rækta jarðveginn, auðga hann og vernda – gera hann að mestu leyti sjálfbæran.

Þau komust að því að markaður var fyrir íslenskan hvítlauk við hliðina á þeim innflutta sem er að mestu leyti fluttur inn frá Kína í miklu magni. Þau eru þegar búin að selja alla uppskeru næsta árs í heildsölu, sem þau áætla að verði á bilinu sex til átta tonn.

Hvítlauksbændurnir voru studdir í gegnum undirbúningsferlið af sérstökum sjóðum sem hafa það hlutverk að hlúa að frumkvöðlastarfi sem þessu. Þau segja að án þessa stuðnings hefði verkefnið aldrei orðið að veruleika.

Hinn græðlingurinn mun þrífast í krafti fjármagnsins – stórhuga athafnamanna – og felst í tómataræktun til útflutnings. Ætlunin er að reisa risagarðyrkjustöð á iðnaðarsvæði í Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem mun geta framleitt 56 tonn tómata dag hvern árið 2027 þegar stöðin verður að fullu risin. Það er margfalt það heildarmagn sem allir íslenskir tómataframleiðendur framleiða á hverjum degi. Verkefnið er enn á fjármögnunarstigi en samkvæmt framkvæmdastjóra þess gengur það ferli vel og engar beinar hindranir í sjónmáli. Líklegt er að örlög verkefnisins muni á endanum ráðast af markaðsforsendum íslensku tómatanna í erlendum verslunum.

Munu nægilega margir vilja greiða nógu hátt verð fyrir íslensku gæðavöruna, sem framleidd er með hreinu vatni og vistvænni orku? Fjárfestar veðja á að dæmið gangi upp.

Þetta eru dæmi af tveimur vænlegum græðlingum í íslenskri garðyrkju, en þeir hafa því miður ekki verið margir á síðustu árum. Það verður því miður að segjast eins og er að það hefur lengi ríkt stöðnun í greininni, einkum í útiræktun grænmetis.

Sömu tegundirnar hafa verið í framleiðslu ár eftir ár, fáar bætast við og hlutfall innlendrar framleiðslu á markaði hefur ekki breyst í grundvallaratriðum.

Nýliðun er lítil og garðyrkjubændum fjölgar mjög hægt. Þau sem eru áhugasöm um framtíðarstörf í greininni komast ekki yfir þá erfiðu hindrun sem fjárfesting í landi og garðyrkjustöð er.

Hér í blaðinu er einnig fréttaskýring um stöðu og horfur í kornræktinni. Hún hefur mikið verið til umræðu á undanförnum mánuðum eftir að matvælaráðherra tilkynnti í vor um tveggja milljarða stuðning við greinina á næstu fjórum árum. Það er góður og þarfur stuðningur í átt að fæðuöryggi á Íslandi. En garðyrkjan þarf líka aukinn stuðning til að svo geti orðið.

Samkvæmt tíðindum sem berast af yfirstandandi endurskoðun búvörusamninga, hafa garðyrkjubændur lítið komist áleiðis með sín hagsmunamál við samningaborðið.

Það er þrátt fyrir fögur fyrirheit stjórnvalda um aukinn stuðning við íslenska grænmetisframleiðslu, sem hafa birst í ýmsum myndum á undanförnum misserum.

*/smh*

# Einkamál annarra?




**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is


**Það má velta fyrir sér hvar mörk þess að blaðamenn geti óhindrað myndað bústörf liggi, án þess að fyrir því liggi leyfi frá viðkomandi bónda.**

Nú er mál þannig með vexti að á bæ nokkrum á Suðurlandi voru bændur að sinna bústörfum við blóðtöku úr merum, eins og þeir hafa stundað í mörg ár á grundvelli laga og reglugerða sem þeim eru sett af löggjafanum. Þá bregður svo við að stóðið við bæinn fer að ókyrrast. Ábúandi fer því út og svífur þá yfir flygildi sem augljóslega styggir hrossin, og við nánari eftirgrennslan kemur í ljós að bíll ríkisrekins fjölmiðils er lagður steinsnar frá vettvangi. Voru þar komnir starfsmenn Kveiks að taka myndir á einkalandi bóndans.

Það vekur furðu mína að viðkomandi starfsmaður umrædds ríkisfjölmiðils spyrji ekki um leyfi, ræði við bóndann eða láti vita, heldur virðist dýravelferð og stjórnarskrárvörðum réttindum enginn gaumur gefinn þegar kemur að myndatökum eða friðhelgi einkalífs. Óhjákvæmilega vaknar því sú spurning að ef starfsemi er að lögum landsins leyfð, hvar sé þá verndin?



### *Verðlag og verðbólga*

Mikið hefur verið rætt og ritað undanfarið um verðlag á Íslandi. Þegar rýnt er í þessa gagnrýni, þá er líkt og ábyrgðin liggi hjá bændum og að þeirra athafnir séu eldiviður á verðbólgubálið. Vel má velta fyrir sér hvernig verðmyndun á vörum verður til. Hvernig má það vera að lítri af íslensku vatni kostar 60% meira en lítri af mjólk? Um þó nokkra hríð hefur það truflað mig allnokkuð þegar ég fer í stórmarkaði í mínu nærsamfélagi og versla inn, að næsti maður á undan mér í röðinni er starfsmaður í verslun sem staðsett er í hinum dreifðari byggðum. Má draga af því líkur að viðkomandi fái hagstæðara verð í stórmarkaðnum heldur en hjá viðkomandi birgjum? Hvar á verðmyndunin á matvörunni þá stað ef ekki hjá birgjunum?

Því fylgir oft aukinn kostnaður að búa utan höfuðborgarsvæðisins og nær ekkert okkar hefur farið varhluta af umræðu um flutningsfyrirtæki undanfarna daga. Verður það virkilega þannig að neytendur, og þá sérstaklega þeir sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins, jafnvel með sína atvinnustarfsemi, þurfi að bera skaða af samráði fyrirtækja á markaði sem endurspeglast svo í hækkuðu vöruverði?

### *Bændafundir*

Dagana 21. til 25. ágúst og svo þann 30. ágúst fór stjórn og starfsfólk Bændasamtakanna í fundaferð um landið. Alls var komið við á 13 áfangastöðum og voru fundirnir vel sóttir og umræðurnar málefnalegar og upplýsandi um þau málefni sem brenna helst á bændum.

Vil ég fyrir hönd stjórnar þakka öllum þeim sem tóku þátt í fundunum fyrir komuna og ekki síður starfsfólki Bændasamtakanna fyrir frábæran undirbúning á þessari fundaröð, þetta er að mínu mati mjög mikilvægt fyrir stjórn og starfsfólk að sinna þar sem þetta gefur okkur innsýn inn í áherslur á hverju svæði.

## GAMLA MYNDIN




**Mynd úr safni Bændasamtakanna. Hluti af myndaseríu sem sýnir frá blóðtöku úr hryssum í Landeyjum. Á bakhliðinni stendur handskrifað: „Finnbogi Magnússon Lágafelli hjá blóðbrúsunum.“**

Mynd / Úr safni

LÍF & STARF










# Almenningsgarður rósanna

## – Um 190 tegundir og yrki til sýnis

**Ýmis blómgróður þrífst með ágætum á Íslandi en maður rekst ekki á almenningsrósagarða á hverju strái, þótt fólk sé margt iðið við rósaræktun í heimagörðum.**

Í Kópavogi er Norræni rósagarðurinn í trjásafninu í Meltungu, skammt frá gróðrarstöðinni Mörk. Þetta er sannkallaður yndisreitur sem hefur verið vel hlúð að og gaman er að heimsækja að sumarlagi til að sjá fjölbreyttar rósategundir.

Innan Garðyrkjufélags Íslands (GÍ) er sérstakur rósaklúbbur, en slíkir eru víða um heim. Norrænu rósafélögin hafa haft með sér nokkurt samstarf. Árið 2014 ákváðu félögin að hvert norrænu landanna tilnefndi 10 rósayrki sem væru einkennandi fyrir viðkomandi land og síðan yrðu gerðir norrænir rósagarðar með þessum 50 rósum í öllum löndunum fimm. Rósagarðurinn í Meltungu var sá fyrsti og er samstarfsverkefni Kópavogsbæjar og GÍ.

*Tegundir og yrki 190 talsins*

Fyrir nokkrum árum voru gerðir tveir nýir rósagarðar á staðnum, annar með kanadískum rósum og hinn með rósum af blönduðum uppruna, sem virðast geta þrifist vel hér á landi. Loks er eitt tilraunabeð helgað enskum rósum, svonefndum Austin-rósum, sem þykja einkar blómfagrar og ilmandi. Nokkrar kanadísku rósanna fást ekki lengur á almennum markaði þar í landi.

Vilhjálmur Lúðvíksson, efnaverkfræðingur og fv. formaður Rósaklúbbs GÍ, segir alls um 190 tegundir og yrki vera í rósagarðinum í heild. Þau séu 70 í þeim norræna, rúm 50 í þeim kanadíska og í blandaða rósasafninu um 70 talsins. Best þrífist rósir sem falli undir flokk þyrnirósa og ígulrósa en í Meltungureitnum gangi sýnu verst með flestar Austin-rósir og evrópsku nútímarósirnar.

*Reynt á þol rósanna*

Spurður um framtíðarstefnu varðandi rósagarðinn segir Vilhjálmur nú fyrirhugað sérstakt safn 18-19 rósa sem Jóhann heitinn Pálsson, fyrrum garðyrkjustjóri Reykjavíkur, framkallaði með víxlunum á 10. áratug síðustu aldar og skömmu eftir aldamót.

Að öðru leyti sé ekki stefnt að stækkun garðsins, einungis viðhaldi hans. „Markmiðið með þessum rósagarði er að sýna og gera aðgengilegar almenningi arfgerðir (yrki) rósa sem ætla mætti að hentaði til ræktunar í íslenskum görðum og láta reyna á þær við hinar sveiflukenndu aðstæður í veðurfari sem ganga yfir hér á landi án þess að þær séu ofdekraðar,“ segir Vilhjálmur. Nokkuð er um að fólk þekki til garðsins og nýti sér hann, en þó mætti þar gera betur. „Nokkuð reglulega hafa verið fræðslugöngur um garðinn, gjarnan í tengslum við almennar kynningargöngur um trjásafnið í Meltungu, sem rósagarðurinn er raunar hluti af,“ bætir hann við.

Ágætt upplýsingaskilti er í rósagarðinum og flestar rósir merktar. Nokkur afföll hafa verið í garðinum, eins og gengur, og síðan endurnýjun gróðursetninga með nýjum yrkjum en ekki er búið að merkja þau. Enn vantar nokkrar plöntur í garðinn, m.a. vegna affalla sem urðu í veðursveiflunum á sl. vetri og síðbúnu vori, að sögn Vilhjálms. Hann segir rósir sem á annað borð þrífast á Íslandi yfirleitt vera tiltölulega lausar við sjúkdóma en helst að blaðlýs og sumar tegundir fiðrildalirfa geti hrjáð þær.

Rósirnar eru á fallanda fæti nú á haustdögum. En vorið og blómgunin kemur á ný og þá má spássera um rósagarðana og draga til sín fegurð og ilm blómanna til upplyftingar andans. /sá

## MÆLT AF MUNNI FRAM

Það verða lesendur að þola mér, þótt nokkuð mikið fari fyrir kveðskap þeirra hagyrðinga sem næst standa hug og hjarta mínu. Ég átti þess kost að kynnast **Rósberg G. Snædal** á árunum 1968–1969. Síðan hafa borist mér í hendur allar hans ljóðabækur og ritverk. Stíllinn jafnan knappur, atkvæðafjöldinn lítill en rímleiknin einstök. Til Hjálmars hagyrðings á Hofi orti Rósberg afmæliskveðju. Þar í er þessi staka:

*Stýrðu um veldi stökunnar,*
*stuðlum felldu rímu.*
*Berðu elda æskunnar*
*inn í kveldsins skímu.*

Og til **Sveins sveitunga síns frá Elivogum** orti hann þessa einstöku vísu:

*Yfir hrjóstur oft þig bar,*
*ýmsa slóstu brýnu.*
*Stífur gjóstur stökunnar*
*stóð frá brjósti þínu.*

Enga vísu man ég þar sem skáldið hreykist af eigin ágætum:

*Seint ég greiði lán mér léð,*
*leik á breiðum tröðum.*
*Vel er leið mín vörðuð með*
*víxileyðublöðum.*

Líkt og aðrir listamenn, þá hefur Rósberg átt sínar andvökunætur:

*Eirð mig brestur, í mér fjand-*
*inn vill festa rætur.*
*Þó er verst að vera and-*
*vaka flestar nætur.*

En frekar verður flutt af kveðskap Rósbergs síðar. Alkunn er þessi afburða vísa **Friðriks Hansen:**

*Nú skal hlaupa á hendingum,*
*hefja staupa gaman,*
*hafa kaup á hugmyndum,*
*hlæja og raupa saman.*

Þessa kvenlýsingu smeið **Magnús Gíslason á Vöglum:**

*Brjóstahá og mittismjó,*
*mjaðma ávöl lína,*
*handarsmá, - mitt hjarta sló*
*hratt við návist þína.*

Svo er þetta með kynjajafnræðið. Það er samt staðreynt, að færri konur en karlmenn hafa fengist við kveðskap til þessa dags, og því erfitt að hafa þar á jafnræði. En **Ólína Jónsdóttir** orti þessa frábæru vísu um ótilgreint manngrey í kvenmannsleit:

*Maðurinn þeytist stað úr stað,*
*stundum breytir myndum,*
*hann er að leita og hyggja að*
*hitaveitulindum.*

**Guðrún Árnadóttir frá Oddsstöðum** orti líka hringhent:

*Manndómsára þrýtur þrek,*
*þokast sár um veginn.*
*Tímans bára brýtur sprek,*
*breikkar skárinn sleginn.*

Og önnur svolítið sár eftir **Guðrúnu:**

*Þessi stund var stutt en hlý,*
*stari ég hljóð í skuggann,*
*ein er ég heima enn á ný*
*og uni mér við gluggann.*

**Ólöf G. Sveinbjarnardóttir frá Rauðamel** orti á ferð hjá Grettisbæli:

*Í fjallaskaut hann flúði í laut,*
*því frelsi naut hann varla.*
*Á hans braut var þraut við þraut*
*þar til hlaut að falla.*

Niðurlagsvísa þáttarins er þessi fróma ósk eftir **Guðna V. Þorsteinsson**:

*Lífið heldur áfram enn:*
*ósköp væri gaman,*
*ef að Guð og góðir menn*
*gætu unnið saman.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggd1@gmail.com*



FRÉTTIR



Halla Sigríður Steinólfsdóttir, umkringd geitahjörðinni sinni. Myndir / smh

# Bjargaði níu geitum og gerðist geitabóndi

## – Ætlaði í sumar í framleiðslu á geitamjólkurafurðum en ekkert bólar á eftirlitsmanni MAST

**Bændurnir í Ytri-Fagradal á Skarðsströnd ætluðu að hefja framleiðslu á geitamjólkurafurðum í sumar en eftirlitsmaður Matvælastofnunar hefur enn ekki skilað sér á bæinn þrátt fyrir að beiðni hafi verið send í júní um úttekt.**

Fyrir um fimm árum stóð til að senda níu geitur frá sveitabæ í Dölunum í sláturhús, þar sem ekki voru lengur forsendur til geitfjárræktar á viðkomandi bæ. Halla Sigríður Steinólfsdóttir, og Guðmundur Gíslason, sauðfjárbændur með meiru í Ytri-Fagradal á Skarðsströnd, höfðu spurnir af þessu og ákváðu þá að taka við þessum geitum.

Síðan hefur fjölgað verulega gripunum og er nú komin rúmlega 50 geita hjörð, sem munar um fyrir búfjárstofn sem telst enn í útrýmingarhættu.



Nýlega var geitamjaltabás tekinn í notkun á bænum.



Þegar Halla þurfti að hætta býflugnabúskap opnaðist tækifæri í geitabúskap.

### *Opnaðist skyndilega möguleiki fyrir aðra búgrein*

„Ég þurfti að hætta með býflugurnar vegna ofnæmisviðbragða sem ég fékk eftir býflugnastungur. Mér var hreinlega bannað að vera með býflugur. Þá opnaðist tækifæri fyrir einhvern annan búskap í staðinn. Og við sáum það í geitabúskap,“ útskýrir Halla.

„Guðmundur smíðaði mjaltabás og mjólkurhús til að meðhöndla mjólkina eftir mjaltir. Og það er hér um bil fullgert, nema við erum ekki að gera of mikið fyrr en úttekt hefur farið fram. Það eina sem vantar núna er leyfið frá Matvælastofnun til þess að mega selja mjólkina Ég er búin að fá jákvætt svar frá Þorgrími á Erpsstöðum til að gera gott úr þessum afurðum því mig hefur alltaf langað til að vinna mjólkurafurðir. Sjálf hef ég til heimabrúks prófað ostagerð, ricottaost og geitaskyr. Maðurinn minn er tilraunadýrið. Þetta er talsvert magn af mjólk sem ég fæ á dag – ætli ég fái ekki um sjö lítra en ég mjólka rúmlega 20 huðnur. Það eru fráfærur á kvöldin, þegar ég tek kiðin frá, og svo mjólka ég daginn eftir. Svo fara kiðin og geiturnar saman út.“

### *Geitaostaframleiðsla til heimabrúks*

Hún segir að það eina sem vanti núna sé leyfið frá Matvælastofnun fyrir því að mega selja geitamjólk, þegar vöruþróuninni er lokið. „Ég sendi inn beiðni í júní um að fá úttekt á aðstöðunni hjá mér frá mjólkureftirlitsmanni, en hef enn engin viðbrögð fengið. Maður verður að geta selt afurðirnar sínar – það er jú ein af ástæðum þess að maður stundar búskapinn. Í raun er búið að eyðileggja fyrir mér heilt sumar og ég veit ekki einu sinni hvaða tekjur ég hefði getað haft upp úr þessu ef ég hefði fengið leyfið fljótlega eftir að ég sótti um. Þetta eru almennt eftirsóttar vörur – geitamjólkurafurðirnar – og víða rómaðar fyrir heilnæmi og bragðgæði.“

### *Alvarlegt mál*

„Þetta er alvarlegt mál. Ég hringdi svo nýlega til að spyrjast fyrir um málið og þá fannst reyndar skjalið frá mér en ekkert meira hefur gerst.

Annars gengur mér mjög vel að eiga við geiturnar, aðstæður hér eru eins og best verður á kosið og þær voru fljótar að læra á mjaltabásinn og rafmagnsgirðingarnar,“ segir Halla. Lífrænn sauðfjárbúskapur var stundaður í Ytri-Fagradal þar til undanþága bænda í lífrænum sauðfjárbúskap rann út fyrir fáeinum árum, til að nota grindargólf í fjárhúsunum.

Halla segir að það hafi jafnvel hvarflað að sér hvort hún eigi í framtíðinni að hætta með sauðféð og snúa sér alfarið að geitabúskapnum. „En, nei, Matvælastofnun er ekki að hjálpa þetta sumarið. Það er svo sem vel hægt að gera bæði.“ /smh




# SS slátrar um 100 þúsund fjár

**Sláturtíðin hjá Sláturfélagi Suðurlands í sláturhúsinu á Selfossi hófst miðvikudaginn 6. september og stendur til 31. október.**

Reiknað er með að slátrað verði um 100 þúsund fjár sem er svipað og á síðasta ári. „Við reiknum með að það verði 150 manns sem koma að sláturtíðinni með fastafólkinu okkar á Selfossi en af þeim hópi eru um 110 erlendir starfsmenn, sem eru ráðnir sérstaklega í sláturtíðina,“ segir Benedikt Benediktsson, framleiðslustjóri hjá Sláturfélaginu.



Um 150 starfsmenn, þar af um 110 erlendir, munu starfa við sláturtíðina í haust hjá Sláturfélagi Suðurlands í sláturhúsinu á Selfossi. Mynd / MHH

### *Afurðaverð hækkar um 19%*

Hann segir að afurðaverð á lambakjötinu hækki um 19% frá fyrra hausti, auk þess sem greidd verður 5% viðbót á afurðaverð. „Það er líka gaman að segja frá því í tengslum við sláturtíðina að við höfum tekið í notkun nýtt og glæsilegt húsnæði fyrir starfsfólk á Þórhildarvöllum, sem er að Fossnesi fyrir neðan sláturhúsið. Þar er pláss fyrir 33 starfsmenn en það eru 11 í hverju húsi og húsin eru 3 talsins,“ segir Benedikt. /MHH


FJÖLBREYTTASTA ÚRVAL LANDSINS
AF FJÓR- OG SEXHJÓLUM
can-am
BRP
ELLINGSEN
Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is

FRÉTTIR

# Verður versluninni á Hellu lokað?

**Óvissa er um framtíð einu matvöruverslunarinnar á Hellu.**

Guðrún Elín Pálsdóttir, formaður Verkalýðsfélags Suðurlands, mætti á síðasta fund byggðarráðs Rangárþings ytra til að ræða um þróun á matvælaverði í versluninni á Hellu, sem er Kjörbúðin, eftir ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að krefja Festi hf. um sölu á verslun sinni á Hellu.

„Íbúar kvarta mikið undan háu vöruverði í einu matvöruversluninni á Hellu. Þar var áður Kjarvalsbúð en þeim var gert að láta eftir reksturinn á Hellu þegar Festi keypti N1 en var þá með rekstur bæði á Krónunni og N1 á Hvolsvelli.

Samkeppniseftirlitið setti þá skilmála að Festi mætti ekki líka reka matvöruverslun á Hellu heldur þyrfti annan aðila til að tryggja samkeppni. Nú er samkeppni engin þar sem vöruverð er frekar hátt á Hellu nema á grunnvörunni.



Kjörbúðin á Hellu. Mynd / MHH

Íbúar fara því að mestu annað til að versla, “ segir Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, formaður byggðarráðs.

„Það hefur ekkert verið rætt um lokun verslunarinnar en við teljum þetta vera forsendubrest og viljum því fá fund með Samkeppniseftirlitinu til að ræða stöðuna,“ segir Margrét Harpa þegar hún er spurð um mögulega lokun.

/MHH

# Matarbúr Krónunnar opnað í tíunda sinn

## – Samstarfsverkefni með smáframleiðendum

**Matarbúr Krónunnar var opnað í síðustu viku og stendur fram til 18. september.**

Um ræðir samstarfsverkefni með Samtökum smáframleiðenda matvæla (SSFM) þar sem íslensk framleiðsla er í hávegum höfð.

Matarbúrið verður opið í sex Krónuverslunum; Lindum, Skeifu, Flatahrauni, Mosfellsbæ, Selfossi og Akureyri. Á fjórða tug félagsmanna SSFM verða með á annað hundrað vörur á boðstólum í Matarbúrinu.

Bændamarkaður með útiræktuðu grænmeti er haldinn samhliða




Matarbúrinu þar sem helgar þegar ný uppskera er í boði. /smh



Konunglega
Marokkó
9. – 23. apríl 2024
Fararstjórn: Hólmfríður Bjarnadóttir
Verð 629.700 kr. á mann í tvíbýli
Ævintýraleg ferð til konungsríkisins Marokkó, sem kynnir okkur hrífandi sögu og töfrandi menningarheim landsins. Við upplifum miklar andstæður, fagrar strendur, pálmatré, eyðimerkur og stórbrotin fjöll og heimsækjum heillandi þorp þar sem stundum virðist sem daglegt líf hafi staðið í stað í gegnum aldirnar.
bænda FERÐIR
Bókaðu núna á bændaferðir.is
Sími 570 2790
bokun@baendaferdir.is
Síðumúla 2
108 Reykjavík

# Fé kemur vænt af fjalli

**Trausti Hjálmarsson, formaður deildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir að fé sitt komi vænt af fjalli.**

Bændablaðið náði tali af honum í smalamennsku, en hann er sauðfjárbóndi í Austurhlíð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og réttar í Biskupstungnaréttum.

„Mér sýnist fé hér almennt koma vænt af fjalli, það lítur út fyrir að vera í góðu meðallagi,“ segir Trausti. Hann hafði ekki haft fregnir af fé í öðrum landshlutum en vonaði að sumarið hefði farið vel með fé og það kæmi vel út í öllum landshlutum.

Aðspurður hvernig gengi að manna göngurnar sagði hann að



Trausti Hjálmarsson.

það gengi vel. „Það er alltaf ásókn í þetta af fólki sem hefur gaman af að koma og taka þátt í þeirri upplifun sem göngurnar eru, að vera úti í náttúrunni og smala fé heim af fjalli.“

Að sama skapi segir Trausti það alltaf vera jafn vinsælt meðal almennings að mæta í réttir. „Í fyrra var fyrsta árið eftir að Covid-hömlum var aflétt og mæting í réttir meðal almennings var góð. Ég held að það verði lítið gefið eftir í ár. Við vonumst allavega til þess að sem flestir mæti og gleðjist með okkur.

Ég óska sauðfjárbændum öllum alls hins besta og vona að sumarið hafi farið vel með féð.“

/ÞAG

Veiðar:

# Opið fyrir umsóknir um selveiði

**Opnað hefur verið fyrir umsóknir um leyfi til selveiða til eigin nytja árið 2024.**

Sótt er um til Fiskistofu og er umsóknarfrestur til 1. október nk. Reglugerð um bann við selveiðum kveður á um að þær eru óheimilar á íslensku forráðasvæði (í sjó, ám og vötnum) nema að fengnu sérstöku leyfi frá Fiskistofu og á það við um veiði á öllum tegundum sela.

Hún getur hins vegar veitt leyfi til takmarkaðra veiða á sel til eigin nytja innan netlaga þar sem veiðar hafa verið eða verða stundaðar sem búsílag, þ.e.a.s. búbót.

„Fyrir þetta ár var sótt um leyfi til veiða á 41 landsel og 13 útselum og sá fjöldi samþykktur,“ segir Daði Tryggvason hjá Fiskistofu. „Veiðitölur eru ekki komnar inn en þær koma með umsóknum fyrir næsta ár.

Síðustu ár hafa verið veiddir töluvert færri selir en sótt er um leyfi fyrir.“ Í umsókn um veiðileyfi þarf að taka fram staðsetningu fyrirhugaðrar veiði og hvaða aðferð á að nota við veiðina.



Fiskistofa getur veitt leyfi til takmarkaðra veiða á sel til eigin nytja innan netlaga þar sem veiðar hafa verið eða verða stundaðar sem búsílag. Árleg veiði nemur nokkrum tugum dýra. Mynd / Bbl

### *Öll sala bönnuð*

Einnig fjölda landsela og/eða útsela sem viðkomandi hyggst veiða. Þá er óskað eftir upplýsingum um selveiðar umsækjanda sl. fimm ár og staðfestingu á eignarheimild eða samningi við eiganda viðkomandi lands. Öll sala og markaðsfærsla á íslenskum sel og selaafurðum er bönnuð. Fiskistofa hefur eftirlit með að veiðar séu í samræmi við lög og reglur og getur gripið til aðgerða ef hún telur ástæðu til.

### *Á válista spendýra*

Landselur *(Phoca vitulina)* og útselur *(Halichoerus grypus)* eru einu tegundir sela sem kæpa á Íslandi og halda til við landið allt árið. Fjórar tegundir koma þó sem flækingar til Íslands endrum og sinnum og eru það vöðuselur, kampselur, blöðruselur og hringanóri.

Fylgst hefur verið með stofnstærð sels við landið: landsels frá 1980 og útsels síðan 1982.

Árið 2020 var íslenski landselsstofninn metinn um 10.300 dýr en um 33.000 í upphafi talninga.

Nýjasta mat á íslenska útselsstofninum mun vera frá 2017 og gerði ráð fyrir 6.200 dýrum en var metinn 9.200 dýr 1982 og hefur sveiflast nokkuð innan tímabilsins.

Selir eru metnir á válista spendýra, landselur sem tegund í hættu og útselur í nokkurri hættu. Hvorug tegundin er þó á Evrópuválista eða heimsválista, skv. upplýsingum af vef Náttúrufræðistofnunar Íslands. /sá

Býflugur:

# Hunangsuppskera mjög góð

**Fjöldi félagsmanna er um 120 ræktendur sem eru staðsettir víðs vegar um landið þótt langmestur fjöldi sé á suðvesturhorninu.**

Egill Rafn Sigurgeirsson, formaður býflugnaræktenda, telur fjölda ræktenda hafa verið svipaðan undanfarin ár en sjálfur byrjaði hann býflugnarækt árið 1998 á Íslandi.

„Ég kom heim frá Svíþjóð árið 1998 með býflugur og hélt hérlendis býræktarnámskeið ári seinna. Það var svo um 2011 að ræktun býflugna hérlendis tók verulegan kipp og hef ég kennt um 220 manns býflugnarækt.“

Egill segir að helsta ástæða þess að býflugnarækt á Íslandi sé ekki viðameiri sé vöntun á býflugum. Íslenskt veðurfar spili líka stórt hlutverk þar sem mikilvægt er fyrir býflugnabúin að þau hafi gott skjól og þurfi að standa af sér íslenskar lægðir og umhleypinga.

„Það er vöntun á býflugum og því geta ræktendur ekki verið með fleiri bú. Við flytjum inn býflugur frá Álandseyjum og það hefur oftast gengið vel. Í ár urðum við þó fyrir því óhappi að hluti þeirra drapst í flutningum, líklega vegna ofhitnunar í búunum við flutningana eða ónægrar loftræstingar. Hingað til lands komu þó 123 lifandi býflugnaafleggjarar og við eigum von á svipuðu magni á næsta ári.“

Aðaluppskerutími býræktenda fer fram um miðjan ágúst, stundum fyrr hjá stórum búum. „Nú er aðaluppskerutíminn búinn og mér skilst að uppskera sé mjög góð, þökk sé hlýjum júlí og ágúst.



Egill Rafn Sigurgeirsson, formaður býflugnaræktenda, segir vöntun á býflugum og því geti ræktendur ekki verið með fleiri bú. Mynd / Aðsend

Uppskeran er mest í lok sumars því býflugurnar eru fjölmennastar í lok sumars – því fleiri þernur sem sækja blómasafa því meiri verður uppskeran.

Nú ætti að vera búið að taka sem mesta hunangið úr búunum og þeim er gefið sykurvatn í staðinn sem fóður fyrir veturinn.“

Egill telur að uppskera hunangs úr sínum búum, sem eru 12 talsins, sé um 50 kíló samtals. /ÞÁG




WWW.BKHONNUN.IS - 571-3535 - SALA@BKHONNUN.IS

FRÉTTIR

Árneshreppur:

# Í sameiningarhugleiðingum

**Forsvarsmenn Árneshrepps vilja nú skoða mögulega sameiningu við önnur sveitarfélög.**

Hreppsnefnd samþykkti nýverið einróma að lýsa yfir vilja til viðræðna við önnur sveitarfélög um sameiningu. Í ályktun segir að „mikil umræða hafi átt sér stað um sameiningu sveitarfélaga síðustu ár. Ýmsir möguleikar hafa verið skoðaðir sem þó hafa ekki enn leitt til niðurstöðu í stærra samhengi. Vegna fámennis sveitarfélagsins hefur Árneshreppur ekki haft frumkvæði að viðræðum við önnur sveitarfélög.“

Óskar hreppsnefnd eftir að fá að fylgjast með sameiningarþreifingum hjá nágrannasveitarfélögum.

Íbúar í Árneshreppi hafa undanfarið verið rétt rúmlega fjörutíu talsins.

Eva Sigurbjörnsdóttir er oddviti Árneshrepps, sem er nyrsta sveitarfélagið í Strandasýslu og afar landmikið. Í suðri nær hreppurinn frá Spena undir Skreflufjalli á milli eyðibýlanna Kaldbaks og Kolbeinsvíkur og að norðanverðu að Geirólfsgnúpi fyrir norðan Skjaldabjarnarvík. Átta sveitarfélög eru á Vestfjörðum auk Árneshrepps; Kaldrananeshreppur, Strandabyggð, Ísafjarðarbær, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvík og Súðavík. /sá



Úr Árneshreppi, Drangaskörð sjást í bakgrunni. Mynd / ÁL

Lífeyrissjóður bænda:

# Fjórir nýir stjórnarmenn

**Stjórnarkjör til aðalstjórnar Lífeyrissjóðs bænda fór fram dagana 21.–28. ágúst, þar sem átta frambjóðendur bitust um fjögur stjórnarsæti sem voru í boði.**

Kjörin voru þau Einar Ófeigur Björnsson, Vigdís Häsler, Erla Hjördís Gunnarsdóttir og Jóhann Már Sigurbjörnsson.

Einar Ófeigur var kjörinn fram að ársfundi 2027, Vigdís fram að ársfundi 2026, Erla Hjördís til ársfundar 2025 og Jóhann Már til ársfundarins á næsta ári. Fyrir í stjórn var Guðrún Lárusdóttir stjórnarformaður.

*Fjórir gengu úr stjórn*

Kjósa þurfti nú vegna ágreinings sem upp kom í stjórn sjóðsins í júní, sem leiddi til þess að fjórir stjórnarmenn gengu úr þáverandi stjórn. Aðrir frambjóðendur í kosningunum nú voru Bjartur Thorlacius, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Halldór Frímannsson og Helgi Jóhannesson.

Bryndís hlaut fleiri atkvæði í stjórnarkjörinu en Jóhann Már, en á grundvelli reglna um kynjakvóta tekur Jóhann Már sæti í stjórninni.

*Aukaársfundur haldinn*

Eitt framboð barst um eitt sæti í varastjórn fram að ársfundi 2025, frá Bjarti Thorlacius, og var því sjálfkjörið í það sæti. Bjartur mun því sitja í varastjórn ásamt Oddnýju Steinu Valsdóttur.

Aukaársfundur Lífeyrissjóðs bænda verður haldinn 31. ágúst í húsakynnum hans að Stórhöfða 23, tilkynnt verður nánar um úrslit kjörsins og tillögur kynntar um breytingar á samþykktum sjóðsins. /smh






Háskólar:

# Sóknarfæri fólgin í því að auka samstarfið

## – segir rektor Háskólans á Hólum um samstarf við Háskóla Íslands

**Nýlega kynnti Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra áætlanir um aukið samstarf og mögulega sameiningu Háskólans á Hólum og Háskóla Íslands.**

Talið er að það séu sóknarfæri í því að auka samstarfið og með þeim hætti verði hægt að auka gæði námsins og efla samkeppnishæfni íslenskra háskóla.

Við Háskólann á Hólum er boðið upp á nám á þremur sérsviðum – hestafræði, ferðamálafræði ásamt námi í fiskeldis-, sjávar- og vatnalíffræði. Í frétt Morgunblaðsins er greint frá því að fiskeldis- og fiskalíffræðideild ásamt ferðamáladeild Háskólans á Hólum hafa nú í haust þegar hafið samstarfið með sameiginlegum námsbrautum með Háskóla Íslands. Þá hefur hestafræðideild hafið samstarf um uppbyggingu rannsókna á íslenska hestinum með Keldum - tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði. Með auknu samstarfi fær Háskóli Íslands einnig viðurkenningu á fræðasviði auðlinda og búvísinda, sem þá hefur skort hingað til.

*Fyrirhugað samstarf*

Rektor Háskólans á Hólum, Hólmfríður Sveinsdóttir, var tekin tali og spurð um fyrirhugað samstarf við Háskóla Íslands. „Það sem um ræðir er aukið samstarf milli háskólanna. Við horfum til erlendrar fyrirmyndar þar sem háskólasamstæður eru vel þekktar og hafa gefið góða raun. Til að taka af allan vafa þá mun Háskólinn á Hólum halda sínu sjálfstæði áfram og sinni starfsemi og sérþekkingu sem hér er. Stóra verkefnið fram undan verður að útfæra nákvæmlega með hvaða hætti aukin tengsl og formlegt samstarf skólanna verður.“

Aðspurð hver tilgangurinn sé með samstarfi skólanna segir Hólmfríður að samstarfið snúist um að auka gæði námsins með því að bjóða upp á fjölbreyttara nám og efla upplifun nemenda. „Ég trúi því að með auknu samstarfi munum við geta boðið upp á fjölbreyttari námsleiðir, betri aðstöðu til náms og rannsókna og öflugri stuðning við starfsfólk og nemendur skólans. Það mun skila sér í fleiri nemendum og fjölbreyttari rannsóknum. Auk þess munu tengingar milli landsbyggðar og höfuðborgar sem og tengingar milli háskóla og atvinnulífs eflast. Það hefur verið ein af sérstöðum Háskólans á Hólum hversu góðar og öflugar tengingar skólinn hefur haft við atvinnulíf þeirra námsbrauta sem hér eru kenndar.“



Hólmfríður Sveinsdóttir, rektor Háskólans á Hólum, segir spennandi tíma fram undan. Mynd / Gunnhildur Gísladóttir

*Spennandi tímar fram undan*

Hólmfríður segir spennandi tíma fram undan og ljóst sé að aukið samstarf við Háskóla Íslands muni opna margar dyr. „Með auknu framboð af þverfaglegu námi innan fræðasviða skólans en einnig boðið upp á frekara nám og sérhæfingu á meistarastigi fyrir þá sem hér útskrifast. Það eru t.d. möguleikar að útvíkka nám í kennslufræðum innan reiðkennslunnar, efla nám í viðskiptagreinum innan allra sérsviða Háskólans á Hólum og skoða tækifæri til náms og rannsókna á heilbrigðisvísindasviði í samstarfi við sérsvið skólans.“ Í því sambandi greinir Hólmfríður frá áhugaverðri rannsókn sem nýlega fór í gang og ber heitið „samhæfing barns og hests“ þar sem skoðað er hvort mögulegt sé að meta líffræðilegar og sálrænar breytingar á börnum sem umgangast hesta.

*Fræðasvið fá styrki*

Fyrr á þessu ári hlaut Háskólinn á Hólum þrjá stóra styrki úr „Samstarfi Háskóla“ sem er sjóður sem háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið setti á laggirnar til að efla samstarf milli háskóla á Íslandi. Öll fræðasvið Háskólans á Hólum hlutu styrk. Ferðamálafræðin hlaut styrk til að efla nám í ferðamálafræði á ensku í samstarfi við Háskóla Íslands. Fiskeldis- og fiskalíffræðin hlaut styrk til að setja á laggirnar nám og rannsóknir í sjálfbæru lagareldi í samstarfi við alla opinberu háskólana ásamt fleirum. Hestafræðideildin hlaut styrk til að byggja upp Akademíu íslenska hestsins sem hefur það að markmiði að efla rannsóknir á íslenska hestinum.

Hestafræðideildin leiðir verkefnið en samstarfsháskólarnir eru Landbúnaðarháskóli Íslands og Keldur - tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði. Í viljayfirlýsingu um aukið samstarf og mögulega sameiningu Háskólans á Hólum og Háskóla Íslands, sem rektorar háskólanna tveggja og ráðherra skrifuðu undir í ágúst sl., er gert ráð fyrir að núverandi kennslu- og rannsóknaaðstaða á Hólum verði gerð upp ásamt því að reist verði sérhæft kennslu- og rannsóknahúsnæði á Sauðárkróki sem myndi m.a. hýsa rannsóknir og kennslu í sjálfbæru lagareldi en slíkt húsnæði er ekki til staðar á Íslandi í dag.

Að lokum segir Hólmfríður: „Ég er sannfærð um að fjölbreytni í námsleiðum, rannsóknum og staðsetningu skólanna (dreifbýli - þéttbýli) sem og aukin tengsl skólanna við samfélag og atvinnulíf muni vega þungt í að tækla áskoranir framtíðarinnar eins og fæðuöryggi, umhverfismál og byggðarþróun.“ /ÞAG

# Sjálfbærnilausnir úr iðnaðarhampi

## – Heimsókn á hampbæinn Gautavík hluti af náminu

**Nýlega fékk Pálmi Einarsson, iðnhönnuður og bóndi á bænum Gautavík í Berufirði, til sín nemendur úr Hallormsstaðaskóla til að kynna sér hampbúskapinn á bænum.**

Hann hefur verið með námskeiðið sjálfbærnilausnir úr iðnaðarhampi í Hallormsstaðaskóla frá haustinu 2020, en það er hluti af námi þar í sjálfbærni og sköpun.

Að sögn Pálma hefst námskeiðið á því að nemenda- og starfsmannahópurinn ver einum degi í Gautavík sem byrjar á fyrirlestri og umræðum um sögu og notagildi hamps. Eftir fyrirlesturinn fá nemendur leiðsögn um bæinn þar sem þeir skoða inni- og útiræktunina og það sem verið er að framleiða úr hampinum. Að því loknu fær hópurinn leiðbeiningar um hvernig eigi að uppskera hampinn; fá poka og byrja að tína. Hluta af uppskerunni taka nemendurnir með sér í skólann þar sem þeir skoða betur nýtingarmöguleikana, prófa sjálfir að rækta hamp innandyra og gera ýmis tilraunaverkefni um veturinn.



Ragna Dagbjört Davíðsdóttir, skólameistari Hallormsstaðaskóla, úti á hampakrinum í Gautavík. Mynd / Gautavík

„Verkefnin hafa verið fjölbreytt og má nefna textíl, spónaplötur, pappír og bók úr hampi, snyrtivörur og matvæli eins og pasta, pestó og drykki sem þeir hafa kynnt að vori,“ segir Pálmi. „Tilgangurinn er að nemendur taki þessa þekkingu og reynslu með sér út í lífið eftir útskrift og markmiðið að fleiri sprotar vaxi í hampiðnaði hér á landi og stuðli þannig að aukinni sjálfbærni.“ /smh

limtrevirnet.is

# STEINULLAR-EININGAR

## Hagkvæm íslensk lausn







- Íslensk, CE vottuð framleiðsla
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

FRÉTTIR

## Menntaskólinn á Laugarvatni:

# Jafnt kynjahlutfall nemenda

**Alls hófu 128 nemendur nám í Menntaskólanum á Laugarvatni nýverið og dvelja allir á heimavist skólans. Starfsmenn eru 34.**



Jóna Katrín Hilmarsdóttir, skólameistari Menntaskólans á Laugarvatni. Mynd / Aðsend

Ekki var hægt að taka á móti öllum nemendum í vor sem sóttu um inngöngu í skólann. Af þessum 128 nemendum er 54 nýnemar.

*Jafnt hlutfall kynjanna*

„Kynjahlutfallið hefur undanfarin ár sigið í þá áttina að kvenkynsnemendur eru í töluverðum meirihluta. Það eru því ánægjulegar fréttir að nánast jafnt hlutfall er af stúlkum og piltum í nýnemahópnum okkar nú í haust.

Ég tek þó fram að ML gefur nemendum sínum rými til að skilgreina kyn sitt í fleiri flokka en kk og kvk en það er mikilvægt að nemendahópurinn sé fjölbreyttur og gott að hér sé jafnvægi á milli kynja.

Um leið og við gleðjumst yfir því að strákar séu nú 40% nemenda skólans þá reynum við að rýna í hvað það er sem veldur aukinni aðsókn þeirra," segir Jóna Katrín Hilmarsdóttir skólameistari.

*Skólinn byrjar 8.30*

Síðasta haust var sú breyting gerð á skólanum að skólabyrjun á morgnana var seinkað. „Já, í stað þess að hefja kennslu kl. 8.15 byrjum við nú 8.30.

Óformlegar kannanir meðal starfsfólks benda til þess að eftir þessa breytingu sé spennustigið lægra á morgnana á heimilum þar sem koma þarf börnum í skóla og leikskóla og því er streitan minni. Nemendur ML hafa ekki hallmælt fyrirkomulaginu og ná vonandi betri svefni. Ekki er hægt að draga ályktanir um að námsárangur hafi batnað í kjölfarið fyrr en að lengri tíma liðnum. Við gerum ráð fyrir því að halda þessu skipulagi áfram," segir Jóna Katrín.

*Ávaxtastund í vetur*

Í skólanum er rekið mötuneyti þar sem nemendur fá morgunmat, hádegismat, síðdegissnarl og kvöldmat og lögð áhersla á að um næringarríkt fæði sé að ræða.

„Til þess að ýta undir að nemendur næri sig fyrir hádegið verðum við með ávaxtastund í vetur en í frímínútum rétt fyrir kl. 10 á morgnana geta nemendur nálgast ávexti til að fleyta sér fram að hádegismat og vonandi nýtist það einhverjum.

Því það er ekki bara mikilvægt að nærast á morgnana heldur þarf næringin að vera holl," segir skólameistarinn að endingu. /MHH



Í vetur stunda 128 nemendur nám við skólann og dvelja allir á heimavistinni. Mynd / MHH





Er hjólið klárt fyrir göngurnar í haust?

Pantaðu varahluti fyrir Honda fjórhjólið tímanlega í síma 590 2150 eða á varahlutir@askja.is.

ASKJA Askja • Krókhálsi 11–13, 110 Reykjavík • 590 2100 • askja.is




Elísabet Gunnarsdóttir, Maríus Snær Halldórsson og Krzysztof Krawczyk. Myndir / Smalahundafélag Íslands

## Smalahundafélag Íslands:

# Maríus Snær sigursæll í báðum keppnisflokkunum

**Maríus Snær Halldórsson sigraði í A-flokki í Landskeppni Smalahundafélags Íslands með hundinn Rosa frá Ketilsstöðum. Elísabet Gunnarsdóttir varð önnur með hundinn Ripley frá Írlandi.**

Svo skemmtilega vill til að þau Rosi og Ripley eru mæðgin.

Í þriðja sæti í A-flokknum urðu Krzysztof Krawczyk og hundurinn Oreó frá Hallgilsstöðum.

Keppnin var haldin í Mýrdal í Kolbeinsstaðahreppi helgina 19.–20. ágúst.

Að sögn Hrafnhildar Tíbrár Halldórsdóttur, ritara Smalahundafélagsins, lék veðrið við keppendur og gesti á mótinu á laugardeginum. „Lognið flýtti sér helst til mikið seinni daginn og var ákveðið að snúa brautinni til hagræðingar fyrir keppendur og áhorfendur," segir hún.

*Samstarf smalahundadeilda*

Mótið var haldið í samstarfi við Smalahundadeild Snæfellsness og Hnappadals og var keppt í tveimur flokkum, A-flokki og Unghundaflokki. Alls voru 14 hundar skráðir til leiks, flestir keppendur í A-flokki.

Hrafnhildur segir að í A-flokki séu hundar sem komnir eru með talsverða reynslu og þurfa hundarnir að leysa verkefni í krefjandi aðstæðum með fyrirmælum frá þjálfara sínum. „Þjálfarinn verður að standa á sínum upphafsstað frá því hann sendir hund af stað og þar til hundurinn hefur klárað að sækja kindurnar í um 400 metra fjarlægð, reka kindurnar í gegnum þrjú hlið. En þá kemur hann með hópinn í svokallaðan skiptihring þar sem hundur og þjálfari hjálpast að við að skilja tvær kindur frá hópnum áður en hann er rekinn í litla rétt. Rúsínan í pylsuendanum er síðan ef hundinum tekst að taka eina merkta kind úr hópnum í skiptihringnum."



Hundarnir leysa verkefni í krefjandi aðstæðum með fyrirmælum frá þjálfara.

*Frábærir taktar*

Að sögn Hrafnhildar sýndu þau Maríus Snær og Elísabet frábæra takta báða dagana með hunda sína Rosa og Ripley. Maríus vann Unghundaflokkinn, auk A-flokks. „Þessi pör höfðu þegar unnið sér inn rétt til að fara út á Heimsmeistaramót International Sheepdog Society fyrir hönd Smalahundafélagsins en það verður haldið dagana 13.–16. september næstkomandi og við óskum þeim velfarnaðar á því móti.

Við fengum skoskan dómara, Ian Brownlie, til að dæma í keppninni. Með honum í för var eiginkona hans, Jennifer Murtagh, sem ritari og þökkum við þeim kærlega fyrir aðstoðina.

Við þökkum Líflandi líka kærlega, sem styrkti mótshaldið með veglegum vinningum," segir Hrafnhildur. /smh

## Lífríki:

# Nýr landnemi úr svepparíkinu

**Sveppur af ættkvíslinni Rhizopogon fannst nýlega á Íslandi en hann hefur ekki verið skráður áður hér á landi.**

Sveppurinn fannst í Naustaborgum við Akureyri og vex á mel þar sem tré hafa verið gróðursett. Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir, sveppafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, hefur greint sveppinn og virðist hann nýr landnemi á Íslandi. Er hann líkur trufflusvepp í útliti, gulbrúnn, óreglulega kúlulaga og vex hálfgrafinn í jörð. Sveppurinn er ekki ætur.

Rhizopogonsveppir eru algengir erlendis, einkum nálægt furum og eru taldir gegna mikilvægu hlutverki í vistfræði barrskóga.

Sveppurinn er m.a. settur í sérstakar blöndur til að mynda svepparætur á ungum trjáplöntum.



Nýr sveppur af Rhizopogon-ættkvísl fannst nýlega í Eyjafirði. Mynd / Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir

Rhizopogon-tegundir hafa verið notaðar við endurheimt skóga í kjölfar rasks af náttúrulegum eða manna völdum og eru taldar gegna mikilvægu hlutverki við að auðvelda jarðvegsbindingu kolefnis í sveppaskógum.

Greint var frá fundinum í Facebook-hóp Guðríðar Gyðu: Funga Íslands-sveppir ætir eður ei. /sá

# Hausttilboð

**Steinar úr graníti.**
**Allt innifalið samkvæmt myndum.**
**Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi fylgir eða frí sending um allt land. Geymum steina ef óskað er.**

STEINSMIÐJA AKUREYRAR
**steinsmidjaakureyrar.is**

**Tilboð 1**
**grár steinn**
**640.000**
**án blómaramma**
**520.000**




**Tilboð 2**
**grár steinn**
**565.000**
**án blómaramma**
**445.000**




**Tilboð 3**
**Demantur.**
**Passar líka á duftleiði**
**149.000**
**199.000 með lukt**




**Svartur** **Paradiso** **Blár** **Grár**

**Tilboð 4**
**svargrár eða**
**grár steinn**
**340.000**
**án aukahluta**
**250.000**




**Hægt að setja 2 nöfn**

**Tilboð 5**
**grár steinn**
**225.000**
**án luktar**
**180.000**




**Hægt að setja 2 nöfn**



## Hausttilboð á granítbekkjum

### Viðhaldsfríir bekkir

**Þyngd um 140 kg, breidd 130 cm.**
**Flutningur með LF innifalinn.**
**Verð 210.000**

**Hægt að skrifa í bak eða setu gegn aukagjaldi.**

**s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is**

NYTJAR HAFSINS

# Auðlindin þeirra – atvinnurógur í boði matvælaráðherra



Kjartan Páll Sveinsson
kjartan.sveinsson@gmail.com

**Lokaskýrsla „Auðlindarinnar okkar“ var kynnt fyrir almenningi með pomp og prakt 29. ágúst síðastliðinn. Sextán mánaða vinnu einnar stærstu og dýrustu nefndar í sögu íslenskrar stjórnsýslu var þar með lokið.**

Nefnd þessi samanstóð af fjórum starfshópum sem fengu það verkefni að „greina áskoranir og tækifæri í sjávarútvegi og tengdum greinum“ og samráðsnefnd hvers verkefni var að hafa „yfirsýn yfir starf starfshópa og aðra þætti verkefnisins“.

Í kjölfar fundarins sagði Strandveiðifélag Íslands – ásamt Landssambandi smábátaeigenda og Samtökum fiskframleiðenda og útflytjenda – sig úr samráðsnefnd verkefnisins. Við gátum ekki ljáð skýrslunni lögmæti með því að leggja nöfn okkar við hana. Ástæðan var tvíþætt – vinnulag og niðurstöður – og ætla ég að reifa ástæður þess hér.



**Svandís Svavarsdóttir skipaði Eggert Benedikt Guðmundsson, fyrrum forstjóra HB Granda, formann starfshóps Auðlindarinnar okkar.**
Mynd / Sigurjón Ragnar - matvælaráðuneytið

> Niðurstaðan var sú að ekkert var hlustað á smábátasjómenn í ferlinu og engar af okkar athugasemdum eða tillögum rötuðu í lokaskýrsluna...“

### *Vinnulagið: skortur á aðferðafræði, samráði og gagnsæi*

Skýrslan ber öll einkenni þess að vera skrifuð af einstaklingum sem telja sig búa yfir yfirburðaþekkingu á málaflokknum, hafa þegar fundið bestu lausnina í þessu máli og þurfi því hvorki að hlusta á kóng né prest.

Þetta viðhorf formanna starfshópanna kom skýrt fram í bráðabirgðaniðurstöðum þeirra í janúar og áhugaleysinu sem þau sýndu sjónarhorni smábátasjómanna.

Þrátt fyrir síendurteknar staðhæfingar um „opið og gagnsætt ferli“ hefur reynst þrautinni þyngra að fá haldbærar upplýsingar um vinnulag ferlisins.

Í kjölfarið á bráðabirgðaniðurstöðunum sendi Strandveiðifélag Íslands starfshópunum opið bréf þar sem þeir voru beðnir um að gera grein fyrir aðferðafræðilegri nálgun þessarar vinnu.

Ekki fengum við svar en vorum þó boðuð á fund þar sem við bárum spurninguna upp aftur: hvaða aðferðafræði var stuðst við til þess að safna gögnum, greina gögn, og draga ályktanir út frá þeim? Skemmst er frá því að segja að við þetta snöggreiddust formennirnir og hótuðu að slíta fundi.

Hafa ber í huga að Strandveiðifélagið átti sæti í þeirri samráðsnefnd sem átti að hafa „yfirsýn yfir starf starfshópa“. Þetta eru bæði óeðlileg og ófagleg viðbrögð við eðlilegri og faglegri grundvallarspurningu. Enn hafa engin svör borist um aðferðafræði og engar vísbendingar er að finna um hana í skýrslunni.

Kynning lokaskýrslunnar var algjörlega eftir bókinni. Það virtist happa og glappa hvort samráðsnefndarmenn fengu skýrsluna fyrirfram til yfirlestrar eður ei.

Sjálfur fékk ég hana senda kvöldið fyrir fund. Það geta varla talist eðlileg vinnubrögð að veita samráðsnefnd hálfan sólarhring til þess að rýna í 464 blaðsíðna skýrslu. Það kom þó ekki að sök því ekki var gefið færi á að spyrja formennina nokkurra spurninga að kynningu lokaskýrslunnar lokinni, enda vissu þau mæta vel að þeim spurningum gætu þau ekki svarað. Það eina sem er gagnsætt er slagsíðan kvótakerfinu í hag og tilraunir starfshópanna að draga smábátaútgerðir niður í svaðið.

### *Niðurstöður: slagsíða, mótsagnir og rangfærslur*

Niðurstaðan var sú að ekkert var hlustað á smábátasjómenn í ferlinu og engar af okkar athugasemdum eða tillögum rötuðu í lokaskýrsluna. Kaflinn um strandveiðar ber merki þess. Smábátar standa fremstir meðal jafningja hvað varðar umhverfisvernd, byggðasjónarmið, gæði og verðmæti afla, og rétt almennings til atvinnufrelsis og rétt til að velja sér búsetu. Engu að síður skín fyrirlitning starfshópanna á smábátum í gegnum hverja blaðsíðu.

Skýrsla sem unnin var sérstaklega fyrir verkefnið bendir ótvírætt á að strandveiðar „fá jákvæða einkunn fyrir löndunarhlutfall í heimahöfn, verð á markaði, vægi fyrir viðkvæmar hafnir og fjölda sem tengjast kerfinu“.

Sama skýrsla bendir á „að töluverð endurnýjun/nýliðun eigi sér stað í kerfinu og að það fólk sem komi nýtt inn í greinina sé ekkert síðri aflaklær en þeir sem voru fyrir“. Starfshóparnir tóku ekki einu sinni mark á skýrslu sem þeir höfðu sjálfir pantað.

Horft var framhjá rökum, staðreyndum og sönnunargögnum með einbeittum brotavilja.

Starfshóparnir fullyrtu að strandveiðikerfið hafi ekki mætt markmiðum sínum og að réttast „væri að minnka vægi strandveiða í ljósi þess efnahagslega óhagræðis sem af þeim leiðir“ án þess að vísa í nokkrar staðreyndir máli sínu til stuðnings.

Þegar hagrænt gildi strandveiða var rætt, var eingöngu einblínt á afkomu fyrir útgerðirnar sjálfar, sem sagt hversu hátt hlutfall aflaverðmætis ratar í vasa útgerðaraðilans. Það kemur mér ekki á óvart að afkoma strandveiðiflotans sé lakari en hjá stórútgerðinni, þó ekki hafi verið „mikill munur á framlegð (EBITDA) sem hlutfalli af tekjum á milli kerfa“.

Við höfum ekki yfir að ráða her endurskoðenda hvers eini tilgangur er að finna leiðir til að snuða starfsfólk og ríkissjóð. Þar að auki dreifast útgjaldaliðirnir okkar ekki á aflandsfélög heldur fiskmarkaði, fiskvinnslur, hafnir, vélvirkja, löndunarfyrirtæki, flutningsfyrirtæki og skattinn

Það sem strandveiðar hafa sýnt og sannað síðan 2009 er að það er vel hægt að stunda hagkvæmar fiskveiðar á umhverfisvænan og félagslega ábyrgan hátt. Þess vegna völdu starfshóparnir að nota gróða útgerða frekar en þjóðhagslega hagkvæmni sem mælistiku á efnahagslegt gildi.

Að lokum er áhugavert að skoða það sem starfshóparnir sögðu ekki. Hvergi var minnst á þá augljósu og óyggjandi staðreynd að smábátar stunda umhverfisvænan veiðarnar. Í furðulegri og stuttaralegri upptalningu á kostum strandveiða var algjörlega litið framhjá þessu. Hvernig getur það verið þegar fyrsta skrefið í átt að sjálfbærum sjávarútvegi er „umhverfið í öndvegi“?

Lokaniðurstaðan um félagslega kerfið var sú að finna skal leiðir til að grafa undan aðgengi almennings að auðlindinni okkar. Starfshóparnir hafa gert sitt besta til að búa þannig um hnútana að leiguheimildirnar í „innviðaleiðinni“ renni óskiptar í stórútgerðina. Nú fer lobbídeild SFS í yfirsnúning að sjá til þess að skilyrðin útiloki smábáta. Það á einfaldlega að smygla 5,3% pottinum inn í kvótakerfið gegnum bakdyrnar. Því skal engan undra að SFS hafi verið eins og köttur í rjómaskál og fullyrt að

„Ráðstöfun ríkisins á 5,3% aflaheimilda í ýmiss konar verkefni, líkt og strandveiðar, byggðapotta og ívilnanir er í öllum verulegum atriðum, samkvæmt umfjöllun skýrslunnar, án ásættanlegs árangurs eða efnahagslegs ábata“.

Með birtingu þessarar skýrslu er ríkisstjórn Íslands orðin bakhjarl atvinnurógs sægreifanna.

### *Skrefin fram undan*

Eina ljóstíran í þessu örlagaklúðri er að strandveiðikerfið lifði þessa aftökutilraun af. Greinilegt er að starfshóparnir höfðu okkur í sigtinu en hörð viðbrögð smábátaflotans við bráðabirgðaniðurstöðunum og stuðningur þjóðarinnar við trillukarla og -konur gerði það að verkum að þau þorðu ekki að taka í gikkinn. Eins lifum við í voninni að matvælaráðherra sjái í gegnum tilraunir þeirra til að smygla félagslega kerfinu inn í kvótakerfið.

Enn og aftur eru það SFS sem gefa okkur tilefni til bjartsýni: „Í opinni kynningu ráðherra í dag skaut skökku við að ráðherra hyggst leggja fram frumvörp sem í tveimur tilvikum eru ekki í samræmi við efni og niðurstöður skýrslunnar. Annars vegar hyggst ráðherra leggja til hækkun á veiðigjaldi og hins vegar hyggst hún gera tilraunir með uppboð aflaheimilda.“

Leigupotturinn er einmitt áhugaverðasta tillagan í skýrslunni. Þessar tillögur voru settar fram með vísvitandi óræðum hætti, væntanlega í þeirri von að leigupotturinn renni óskiptur til kvótaeigenda. Við treystum því að matvælaráðherra beri gæfa til þess að túlka þessar tillögur með hag smábáta í huga. Potturinn ert eingöngu að vera fyrir kvótalausar/kvótalitlar útgerðir og einskorðaður við vistvænar veiðar.

Þeir sem eiga kvóta fyrir þyrftu að klára sinn kvóta fyrst. Óheimilt væri að leigja frá sér kvóta og ókláruðum heimildum yrði skilað aftur í pottinn. Tekjur ríkisins af leigunni yrðu svo nýttar í uppbyggingu á landsbyggðinni.

Svo virðist sem örlagastundin sé runnin upp. Þetta er síðasta tækifæri Svandísar til að sýna það í verki að hún standi með smábátum gegn ofríki sægreifanna.

*Kjartan Páll Sveinsson, formaður Strandveiðifélags Íslands*



# Iðnaðarsýningin 2023 afar vel heppnuð

**Timbur úr íslenskum skógum, þar á meðal úr skógum bænda, var meðal þess sem kynnt var á Iðnaðarsýningunni í Laugardalshöll sem fór fram dagana 31. ágúst til 2. september.**

Skógargeirinn sameinaðist um bás á svæði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar þar sem auk timburs var kynnt þróunarstarf í timburnytjum og menntun á sviði skógræktar, skógarnytja og framleiðslu afurða úr skóginum.

Skógargeirinn er samstarfsaðili nokkurra styrkhafa hjá Aski – mannvirkjarannsóknasjóði og vinnur að verkefninu Uppbygging á úrvinnslu skógarafurða, sem skilgreint er í Vegvísi um vistvæna mannvirkjagerð.

*Aðsókn með mestu ágætum*

Aðsókn á Iðnaðarsýninguna 2023 var með mestu ágætum enda eftir mörgu að slægjast hjá þeim yfir hundrað sýnendum sem þar voru. Gestir streymdu í Laugardalshöll og virtust ekki láta minni háttar votviðri aftra sér frá því að mæta.

Sýningafyrirtækið Ritsýn, í samvinnu við Samtök iðnaðarins, hafði veg og vanda af sýningunni.

Ekki er ætlunin að gera upp á milli sýnenda enda hver öðrum glæsilegri. Það er þó að gefnu tilefni í málgagni bænda sem fjalla má um viðamikinn bás Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) þar sem saman voru kynnt mörg uppbyggileg verkefni sem öll hafa fengið styrk úr nýsköpunarsjóðnum Aski, styrktarsjóði HMS. Þar fékk ört vaxandi íslenskur timburiðnaður að vera með undir kjörorðunum Íslenskt timbur, já takk!

Fulltrúar skógarbænda hjá Bændasamtökum Íslands, Skógræktarinnar og skógræktarfélaga kynntu vaxandi viðarnytjar.

Að básnum stóðu einnig Trétækniráðgjöf sf., Iðan-fræðslusetur, Garðyrkjuskólinn-FSU og Landbúnaðarháskólinn, enda er þróunarstarf, bætt þekking og fræðsla grunnurinn að öllum framförum. Frekari upplýsingar: idnadarsyningin.is.

*Ekkert helvítis kjaftæði!*

Á föstudeginum fór fram ráðstefnan CIRCON þar sem fjallað var um hringrásir í byggingariðnaði.

Framsögumenn sögðu frá ýmsum áhugaverðum verkefnum sem öll áttu það sammerkt að stuðla að eflingu byggingariðnaðar í sátt við umhverfið.

Fundarstjóra varð tíðrætt um fyrrverandi vinnuveitanda sinn sem lýsti íslenskri menningu í mannvirkjagerð með einni stuttri setningu: „Gerðu það hratt og örugglega og ekkert helvítis kjaftæði.“

Almennt taldi fundarfólk að leggja þyrfti meiri áherslu á undirbúning verkefna og taka tillit til umhverfisþátta í nútíð og framtíð.

Hægt er að nálgast streymi og frekari upplýsingar um ráðstefnuna á vefjum Grænni byggðar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

*Hlynur Gauti Sigurðsson*



Yfirlitsmynd af Iðnaðarsýningunni 2023 sem haldin var í Laugardalshöll um sl. mánaðamót. Mynd / Hlynur Gauti Sigurðsson






Bændablaðið
www.bbl.is

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS




# Þróun matvælaverðs hér á landi sambærileg og í nágrannalöndum okkar




**Verðþróun** Samræmd vísitala neysluverðs er notuð til að mæla breytingar á verðlagi innan EES og auðvelda með því samanburð á verðbólgu milli ríkjanna. Grunnur samræmdrar vísitölu neysluverðs er byggður á sömu gögnum og íslenska neysluverðsvísitalna. Þó eru þær ekki algjörlega sambærilegar, vegna mismunandi umfangs einstakra liða.

Mestu munar að eigið húsnæði er ekki með í samræmdu vísitölunni. Samkvæmt vísitölunni mælist 12 mánaða verðbólga í júlí 7,5% hér á landi en 6,1% innan EES svæðisins. Hér sést að hægt hefur á verðhækkunum erlendis á bæði kjöt-, mjólkur- og kornvörum á meðan verðbólgan á íslenskum matvörum sérstaklega hafði enn ekki byrjað að lækka þegar júlímælingar voru birtar. Hæst náði 12 mánaða verðbólga á matvörum tæplega 20% í Evrópu fyrri hluta þessa árs en féll svo hratt.

Verðbólga á matvælum hefur ekki náð þeim hæðum á Íslandi en í júlí leitaði hún enn þá upp á við og var þá nánast sú sama og evrópska matvælaverðbólgan.




**Matvælaverð** Samræmd vísitala neysluverðs mælir 12 mánaða hækkun matvæla í júlí 12,2% hér á landi en 12,6% innan EES svæðisins.




**Kjötvörur** Samræmd vísitala neysluverðs mælir 12 mánaða hækkun á kjötvörum í júlí 15,1% hér á landi en 8,6% innan EES svæðisins.




**Kornvörur** Samræmd vísitala neysluverðs mælir 12 mánaða hækkun á mjólkurvörum í júlí 12,3% hér á landi en 13,1% innan EES svæðisins.




**Mjólkurvörur** Samræmd vísitala neysluverðs mælir 12 mánaða hækkun á mjólkurvörum í júlí 12,5% hér á landi en 8,9% innan EES svæðisins.


Milwaukee
M18 FUEL
GIRÐINGABYSSA
• FRÁBÆR KRAFTUR
• "READY TO FIRE" TÆKNI, ENGIN BIÐTÍMI
• ENGIN GASHYLKI OG ENGIN ÞÖRF Á HREINSUN
• "DRY-FIRE" LÆSING
• SKÝTUR ALLT AÐ 600 GIRÐINGARLYKKJUM MEÐ EINNI 3.0AH M18 RAFHLÖÐU
SKANNAÐU OG SKOÐAÐU NÁNAR
vfs.is
VERKFÆRA SALAN
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is


HAUSTVERÐ Á ÝMSUM VÖRUM
Robus 1900 MB malarvagn
Burðargeta 19 tonn. Hliðar 1m
Vökva- og loftbremsur. Fjaðrandi beisli
Kr. ~~5.490.000.~~- án vsk. Tilboðsverð 4.990.000.- án vsk.
Palmse PT150 sturtuvagn
Burðargeta 13 tonn
Kr. ~~2.890.000.~~- án vsk.
Tilboðsverð 2.690.000.- án vsk.
Ávinnsluherfi
6 m.: Kr. ~~498.900.~~- án vsk. Tilboðsverð 473.800.- án vsk.
8 m.: Kr. ~~648.800.~~- án vsk. Tilboðsverð 595.000.- án vsk.
Þyngdarklossar
400 kg. kr. 169.800.- án vsk
500 kg. kr. 179.800.- án vsk.
600 kg. kr. 189.833.- án vsk.
700 kg. kr. 199.800.- án vsk.
800 kg. kr. 205.400.- án vsk.
900 kg. kr. 217.500.- án vsk.
1000 kg. kr. ~~248.400.~~- án vsk. Tilboðsverð 188.700.- án vsk.
1100 kg. kr. ~~269.000.~~- án vsk. Tilboðsverð 209.800.- án vsk.
1200 kg. kr. ~~292.550.~~- án vsk. Tilboðsverð 224.900.- án vsk.
1600 kg. kr. 313.100.- án vsk.
Öryggisgrindur / Rúllustæðu girðing
Stærð 2 m x 1,5 m
Kr. ~~9.855,~~- án vsk. Tilboðsverð 4.927.- án vsk.
Búvís
Sími 465 1332
www.buvis.is

FRÉTTASKÝRING



Kornrækt hefur verið stunduð hérlendis frá landnámi, þó með mislöngum hléum, en frá árinu 1990 tók kornrækt verulega að aukast sem náði hámarki kringum 2010.

Myndir / Hrannar Smári Hilmarsson

> Fyrsta forgangsmál kornræktar á Íslandi er að það þarf að kynbæta korn. Allt annað verður til einskis ef ekki verða til kynbætur á korni, eins og annarsstaðar í heiminum...“

## Kornrækt:

# Í sókn eftir erfiðleika

## – Hefur þessum málaflokki verið sinnt með fullnægjandi hætti?

**Kornrækt virðist vera í sókn á nýjan leik og hefur ákvörðun stjórnvalda að setja töluvert fjármagn inn í greinina hjálpað mikið til. Starfshópur á vegum matvælaráðuneytis framkvæmdi ítarlega úttekt á stöðu kornræktar á Íslandi sem leiddi til umbreytinga.**

Þórdís Anna Gylfadóttir
thordisannag@gmail.com

Veðurfar leikur eitt stærsta hlutverkið í kornrækt og því er ekki hægt að stýra, ekki frekar en annars staðar, en hér er allra veðra von allan ársins hring. Norðlæg lega landsins gerir það að verkum að sumrin eru stutt og hitastigið svalt. Hérlendis höfum við þó töluvert af landi og vatni, sem er takmarkandi þáttur víðs vegar annars staðar í heiminum.

Innflutningur á byggi og hveiti árið 2022 var um 60 þúsund tonn, sem mögulega væri hægt að rækta hérlendis og anna þar með eftirspurn markaðarins, að því gefnu að íslenskt korn verði samkeppnishæft í verði og gæðum. Að ekki sé talað um ávinning þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og ná markmiðum um kolefnishlutleysi, að minnsta kosti að minnka kolefnisspor, með því að rækta vöruna hérlendis sem næst neytandanum þar sem yfirvofandi loftslagsvá og hamfarahlýnun skal ekki taka af léttúð.

### *Kornrækt eykur fæðuöryggi*

Til að íslenskt korn geti tekið við af innfluttu korni þarf hins vegar fyrst að þróa og skapa umgjörð fyrir innlendan kornmarkað. Bændur hafa kallað eftir einhvers konar tryggingakerfi svo kornræktin verði áhættunnar virði. Það er til mikils að vinna ef vel tekst til, m.a. að auka fæðuöryggi, tryggja sjálfbærni og efla íslenskan landbúnað.

Skýrslan „Bleikir akrar – aðgerðaáætlun um aukna kornrækt“ er afurð starfshóps matvælaráðherra sem var útgefin fyrr á árinu. Þar er tekið fram að kornrækt hefur verið stunduð hérlendis frá landnámi, þó með mislöngum hléum, en frá árinu 1990 tók kornrækt verulega að aukast sem náði hámarki kringum 2010.

Þá fór örlítið að halla undan fæti en hefur svo farið vaxandi á nýjan leik. Síðastliðin ár hefur uppskera aukist og er nú um 10.000 tonn, mestmegnis bygg. Talið er að um 300 bændur standi að kornrækt hérlendis. Það korn sem ræktað er fer mest til fóðrunar eigin skepna heima á bæjum.

Áætlanir segja til um að á næstu 20 árum geti markaður fyrir bygg og hveiti hérlendis farið yfir 100.000 tonn, sem sagt tífaldast að stærð.

### *Aðkoma stjórnvalda*

Einstaklingsframtak bænda hefur vegið þungt í kornrækt hérlendis en ríkið hefur hingað til lítið komið að stuðningi við greinina, sem er sérstakt í ljósi þess að um 25% af orkuneyslu mannsins kemur frá korntegundum.

En nú kveður við nýjan tón hjá stjórnvöldum og eflaust hafa þættir eins og heimsfaraldur kórónuveiru, stríðsátök í heiminum og loftslagsvá ýtt við ráðamönnum því samkvæmt fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar verða tveir milljarðar, á árunum 2024–2028, nýttir til þess að hrinda aðgerðaáætlun um aukna kornrækt í framkvæmd. Nú eru einungis fjórir mánuðir eftir af árinu, eða þangað til þessir fjármunir, eða hluti þeirra, eiga að koma inn í greinina.

Leitað var eftir svörum um ráðstöfun þessara fjármuna til kornræktar á Íslandi hjá matvælaráðuneytinu en ekki fengust svör í tæka tíð fyrir prentun.

### *Álit sérfræðinga*

Hrannar Smári Hilmarsson starfar sem tilraunastjóri Jarðræktarmiðstöðvar Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) og er einn höfunda skýrslunnar Bleikir akrar.

„Fyrsta forgangsmál kornræktar á Íslandi er að það þarf að kynbæta korn. Allt annað verður til einskis ef ekki verða til kynbætur á korni, eins og annars staðar í heiminum.“ Hrannar segir kynbætur á korni hafa legið í dvala hérlendis, alveg síðan kynbótaverkefni Jónatans Hermannssonar lögðust af fyrir mörgum árum og í samanburði við nágrannalönd okkar erum við langt á eftir í plöntukynbótum.

„Á þessari öld hefur þróun í plöntukynbótum verið gríðarlega hröð sem við höfum algjörlega farið á mis við. Þegar kornkynbætur hérlendis hefðu átt að eflast lögðust þær nánast af.“

Hrannar telur ástæðuna hafa verið skipulagsleysi og skort á fjármagni. Hann bendir jafnframt á að erlendis eru einkarekin fyrirtæki sem starfa að plöntukynbótum en slíkt er ekki raunhæft hérlendis. Það hafi svo ekki verið fyrr en ráðherra matvæla, Svandís Svavarsdóttir, skipaði starfshóp sem skrifaði áðurnefnda skýrslu, Bleikir akrar, að hjólin fóru að snúast á nýjan leik.

Hrannar fagnar því hversu vel ráðherra hefur tekið í skýrsluna og að hún sýni það í verki en áætluð er tveggja milljarða innspýting í greinina næstu fjögur ár, 2024 til 2028.





Það er til mikils að vinna ef vel tekst til í íslenskri kornrækt, m.a. að auka fæðuöryggi, tryggja sjálfbærni og efla íslenskan landbúnað.

## Kornrækt á Íslandi

- Árið 2013 var um fjórðungur af orkuneyslu mannkyns úr korntegundum
- Helsti veikleiki fæðuöryggis á Íslandi er skortur á korni
- Árið 2022 voru 10.000 tonn af byggi framleidd hérlendis
- Innflutningur á fóðurbyggi, fóðurhveiti og mathveiti nam samtals um 60.000 tonnum
- Talið er að á Íslandi séu um 600.000 ha af góðu ræktarlandi, 93.000 ha eru í notkun
- Árið 2022 var korn ræktað af 293 bændum á 3.450 hektara landsvæði
- Kynbætur korns hafa legið niðri í mörg ár en hafa nú hafist að nýju árið 2023 í samstarfi við Lantmännen
- Helsta hindrun fyrir vexti greinarinnar núna er ófullkominn úvinnsluiðnaður og hár vinnslukostnaður
- Stofnun kornsamlaga hérlendis eru nauðsynleg næstu skref til að annast kaup og sölu á korni
- Áætlanir gera ráð fyrir að markaður fyrir bygg á Íslandi geti orðið 35.000-45.000 tonn á ári innan fárra ára. Virði þess er 1,7-2,2 milljarðar króna
- Á næstu 20 árum gæti markaður fyrir bygg og hveiti farið yfir 100.000 tonn, eða tífaldast að stærð.
- Ræktunarkostnaður korns á Íslandi er sambærilegur miðað við nágrannalöndin

### *Kynbótahvelfing Lantmännen*

Nú í vor var LbhÍ úthlutað styrk frá matvælaráðuneytinu til að hefjast strax handa við kynbætur á byggi, en einnig er stefnt að því að hefja hveitikynbætur á næsta ári. „Okkur bauðst að taka þátt í samstarfi við sænskt kynbótafyrirtæki, Lantmännen, sem er í eigu sænskra bænda. Fyrirtækið býr yfir nýrri kynbótahvelfingu, með þjörkum og fyrsta flokks búnaði, og mun starfshópur nýja byggkynbótaverkefnisins fá aðgang að þeirri starfsemi sem þar fer fram.“ Hrannar telur að í samstarfinu felist hagkvæmni og sparnaður við kynbætur korns og muni hraða þróun þess fyrir íslenskar aðstæður. „Það er ákveðin bylting að eiga sér stað sem felur í sér aðferðafræði, sem hefur verið notuð við kynbætur húsdýra síðastliðin ár, og er núna beitt við plöntukynbætur.“ Hrannar segir frá því í stuttu máli að nú verði hægt að erfðagreina gríðarlegan fjölda plantna og reikna kynbótamat fyrir þær áður en þær hafa verið prófaðar við íslenskar aðstæður. Það hefur ekki verið gert áður.

### *Bylting í aðferðafræði*

Hrannar greinir frá því að þessi aðferð, erfðamengjaúrval, sé að hefja innrás sína inn í flest kynbótaverkefni víða um heim og er notuð við nautgripakynbætur á Íslandi. „Það er einnig hægt að nýta aðferðina við plöntukynbætur hér heima en alls ekki af þeirri stærðargráðu sem okkur býðst í Svíþjóð.“ Milli 10 og 20 víxlanir voru framkvæmdar í sumar þar sem hver var framkvæmd 15 sinnum, en fjöldi einstaklinga sem kemur úr hverri og einni víxlun er gríðarlega mikill og vinnan við að greina alla þessa einstaklinga er gífurleg. Með þátttöku LbhÍ í þessu samstarfi fæst kynbótamat á tugþúsundir einstaklinga, byggt á erfðamengjaspá, sem eru svo ræktaðir í gróðurklefum innan kynbótahvelfingarinnar þar sem kornið fer í gegnum sex kynslóðir á ári. Kynbótamat byggt á erfðagreiningum og niðurstöðum tilrauna á Íslandi hefur þegar verið þróuð innan LbhÍ af Hrannari og Agli Gautasyni og sýnir nokkuð gott öryggi, sem er ákveðið afrek.

„Af þessum þúsundum afkvæma tökum við 1.000 einstaklinga til



Hrannar Smári, tilraunastjóri Jarðræktarmiðstöðvar LbhÍ.

prófunar á Íslandi vorið 2024. Það mun svo leiða til þess að haustið 2024 munu 100 bestu einstaklingarnir fara í fjölgun og fara í dreifðar tilraunir í ökrum bænda vorið 2025. Þannig mun þetta halda áfram ár eftir ár og þrisvar á ári fara fram víxlanir byggðar á kynbótaspá og erfðamengjapörun. Með henni er hægt að framkvæma víxlanir einstaklinga sem eru líklegastir til að gefa af sér afburðaafkvæmi.“

Kynbótaverkefnið og erfðamengjaspáin tekur til þriggja eiginleika í endurnýjaða byggkynbótaverkefninu. Þar vegur þyngst uppskera, rúmþyngd og þurrefnishlutfall við skurð, því þessir eiginleikar eru hagrænir fyrir bændur. Aðspurður hversu langt ferlið er frá fyrstu tilraunum þar til kornið sé komið í akra hjá bændum, segir Hrannar að það líði töluverður tími. „Þetta er 10 ára ferli ef allt gengur upp, en eftir það er hægt að fá nýtt yrki á 4 ára fresti – sem verður alltaf betra og betra.“

### *Ísland sjálfbært í kornrækt*

Helgi Eyleifur Þorvaldsson, brautarstjóri búfræðibrautar og aðjunkt við Landbúnaðarháskóla Íslands, leiddi vinnu starfshóps ráðherra. Helgi telur að framtíðarhorfur íslenskrar kornræktar séu góðar en fari að miklu leyti eftir því hvernig stjórnvöldum takist að vinna úr öllum þeim tillögum sem settar voru fram í skýrslunni Bleikir akrar. „Niðurstaðan var sú að mikilvægast væri að byrja á nýjan leik á kynbótum korns. Sú vinna er hafin sem er mjög ánægjulegt. Við eigum svo von á því með haustinu að stjórnvöld útfæri með hvaða hætti fjármagnið, sem búið er að gefa vilyrði fyrir, komi inn í greinina.”

Í skýrslunni er tekið fram að Ísland geti orðið sjálfbært í



Helgi Eyleifur Þorvaldsson, brautarstjóri og aðjunkt við LbhÍ.

kornrækt og annað eftirspurn markaðarins hérlendis. Aðspurður hvort að það sé raunhæft markmið svarar Helgi því játandi. „Það er raunhæft, ef skýrslan verður útfærð og framkvæmd, þá já.“ Helgi talar einnig um að það sé samfélagsleg ábyrgð okkar að reyna að rækta allt það sem við getum hér á landi. „Besta ræktunarlandið er víða búið í heiminum en hérlendis höfum við enn nóg af landi. Mannfólki fjölgar enn þá í heiminum og því ber okkur skylda að reyna að rækta allt það sem við getum hérlendis.“

### *Engin ein töfralausn*

Hvað varðar leiðir og útfærslur til að auka ræktunaröryggi hérlendis, s.s skjólbelti, skjólskóga, notkun varnarefna og annað slíkt, telur Helgi að það verði næstu skref. „Það þarf ólíkar aðferðir og ólíkar lausnir á hverjum stað fyrir sig, það er því miður ekki til nein ein töfralausn fyrir allt landið því land er svo misjafnt.“ Hann bætir því þó við að kornræktin sé áhættusöm landbúnaðargrein og krefjist þolinmæðis. „Það er líka mikilvægt að stjórnvöld hafi þolinmæði fyrir kornræktinni og haldi áfram stuðningi við greinina, sérstaklega fyrstu tíu árin til að koma stöðugum fótum undir kornræktina hérlendis.“ Til að kornræktin vaxi og dafni hér sé það líka afar mikilvægt að setja á laggirnar fagráð í jarðrækt og tryggingakerfi fyrir bændur.

Það er ljóst að hér er hægt að rækta korn sem gæti verið stór liður í því að tryggja fæðuöryggi og efla íslenskan landbúnað. Spennandi verður að sjá hvernig næstu ár þróast í íslenskri kornrækt.



UTAN ÚR HEIMI



Talið er að þeim matvælum sem er sóað eða hent gæti nægt til þess að fæða 1,3 milljarða manna. Mynd / Unsplash - Roman Mykhalchuk

FAO:

# Málþing um matvæli á heimsvísu

**Ár hvert heldur Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) málþing um matvæli á heimsvísu (e. World Food Forum - WFF). Þingið fer fram 16.–20. október í höfuðstöðvum FAO í Róm, Ítalíu, en þingið fer einnig fram rafrænt.**

Aðalumræðuefni þingsins verður um það hvernig hægt sé að gera ræktun og framleiðslu í landbúnaði og matvælaiðnaði (e. agrifood systems) hagkvæmari og umhverfisvænni til að draga úr mengun og losun gróðurhúsalofttegunda.

*Leitað leiða*

Umræðuefnið er gríðarstórt og tekur til allra þeirra þátta sem ná frá því að matvæli eru ræktuð þar til þau eru komin á borð neytenda. Þar má t.d. telja upp þætti líkt og ræktun, framleiðslu, geymslu, samsöfnun, meðhöndlun eftir uppskeru, flutning, vinnslu, dreifingu, markaðssetningu, förgun og neyslu. Átt er við öll þau matvæli sem eru ætluð til manneldis, hvort sem þau eiga upptök sín í gróðurhúsum eða landi, búfjárrækt, skógrækt, sjávarútvegi eða fiskeldi.

Leitað verður leiða til að flýta fyrir aðkallandi loftslagsaðgerðum sem tengjast ofantöldum málefnum en talið er að vegna þeirra sé tilkomin þriðjungur þeirra gróðurhúsalofttegunda sem eru af manna völdum, 90% af eyðingu skóga á heimsvísu, 70% af notkun vatns á heimsvísu og fækkunar á líffræðilegum fjölbreytileika á landi. Talið er að það sé hægt að breyta þessu og ætti að vera ein af aðaláherslunum í baráttunni við loftslagsmál.

*Matvælum fargað*

Matur er líka stærsti einstaki efnisflokkurinn sem fargað er á urðunarstöðum á heimsvísu og árlega er talið að þeim matvælum sem er sóað eða hent nægi til þess að fæða 1,3 milljarða manna. Á sama tíma er talið að um 735 milljónir manna á heimsvísu hafi lifað við hungursneyð árið 2022, sem er aukning um 122 milljónir manna frá árinu 2019.

Í ár verður ungu kynslóðinni sérstaklega boðið til þátttöku þar sem mikilvægt er að tengja saman og auka samstarf núverandi og næstu kynslóða í baráttunni við loftslagsmál. Einnig til þess að nýta samanlagða hugvitssemi þeirra í vísindum, tækni og nýsköpun og greina fjárfestingartækifæri innan matvæla og landbúnaðar. Auk ungu kynslóðarinnar eru boðnir til þingsins bændur, smáframleiðendur, frumbyggjar, stjórnmálamenn, fjárfestar í landbúnaði og vísindamenn – öll með sama markmið, að komast nær fæðuöryggi og nálgast betri framtíð matvæla fyrir alla á umhverfisvænan hátt. /ÞAG

Ræktun:

# Prosecco-freyðivín í útrýmingarhættu

## – Veðuröfgum og álagi eftirspurnarinnar um að kenna

**Freyðivínið Prosecco gæti horfið vegna loftslagsbreytinga, ef svo fer fram sem horfir.**

Sérfræðingar vara við því að sum af uppáhaldsvínum Evrópubúa geti mögulega þurrkast út vegna loftslagsbreytinga. Eru þar nefnd til sögunnar Burgundy, Grand Cru og Cabernet Sauvignon en þó fyrst og fremst Prosecco sem framleitt er í fjallavíngörðum Ítalíu og er einn allra vinsælasti drykkur álfunnar.

Það er hin tortímandi blanda jarðvegsrýrnunar og veðuröfga sem er að ganga af Prosecco dauðu og hefur þau áhrif að vínberjauppskeran fer stöðugt minnkandi. Í grein á Euronews segir frá nýrri rannsókn sem birt var í iScience-tímaritinu í júlí og er niðurstaða hennar að Prosecco-uppskeran sé viðkvæm og í hættu. Segir dr. Paolo Tarolli hjá Padova-háskóla á Ítalíu að hættan sé ekki aðeins að tapa landbúnaðarafurð eða verða vitni að landslagsbreytingum, heldur hafi þetta neikvæð áhrif á staðbundin hagkerfi. „Hætta er á að við glötum sögu heilu samfélaganna og menningarrótum þeirra,“ segir Tarolli í greininni.



Misjöfn og oft og tíðum mjög vond veður hafa gert vínframleiðendum erfitt um vik. Geysimiklar og oft mjög skyndilegar rigningar hafa í för með sér jarðvegseyðingu þegar jarðvegi brekkna í bröttum vínekrum Norður-Ítalíu skolar burt. Á hinn bóginn eru miklir þurrkar sem gera áveitu mjög erfiða. Síðasta vor einkenndist af miklum rigningum og hagléljum og í kjölfarið kom afar heitt sumar. Framleiðendur áætla að þetta óstöðuga veðurfar geti dregið úr uppskeru ítölsku vínþrúgnanna um allt að fimmtung.

*Vítahringur eftirspurnarinnar*

Bragðið af hinu ofurvinsæla Prosecco er tilkomið vegna ræktunar þrúgnanna í mikilli hæð yfir sjávarmáli. Fjallaræktaðar vínberjaþrúgur eru minni og hafa hærra hlutfall hýðis og safa sem gefur þeim sterkara bragð. Þær fá líka mikla sól og lægra hitastig vegna hæðar sem kemur í veg fyrir að þrúgurnar bakist. Sérlega erfitt þykir þó að rækta í þessum bröttu brekkum sem hafa sumar hverjar yfir 30% halla.

Eftirspurn eftir þrúgunum er gríðarleg og er sögð hafa aukist um rúmlega 33% á sl. fimm árum. Til samanburðar jókst eftirspurn eftir frönsku kampavíni um 1% á sama tímabili.

Eins og þetta sé ekki nóg þá segir Tarolli að lýðfræðilegar breytingar og fólksflótti úr dreifbýli hafi leitt til alvarlegs vinnuaflsskorts í fjöllunum sem um ræðir. Ástandið muni versna og æ erfiðara verði að fá fólk til uppskerustarfa. „Ný kynslóð er ekki tilbúin til að vinna við svona erfiðar aðstæður ef efnahagslegur ávinningur er óverulegur,“ segir hann.

Ásókn heimsins í Prosecco hefur þrýst á meiri ræktun í fjöllunum og sem slík orðið völd að jarðvegseyðingu.

Fyrir nokkrum árum vann hópur landfræðinga við Padua-háskóla rannsókn á jarðvegseyðingu og framleiðslusjálfbærni Proseccos. Niðurstaða þeirra var m.a. að allt að 74% af jarðvegstapi á Veneto-svæðinu, einkum í suðurhlíðum fjalllendisins, var beinlínis vegna Prosecco-framleiðslu eða jafngildi um fjögur hundruð þúsund tonna af jarðvegi árlega. Jarðvegurinn er viðkvæmur og rýr og gróðursetning vínviðarins veikir hann, auk þess sem sumir framleiðendanna nota illgresis- og skordýraeitur sem dregur enn frekar úr gæðum moldarinnar og skilar sér út í ár með tilheyrandi áhrifum á lífríki þeirra. Þegar veðuröfgar bætast ofan á er þetta talið tapað spil þrátt fyrir að framleiðendur hafi reynt að svara eftirspurn með sívaxandi ræktun í fjöllunum. Reynt hefur verið að bregðast við með gróðursetningu limgerða kringum vínekrur í þeirri viðleitni að jarðveginum skoli ekki burt í rigningum.

*Hrísgrjón, ólífur og bygg í hættu*

Það er ekki aðeins vínberjaræktun sem á erfitt uppdráttar á tímum loftslagsvár. Sem dæmi um slíkt innan Evrópu má nefna að uppskera hefur minnkað verulega á hrísgrjónum á Norður-Ítalíu, ólífuolíu á Spáni og byggi í Bretlandi.

Milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar (IPCC) hefur varað við því að með 1,5 gráða hlýnun muni um 8% af ræktuðu landi jarðarinnar verða ónothæft eða óhentugt undir landbúnað. Samkvæmt skýrslu World Meterological Organization, sem birt var í vor, eru taldar 66% líkur á að árlegur meðalhiti á heimsvísu fari í 1,5 gráður yfir hitastigi fyrir iðnbyltingu, á næstu fimm árum. /sá






# Notkun dróna í kornrækt

## – Sáning allt að 20 ha/klst.

**Undanfarin ár hefur það færst í vöxt að drónar séu nýttir til ýmissa verka í landbúnaði í þeim tilgangi að spara tíma og vinnu ásamt því að auka sjálfvirkni.**

Á vef breska blaðsins Farmers weekly má lesa um tilraunir og reynslusögur breskra bænda við notkun dróna við sáningu, úðun og áburðardreifingu í kornrækt.

Drónarnir hafa nýst þeim vel í ýmis verk, t.d. að fylgjast með vaxtarhraða, rakastigi og framgangi uppskeru á ökrum þeirra sem sumir hverjir eru fleiri hundruð hektarar að stærð. Slíkt eftirlit hefur áður tekið þá nokkra daga í vinnu sem þeir vinna nú á nokkrum klukkustundum. Með slíku eftirliti er auðveldara að ákvarða magn áburðargjafar og hvort, þá hversu mikið, þarf að vökva. Sumir hafa einnig nýtt drónana til dreifingar á áburði og til vökvunar á einstaka svæðum, sérstaklega svæðum sem eru erfið yfirferðar.

*Nýtast vel á slæmu undirlagi*

Drónarnir nýtast sérstaklega vel þegar undirlag er ekki gott, t.d. jarðvegur er blautur og viðkvæmur. Þeir sem hafa prófað notkun dróna við sáningu telja kostina vera tímasparnað auk þess sem auðveldara er að komast um án þess að eiga á hættu að skemma eða eyðileggja landið þegar ekið er um á þungum tækjum. Að ótöldum sparnaði í eldsneytiskostnaði.

Drónarnir störfuðu á meðalhraða 7,7 m/sek og höfðu allt að 25 kg burðargetu. Við bestu mögulegu aðstæður, þá sérstaklega þegar vindhraði er ekki of mikill, geta drónarnir náð allt að 12 m/sek í hraða. Það gæti jafngilt sáningu á 20 ha landi á einni klukkustund.

*Einfaldir í notkun*

Drónarnir eru fáanlegir í mismunandi stærðum með mismikilli burðargetu. Þeir eru tiltölulega einfaldir í notkun og er stjórnað með smáforriti í farsíma eða spjaldtölvu. Í ljósi þess hversu vinsælir drónarnir hafa orðið við störf í landbúnaði hefur landbúnaðarháskóli í Bretlandi hafið kennslu við skólann á notkun dróna í landbúnaði.

Gallarnir eru hins vegar þeir að lög og reglugerðir stjórnvalda um notkun dróna í landbúnaði er langt á eftir tækninni og hafa breskir bændur kvartað undan seinagangi stjórnvalda við að uppfæra reglugerðina svo hægt sé að nýta tæknina við landbúnaðarstörf. Takmarkanirnar snúa aðallega að því með hvaða efni drónarnir mega fljúga með en nú virðast stjórnvöld vera í þeirri vinnu að uppfæra reglugerðirnar í takt við tímann. /ÞAG


Nýr Amarok
- allir vegir færir
Eigum bíla til afhendingar
Millikassi með hátt og lágt drif
Dregur allt að þrjú og hálft tonn
800 mm vaðdýpi
Hleðslusvæði nægjanlegt fyrir Euro-bretti
Val um 3.0 L og 2.0 L díselvél
Fimm ára ábyrgð hjá Heklu
5
Ábyrgð: 5 ára ábyrgð eða 200.000 km
- hvort sem kemur fyrr
Amarok
Hekla
Laugavegi 174, 105 Reykjavík Sími 590 5000 www.hekla.is
Höldur Akureyri Bílasala Selfoss Bílakjarninn Reykjanesbæ BVA Egilsstöðum


MHG VERSLUN
Husqvarna á Íslandi
Husqvarna FS400
Gólfsög - Sögunardýpt 16,2cm
Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl
Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl
Husqvarna Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl
Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl
Husqvarna LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG
Husqvarna K770
Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm
Husqvarna K970
Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm
Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm
Husqvarna K7000 Ring
Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm
Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl
Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli
Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli
Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli
Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli
Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli
MHG VERSLUN
Víkurhvarf 8
203 Kópavogur
Sími 544 4656
www.mhg.is

**MENNING**

# Á döfinni ...

Nú er sá tími árs að áhugaleikhúsin vakna til lífsins og hafa þó nokkur fest sér bæði leikstjóra og val á leikverki. Við höfum fengið að heyra frá nokkrum þeirra sem hafa fest sér bæði leikrit og áætlaðan sýningartíma ... svona innan skekkjumarka.

## Í október

... hefur **Leikfélag Hveragerðis** séð fyrir sér að setja upp hinn margfræga hryllings- og skemmtisöngleik Litlu hryllingsbúðina, sem engir mega láta framhjá sér fara. Ísfirska leikfélagið **Litli leikklúbburinn** áætlar uppsetningu á Fiðlaranum á þakinu með tónlistinni sem allir þekkja ... „Ef ég væri ríkur“... Þá mun **Leikfélag Austur-Eyfellinga** hressa áhorfendur upp úr skónum með gamanleiknum sívinsæla Maður í mislitum sokkum á meðan **Leikfélag Vestmannaeyja** er öllu klassískari og tekur sígilda barnaleikritið um hann Gosa litla spýtustrák upp á sína arma. **Leikdeild UMF Biskupstungna** setur upp þá uppátækjasömu grallara, Rúa og Stúa í leikstjórn Ólafs Jens Sigurðssonar og svo hefur heyrst orðrómur af Leikfélaginu Laugu, að þaðan komi mögulega uppsetning á verki sem þekkt er undir erlenda nafninu Amber for Anna.

## Í nóvember

... mun **Freyvangsleikhúsið** í Eyjafirðinum bjóða upp á nýtt frumsamið jólaleikrit um krúttið hann Bangsímon og **Hugleikur** Reykjavíkurborgar setur upp verkið Jólaævintýri sem mikið verður beðið eftir.

Að lokum hefur lítill fugl svo hvíslað því að okkur að **Leikfélag Kópavogs** sé með ýmislegt á prjónunum og einnig að eitthvert ofangreindra leikfélaga eigi stórafmæli á árinu!



**Jón Sigurðsson og Margrét Einarsdóttir, formaður Leikfélags Rangæinga, taka hér við úthlutun Menningarsjóðs Rangárþings ytra.** Mynd / Aðsend.

Rangárþing ytra:

## Fyrsta úthlutun úr Menningarsjóði

Menningarsjóður Rangársþings ytra var stofnaður nú fyrr á árinu, en markmið hans er að styrkja og efla menningarstarf sveitarfélagsins. Er styrkjum úthlutað tvisvar yfir árið, í júní svo og í nóvember. Eru ekki veittir styrkir til rekstrar, stofnana eða endurbóta heldur einstakra verkefna og er upphæð ákvörðunar áætluð með tilliti til fjárhagsáætlunar hvers árs.

Um helgina nú 11.–13. ágúst síðastliðinn héldu Rangæingar sína árlegu bæjarhátíð, Töðugjöldin, og við það tilefni fór í fyrsta skipti fram úthlutun úr menningarsjóðnum. Var það Leikfélag Rangæinga sem fengu alls 250 þúsund krónur og má nærri geta að sú upphæð gagnist þeim vel, enda á pallborðinu að setja upp leikrit nú í vetur. Bændablaðið óskar þeim hjartanlega til hamingju með viðurkenninguna. /SP




# Rjóðar í kinnum á réttarballi

**Réttir hófust nýverið og fyrir utan alla þá félagslegu velmegun sem þeim fylgja, fylgdu og fylgja enn tilheyrandi dansiböll – jafnvel lengur en elstu menn muna.**

Hér áður fyrr var réttarlokum fagnað með skralli í réttunum sjálfum, ungir jafnt sem gamlir staupuðu sig gjarnan, gripið var í nikkuna og slegið upp í dans. Setti fólk þá ekki fyrir sig þó misjafnt útlitið væri á sumum. Segir í dagblaðinu Tímanum, í september 1972, að *„Rjóðar i kinnum og með blik i augum svifu ungmeyjarnar um i dansi eftir hljóðfalli nikkunnar og jarmi kindanna, en karlarnir staupuðu sig ataðir skit og ull í bak og fyrir.“*

Kemur fram að töluvert hafi liðið frá því að síðast hefði verið haldinn dansleikur í Landsmannarétt – í dag heil 76 ár, en samkomuhús Landsveitar, Brúarlundur, hafi þá tekið við. Var ævinlega fjölmennt á dansleiki Landsveitar og þeir sem vettlingi gátu valdið létu ekki sitt eftir liggja.

Úr minningabroti íslenskrar konu fæddri árið 1894, varðveittu í hinu menningarsögulega gagnasafni Sarpinum, Þjóðminjasafni Íslands, kynnumst við upplifun hennar af Landsréttunum sem voru einar þær stærstu um árabil.

*„Það var allrar sveitarinnar skemmtun að fara í Landmannaréttir og hestarnir voru ekki sparaðir við það tækifæri. Sungið var og dansað alla nóttina. Það var stórkostlegt að sjá safnið koma, mörg hundruð þúsund fjár rekið niður um mjóa skoru. Það var eins og foss sem breiddi úr sér þegar það kom niður á réttanesið. Um morguninn var dregið í dilkana sem kallað var en fólkið sem kom einungis til að skemmta sér fór heim um kl.7.*

### *Ýmist í ökkla eða eyra*

Minningar er standa að réttum og réttaböllum eru í hvívetna jákvæðar að mestu yfir áratugina enda á árum áður tilefni til að lyfta sér upp, sýna sig og sjá aðra. Lítið hefur frést af óspektum á þessum viðburðum en þó var tiltekið í Dagbók lögreglunnar frá 18. september árið 2005 að: „Einn gisti fangageymslu lögreglu á Blönduósi aðfaranótt sunnudags, en sá hafði að sögn lögreglu verið með leiðindi á réttaballi einn manna. Maðurinn var með óspektir og drykkjulæti. Allir aðrir munu hafa skemmt sér vel.“

Segja má frá skemmtilegri uppákomum, tíu árum síðar á réttarballi Árnesinga þegar Gestur Einarsson nokkur frá Hæli bað kærustunnar sinnar, hennar Rakel Þórarinsdóttur. Kallaði hann hana með sér upp á svið þar sem þau játuðust, en var leikurinn svo endurtekinn daginn eftir. Þá kastaði Gestur sér á hnén fyrir framan sína heittelskuðu í Tungnaréttum og bað hennar aftur, mögulega til að vera nú alveg viss um að hafa fengið já. Sögur fara annars ekki af öðru en að þau séu því harðgift í dag.

### *Næstu böll á dagskrá*

Nú síðari ár hefur lítið dregið úr skemmtanagleðinni og rómansinum er umlykur réttirnar enda fylla auglýsingar réttarballa hvern krók og kima um þessar mundir. Oftast eru samkomuhús sveitarfélaganna fyllt í stað réttanna sjálfra áður, þó einhverjir hefji þó gleðina þar. Því er ekki að undra að einhverja sé farið að kitla í dansbeinið og rétt að taka það fram – eins og staðan er núna eru nokkur böll í loftinu.

### *Réttarball í Ásbyrgi*

Til dæmis er fyrirhugað réttarball í Ásbyrgi þann 9. september frá klukkan ellefu fram á rauða nótt. Eða til klukkan 03 nánar tiltekið. Í tilkynningu frá Ungmennafélaginu Gretti kemur fram: *„Í ár ætlar hljómsveitin Krummafótur að spila fram á nótt. Krummafót þarf vart að kynna en gott að minnast á eitt og annað. Einn þeirra er heimamaður (Gummi okkar allra) en restinni er safnað saman víðs vegar af landinu. Já, þetta verður æði og mikið stuð! Ekki láta þig vanta eins og maður segir svo oft.* Má ætla að dansinn duni sem aldrei fyrr og aðgangseyrinn skal borga við dyrnar, krónur 4.500. Rétt er að taka fram að aldurstakmarkið er átján ár, þá ungmenni fædd árið 2005.

### *Réttarball Uppsveita*

Reiðhöllin á Flúðum stendur fyrir réttarballi Uppsveita þetta sama kvöld, 9. september, og leikur hljómsveitin Allt í einu fyrir dansi. Sérstakur gestur verður söngkonan Fríða Hansen og mikið stuð í kortunum. Forsala miða er á Sæsabar, kr. 4.500, en miðaverð við hurð er annars þúsund krónum dýrari, eða 5.500 kr. Stendur gleðin á milli klukkan 23-02 og gildir fæðingarárið 2005 sem viðmið þeirra sem hana vilja sækja. Tekið er fram að ekki sé í boði að koma með áfengar veigar að heiman enda bar á staðnum auk þess sem Pizzavagninn verði á svæðinu.

### *Réttarball Fljótamanna*

Nú, nú, viku síðar, svona fyrir dansþyrsta – laugardagskvöldið 16. september verður hið margrómaða réttarball Fljótamanna haldið í félagsheimilinu Ketilási. Aldurstakmark er, eins og áður, átján ára, þeir heppnu sem fæddir eru árið 2005 og fyrr.

Frá Fljótamönnum kemur tilkynningin: *„Dannsveit Dósa mun halda uppi fjörinu frá 23:00- 03:00! Það er ekki seinna vænna að fara að rifja upp danstaktana. Það má enginn láta sig vanta í þessa veislu! ATH. Góð tilboð á barnum!*

Aðgangseyririnn í þetta skiptið er 4.000 kr. Og miðar seldir við hurð.

Það er því ekki seinna vænna en að bregða undir sig betri fætinum og skunda á réttarball, jafnvel með pelann í vasanum, rós í hnappagatinu og roða í kinnum. /SP



**Dansleikur**
(Réttaball)
verður haldinn í Bíósalnum í Hveragerði í kvöld. Hefst kl. 10 — Góð hljómsveit.





**Mikið var um að vera í Landmannaréttum haustið 1989, en á neðri myndinni má sjá Þórð Guðnason, bónda í Köldukinn, að verki. Auglýsing um dansleikinn í Bíósal Hveragerðis var birt í dagblaðinu Vísi fyrir réttum 77 árum og vænta má að þar hafi verið glaumur og gaman.** Myndir / Timarit.is


Husqvarna
HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.
• Steinsagir
• Kjarnaborvélar
• Jarðvegsþjöppur
• Sagarblöð
• Kjarnaborar
Þjónustuverkstæði og varahlutir
Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm
Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm
Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150 mm Max
Husqvarna K770 14” Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata
Husqvarna FS400 LV gólfsög
Sögunardýpt 16,2 cm
Husqvarna Rammer Hoppari LT6005
230mm Plata, 69 kg
Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm
Husqvarna K4000 Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna K3600 Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm
Husqvarna K7000 Ring
Sögunardýpt 32,5 cm
Husqvarna K7000 Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm
HÁ VERSLUN
Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is


TM
Þjónusta TM er hugsuð fyrir þig
Á tm.is og í TM appinu getur þú gengið frá öllum tryggingum hvar og hvenær sem þér hentar.

LÍF & STARF

## Múlaþing:

# Náttúran umgjörð sjálfsvinnu

## – Útivistarfólk og náttúruunnendur tóku sig saman og stofnuðu skóla til að styðja börn og unglinga

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



**Náttúruskólinn í Múlaþingi hefur að markmiði að efla börn og ungmenni til umhyggju og árvekni gagnvart sjálfum sér og náttúrunni og bjóða upp á áskoranir og skapandi tækifæri til reynslunáms.**

Áhersla skólans er á útivist, átthagafræðslu, heilbrigðan lífsstíl, sjálfseflingu, samskipti og samvinnu. Unnið er með börnum frá efstu deildum í leikskóla og upp á framhaldsskólastig. Skólinn var stofnsettur í ársbyrjun 2022 af hópi náttúru- og útivistarunnenda í Múlaþingi.

Höfuðstöðvar skólans eru í Óbyggðasetri Íslands í Fljótsdal. Skólinn hefur auk þess aðgengi að skálanum í Laugarfelli á Fljótsdalsheiði, Blöndalsbúð í Einarsstaðaskógi og skálum Ferðafélags Fljótsdalshéraðs á Víknaslóðum. Samstarf er við Skógrækt ríkisins á Hallormsstað þar sem skólinn er að byggja upp lítið skólarjóður og aðstöðu.

### *Nýmæli á Íslandi*

Hildur Bergsdóttir, félagsráðgjafi og fjallageit, er ein af stofnendum Náttúruskólans og formaður stjórnar. Aðspurð hvort til sé fyrirmynd að skólanum hér heima eða erlendis segir hún svo ekki endilega vera en horft hafi verið í ýmsar áttir í leit að innblæstri og hugmyndum.

„Flest eigum við sem að skólanum stöndum til að mynda sterkar rætur í skátastarfi og þeirra áhrifa gætir í sumum verkefnum okkar," segir Hildur. „Að auki hefur kennarateymi skólans unnið saman við ýmiss konar útivistarþjálfun hjá Ungmennafélaginu Þristinum sem starfrækt er á Héraði og sú reynsla og lærdómur flæða sannarlega inn í Náttúruskólann. Við höfum einnig litið til þess sem aðrir eru að gera vel í þessum efnum hér á landi, svo sem Miðstöð útivistar og útináms í Reykjavík og Náttúrubarnaskólinn á Ströndum.

Sömuleiðis höfum við horft yfir hafið, t.d. til Outward Bound-samtakanna sem starfa víða um heim. Sjálf hef ég svo þvælst víða um Evrópu og lært náttúrumeðferð og reynslunáms-nálgun og sá kjarni er einnig sterkur í starfi skólans."



Nemandi Náttúruskólans aðstoðaður yfir á við Kleif í Fljótsdal.
Myndir / Náttúruskólinn



Piltar úr Fellaskóla draga sig á kláfi yfir Jökulsá í Fljótsdal.



Hildur Bergsdóttir og Míló.



Útipúkar baka eldlummur við Blöndalsbúð í Eyjólfsstaðaskógi á Völlum.

### *Reynslutímabili lokið*

Skólinn hefur að sögn Hildar verið á nokkurs konar reynslu- og undirbúningsstigi í nokkur ár og átt í góðu samstarfi bæði við Fellaskóla og UMF-Þrist í að prófa sig áfram og reyna ýmsar nálganir, staðsetningar og útfærslur í starfinu sínu. Hún segir það hafa verið afar dýrmætt og gengið mjög vel. „Það má því segja að síðasta skólaár hafi verið fyrsta formlega starfsár skólans, að loknu þessu undirbúnings- og reynsluskeiði.

Á þessu ári höfum við fengið skóla af svæðinu til okkar, bæði í lengri og styttri heimsóknir. Flestir koma í dagsheimsókn þar sem við leggjum áherslu á að þátttakendur öðlist jákvæða og hvetjandi náttúruupplifun, fái í gegnum reynslu- og samvinnunám að spreyta sig á ýmsum viðfangsefnum tengdum náttúru og útivist og jafnvel uppgötva nýja styrkleika og áhuga," segir Hildur.

Þau hafa einnig verið í lengri verkefnum. Náttúruskólinn fór, svo dæmi sé nefnt, til Ólafsfjarðar með fjögurra daga námskeið fyrir nemendur í Menntaskólanum á Tröllaskaga. „Þar fengu nemendur að reyna sig í vinnusmiðjum í tálgun, listsköpun í náttúrunni, súrri og skýlagerð, útieldun, línuvinnu og hnútum, klettasigi og svo auðvitað leikjum og almennri útiverugleði," heldur Hildur áfram. „Það var mjög skemmtilegt verkefni og mikil reynsla," bætir hún við. Náttúruskólinn hefur einnig verið í samstarfi við Menntaskólann á Egilsstöðum og tekið þátt í náttúrumeðferðar- og útiveruáfanga sem þar er kenndur, nemendur þaðan komu að sögn Hildar t.d. í vel heppnaða og viðburðaríka óbyggða- og ævintýraferð í Óbyggðasetrið síðastliðið haust.

„Unglingastig Fellaskóla fór með okkur í ógleymanlegan tjaldleiðangur í vor, en þá var gengið frá Óbyggðasetrinu upp með Jökulsá í Fljótsdal, með viðkomu í Gjárhjalla. Gist var í tjöldum á leiðinni og sigrast á ýmsum áskorunum."

### *Styrkleikar, hugrekki og hæfni*

„Náttúruskólinn stóð síðastliðið haust fyrir kennaranámskeiði þar sem starfsfólki grunn- og leikskóla gafst færi á að dvelja með okkur eina helgi í Óbyggðasetrinu og kynna sér reynslu- og útinám frá ýmsum hliðum. Það var virkilega skemmtilegt og vel lukkað. Í vor buðum við í samstarfi við Múlaþing upp á sjálfseflingarnámskeið fyrir stúlkur á unglingastigi þar sem við fléttuðum saman aðferðum náttúru- og listmeðferðar til að efla og styrkja sjálfsmynd og samskiptahæfni.

Náttúruskólinn sá um barnadagskrá á Skógardeginum mikla á Hallormsstað í sumar og þar renndu í gegnum dagskrá hjá okkur örugglega ein 500 börn á öllum aldri svo það var mikið fjör. Svo það má með sanni segja að fyrsta starfsárið okkar hafi verið fjölbreytt og farsælt," segir Hildur jafnframt. Nóg hefur því verið um að vera hjá Náttúruskólanum og hér aðeins nefnt brot af því sem verið hefur á dagskrá.

„Það eru einhvern veginn svo falleg forréttindi að sjá styrkleika, hugrekki, hæfni og áhuga barna og ungmenna spretta fram í náttúrunni og virðingu og umhyggju þeirra fyrir henni eflast. Því þar gefast svo ótal mörg dýrmæt tækifæri til að vinna alla þessa þætti og náttúran býður okkur líka alltaf upp á eitthvað óvænt sem er ýmist til þess fallið að ýta út fyrir þægindarammann eða bjóða fegurð og töfra sem hitta beint í hjartastað," segir Hildur.

### *Spennandi tímar fram undan*

Haustið og veturinn fram undan segir Hildur vera spennandi. Allir nemendur 3. og 9. bekkja hinna sex skóla Múlaþings komi daglangt í skólann og kennaranámskeið fyrir leik- og grunnskólakennara verði endurtekið. Þá styrki mennta- og barnamálaráðuneytið námskeið með aðferðum náttúru- og listmeðferðar fyrir börn af erlendum uppruna nú í vetur og ýmislegt fleira sé á döfinni.

„Það hefur alltaf verið sýn Náttúruskólans að vera með einum eða öðrum hætti fastur liður í skólagöngu barna hér á svæðinu og jafnvel víðar og styðja við og dýpka enn frekar þá útikennslu sem þar er í gangi," segir hún og heldur áfram: „Við sjáum fyrir okkur að nemendur komi fyrst til okkar í styttri dagsheimsóknir í eldri árgöngum leikskóla og fái síðan að spreyta sig í vaxandi verkefnum og viðfangsefnum hjá okkur eftir því sem grunnskólagöngunni vindur fram, það er á yngsta stigi og miðstigi, og endi svo grunnskólagönguna á lengri leiðangri þegar á unglingastig er komið.

Jafnframt viljum við gjarnan vera hluti af starfi framhaldsskólanna og geta boðið námskeið og leiðangra sem styrkja við útivistar- og sjálfseflingaráfanga og starf í framhaldsskólunum. Aukin heldur sjáum við fyrir okkur að bjóða í auknum mæli upp á sérsniðin námskeið úti í náttúrunni þar sem áherslan er á að geta unnið í lengri tíma samfellt en skólaheimsóknir gefa kost á og geta þá unnið dýpra með sjálfseflingu, samskipti, seiglu- og styrkleikaþjálfun hvers og eins, t.d. með aðferðum náttúrumeðferðar og listmeðferðar eins og við höfum verið að prófa okkur áfram með, með góðum árangri."

Einnig er á teikniborðinu sumarnámskeið í einhvers konar sumarbúðaformi og er verið að leita að heppilegu húsnæði fyrir slíkt.

„Okkur í Náttúruskólanum skortir því sannarlega ekki sýn og hugmyndir til framtíðar!" segir Hildur að lokum.

## Markmið

- Að auka félagsgreind, sjálfstraust og virkni nemenda með áskorunum og þjálfun í samvinnu þar sem allir finna sína styrkleika.
- Að virkja og þjálfa skapandi og lausnamiðaða hugsun og færni nemenda, með nýjum og fjölbreyttum nálgunum.
- Að hjálpa nemendum að skilja samspil manns og náttúru, kveikja áhuga og auka virðingu fyrir náttúrunni til framtíðar með lifandi fræðslu um umhverfi og sjálfbærni.
- Að nemendur kynnist menningararfinum og samhengi hlutanna með lifandi fræðslu um sögu, menningu og menningarminjar.
- Stuðla að heilsueflingu með útivist, hreyfingu, núvitund og gleði.
- Mörg verkefna sem þátttakendur taka sér fyrir hendur í Náttúruskólanum, tengjast markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

## Útinám

**Áhersla er lögð á fjölbreytni, samvinnu og sjálfstraust, umhverfisvitund, heilsueflingu og áskoranir.**

Verkefnin eru meðal annars þessi:

- Útieldun frá grunni
- Tálgun
- Súrrun
- Gönguferðir
- Hjólaferðir
- Klifur og klettasig
- Línuvinna og hnútar
- Grjóthleðsla
- Óbyggðaskyndihjálp
- Listsköpun úr náttúrulegum efniviði
- Þjálfa núvitund í náttúrunni
- Læra að nota kort og áttavita
- Nemendur eru fræddir um menningu og sögu, hálendið, óbyggðirnar, Vatnajökulsþjóðgarð, lífríki, jarðfræði, sjálfbærni og margt fleira.



# HAUSTTILBOÐ

## 10% afsláttur af völdum gestahúsum

Hágæða gestahús sérframleidd fyrir íslenskar aðstæður.
Sérvalin hægvaxta fura. Allt efni tilsagað og heflað.

Bjálkinn er 44 mm með tvöfaldri nót. Gólf er í öllum húsunum með 18 mm gólfklæðningu. Tvöfalt gler er í gluggum og hurðum.



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GESTAHÚS 14,5 m²

45% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**GESTAHÚS og GARÐHÚS** sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

völundarhús.is
*Vel valið fyrir húsið þitt*

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

Staðgreiðslu lán | VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



GESTAHÚS SKY15-44 14,9 m²



GESTAHÚS SKY14-44 14,44 m²



GESTAHÚS SKY12-44 12 m²



SVEFNKOFI 11 m²

www.volundarhus.is

VH/23-02

---

UMHVERFIS STOFNUN

# Hjálpaðu okkur að finna mengun

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| O | L | Í | A | B | F | T | Q | O | Z |
| L | E | Y | S | I | E | F | N | I | U |
| Q | Z | U | B | K | M | N | O | X | W |
| D | Í | S | E | L | R | S | S | R | A |
| Á | Q | B | S | C | Í | A | V | Í | M |
| L | O | G | T | I | M | D | G | P | N |
| M | Á | L | M | R | U | S | L | S | I |
| R | Y | S | Z | C | Ð | V | G | D | S |

~~OLÍA~~
MÁLMRUSL
ASBEST
BENSÍN
LEYSIEFNI
DÍSEL

Veist þú um svæði þar sem finna má **mengaðan jarðveg?**

Þú getur farið á vef **Umhverfisstofnunar** og tilkynnt svæði þar sem vitað er um mengaðan jarðveg.

Upplýsingar um mengaðan jarðveg eru gríðarlega mikilvægar fyrir komandi kynslóðir.

Skráðu mengaðan jarðveg á nokkrum mínútum á → ust.is/mengadur-jardvegur

LÍF & STARF

## Múlaþing:

# Austurlamb á undan sinni samtíð

## – Milliliðalaus netsala upprunamerkts lambakjöts rann út í sandinn



Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

**Árið 2003 sameinuðust tuttugu sauðfjárbændur á Austurlandi um sölu upprunamerkts lambakjöts á netinu í gegnum vefsíðuna Austurlamb. Ýmist gekk það vel eða erfiðlega en svo fór að þátttakendum fækkaði og Austurlamb hætti starfsemi 2011.**

Austurlamb gaf neytendum kost á að kaupa upprunamerkt lambakjöt milliliðalaust af bændum, frá Héraði og allt suður á Djúpavog. Var boðið upp á sérvalið og sérverkað úrvalslambakjöt frá tilteknum bændum og gátu kaupendur kynnt sér með einföldum hætti framleiðsluaðferðir, þ.e.a.s. búskaparhætti seljenda og valið stærð og gæðaflokka.

Matreiðslumenn höfðu á þessum tíma sumir hverjir kvartað nokkuð yfir seigu, morknu og bragðlitlu kjöti þrátt fyrir fagmannlega meðhöndlun fyrir eldun. Röktu þeir það til rangrar meðferðar sláturfjár, hraðrar kælingar eftir aflífun og stutts kælitíma fyrir frystingu. Þeir voru hins vegar ánægðir með Austurlambskjötið og sögðu það bragðgott, mjúkt og vel fitusprengt, auk þess sem villibragðið af kjötinu hefði verið markvert.

„Óhætt er að fullyrða að framtak okkar Austfirðinga hafi orðið nokkur hvatning fyrir þá bændur sem vilja selja vöru sína beint til neytenda undir kjörorðinu „Beint frá býli", sögðu forsvarsmenn Austurlambs.

Sigurjón Bjarnason, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sláturfélags Austurlands, sem stóð að baki verkefninu, segir neytendur ekki hafa verið tilbúna fyrir netviðskipti af þessu tagi og krafan um lágt verð á lambakjöti hafi gengið að Austurlambi dauðu.

### *Milliliðalaus markaðssetning*

„Þetta var tilraun til að markaðssetja lambakjöt án milliliða," segir Sigurjón Bjarnason. „Hugmyndin var einnig sú að kaupendur gætu raunverulega valið framleiðandann." Var þetta fyrsta tilraun í þá átt hérlendis, að hans sögn.

„Upphafið var að við höfðum ekki ráð á því að slátra hér á Austurlandi, né markað. Lambakjötsmarkaðurinn var búinn að einangra sig við tiltekin sláturhús og þau tvö sláturhús sem voru á Austurlandi höfðu hreinlega ekki aðgang að íslenskum markaði. Þá stóðum við frammi fyrir því að þurfa að selja okkar kjöt til þeirra sem höfðu markaðinn og voru raunverulega í beinni samkeppni við okkur í sambandi við slátrun. Þá varð ekkert eftir, menn fengu ekki upp í framleiðslukostnaðinn," segir hann.

„Við vorum með vef þar sem fólk gat séð á hverju kindin nærðist, sem sagt allt um fóðrun, hvernig hún var ættuð, hvað hún var mikið úti að vetrinum og þar fram eftir götunum. Ég veit ekki hvort neytandinn var nokkuð að spekúlera í þessu en við lögðum áherslu á þetta."

Í byrjun skráðu tuttugu bændur sig í Austurlamb og segir Sigurjón það hafa verið harla góð viðbrögð. „Svo kom í ljós að sumir seldu mjög lítið í gegnum vefinn og duttu fljótlega út, en aðrir héldu áfram og voru dálítið að harka sjálfir við að selja í gegnum þetta." Fenginn var sérhæfður kjötiðnaðarmaður á Reyðarfirði í að hluta sundur skrokkana eftir að þeir komu frá sláturhúsinu á Húsavík, til að tryggja að neytandinn fengi gott kjöt og taka út það af skrokknum sem menn höfðu ekki áhuga á að selja.

„Þetta þurfti að fara í gegnum sláturhús á Húsavík og þeir sáu um að taka frá fyrir okkur skrokka í réttum fituflokkum," heldur Sigurjón áfram. „Við vorum ekki með það feitasta í þessu og ekki heldur það magrasta heldur völdum úr vinsælustu flokkana. Við tókum heldur ekki mjög þunga skrokka né þá léttustu. Þetta var allt saman stillt inn í hugbúnað sem var settur upp á Húsavík fyrir Austurlamb." Áhöld hafi þó verið um hvort sá búnaður virkaði sem skyldi og stóðu bændur stundum sjálfir í sláturhúsinu til að tryggja skrokkavalið.



Sigurjón Bjarnason.




Gömul Austurlambsauglýsing.

### *Neytandinn ekki tilbúinn*

Saga Austurlambs var þó á enda árið 2011. „Það náðist bara ekki sala til að standa undir þessu," segir Sigurjón og bætir við: „Það er ekki flóknara en það að neytandinn var ekki tilbúinn." Þátttakendur hafi þó ekki farið illa út úr verkefninu fjárhagslega þrátt fyrir áratugarlangt hark. „Menn lögðu svo sem ekki í mikinn kostnað sjálfir.

En eftir að vinnslan á Reyðarfirði hætti – hún fór á hausinn eftir að Austurlamb hafði verið þar með vinnslu í tvö ár – þá fóru menn að gera þetta sjálfir. Þetta hafði verið á flækingi hér á Egilsstöðum í ýmsu húsnæði um skeið en endaði með því að við störtuðum upp kjötvinnslu á vegum Sláturfélags Austurlands, sem stóð fyrir þessu verkefni upphaflega og er raunar enn þá í gangi: það er þessi kjöt- og fiskbúð sem er starfrækt á Egilsstöðum enn þann dag í dag. Þar höfðu bændur aðstöðu til að vinna skrokkana sjálfir í Austurlambsverkefninu." Í dag er verslunin Kjöt og fiskur þó einvörðungu búð en selur ekki beint frá bændum.

Um það að neytandinn hafi ekki verið tilbúinn og Austurlambsverkefnið því fjarað út, segir Sigurjón að ef til vill sé orsakanna einnig að leita í því að ekki hafi verið fyrir hendi fjármagn til að markaðssetja verkefnið nægjanlega vel. Það sé stórmál að koma svona dæmi upp ef borga eigi full laun, bæði í markaðssetninguna og utanumhald. Hann segir einnig hafa komið í ljós að þegar búið var að verka skrokkana hafi á bilinu 20-25% þeirra ekki verið söluvara og sá hluti var ekki settur í sölupakkningarnar. „Þess vegna segi ég að stærsti milliliðurinn – af því að allir eru nú að tala um milliliðakostnað í lambakjöti – er tunnan! Það gengur svo mikið úr af lambsskrokknum." Finna þurfi einhvern markað fyrir til dæmis slögin. Sláturhús hafi þó eitthvað verið að vinna úr þeim og hægt sé að búa til úr þeim alls kyns rétti, svo sem eins og kebab eins og gert er í Mið-Austurlöndum. Í þessum efnum mætti fara í frekari afurðaþróun, að mati Sigurjóns.

### *Færri bændur – meiri eftirspurn*

Sigurjón er spurður um hverja hann telji möguleika vera í afurðasölu um þessar mundir. Hann segist ekki hafa trú á að borgi sig fyrir hvern og einn að fara að slátra miklu magni heima hjá sér. „Það kostar heilmikla aðstöðu og mikill fastur kostnaður er í kringum slátrun sauðfjár. Þá þyrftu nokkrir bændur að taka sig saman og stofna lítið sláturhús. Mér myndi lítast betur á það heldur en að sláturhús sé á hverjum bæ."

Að hans áliti hefur umhverfið í afurðasölu sauðfjárbænda ekki breyst að neinu ráði. „Ég held satt að segja að það bjargi bændum nú um stundir hvað þeim fer fækkandi. Það var of mikið framboð af kjöti og enginn raunverulegur markaður fannst erlendis á viðunandi verði.

Ég sagði bændum blákalt að það væri um að gera að hafa kjötskort á sumrin. Maður í Króksfjarðarnesi sagði við mig að það að selja íslenskt lambakjöt væri eins og ef að allir togarar á Íslandi færu með allan fiskinn á einum og sama sólarhringnum og ætluðu að selja hann á einum degi í Bremerhaven. Svoleiðis er lambakjötsmarkaðurinn hér. Þetta kemur á markað í mánuð á ári og svo ekki meir. Bændur hafa lítið pælt í að lengja sláturtíðina. Mér er sagt að lamb sé flokkað sem lamb alveg fram undir páska næsta ár á eftir. Þá kemur upp vandamálið með lambhrútana, þeir verða vondir á bragðið. Einn bóndinn sagði ekkert mál að bjarga því: ef þú geldir lambhrúta í september þá verða þeir bara góðir á bragðið allan veturinn. En þetta má auðvitað alls ekki segja upphátt og varla hvísla því heldur."

### *Er magnvara en ætti að vera lúxus*

Lambakjöt á að vera lúxusvara, að sögn Sigurjóns. „Þetta er miklu dýrara í framleiðslu heldur en kjöt af stórgripum og svínum. Fyrir utan nú að þetta er auðvitað besta kjötið. Mér finnst asnalegt þegar fólk er að bera saman verð á lambakjöti og svínakjöti, til dæmis. Það er eins og að ætla að kaupa epli og kartöflur á sama verði.

En ef bændum fækkar þá verður þetta alvöru lúxusvara og þá geta þeir farið að verðleggja þetta almennilega. Búðirnar leita alltaf að lægsta verði og keppa í verði en ekki gæðum. Og lambakjötið verður ódýrt í búðunum. Svoleiðis vilja menn hafa það og þá fá bændur mjög lítið í sinn hlut."

Hann er spurður hvort hugmyndin um Austurlamb eigi grundvöll í dag.

„Nei, ég myndi segja að svo væri ekki, nema eitthvert sláturhús vildi taka þetta upp á sína arma. Ég sé það því miður ekki gerast. Sláturhúsin eru bara að koma í gegn sem allra mestu magni á sem stystum tíma og maður skilur það svo sem alveg að þau hafi ekki möguleika á að búa til eitthvað svona eins og Austurlamb stóð fyrir. Það yrði þá að reisa sérstakt sláturhús sem sæi bara um eitthvað svona á landsmælikvarða.

Menn voru að reyna vera í lífrænu og sláturhúsum er bölvanlega við að þurfa að búa til eitthvert sérstakt system hjá sér. Því datt mér í hug að stofna mætti eitt sláturhús á Íslandi aðeins fyrir lífrænt. Þar væri hægt að nota Austurlambs-aðferðina. Lífrænt á náttúrlega að kosta meira en mér skilst að lífræna framleiðslan í lambakjöti sé hreinlega liðin undir lok. Enda var enginn milliliður að selja lífrænt kjöt vegna þess að þetta þarf allt að vera svo ódýrt.

Litið er á lambakjöt sem magnvöru og þá er ekki hægt að selja það sem lúxusvöru til einstaklinga. Þetta eru bara vörustaflar."

Hann telur að lambakjötssala gegnum stórmarkaði gangi ekki upp. „Það verður að vera sérstakt söluapparat sem er alveg fyrir utan stórmarkaði, sem eru bara hættulegir. Krafan um lága verðlagningu stendur allri framþróun fyrir dyrum í afurðasölu. En menn eru bara ekki tilbúnir að borga meira fyrir matinn sinn," segir Sigurjón að endingu.





Weckman sturtuvagnar
H. HAUKSSON EHF.
70G m/ lausum skjólborðum
Burðargeta/hlass: 7 tonn
Verð kr. 1.590.000 með vsk.
TILBOÐ kr. 1.440.000 með vsk.
90G m/ lausum skjólborðum
Burðargeta/hlass: 9 tonn
Verð kr. 1.790.000 með vsk.
TILBOÐ kr. 1.640.000 með vsk.
110G m/ lausum skjólborðum
Burðargeta/hlass: 11 tonn
Verð kr. 2.290.000 með vsk.
130G m/ lausum skjólborðum
Burðargeta/hlass: 13 tonn
Verð kr. 2.590.000 með vsk.
110DG m/ HARDOX skúffu
Burðargeta/hlass: 11 tonn
Verð kr. 3.490.000 með vsk.
130DG m/ HARDOX skúffu
Burðargeta/hlass: 13 tonn
Verð kr. 3.800.000 með vsk.
Á heimasíðunni okkar www.hhauksson.is er hægt að sjá fleiri stærðir og gerðir af vögnum sem í boði eru frá Weckman.
H. Hauksson ehf. | Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is
WECKMAN


MARÁS
Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
www.maras.is / www.faj.is
S:555 6444 / 552 2111
FRIÐRIK A. JÓNSSON ehf.
TOHATSU
ICOM
Úrval af Tohatsu utan-borðsmótorum frá Japan
Léttar og meðfærilegar brunadælur frá Tohatsu
Vandaðar talstöðvar frá ICOM fyrir atvinnurekstur
Fagleg ráðgjöf og viðurkenndur búnaður fyrir iðnað og annan atvinnurekstur.

# „Ég stend með sveitinni, hún er minn heimur“

## – Verk Ísleifs Sesselíusar Konráðssonar sýnd á Drangsnesi


Ísleifur Sesselíus Konráðsson.

**Steinunn Ásmundsdóttir**
steinunn@bondi.is

**Verk eins helsta naívista þjóðarinnar eru um þessar mundir til sýnis á gamla bókasafninu á Drangsnesi við Steingrímsfjörð.**

Ísleifur Sesselíus Konráðsson var alþýðulistamaður, fæddur á Stað í Steingrímsfirði árið 1889. Ungur vann hann ýmis störf til sjós og lands en fór til Danmerkur um þrítugt og starfaði m.a. á Hovedbanegaarden, í Tívolí og á Dyrehavsbakken í um hálfan annan áratug. Hann hafði áhuga á myndlist og sagan segir að hann hafi einhverju sinni hitt Kjarval og sá síðarnefndi hvatt hann til að kaupa sér liti og léreft og hefjast handa. Ekki er vitað til að Ísleifur hafi hlotið leiðsögn í málaralist. Hann var einfari í íslenskri myndlist, sjálflærður og kom sér á efri árum upp eigin myndveröld, handan við sögu og tíma, eins og Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur segir í hugleiðingu um verk hans. Myndir hans eru málaðar hnausþykkum litum og sýna gjarnan landslag, ekki endilega raunverulegt heldur eins og það er í hugskoti listamannsins, gróður, fuglalíf og kennileiti.


Grímsey á Steingrímsfirði.


Drangar.


Kaldrananes.


Rauðisandur.

### *Hvítt rósatraf*

„Í myndum Ísleifs víkur eltingaleikur við staðreyndir alltaf fyrir lönguninni til að „hafa líf í náttúrunni“, eins og hann segir í viðtali við Matthías Johannessen *[Morgunblaðið, 1962, innsk.blm.]*. Og náttúran í verkum hans er sannarlega sneisafull af lifandi verum (þó ekki mannverum, við þær réði hann sennilega ekki): hestum, kindum, hreindýrum, hvítabjörnum og umfram allt fuglum,“ skrifar Aðalsteinn.

Listamaðurinn taldi náttúruna fulla af vættum og ástæðu þess að menn sæju ekki t.a.m. huldufólk vera þá að „filman í skynjun okkar sé undirlýst“. Hann sá aldrei huldufólk sjálfur en bað fólk um að raska ekki ró þess þar sem verk hans voru sýnd. Í fyrrnefndu viðtali við Matthías sagðist Ísleifur aldrei mála sólsetur því hann vildi hafa tröll í myndum sínum og þau væru aðeins á ferli um nætur. Hann hafði litlar mætur á borginni, þar sem engar væru vættirnar, en þær tengdust landinu í sinni hreinustu og tærustu mynd. Skýin voru í hans huga ein tærasta ímynd fegurðar og kallaði Ísleifur þau „hvítt rósatraf“. Í verkum hans er alltaf veðurblíða enda gætti hann þess að ekki „laumaðist nein vitleysa inn í myndirnar“.

Ísleifur sagði enn fremur í viðtalinu að hauststjörnurnar væru óvenju fallegar við Steingrímsfjörð, sumarnæturnar heiðar og bjartar og að þær færu svo vel við kletta og grænar lautir að ómögulegt sé að fyrirgefa nokkrum manni sem lætur sér sæma að eyða slíkri fegurð til einskis. Á slíkum stað sé ekki hægt að komast hjá því að vera ástfanginn.

### *Búsæld og fegurð haldast í hendur*

Í samantekt Ólafs J. Engilbertssonar um Ísleif segir að í huga listamannsins hafi mestu hamingjustundir hans verið að sitja yfir ánum fyrir norðan og gleyma sér með þeim og því til áréttingar segir Ísleifur í fyrrnefndu viðtali: „Nú flykkjast allir til Reykjavíkur og halda að þar séu fallegar lautir og grasivaxnir balar, en það er ekki hægt að bera það saman við Steingrímsfjörð. Ég stend með sveitinni, hún er minn heimur. Ég hef tekið sveitina með mér, hvert sem ég hef farið. Ég hef aldrei vogað mér lengra en svo að ég gæti tekið æskustöðvarnar með mér.“ Steingrímur lést árið 1972 og hvílir í Drangsneskirkjugarði. Björn Th. Björnsson listfræðingur skipulagði útför hans fyrir hönd vina listamannsins. Hafði Björn ritað í sýningarskrá fyrstu sýningar Ísleifs, í Bogasal árið 1962, að myndveröld hans ætti rætur í íslenskri bændamenningu „... þar sem búsæld og fegurð haldast jafnan í hendur og hrikaleikinn er sem oftast í bland við einhverjar duldar vættir“.

Það er Steingrímur listafélag sem stendur að sýningunni og standa þar að baki þær Ásta Þórisdóttir, Didda H. Leaman, Inga Þórey Jóhannsdóttir og Þórunn Björnsdóttir. Þær segja verk Ísleifs hafa ratað víða en ekki verið til nein heildarskrá um þau fram að þessu. Því er óskað eftir upplýsingum frá fólki um hvað eina sem tengist Ísleifi, svo sem ljósmyndum af verkum hans og honum sjálfum auk upplýsinga um t.d. ljóð hans og muni.

Aðstandendur sýningarinnar bjóða upp á vinnustofur fyrir grunnskólanemendur á svæðinu í tengslum við sýninguna. Hún ber heitið Ísleifur á heimaslóð og verður opin til 17. september nk.


Verk Ísleifs Konráðssonar eru sýnd í gamla bókasafninu á Drangsnesi í Strandasýslu. Myndir / Steingrímur listafélag

YAMAHA GRIZZLY EPS FJÓRHJÓL
— klár til afgreiðslu!

**Þrautreynd við íslenskar aðstæður — verð frá 2.560.000 kr.**

Mikið úrval aukahluta í boði s.s. aukasæti og fótstig, framrúða, töskur omfl.




YAMAHA Á ÍSLANDI
Klettháls 3, 110 Reykjavík
S 540 4980 | www.yamaha.is

Umboðsaðili
YAMAHA



Þórhallur - effekt.is

# Framkvæmdasjóður ferðamannastaða auglýsir eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2024

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila

## Sjóðnum er heimilt að fjármagna framkvæmdir er snúa að:

- *Öryggi ferðamanna.*
- *Náttúruvernd og uppbyggingu.*
- *Viðhaldi og verndun mannvirkja og náttúru.*
- *Fjármögnun undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna áðurgreindra framkvæmda.*

## Sjóðnum er ekki heimilt m.a.:

- *Að bera rekstrarkostnað af mannvirkjum og vegna náttúruverndarsvæða eða annarra ferðamannastaða.*
- *Að fjármagna framkvæmdir sem eru á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.*
- *Veita fjármagni til verkefna sem þegar er lokið.*

## Gæði umsókna

*Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér vel þau lög og reglur sem um sjóðinn gilda og vanda umsóknir sínar í hvívetna. Umsækjendum er bent á að kynna sér gæðaviðmið sjóðsins sbr. gæðamatsblað ásamt frekari upplýsingum um sjóðinn, skilyrði lánveitenda og umsóknarferlið, sem finna má á vefsíðu Ferðamálastofu* ***www.ferdamalastofa.is/umsoknir.***

### Hvar ber að sækja um

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum island.is en hlekkur á umsókn er á vefsíðu Ferðamálastofu www.ferdamalastofa.is/umsoknir.

### Umsóknarfrestur

**Umsóknartímabil er frá og með 11. september til kl. 13 fimmtudaginn 19. október.** Umsóknir sem berast eftir þann tíma koma ekki til álita.

Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Hafnarstræti 91, 600 Akureyri

www.ferdamalastofa.is

upplysingar@ferdamalastofa.is

# Garðyrkja

## Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Allt frá fræjum til afurða

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is

Samhentir



Gengið niður í stóra og ríkulega rekafjöru á jörðinni Dröngum á Ströndum. Rekaviður er mestur þar um slóðir, á Skagatá og norðanverðu Langnesi. Mynd / Ólafur Eggertsson

## Rekaviður:

# Snarminnkandi reki við Íslandsstrendur

## – Tæknivæddur skógariðnaður og rýrnun hafíss orsakavaldar

**Við rekur á allar fjörur landsins en mestan reka er að finna á norðanverðu Langanesi, Ströndum og Skagatá. Reki var einnig algengur við Suðurströndina á árum áður.**

Gamlan við er enn að reka í íslenskar fjörur en nýrri viður hefur minnkað. Þróun í skógariðnaði veldur því að minna fer forgörðum af viði sem fleytt er niður ár. Loftslagsbreytingar hafa þó mest áhrif. Reikna má með að vegna rýrnunar hafíss sökkvi viðurinn sem losnar áður en hann nær Íslandsströndum, einnig sá viður sem rofnar í auknum mæli úr árbökkum við vorflóð vegna þiðnunar sífrera. Þetta er flókið samspil.

Viðurinn kemur einkum frá Rússlandi og Síberíu og hefur gegnum tíðina verið notaður til allra handa bygginga, eldiviðar og á síðari tímum einnig í girðingarstaura, alls kyns timburverk utandyra og innan, ekki síst vegna náttúrulegrar fúavarnar seltunnar í viðnum, í húsgögn, búsáhöld, listaverk/handverk og í kurl.

### *Vinnsla ekki einfalt mál*

Í skýrslu ráðherraskipaðrar nefndar frá árinu 1999 um nýtingu rekaviðar og markaðssetningu afurða frá rekaviðarvinnslu segir í niðurstöðum að verð á innfluttu timbri sé mjög lágt og söfnun og vinnsla rekans þoli mjög lítinn tilkostnað. Mikið efni gangi úr við vinnsluna. Því sé öll úrvinnsla best komin sem næst þeim stöðum þar sem mest reki.

Á markaðnum séu ný og fullkomin tæki til vinnslu rekans, þá tækni hafi rekabændur nýtt sér. Nýting reka sé víða mjög góð búbót sem rétt sé að styðja við eftir föngum.

Ætla má að sitji að mestu við það sama rúmum tveimur áratugum síðar. Sagt er í skýrslunni að bændur hafi nýtt þjónustu færanlegrar sögunarþjónustu. Safni þeir þá timbri sínu saman á ákveðna staði þar sem það er sagað í þær stærðir sem timbureigandinn vill og rekinn gefur tilefni til. Þetta var t.d. gert í Árneshreppi. Flutningur á sögunarvélum geti hins vegar verið kostnaðarsamur og því mikilvægt að viðkomustaðir séu sem fæstir og sem mest magn rekaviðar á hverjum stað. Mest hafi verið sagað í Strandasýslu og á Langanesi.

Jafnframt kemur fram að nær allur eldri reki hafi verið nýttur á stórum svæðum og óðum styttist í að þar verði einungis um nýjan reka að ræða. Gera megi ráð fyrir að rekaviður skemmist um 10% á ári við að liggja óhreyfður í hirðuleysi á rekanum. Þannig sé tíu ára gamall viður og eldri vart nýtanlegur.

Þetta ráðist þó af mörgum þáttum. Áætla megi að þegar búið sé að fara á fjöruna og vinsa út það sem vinnsluhæft er sé ekki nema 40% af rekanum nýtanleg markaðsvara. Mest sé um furu, greni og lerki, en birki og hvers konar harðviður fáséð. Helsti vandi við spýturnar sé grjót og sandur sem gengið hefur inn í viðinn, þá séu sumar snúnar og stórkvistóttar og sver tré yfirleitt rifin í miðjunni.

Gæði og ástand viðarins komi hins vegar oft ekki í ljós fyrr en farið sé að saga hann. Fallegar spýtur, ekki síst sverar, séu oft svo rifnar í miðjunni að ekki er hægt að nýta nema hluta bolsins og einnig geti spýta verið svo fúin í merginn eða svo full af sandi að hún sé vart nýtanleg til sögunar.

Þó megi halda því fram að besta efnið í rekanum sé fyllilega sambærilegt eða betra en sá skógarviður sem helst er á markaðnum.

Sá rekaviður sé hins vegar aðeins lítill hluti þess sem rekur.

### Áætlaður flottími rekaviðar

Viður hefur takmarkaða flotgetu. Fyrr eða síðar verður hann vatnsmettaður og sekkur.

| Viðartegund | Hámarkstími |
|---|---|
| Picea/greni | 17 mánuðir |
| Pinus/fura | 10 mánuðir |
| Larix/lerki | 10 mánuðir |
| Betula/birki | 6 mánuðir |
| Populus/ösp | 10 mánuðir |
| Salix/víðir | 10 mánuðir |

√ Allan rekavið á að hirða.
√ Úr besta viðnum á að framleiða timbur til bygginga og smíða.
√ Lakari viðinn á að nota í girðingarstaura.
√ Allan úrgangsvið og úrgang frá timburvinnslu á að nota til kyndingar.
√ Koma þarf á skipulögðu markaðskerfi á afurðum frá rekaviðarvinnslu.

*Heimilidir: Viðarreki á Ströndum og nýting hans, e. Brynjólf Sæmundsson, búnaðarráðunaut á Hólmavík, birt í Flóanum, 1993.*

Áætlað er að allt að helmingur þess sem rekið hefur á fjöru liggi eftir þegar búið er að hirða það sem telst nýtanlegt, svo sem mor og ónýtur bolviður.

Þetta efni hefur þó verið notað til eldiviðar og í seinni tíð til upphitunar húsa. Nýting rekaviðarúrgangs geti því verið hagstæð ef fólk noti hann til kyndingar heima hjá sér, auk þess sem æskilegt sé að fjarlægja hann af umhverfisástæðum, segir í skýrslunni.

### *Flyst með sjávarstraumum og hafís*

Dr. Ólafur Eggertsson, sérfræðingur hjá Skógrækt ríkisins, segir að síðustu þrjá áratugi um það bil hafi mun minni reki borist að Íslandsströndum miðað við áratugina þar á undan.

„Á síðustu öld var mest um reka frá sirka 1950 til 1980,“ segir Ólafur. „Rekinn hefur minnkað, aðallega vegna þess að skógariðnaðurinn





**Stærðir: 80m², 150m², 250m² og 350m²**

Stálgrindin er heitgalvaniseruð og er sérsmíðuð fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó-og vindálagskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því sem geymslu- og vélaskemmur í öllum landshlutum. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingarleyfi ásamt teikningum af grunni og vinnuteikningum.

Hafðu samband: bondi@byko.is

í Rússlandi hefur tekið miklum breytingum. Um miðja síðustu öld var viðurinn bundinn saman í fleka og honum fleytt niður árnar (norður að Íshafi) að næstu sögunarmyllu eða uppskipunarhöfn, þá tapaðist mikið af við út í Íshafið. Í kringum 1990 var byrjað að setja viðinn á pramma og draga með dráttarskipum niður árnar. Frá því í kringum 1950 hefur skógarhögg í Rússlandi aðallega farið fram á vatnasvæði Yenisey-fljóts í Síberíu og í Evrópuhluta Rússlands.“

Ólafur segir að önnur ástæða fyrir minni reka við strendur Íslands sé að hafís norðurskautsins fari sífellt minnkandi vegna hlýnunar loftslags og sjávar. „Viður getur ekki flotið á opnu hafi nema í takmarkaðan tíma en timbrið verður þá vatnsósa og sekkur. Eftir því sem hafísinn minnkar þarf viðurinn að fljóta lengur á opnu hafi. Forsenda þess að viðurinn nái til Íslands er að hann sé sem lengstan tíma frosinn fastur í hafísinn. Þegar viðurinn berst inn í Íshafið frá ánum í Rússlandi frýs hann fastur í ísinn og ferðast með honum þar til hann bráðnar en það gerist þegar ísinn berst inn í Atlantshafið með Austur-Grænlandsstraumnum,“ segir hann.

Árið 1993 birti Ólafur greinina Uppruni rekaviðar við Íslandsstrendur; tímatalsárhringjafræðileg rannsókn (Origin of the driftwood on the coasts of Iceland; A dendrochronological study, Jökull, no 43, 1993./Flottími).

Þar segir: „Við frá fjarlægum löndum rekur sífellt að ströndum landsins. Útbreiðsla hans er breytileg en segja má að finna megi rekavið með fram allri strandlengju landsins.“ Fram kemur að tímatalsárhringjarannsóknir hafi lengi verið notaðar til að áætla uppruna rekaviðar. Í niðurstöðum Ólafs segir að rekaviður sem falli til við strendur Íslands samanstandi einkum af furu og greni; söguðum trjábolum. Stór hluti af rekanum sé þó lerki af náttúrulegum uppruna sem hafi rofist úr bökkum fljóta í Austur-Síberíu. „Í okkar fyrstu rannsóknum á reka við Ísland fundum við ekki reka frá Alaska né Kanada,“ segir Ólafur og heldur áfram: „Síðar fundum við greni sem komið hafði frá Mackenzie-fljóti í Kanada og frá Yukon í Alaska en mjög sjaldgæft.“

Ekki hefur verið áætlað hversu mikill reki berst til landsins á hverjum tíma, að sögn Ólafs.

### *Rekinn var lífsbjörg*

Reki hefur þekkst frá öndverðu. Fornmenn nýttu rekavið á Íslandsströndum og hefur hann væntanlega bjargað þeim mörgum frá bráðum bana vegna kulda og vosbúðar og nýst sem eldsmatur og til skálabygginga. Í þá tíð var láglendið þakið birkiskógi en skógarhögg til eldiviðar og einnig beit gekk fljótt á hann. Því varð rekaviðurinn mikilvægasta efnið fyrir hús, báta brýr, landbúnaðartæki og búsáhöld.



**Úr Finnafirði. Hér má sjá dæmi um hvernig bóndinn á Felli hefur nýtt reka sinn til uppbyggingar á aðstöðu fyrir sjósundgesti. Mynd / R.S.**

Elsta kerfisbundna rannsókn á hérlendum reka var gerð um 1780 af Olaviusi þegar hann ferðaðist fyrir hönd dönsku krúnunnar um landið til að kanna efnahag landsmanna. Hann lýsti gerð rekaviðar, magni, notagildi og uppruna.

Dr. Ivar Samset, fv. prófessor við norska landbúnaðarháskólann í Ási, gerði árið 1990 magnmælingar á reka í Skjaldbjarnarvík. Árlegt viðarmagn reyndist að meðaltali 38 rúmmetrar á hvern hektara fjörunnar. Af rekaviðnum reyndust 42% vera lengri en 3 metrar, 23% gildari en 20 cm og 70% stærri en 0,1 rúmmetri. „Það eru ekki margir skógarteigar í Noregi sem státa af slíku viðarmagni,“ skrifaði Samset. Elsta tré sem hann aldursgreindi eftir árhringjum var 365 ára gamalt lerkitré á Gálmaströnd í Steingrímsfirði, en fjöldi trjáa var 200–300 ára gamall.

Fyrr á tíð merktu þeir sem áttu rekafjörur gjarnan reka sinn með persónulegu marki og varð þá óhægara um vik að stela rekavið úr fjörum annarra.

Fjöldinn allur af íslenskum örnefnum bera vott um rekavið, svo sem Reki, Rekavík, Rekavatn, Rekaá og mögulega Keflavík og Bolungarvík, svo eitthvað sé nefnt. Þá eru allmörg rekaviðartengd orð í málinu, eins og til dæmis keflareki, plankareki, raftur, rekafjara, rekaítak, rekapláss og jafnvel vogrek. /sá










LÍF & STARF

# Ræktar skarfakál í Grímsey

## – Listakonan Mayflor Perez Cajes er ættuð frá Filippseyjum og hefur alltaf haft áhuga á að nýta náttúruna til matargerðar



Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Heyskapur í Grímsey. Myndir / Mayflor

**Í Grímsey er nú í gangi tilraunaverkefni sem snýst um ræktun á skarfakáli, sem síðan á að markaðssetja ferskt, þurrkað og sem skarfakálspestó.**

Kjörlendi er í Grímsey fyrir vöxt á villtu skarfakáli en eyjan hentar einnig vel til ræktunar á þessari mat- og lækningajurt. Hún á auðvitað sérstakan sess í þjóðarvitund Íslendinga sem hafa löngum gripið til hennar til að lækna og koma í veg fyrir skyrbjúg, vegna þess hversu auðug hún er af C-vítamíni.

### *Ættuð frá Filppseyjum*

Frumkvöðullinn sem stendur að tilraunaræktuninni heitir Mayflor Perez Cajes, er ættuð frá Filippseyjum en kom átta ára gömul til Íslands og er nú gift Grímseyingi. Hún segir að skarfakálið sé að vissu leyti erfitt í ræktun og lítil reynsla sé af slíkri ræktun almennt í heiminum eftir því sem hún best viti.

„Þess vegnar er ég eiginlega að ryðja brautina og prófa mig áfram, get lítið stutt mig við reynslu annarra. Það þurfa að vera ákveðin skilyrði til staðar, skarfakál vex vel í söltu umhverfi og sendnum jarðvegi. Því líður best utan dyra og þrífst vel innan um illgresi. Skarfakál er af krossblómaætt, eins og kál, rófur, grænkál og brokkolí. Ég hef tekið eftir því að þegar það vex villt eitt og sér, þá gulnar það frekar og virkar ekki eins heilbrigt. Ég held að það sé vegna þess að það fær þá ekki skjól frá öðrum plöntum.

Ég hef prófað að rækta það í mold sem er keypt verslun, en kálið hefur ekki lifað lengi í henni. Þá hef ég komist að því að jarðvegurinn sem það vex í þarf að vera mjög súr. Sem hentar okkur vel því við erum með kindur hér og getum nýtt súrt sauðataðið sem áburðargjafa.“

### *Frístundabúskapur með kindur*

„Við erum með um 80 kindur, fjölskylda mannsins míns og höfum verið í þessum frístundabúskap frá 2009,“ segir Mayflor. „Þau komu hingað árið 1984 frá Hjalteyri. Við erum líka með hænur. Afgangurinn af skarfakálinu sem ég er að vinna með fer í hænurnar og kindurnar. Við höldum að lömbin okkar verði óvenju stór vegna þess að þau hafa skarfakálið.

Hér er slátrað heima og vinir okkar njóta góðs af því líka í vöruskiptum. Við þurfum aldrei að kaupa lambakjöt.

Ég geri mér einnig vonir um að sauðfjárræktin gagnist við sjálfa ræktunina og ætla að gera tilraunir með að rækta kálið í snoðull, því hún er heldur rakanum svo vel í sér.“


Mayflor segir að bragðið af skarfakálinu sé bæði salt og sætt.

### *Vinnslupláss hjá Vörusmiðjunni*

Að sögn Mayflor stendur þessi þróunarvinna nú yfir, sem felst bæði í tilraunaræktuninni en líka að safna fræjum, þurrka þau og sá síðan fyrir næsta sumar. Samhliða vinnur hún að tilraunum í úrvinnslu á villtu káli og markaðsmálum.

„Ég er með tvær vörutegundir í vinnslu og hef fengið pláss í aðstöðu vörusmiðjunnar á Skagaströnd. Önnur tegundin er bara þurrkað skarfakál en hin er skarfakálspestó. Það er ekki komið söluleyfi en vonandi kemur það sem fyrst.

Ég reikna með að byrja á því að selja vörurnar bara á matarmörkuðum – þannig að þær fara ekki strax inn í matvörubúðir.

Krónan hefur samt sýnt áhuga á vörunum frá mér þegar allt verður tilbúið og svo hef ég fengið góð viðbrögð frá veitingastöðum við hugmyndinni.“

### *Saltur og sætur keimur*

„Það er mjög sætur keimur af kálinu í bland við saltið,“ segir Mayflor spurð um bragðeinkennin. „Sumir hafa lýst sinnepskeimi en ég held að það sé ekki rétt. Hins vegar er smá piparbragð, í ætt við klettasalat og það getur verið að fólk tengi það við sinnep. En auðvitað eru bragðlaukar fólks mismunandi og fólk finnur ekki alveg sama bragðið. Það er rosalega gott bara sem ferskt salat, til dæmis í salatblöndu. Svo er það þekkt lækninga jurt með ýmsa góða eiginleika.“


Fræjum hefur verið safnað í sumar. Svo eru þau þurrkuð og svo sáð fyrir næsta sumar.

### *Heimskautsbaugurinn hentar vel til markaðssetningar*

Mayflor hefur gefið vörumerki sínu heitið Skarfakál ArcticCircle, sem hún segir mjög viðeigandi vegna þess að heimskautsbaugurinn liggur jú þvert í gegnum Grímsey, frá vestri til austurs.

„Það ætti að henta vel til fyrir markaðssetninguna, en ég er einmitt að gera viðskiptaáætlun núna og er kominn með lógó. Erlendir ferðamenn eru flestir mjög meðvitaðir um að heimskautsbaugurinn liggur í gegnum eyjuna og áhugasamir um hann. Hún segist alltaf hafa haft áhuga á að nýta náttúruna til matargerðar og svo týnir hún jurtir líka til tegerðar – til dæmis villta blóðbergið.

„Ég ólst upp við þessa hugsun á Filippseyjum. Afi minn var maísbóndi og því í nánu sambandi við náttúruna eins og margir Filippseyingar eru“

### *Listaverk úr svartfuglseggjum*

Í nokkur ár hefur Mayflor unnið listaverk úr svartfuglsog langvíueggjum, sem njóta vaxandi vinsælda meðal ferðamanna sem koma í Grímsey. „Standurinn fyrir eggin er úr rekaviði sem sóttur er í fjörur Grímseyjar. Ljós er sett í standinn og svo eru útlínur og Grímseyjar og Íslands boruð í eggin. Svo set ég resin efni yfir eggin til að styrkja þau. Ég hef líka verið að gera skartgripi úr eggjunum, nýti skurnina sem brotnar til að útbúa hálsmen.“





Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is





Tilraunaræktunin gengur vel eins og sést vel á þessum tveimur myndum.

Mikill áhugi er meðal heimamanna á þessari listsköpun, að sögn Mayflor, enda eru listaverkin góð kynning fyrir eyjuna. „Nú þarf bara að kynna eyjuna betur fyrir Íslendingum," segir hún.

***Heyrt sögur og lesið um skarfakálið***

Verkefni Mayflor á næstu mánuðum mun því á næstu mánuðum snúast um að nýta og rækta skarfakál, auk þess að halda striki sínu í listsköpuninni. „Skarfakálið er fyrsta flokks hráefni frá náttúrunnar hendi; bragðgott, C-vítamínríkt og græðandi, sem gerir það tilvalið í matargerð og matvælaframleiðslu.

Frá því ég flutti til Grímseyjar árið 2009 hafði ég heyrt sögur og lesið um skarfakálið, sem hér vex allt í kringum okkur. Heimamenn tína kálið og nota í matargerð heimavið en mig langaði til þess að gera meira og kynna landann og ferðamenn fyrir þessum vannýtta mat. Hér eru kjöraðstæður til að rækta skarfakál því kálið vill gjarnan vera í söltu umhverfi og helst nálægt björgum.

***Ætlaði upphaflega að nýta þara í Grímsey***

Hún segir að sér hafi fyrst dottið í hug að rækta skarfakál árið 2012. „Reyndar var efst á hugmyndalistanum að nýta þara í Grímsey, en það er frekar langsótt. Ráðgjafinn hjá SSNE nefndi þá skarfakál við mig og það var einmitt númer tvö á listanum hjá mér, svo ég fór af stað með þetta."

Mayflor fæddist í Filippseyjum en kom til Íslands árið 1991, en hún ólst upp í Ólafsvík. Hún er fjögurra barna móðir.

Hún var valin í tíu manna hóp viðskiptahraðalsins Vaxtarrýmis hjá Norðanátt árið 2022 og tók svo þátt í viðskiptahraðli Atvinnumála kvenna. Skarfakálsverkefni Mayflor hefur verið styrkt af Sóknaráætlun Norðurlands eystra og Atvinnumálum kvenna.







## Vesturland

| | | |
|---|---|---|
| Arnarhólsrétt í Helgafellssveit | | sunnudaginn 17. september kl. 11.00 |
| Bláfeldarrétt í Staðarsveit, Snæf. | | laugardaginn 23. september |
| Brekkurétt í Norðurárdal, Mýr. | | sunnudaginn 10. september kl.10.00, seinni sunnudaginn 24. september kl. 10.00 |
| Brekkurétt í Saurbæ, Dal. | | sunnudaginn 17. september kl. 11.00, seinni sunnudaginn 1.október kl. 13.00 |
| Fellsendarétt í Miðdölum, Dal. | | sunnudaginn 10. september kl. 14.00, seinni sunnudaginn 24. september kl. 14.00 |
| Flekkudalsrétt á Fellsströnd, Dal. | | laugardaginn 16. september, seinni laugardaginn 30. september |
| Fljótstungurétt á Hvítársíðu, Mýr. | | laugardaginn 9. september og sunnudaginn 10. september |
| Gillastaðarétt í Laxárdal, Dal. | | sunnudaginn 17. september kl. 12.00, seinni sunnudaginn 1. október kl. 16.00 |
| Grafarrétt í Breiðuvík, Snæf. | | laugardaginn 23. september |
| Grímsstaðarétt á Mýrum, Mýr. | | þriðjudaginn 12. september kl. 10.00, seinni mánudaginn 25. september kl. 14.00, þriðju mánudaginn 2. október kl. 14.00. |
| Hítardalsrétt í Hítardal, Mýr. | | mánud. 11. sept. kl. 10, önnur rétt sunnud. 24. sept. kl. 16 og þriðja rétt mánud. 2. okt. kl. 11 |
| Hornsrétt í Skorradal, Borg. | | sunnudaginn 10. september kl. 10.00, seinni laugardaginn 23. september |
| Hólmarétt í Hörðudal, Dalabyggð | | sunnudagur 10. september kl. 10.00, seinni sunnudaginn 24. september kl. 10.00 |
| Hrafnkelsstaðarétt í Grundarfirði | | laugardaginn 16. september |
| Kaldárbakkarétt í Kolb., Hnappadalssýslu | √ | sunnudaginn 3. september kl. 11.00 |
| Kirkjufellsrétt í Haukadal, Dal. | | laugardaginn 9. september, seinni laugardaginn 23. september. |
| Langholtsrétt í Eyja- og Miklaholtshr. | | vantar upplýsingar |
| Ljárskógarétt í Laxárdal, Dal. | | laugardaginn 9. september |
| Mýrar í Grundarfirði | | laugardaginn 16. september |
| Mýrdalsrétt í Hnappadal | | sunnudaginn 17. september kl. 16.00, seinni sunnudaginn 8. október kl. 16.00 |
| Nesmelsrétt í Hvítársíðu, Mýr. | | laugardaginn 2. september |
| Núparétt í Melasveit, Borg. | | sunnudaginn 10. september kl. 13.00, seinni laugardaginn 23. september |
| Oddsstaðarétt í Lundarreykjadal, Borg. | | miðvikudaginn 13. september kl. 9.00, seinni sunnudaginn 1. oktober kl. 10.00 |
| Ólafsvíkurrétt í Ólafsvík, Snæf. | | laugardaginn 16. september |
| Ósrétt á Skógarströnd, Dal. | | föstudaginn 29. september kl. 10.00 |
| Rauðsgilsrétt í Hálsasveit, Borg. | | sunnudaginn 17. september kl. 10.00, seinni sunnudaginn 1. október kl. 14.00 |
| Reynisrétt undir Akrafjalli, Borg. | | laugardaginn 16. september |
| Skarðsrétt, Skarðsströnd, Dal. | | sunnudaginn 17. september |
| Skerðingsstaðarétt í Hvammsveit, Dal. | | sunnudaginn 17. september kl. 11.00, seinni sunnudaginn 1. oktober kl. 14.00 |
| Svarthamarsrétt á Hvalfj.str., Borg. | | sunnudaginn 17. september kl. 10.00, seinni sunnudaginn 1. október |
| Svignaskarðsrétt, Svignaskarði, Mýr. | | 11. september kl. 10.00, seinni 25. september kl. 10.00 |
| Tungurétt á Fellsströnd, Dal. | | föstudagurinn 15. september |
| Vörðufellsrétt á Skógarströnd, Dal. | | laugardaginn 16. september kl. 13.00, seinni sunnudaginn 8. október kl. 13.00 |
| Þverárrétt Eyja- og Miklaholtshr, Snæf. | | sunnudaginn 17. september |
| Þverárrétt í Þverárhlíð, Mýr. | | mánudaginn 11. september kl. 07.00, seinni sunnudaginn 17. september kl. 17.00 |
| Þæfusteinsrétt á Hellissandi/Rifi, Snæf. | | laugardaginn 16. september |
| Ölkeldurétt í Staðarsveit, Snæf. | | laugardaginn 23. september |

## Vestfirðir

| | | |
|---|---|---|
| Eyrarrétt á Eyri í Kollafirði, Reykhólahreppi, A-Barð. | √ | laugardaginn 2. september |
| Grundarrétt í Reykhólahreppi, A-Barð. | | vantar upplýsingar |
| Hjarðardalsrétt í Hjarðardal í Dýrafirði | | laugardaginn 16. september og sunnudaginn 17. september |
| Hraunsrétt við Hraun í Hnífsdal í Skutulsfirði | | vantar upplýsingar |
| Innri-Múlarétt á Barðaströnd, V-Barð. | | vantar upplýsingar |
| Kinnarstaðarétt í Reykhólahr., A-Barð. | | vantar upplýsingar |
| Kirkjubólsrétt í Steingrímsfirði, Strand. | | sunnudaginn 17. september kl. 14 |
| Kirkjubólsrétt við Kirkjuból í Engidal í Skutulsfirði | | vantar upplýsingar |
| Kjósarrétt í Árneshreppi, Strand. | | laugardaginn 23. september |
| Króksfjarðarnesrétt í Reykhólasv., A-Barð. | | vantar upplýsingar |
| Melarétt í Árneshreppi, Strand. | | laugardaginn 16. september |
| Miðhús í Kollafirði, Strand. | | sunnud. 17. sept. kl. 17, seinni sunnud. 1. okt. kl. 17 |
| Minni-Hlíð í Hlíðardal, Bolungarvík | | laugardaginn 16. september |
| Skarðsrétt í Bjarnarfirði, Strand. | | laugardaginn 23. september |
| Skeljavíkurrétt í Steingrímsfirði, Strand. | | föstudaginn 9. september kl 14.00, seinni laugardaginn 24. september kl. 14.00 |
| Staðarrétt í Reykhólahreppi, A-Barð. | | vantar upplýsingar |
| Staðardalsrétt í Steingrímsfirði, Strand. | | sunnudaginn 17. september kl. 14.00 |
| Syðridalsrétt í Bolungarvík | | laugardaginn 16. september |
| Traðarrétt við Tröð í Bjarnardal í Önundarfirði | | laugardaginn 16. september |
| Vaðalsrétt á Barðaströnd, V-Barð. | | sunnudagur 17. september |

## Norðvesturland

| | | |
|---|---|---|
| Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún. | | laugardaginn 9. september kl. 9.00, seinni mánudaginn 25. september kl. 13.00 |
| Beinakeldurétt, A.-Hún. | √ | sunnudaginn 3. september, seinni mánudaginn 25. september kl. 13.00 |
| Fossárrétt í A.-Hún. | | laugardaginn 9. september |
| Hamarsrétt á Vatnsnesi, V.-Hún. | | laugardaginn 16. september |
| Hlíðarrétt / Bólstaðarhlíðarrétt, A.-Hún. | | laugardaginn 9. september kl. 16.00, seinni sunnudaginn 17. september kl. 16.00 |
| Hrútatungurétt í Hrútafirði, V.-Hún. | | laugardaginn 9. september kl. 9.00 |
| Hvalsárrétt í Hrútafirði, Strand. | √ | laugardaginn 16. september kl. 15.00 |
| Hvammsrétt í Langadal, A.-Hún. | | laugardaginn 2. september |
| Kjalarlandsrétt, A.-Hún. | | laugardaginn 9. september, seinna laugardaginn 16. september |
| Miðfjarðarrétt í Miðfirði, V.-Hún. | √ | laugardaginn 9. september |
| Rugludalsrétt í Blöndudal, A.-Hún. | | laugardaginn 2. september |
| Skrapatungurétt í Laxárdal, A.-Hún. | | sunnudaginn 10. september kl. 9.00, seinni sunnudaginn 17. september kl. 9.00 |
| Stafnsrétt í Svartárdal, A.-Hún. | | laugardaginn 9. september kl. 08.30, seinni laugardaginn 16. september kl. 16.00 |
| Sveinsstaðarétt, A.-Hún. | | sunnudaginn 10. september kl. 10.00, seinni mánudaginn 25. september kl. 09.00. |
| Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún. | | föstudaginn 8. september kl. 13.00 og laugardaginn 9. september kl. 08.00, seinni mánudaginn 25. september kl. 11.00 |
| Valdarásrétt í Fitjárdal, V.-Hún. | | föstudaginn 8. september kl. 9.00 |
| Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún. | | laugardaginn 9. september kl. 10.00 |
| Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún. | | laugardaginn 16. september |

## Mið-Norðurland

| | | |
|---|---|---|
| Akureyrarrétt við Hrappstaði, Eyjafirði | | vantar upplýsingar |
| Árhólarétt (Undadalsrétt) við Hofsós, Skagafirði | | laugardaginn 16. september |
| Árskógsrétt á Árskógsströnd, Eyjafirði | | laugardaginn 9. september |
| Dalvíkurrétt, Dalvík | | vantar upplýsingar |
| Deildardalsrétt í Deildardal, Skagafirði | | laugardaginn 9. september |
| Flókadalsrétt í Fljótum, Skagafirði | | vantar upplýsingar |
| Geldingsárrétt, Svalbarðsströnd | | laugardaginn 9. september |
| Héðinsfjarðarrétt í Héðinsfirði | | sunnudaginn 10. september |
| Hlíðarrétt í Vesturdal, Skagafirði | | sunnudagur 17. september, seinni sunnudaginn 1. október |
| Hofsrétt í Vesturdal, Skagafirði | | laugardaginn 16. september |
| Holtsrétt í Fljótum, Skagafirði | | laugardaginn 16. september |
| Hraunarétt í Fljótum, Skagafirði | √ | föstudaginn 8. september |
| Hraungerðisrétt í Eyjafjarðarsveit | | laugardaginn 2. september |
| Laufskálarétt í Hjaltadal, Skagafirði | | sunnudaginn 10. september |
| Mælifellsrétt í Skagafirði | √ | sunnudaginn 10. september, seinni sunnudaginn 17. september |
| Möðruvallarétt í Eyjafjarðarsveit | | laugardaginn 2. september |
| Ósbrekkurétt í Ólafsfirði | | föstudaginn 15. september og laugardaginn 16. september |
| Reistarárrétt í Hörgársveit, Eyjafirði | | laugardaginn 9. september |
| Reykjarétt í Ólafsfirði | | laugardaginn 23. september og sunnudaginn 24. september |
| Sauðárkróksrétt (Króksrétt), Skagafirði | | laugardaginn 9. september |
| Selnesrétt á Skaga, Skagabyggð | | laugardaginn 9. september, seinni laugardaginn 16. september |
| Siglufjarðarrétt í Siglufirði | | laugardaginn 9. september |
| Silfrastaðarétt í Blönduhlíð, Skagafirði | | mánudaginn 11. september, seinni sunnudaginn 24. september |
| Skarðarétt í Gönguskörðum, Skagafirði | | sunnudaginn 10. september, seinni laugardaginn 16. september |
| Skarðsárrétt, Skagafirði | | sunnudaginn 10. september, seinni laugardaginn 16. september |
| Skálárrétt í Hrollleifsdal, Skagafirði | | vantar upplýsingar |
| Staðarbakkarétt í Hörgárdal, Eyjafirði | | föstudaginn 8. september |
| Staðarrétt (Reynisstaðarrétt), Skagafirði | | sunnudaginn 10. september |
| Stíflurétt í Fljótum, Skagafirði | | föstudaginn 15. september |
| Tungurétt í Svarfaðardal | | sunnudaginn 10. september |
| Unadalsrétt (Árhólarétt) við Hofsós, Skagafirði | √ | vantar upplýsingar |
| Vallarétt, Eyjafjarðarsveit | √ | sunnudaginn 3. september |
| Vatnsendarétt, Eyjafirði | | sunnudaginn 3. september |
| Þorvaldsdalsrétt í Hörgársveit, Eyjafirði | | laugardaginn 9. september og sunnudaginn 10. september |
| Þórustaðarétt á Moldhaugnahálsi, Eyjafirði | | laugardaginn 9. september |
| Þverárrétt í Öxnadal, Eyjafirði | √ | laugardaginn 9. september |



# Fjárréttir haustið 2023

**Fjár- og stóðréttir eru fram undan og venju samkvæmt birtir Bændablaðið lista yfir helstu réttir landsins. Listi yfir helstu stóðréttir á landinu er birtur á blaðsíðu 38. Upplýsingar um viðbætur eða leiðréttingar skal senda á netfangið rebekka@bondi.is.** */smh*




# Réttir í Landnámi Ingólfs Arnarsonar haustið 2023

| | |
|---|---|
| Brúsastaðarétt í Þingvallasveit | sunnudaginn 17. september kl. 17.00 |
| Fjárborgarrétt í Hólmsheiði | laugardaginn 16. september kl. 18.00 |
| Fjárborgarrétt í Hólmsheiði | laugardaginn 16. september kl. 14.00 |
| Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit | laugardaginn 16. september kl. 15.00 |
| Hraðastaðarétt í Mosfellsdal | laugardaginn 16. september kl. 16.00 |
| Húsmúlarétt við Kolviðarhól | laugardaginn 16. september kl. 14.00 |
| Kjósarrétt í Kjós | sunnudaginn 17. september kl. 15.00 |
| Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg | laugardaginn 23. september kl. 13.00 |
| Grafningsrétt í Grafningi | mánudaginn 18. september kl. 9.45, |
| Selvogsrétt í Selvogi, Árn. | sunnudaginn 24. september kl. 9.00 |
| Þórkötlustaðarétt í Grindavík | laugardaginn 16. september kl. 14.00 |
| Ölfusrétt í Reykjadal, Ölfusi | sunnudaginn 17. september kl. 15.00 |

Samkvæmt fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar nr. 775/2020 eru seinni leitir tveimur vikum síðar. Hafa skal í huga að tímasetningar leita og rétta geta breyst, einkum vegna veðurs.




## Norðausturland

| | | |
|---|---|---|
| Álandstungurétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | | sunnudaginn 10. september |
| Árrétt í Bárðardal | | Vantar upplýsingar |
| Baldursheimsrétt í Mývatnssveit, S.-Þing. | √ | sunnudaginn 3. september |
| Dalsrétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | | laugardaginn 9. september |
| Fjallalækjarselsrétt | √ | sunnudaginn 3. september |
| Fjallarétt í Kelduhverfi | | laugardaginn 9. september kl. 17.00 |
| Fótarrétt í Bárðardal | √ | mánudaginn 4. september |
| Garðsrétt í Þistilfirði | √ | sunnudaginn 3. september |
| Geldingárrétt á Svalbarðsströnd | | laugardaginn 9. september |
| Gljúfurárrétt í Grýtubakkahr., S.-Þing. | | sunnudaginn 10. september kl. 9.00 |
| Gunnarsstaðarétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | | laugardaginn 9. september |
| Hallgilsstaðarétt á Langanesi | | mánudaginn 11. september |
| Hlíðarrétt í Mývatnssveit, S.-Þing | √ | sunnudaginn 3. september |
| Hraunsrétt í Aðaldal, S.-Þing. | | laugardaginn 9. september kl. 10.00 |
| Húsavíkurrétt | | laugardaginn 9. september kl. 14.00 |
| Hvammsrétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | | föstudaginn 8. september |
| Katastaðarétt í Núpasveit, N-þing. | | laugardaginn 10. september kl. 08.30 |
| Landsrétt í Öxarfirði, N.-Þing. | | Vantar upplýsingar |
| Leirhafnarrétt á Melrakkasléttu, N-Þing | | sunnudaginn 17. september kl. 9.00 |
| Lokastaðarétt í Fnjóskadal, S.-Þing. | | sunnudaginn 10 september |
| Mánárrétt á Tjörnesi | | sunnudaginn 10. september |
| Miðfjarðarnesrétt á Langanesi | √ | mánudaginn 4. september |
| Miðfjarðarrétt | | fimmtudaginn 14. september |
| Mýrarrétt í Bárðardal, S.-Þing. | | sunnudaginn 2. september |
| Ósrétt á Langanesi | | miðvikudaginn 20. september |
| Sandfellshagarétt í Öxarfirði, N.-Þing. | | miðvikudaginn 6. september |
| Skógarrétt í Reykjahverfi, S.-Þing. | √ | laugardaginn 2. september kl. 14.00 |
| Stórsandhólarétt á Sandhólum - Tjörnesi | | laugardaginn 9. september |
| Tjarnarleitisrétt í Kelduhverfi, N.-Þing. | | sunnudaginn 10. september kl. 10.00 |
| Tungurétt í Öxarfirði, N.-Þing. | | sunnudaginn 3. september |
| Tunguselsrétt á Langanesi | | mánudaginn 11. september |
| Víðikersrétt í Bárðardal, S.-Þing. | √ | sunnudaginn 27. ágúst |
| Víkingavatnsrétt í Kelduhverfi, N.-Þing. | | laugardaginn 9. september kl. 17.00 |
| Þorvaldsstaðarétt, Langanesbyggð | | laugardaginn 16. september |

## Austurland

| | | |
|---|---|---|
| Melarétt í Fljótsdal, N.-Múl. | | laugardaginn 16. september |
| Ormarsstaðarétt í Fellum, Fljótsdalshéraði | | miðvikudaginn 24. september kl. 13.00 |
| Seyðisfjarðarrétt við Nátthaga | | föstudaginn 15. september |
| Teigsrétt, Vopnafirði | √ | mánudaginn 4. september |

## Suðausturland

| | |
|---|---|
| Borgarhafnarrétt, Suðursveit, A.-Skaft. | vantar upplýsingar |
| Brunnavallarétt, smalað úr Eystra-Landi, Miðþorpi í Suðursveit | vantar upplýsingar |
| Brunnavallarétt, smalað úr Staðardal, Miðþorpi í Suðursveit | vantar upplýsingar |
| Fossrétt á Síðu, V.-Skaft. | föstudaginn 8. september |
| Grafarrétt í Skaftártungu, V.-Skaft. | laugardaginn 16. september |
| Kálfafellsdalsrétt, Miðþorpi, Suðursveit | vantar upplýsingar |
| Kálfafellsrétt, Miðþorpi, Suðursveit | vantar upplýsingar |
| Skaftárrétt, V.-Skaft. | laugardaginn 9. september kl. 9.00 |

## Suðurland

| | |
|---|---|
| Austur-Landeyjaréttir hjá Grenstanga, Rang. | sunnudaginn 24. september kl. 14.00 |
| Brúsastaðarétt í Þingvallasveit, Árn. | sunnudaginn 17. september kl. 17.00 |
| Fjárborgarrétt í Hólmsheiði | laugardaginn 16. september kl. 18.00 |
| Fjallrétt við Þórólfsfell, Rang. | mánudaginn 11. september kl. 10.00 |
| Fljótshlíðarrétt í Fljótshlíð, Rang. | sunnudaginn 17. september kl. 11.00 |
| Fossvallarétt í Lækjarbotnalandi | laugardaginn 16. september kl. 14.00 |
| Haldréttir í Holtamannaafrétti, Rang. | sunnudaginn 10. september |
| Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit, Árn. | laugardaginn 16. september kl. 15.00 |
| Hraðastaðarétt í Mosfellsdal | laugardaginn 16. september kl. 16.00 |
| Hrunaréttir í Hrunamannahreppi, Árn. | föstudaginn 8. september |
| Húsmúlarétt við Kolviðarhól, Árn. | laugardaginn 16. september kl. 14.00 |
| Kjósarrétt í Kjós | sunnudaginn 17. september kl. 15.00 |
| Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg | laugardaginn 30. september kl. 13.00 |
| Landréttir við Áfangagil, Rang. | fimmtudaginn 21. september |
| Laugarvatnsrétt, Árn. | Vantar upplýsingar |
| Reyðarvatnsréttir á Rangárvöllum | laugardaginn 16. september 11.00 |
| Reykjaréttir á Skeiðum, Árn. | laugardaginn 9. september |
| Grafningsrétt í Grafningi | mánudaginn 18. september kl. 9.45 |
| Seljalandsréttir undir Eyjafjöllum, Rang. | laugardaginn 23. september |
| Selvogsrétt í Selvogi, Árn. | sunnudaginn 24. september kl. 9.00 |
| Skaftholtsréttir í Gnúpverjahreppi, Árn. | föstudaginn 8. september |
| Tungnaréttir í Biskupstungum | laugardaginn 9. september kl. 9.00 |
| Vestur-Landeyjaréttir við Forsæti, Rang. | sunnudaginn 24. september kl. 14.00 |
| Þóristunguréttir, Holtamannaafr., Rang | sunnudaginn 10. september |
| Þórkötlustaðarétt í Grindavík | sunnudaginn 17. september kl. 14.00 |
| Ölfusrétt í Reykjadal, Ölfusi | sunnudaginn 17. september kl. 15.00 |



# Stóðréttir haustið 2023

**Stóðréttir verða með sama brag og venjulega og birtist hér listi yfir þær helstu á landinu. Listi yfir fjárréttir eru á blaðsíðum 32-33 og upplýsingar um viðbætur eða leiðréttingar skal senda á netfangið rebekka@bondi.is.**
*/smh*

| | |
|---|---|
| Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún. | sunnudaginn 1. október 11.00 |
| Árhólarétt (Unadalsrétt) við Hofsós, Skag. | föstudaginn 29. september |
| Deildardalsrétt í Deildardal, Skag. | föstudaginn 29. september |
| Flókadalsrétt, Fljótum, Skag. | Vantar upplýsingar |
| Fossárrétt á Skaga, A.-Hún. | laugardagur 16. september |
| Hlíðarrétt við Bólstaðarhlíð, A.-Hún. | sunnud. 17. september kl. 16.00 |
| Kjalarlandsrétt, A.-Hún. | laugardaginn 16. september |
| Laufskálarétt í Hjaltadal, Skag. | laugardaginn 30. september |
| Melgerðismelarétt í Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 7. október |
| Miðfjarðarrétt í Miðfirði, V. - Hún. | sunnud. 10. september kl.11.00 |
| Selnesrétt á Skaga, Skag. | laugardaginn 16. september |
| Skarðarétt í Gönguskörðum, Skag. | laugardaginn 16. september |
| Skrapatungurétt í A.-Hún. | sunnudag.17. sept. kl.11.00 |
| Staðarrétt í Skagafirði | laugardaginn 16. september |
| Tungurétt í Svarfaðardal, Eyf. | laugardaginn 7. október |
| Unadalsrétt (Árhólarétt) við Hofsós, Skag. | Upplýsingar vantar. |
| Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún. | sunnud. 24. sept. kl. 09.00 |
| Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún. | laugard. 7. október kl. 11.00 |
| Þverárrétt í Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 7. október |
| Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún. | laugard. 30. sept. kl. 12:30 |






Sauðfé rekið af Hringveginum í Norðurárdal í birtingu á föstudegi. Til að fækka slysum í helgarumferðinni á sumrin lætur Vegagerðin á Vesturlandi verktaka smala umferðaþyngstu vegina vikulega. Myndir / ÁL

# Nætursmalar

## – Smala þjóðvegi Vesturlands

**Hjónin Jóhann Pjetur Jónsson og Harpa Jóhanna Reynisdóttir á Hæl í Flókadal hafa smalað umferðarþyngstu þjóðvegi Vesturlands frá árinu 2008.**

Fyrir hverja helgi á sumrin reka þau fé af vegunum til að fækka slysum, en vegna umferðarþunga sinna þau þessu starfi á næturnar.

Yfir björtustu mánuðina geta Jóhann og Harpa smalað í kringum miðnætti. Þegar dagarnir styttast þurfa þau alltaf að seinka brottför og þegar Bændablaðið slóst með í för fyrir skemmstu, fóru þau af stað í birtingu klukkan fimm að morgni. Hjónin fara alltaf á fimmtudögum og föstudögum, til þess að færra sauðfé sé á þjóðvegunum þegar mesta umferðin er um helgarnar, og aka samtals 330 kílómetra.

Jóhann segir að þetta sé minnst tveggja manna verk, þar sem annar aðilinn þurfi að aka bílnum, á meðan hinn sér um að reka. Jóhann sinnir oftast nær akstrinum en hann segir Hörpu vera lunknari með hundinn, níu ára Border Collie sem heitir Kolur.

### *Fylgjast með sauðfé og bílum*

Ferlið er yfirleitt þannig að þau aka eftir veginum og fylgjast með hvort þau sjái kindur á vegstæðinu, eða utan girðinga í návígi við þjóðveginn. Þau byrja gjarnan á að stugga við fénu með því að aka á eftir þeim flautandi. Þegar Jóhann er búinn að athuga hvort enginn bíll sé í návígi fer Harpa út. Kindurnar vita margar hvað er í vændum og hlaupa í burtu um leið og Kolur stekkur úr bílnum. Harpa skráir niður hvar þau stoppa og fjölda kinda á hverjum stað og eru gögnin notuð í tölfræði hjá Vegagerðinni.

Kindurnar rata oft aftur í göt á girðingunum, en víða eru hlið sem hægt er að hleypa þeim í gegn. Í Norðurárdal er stórt svæði þar sem þjóðvegurinn er ekki girtur, en þá hlaupa kindurnar yfir á. Þetta starf er á vissan hátt eilífðarverkefni þar sem margar kindur fari fyrr en seinna aftur á veginn. Harpa nefnir þó að kindurnar geti dólað sér í nokkra daga í öruggri fjarlægð frá veginum, eftir að þær hafa verið reknar.

Þar sem hjónin hafa sinnt þessu starfi í fimmtán ár þekkja þau leiðina afar vel. Þau vita því hvar öll hlið sem má reka í gegnum eru staðsett og hvert sé best að stugga fénu hverju sinni. Þau segja að þetta séu oft sömu kindurnar sem þau eru byrjuð að þekkja. Þau nefna dæmi um botnótta á með tveimur botnóttum lömbum, sem þau sáu alltaf á sama stað við þjóðveginn eitt sumarið. Í lok sumars hefur líklega einhver keyrt á ána, því þau hættu að sjá hana en lömbin héldu sig áfram á sama stað.

### *Frá Hvalfjarðargöngum að Holtavörðuheiði*

Á fyrri smaladeginum, sem er fimmtudagur, hefjast hjónin handa við Borgarfjarðarbraut við Flókadal. Þar aka þau Borgarfjarðarbraut að Baulu. Þaðan aka þau Hringveginn í átt að Borgarnesi. Þá fara þau



Jóhann segir Hörpu lunknari með hundinn. Hann sér því um aksturinn.





Harpa Jóhanna Reynisdóttir, Jóhann Pjetur Jónsson og smalahundurinn Kolur.

Snæfellsnesveg, alla leið að Hítará á Mýrum. Þar snúa þau við og smala veginn undir Hafnarfjalli og í kringum Akrafjallið. Eftir það aka þau Borgarfjarðarbrautina heim í Flókadal og smala því fé sem þau sjá á leiðinni.

Á seinni smaladeginum, sem er föstudagur, byrja þau við Baulu og smala féð við Hringveginn í Norðurárdal. Þau snúa svo við rétt ofan við Sveinatungu, við rætur Holtavörðuheiðarinnar. Á þessum vegarkafla er mestur ágangur fjár, en það leiti þangað úr Þverárhlíð.

Jóhann segir mikla breytingu hafa verið á ágangi fjár á þeim tíma sem Vegagerðin hefur látið smala áðurnefnda vegi. Forverar hans, sem sinntu starfinu frá því það var sett á laggirnar í kringum aldamótin, sögðust hafa þurft að fjarlægja upp undir 300 kindur af þjóðveginum í hverri viku. Mesti fjöldi kinda sem hjónin hafa þurft að reka í sumar voru 70 í einni viku. Algengast er að þau verði vör við 30 til 50 kindur. Jóhann og Harpa telja þetta skýrast af bættum girðingum og fækkun fjár.

Jóhann segir vandamálið oft vera að Vegagerðin heldur við sumum girðingum á meðan bændum hefur verið falið að sinna öðrum. Sumir bændur séu trassar, en oft þegar þéttbýlisbúar kaupi jarðir og stundi ekki búskap sé engu viðhaldi sinnt.

/ÁL




DFSK Arctic Transport 100 % Rafmagnsbíll
Burður 1280kg

TILBOÐSVERÐ 3.500.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ"

Viltu taka þátt í grænni framtíð?

Skógræktin leitar að öflugu starfsfólki til að vinna að uppbyggingu skógarauðlindar á Íslandi, vernd og friðun skóga og til að efla hagrænan, umhverfislegan og samfélagslegan ávinning af sjálfbærri nýtingu skóga. Leitað er að plöntusjúkdómafræðingi á Mógilsá, rannsóknasviði Skógræktarinnar.



Plöntusjúkdómafræðingur

Hlutverk og markmið

- Rannsóknir og vöktun á plöntusjúkdómum
- Upplýsinga- og ráðgjöf um plöntusjúkdóma
- Önnur verkefni sem næsti yfirmaður felur viðkomandi

Hæfniskröfur

- MS-próf í plöntusjúkdómum eða skyldum greinum er skilyrði
- Almenn tölvukunnátta er skilyrði; reynsla í tölfræði og notkun tölfræðiforrita er æskileg
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði í starfi
- Ríkir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Góð enskukunnátta í rituðu og töluðu máli er skilyrði
- Góð íslenskukunnátta í rituðu og töluðu máli er æskileg

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr 70/1996.

Sótt er um starfið á Starfatorgi. Umsóknarfrestur er til og með 22. sept. 2023.

Rannsóknasvið Skógræktarinnar er með meginstarfstöð á Mógilsá en starfið er án staðsetningar þar sem Skógræktin er með starfstöðvar í öllum landshlutum.

- Nánari upplýsingar um störfin er að finna á Starfatorgi og á vef Skógræktarinnar, skogur.is/atvinna. Skannaðu kóðann hér til hægri til að komast á síðuna.
- Markmið Skógræktarinnar er að stofnunin sé eftirsóttur vinnustaður fyrir starfsfólk með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Þá sé starfsmönnum búin góð vinnuaðstaða, greiður aðgangur að upplýsingum og fjölbreyttir möguleikar á símenntun sem stuðli að starfsþróun og verðmætasköpun innan Skógræktarinnar og skógræktargeirans alls.
- Skógræktin hefur hlotið jafnlaunavottun, innleitt styttingu vinnuvikunnar og græn skref í ríkisrekstri. Þá hefur stofnunin sett sér umhverfis- og loftslagsáætlun með tímasettum markmiðum ásamt áætlunum um réttindi, vernd og ábyrgð starfsfólks, s.s. áætlanir um áreitni og einelti ásamt viðbrögðum við slíku.

Skannaðu kóðann
skogur.is

skógræktin

LAUSNIR Á LAGER

Landsliðið í dælum

Eldsneytis- og efnadælur, tunnudælur, mælar, slöngur og fylgihlutir.



LANDVÉLAR | SMIÐJUVEGI 66 | 580 5800 | LANDVELAR.IS

LANDVÉLAR

LÍF & STARF

## Vegagerðin:

# Styrkir til viðhalds veggirðinga

– Bændur eigendur langflestra girðinga meðfram vegum


Vegagerðin hefur heimild til að yfirtaka viðhald girðinga við umferðarþyngstu vegina, en almennt eiga landeigendur að halda veggirðingum fjárheldum. Myndir / ÁL

**Í umræðu um lausagöngu búfjár hefur oft verið bent á að fjöldi vega eru ekki girtir. Þar með skapast hætta á umferðaróhöppum, sem og erfiðleikar með að girða af lönd.**

Guðmundur S. Pétursson, sem sér um girðingamál fyrir Vegagerðina á vestursvæði, segir stofnunina vinna á hverju ári að fjölgun veggirðinga sem og viðhaldi þeirra sem þegar eru í notkun. Hann segir Vegagerðina á vestursvæði fá tuttugu milljónir á ári í gerð nýrra girðinga. „Kílómetrinn kostar orðið 1.400 þúsund, þannig að þetta er ekki langur kafli.“ Nálægt 40 kílómetrar af vegum sé á biðlista á starfssvæði Guðmundar eins og er. Vegagerðin reyni að forgangsraða þannig að þegar lagt sé bundið slitlag sé girt beggja vegna vegar. Þá sé kostnaðurinn tvöfaldur.

„Í árdaga Vegagerðarinnar lagði hún vegi um landið hægri vinstri og það var ekkert girt, nema eitthvað lítið,“ segir Guðmundur. Á síðustu 20 til 30 árum sé hins vegar almennt girt meðfram vegum ef landeigandi óskar þess. Á allra síðustu misserum hefur Guðmundur orðið var við mikla aukningu landeigenda sem hafa áhuga á að fá veggirðingu, hvort sem þeir stundi sauðfjárbúskap eða ekki.

Þegar vegir eru endurnýjaðir eða nýir lagðir segir Guðmundur að ekki sé sjálfsagt að lögð sé girðing því frumkvæðið sé hjá landeigendum. Vegagerðin kosti lagningu girðingarinnar og gerist landeigandinn eigandi hennar. Eftir það hefur Vegagerðin ekkert með girðinguna að gera, heldur skal landeigandinn sinna öllu viðhaldi.

Þeir sem haldi girðingunni fjárheldri eigi rétt á styrk, sem nemur helmingi viðhaldskostnaðar. Guðmundur segir Vegagerðina fara í ítarlega vinnu til að reikna út hvað hver kílómetri kosti hverju sinni. Á sínum tíma var fenginn aðili til að kanna hvað girðingaverktakar eru lengi að setja upp girðingu að meðaltali. Enn fremur er nefnd á vegum Vegagerðarinnar sem uppfærir girðingakostnað árlega. Þegar aðstæður í landinu eru erfiðar er hægt að hækka áætlaðan kostnað um allt að tuttugu prósent.

### *Girðir bara einu sinni*

Ýmis vandkvæði geti fylgt því að Vegagerðin hafi ekkert með girðingar að gera eftir að þær eru settar upp. Í vegalögum segi að Vegagerðin girði hverja girðingu bara einu sinni. Skemmist girðing algjörlega af viðhaldsleysi segir Guðmundur að það sé ekki í höndum Vegagerðarinnar að koma hlutunum í lag. Stofnunin geti ekki skikkað bændur til að halda girðingum við, heldur sé sveitarfélagsins að beita því valdi. Skipti jörð um eigendur, þá fylgi engar þinglýstar kvaðir hvað varðar viðhald á girðingum.

Þegar landeigendur óski eftir girðingu, segir Guðmundur að gerð sé krafa um að hægt sé að loka girðingunni í eitthvað. „Annaðhvort upp í fjall, kletta, á sem talin er fjárheld, eða aðra girðingu. Það þýðir ekkert að girða frá A til B ef rollurnar labba bara fyrir hornið.

Í gamla daga voru kindur á nánast hverri einustu jörð og þá náðu girðingar saman hjá bændum. Nú er þetta að slitna upp,“ segir Guðmundur. Ákveðin vandkvæði fylgi því þegar fjöldi jarða séu án búskapar.

„Það er mjög algengt að menn hætti að halda við girðingunni,“ segir Guðmundur. Ástæðurnar séu margar, til að mynda þegar bændur komist á aldur og bregði búi, eða flytji í burtu.

„Þá skapast þessi vandræði, því það þarf að halda við girðingu á hverju ári. Staurarnir ganga upp og snjór fer illa með þær.“

### *Helst ekki ristahlið*

Guðmundur segir Vegagerðinni vera illa við ristahlið, því þeim fylgi fjölmörg vandamál og þau séu dýr. Séu girðingar meðfram vegi, þá eigi lögbýli rétt á að fá ristahlið á heimreiðina að bænum.

Séu ristahlið sett á landamerki milli jarða, þá séu þau yfirleitt á tengivegum. Úti á þjóðvegum er algengast að ristahlið séu við sauðfjárveikivarnarlínur. Þegar girt sé frá fjalli niður í fjöru, til að mynda á Vestfjörðum, er matsatriði hjá Vegagerðinni hvort hagkvæmara sé að setja ristahlið eða lengri girðingu. Ristahlið á tvöfalt bundið slitlag kosti sex til átta milljónir.


Guðmundur S. Pétursson, tæknifræðingur. Mynd / Aðsend

„Þessi ristahlið sem hafa verið sett á malarvegi eru yfirleitt fjórir metrar. Þá er bara ein akstursleið í gegn og þá koma holur. Svo er voðalega oft snjóasöfnun, sem gerir þau ófær. Þegar einhver kemur með snjótönn eða blásara, þá þarf að hægja ferðina,“ segir Guðmundur. Þegar snjóruðningstækin fari of hægt yfir, þá kastist snjórinn ekki burtu, heldur safnist í skafla, sem auki snjósöfnun enn frekar.

### *Vegagerðin heldur við einstaka girðingum*

Guðmundur segir Vegagerðina hafa heimild til að taka yfir viðhald veggirðinga meðfram vegum sem eru með umferð meiri en 300 bíla á dag. „Árið 1999 tók Vegagerðin yfir viðhald girðinga frá Hvalfjarðargöngum upp í Norðurárdal,“ segir Guðmundur. Þetta var gert í ljósi þess að ástand girðinga á þessu svæði var slæmt og keyrt hafi verið á hátt í þúsund kindur á hverju sumri á þessum vegkafla.

Jafnframt var brugðið á það ráð að fá verktaka í að sinna smölun á umferðarþyngstu vegunum í Borgarfirði, undir Hafnarfjalli og í kringum Akrafjall. „Engar girðingar eru hundrað prósent, þess vegna erum við að smala,“ segir Guðmundur. Smalarnir stugga við fénu tvær nætur fyrir hverja helgi, þegar umferðin er þyngst. „Það er algjörlega óðs manns æði að ætla að elta rollur yfir hádaginn, séu þær með vegum, því umferðin hægir ekki á og ökumenn jafnvel flauta og eru með dónaskap,“ segir Guðmundur. /ÁL






Landeigendur hafa sýnt aukinn áhuga á girðingum meðfram vegum sem liggja í gegnum sitt land. Við svæðismiðstöð Vegagerðarinnar í Borgarnesi.

FRÉTTIR



Hestafræðideild Háskólans á Hólum eflir rannsóknarstarf á íslenska hestinum. Mynd / Gunnhildur Gísladóttir

Háskólinn á Hólum:

# Hestafræðideildin eflist

**Á síðustu misserum hefur hestafræðideild Háskólans á Hólum unnið að því að efla rannsóknastarfsemi sína.**

Deildin hlaut styrk úr „Samstarfi háskóla“ til að leiða uppbygginguá „Akademíu íslenska hestsins“ í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og Keldur - Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði.

Meginmarkmið Akademíu íslenska hestsins er að efla rannsóknir á íslenska hestinum. Dr. Sveinn Ragnarsson leiðir verkefnið fyrir hönd Háskólans á Hólum. Sveinn hlaut nýverið framgang í starfi og er fyrsti akademíski starfsmaður hestafræðideildar sem fær prófessorsstöðu. Fyrir utan að leiða verkefnið um Akademíu íslenska hestsins er Sveinn að byggja upp nýtt fræðasvið innan hestafræðideildar skólans sem snýr að rannsóknum á áhrifum á samveru fólks með hestum.

Það hefur lengi verið talið að umgengni við dýr geti haft jákvæð áhrif á heilsu fólks.

Til að efla enn frekar rannsóknir við hestafræðideildina samþykkti háskólaráð skólans á síðasta fundi skipan tveggja gestaprófessora til tveggja ára. Það eru þau dr. Henry Julius, prófessor í sálfræði við háskólann í Rostock í Þýskalandi og dr. Anna Jansson, prófessor í lífeðlisfræði við Uppsalaháskólann í Svíþjóð. Anna og Henry eru bæði mjög virt vísindafólk á sínum sviðum sem mun auka möguleika hestafræðideildar á erlendu rannsóknasamstarfi og auka sýnileika deildarinnar í gegnum birtingu á rannsóknum. Þau eru bæði þátttakendur í rannsóknaverkefnum sem nú þegar eru í gangi í deildinni.

Þá er Sigríður Bjarnadóttir nýr akademískur starfsmaður hestafræðideildar en Sigríður starfaði áður sem brautarstjóri búvísinda- og hestafræðibrautar Landbúnaðarháskóla Íslands. Aðrir akademískir starfsmenn sem vinna að rannsóknum í deildinni eru Víkingur Gunnarsson, lektor, dr. Guðrún Stefánsdóttir dósent og Elisabeth Jansen lektor.

Þeirra rannsóknir hafa m.a. snúist um hreyfingarfræði og þjálfunarlífeðlisfræði hesta. /ÞAG










VIÐTAL

## Virkjun í Vatnsfirði:

# Auðlindum fylgir ábyrgð

## – Orkuöryggi landsmanna byggist á dreifikerfi raforku

**Einn fegursti og sögufrægasti fjörður Barðastrandarsýslu, Vatnsfjörðurinn, hefur verið í umræðunni um nokkurt skeið vegna virkjunarhugmynda Orkubús Vestfjarða – en samkvæmt upplýsingum þaðan er staðan í raforkumálum á Vestfjörðum ósjálfbær. Taka skal fram að Vatnsfjörðurinn er friðaður, en Orkubú Vestfjarða hefur farið fram á að friðunarskilmálum svæðisins verði aflétt að hluta, svo hægt verði að framkvæma umhverfismat vegna mögulegrar virkjunar.**



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Elva Björg Einarsdóttir, doktorsnemi í ferðamálafræði og útgefandi göngubókarinnar Barðastrandarhreppur, er fædd og uppalin á bænum Seftjörn á Barðaströnd. Hefur hún undanfarið unnið að því að viðhalda friðun Vatnsfjarðar, sem hefur verið í gildi síðan árið 1975.

Nýverið gekk hún, ásamt móður sinni, Bríeti Böðvarsdóttur, sem búsett er á Seftjörn, á fund Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra og lögðu þær mæðgur ríka áherslu á áframhaldandi friðun Vatnsfjarðarins. Í kjölfarið lagði þingflokkur Vinstri grænna land undir fót og hélt í vettvangsferð um Vatnsfjörðinn ásamt Eddu Kristínu Eiríksdóttur, sérfræðingi hjá Umhverfisstofnun. Eftir ánægjulega ferð voru göngugarparnir sammála um að vernda þyrfti heild svæðisins, skoða alla kosti með opnum hug og finna lausnir sem henta.

### *Skiptar skoðanir um áform virkjunar*

Ekki eru allir á sama máli um ágæti virkjunar í Vatnsfirði og má segja að umræðan skipti samfélaginu í tvennt þó að misshátt heyrist í fólki. Annars vegar eru þeir sem eru fylgjandi áframhaldandi friðun í firðinum og hins vegar þeir sem telja framtíð Vestfjarða hverfast um slík áform.

Landið hefur verið friðað í nær hálfa öld, sögufrægt svæði sem geymir íslenskt landslag eins og best lætur og því má ætla að hugmynd um virkjun sé mörgum afar fjarri. Fengu ábúendur fregnir af mögulegri virkjun fyrst á öldum ljósvakans og þótti undrun sæta hvernig staðið var að málum.

„Föðurfjölskylda mín hefur leigt gömlu Brjánslækjarjörðina frá því upp úr 1940, tekur Elva til máls. Foreldrar mínir stofnuðu nýbýlið Seftjörn út úr þeirri jörð um 1960 og hafa leigt hana síðan þá, móðir mín nú eftir lát föður míns 2013. Það var því í hæsta máta undarlegt að fólkið á Seftjörn og Brjánslæk skyldi frétta fyrst af áformum um virkjun í friðlandinu í Vatnsfirði í fréttunum.“

Segir Elva frá því að Þjóðhátíð Vestfirðinga hafi verið haldin árið 1974 í tilefni ellefu alda byggðar Íslands, enda Vatnsfjörðurinn skrifaður í handrit sögunnar síðan Hrafna-Flóki Vilgerðarson nam þar land og nefndi landið Ísland. Fjölmenntu Vestfirðingar á hátíðina hvaðanæva af landinu en um 12.000 manns fögnuðu þessum tímamótum.

### *Söguleg verðmæti*

Var það samdóma álit þjóðhátíðargesta að þarna væri um dýrmætt svæði að ræða sem þyrfti að varðveita vegna þeirra landgæða, fegurð og sögu sem umhverfið býr yfir. Staðurinn er mikilvægur þjóðinni allri og ætti í raun að vera þjóðgarður ásamt öðrum friðuðum svæðum á sunnanverðum Vestfjörðum, líkt og til stóð að stofna í kjölfar gjafar RARIK á jörðinni Dynjanda til ríkisins 2019.

Umhverfi þjóðgarðs héldi þá m.a. utan um Hrafnseyri – fæðingarstað Jóns Sigurðssonar forseta, Surtarbrandsgil þar sem finna má leifar skóga í um það bil 12 milljóna ára gömlum setlögum, táknmynd þess að Vestfirðir séu elsti hluti landsins – fossinn Dynjanda í allri sinni dýrð auk aðkomu Hrafna-Flóka eins og áður var nefnt.

*(Síðla árs 1974 hélt Náttúruverndarráð fund í Flókalundi og varð niðurstaða þess fundar að friðlýsa skyldi þessa auðlind okkar Íslendinga.)*

„Mér finnst,“ segir Elva með áherslu, að við ættum að láta þetta landsvæði, þennan þjóðgarð, kallast á við Þingvöll. Þetta er svo mikilvægur staður fyrir þjóðina og á svo marga vegu. Við þurfum að athuga, landsmenn, að fara ekki offari. Nú er það nýfrjálshyggjan sem stekkur á orkuskiptavagninn, vill virkja allt bæði í vind og vatni en áttar sig ekki á að auðlindir okkar felast ekki síst í því víðerni og þeirri ósnertu náttúru sem við eigum.“

### *Vanda þarf til verka*

„Við eigum hérna á Íslandi – og berum ábyrgð á – 43% af ósnertu víðerni Evrópu, heldur hún áfram. Það er einstakt og við eigum virkilega að passa hvernig farið er með. Á allan hátt. Líka er kemur að ferðaþjónustunni og þeim straumi fólks á landsvæðin.“

Elva bendir á að fjölmargar rannsóknir, bæði innlendar sem alþjóðlegar, sýni fram á að virkjanir rýri náttúrugæði og upplifun ferðamanna af svæðum enda í raun tilviljunum háð hvort samruni virkjana og náttúru gangi upp.



**Sorfin gil Vatnsdalsár eru ægifögur.**

Myndir / Elva Björg Einarsdóttir.



**Elva Björg Einarsdóttir vinnur ötullega að því að viðhalda friðun Vatnsfjarðar.**

„Nú þegar Vatnajökulsþjóðgarður er kominn að þolmörkum væri einstakt og eftirsóknarvert fyrir Vestfirðinga að hafa tækifæri til að byggja upp þjóðgarð á þeim svæðum Vestfjarða sem eru friðuð nú þegar og stýra ferðamönnum áður en þeir koma.“

Nokkuð er ljóst að þeir sem eru hvað hrifnastir af hugmyndum um virkjun séu aðilar sem aldrei hafa litið svæðið augum.

„Ég hef persónulega haft samband og rætt við fjölda manns er standa að þessu á einn eða annan hátt, í orkugeiranum og annars staðar. Áheyrn eða svör frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hafa hins vegar látið standa á sér þrátt fyrir ítrekaða beiðnir.“

Elva var í janúar sl. boðuð á fund samstarfshóps ráðherra um eflingu samfélagsins á Vestfjörðum þar sem hún talaði máli þjóðgarðs og náttúruverndar og fékk góða áheyrn. Fundinum lauk þó með því að formaður hópsins kvaðst ekki vilja vekja hjá henni vonir, verkefni hópsins væri skýrt.

„Þar átti hann við að málefni hans væri hvort tveggja þjóðgarður og lausn á raforkumálum Vestfirðinga. Ég var nokkuð hugsi eftir fundinn og fannst í raun eins og ég hefði farið erindisleysu þar sem þegar væri búið að ákveða hver niðurstaða hópsins yrði. Mín skoðun er,“ heldur Elva áfram, „að þeir sem hugsa einungis um að virkja og láta sér detta í hug atvinnumöguleika sem eru verulega orkufrekir, eru að nota gömul viðmið til framtíðarlausna. Það gengur ekki. Við verðum að tileinka okkur nýja hugsun og gera okkur grein fyrir að við erum hluti af jörðinni en ekki aðskilin frá henni. Gísli Pálsson mannfræðingur hefur lýst þessum tengslum fallega og talar um þau sem jarðtengsl.

Órjúfanleg tengsl manneskja og náttúru, við erum mótuð af umhverfi okkar líkt og umhverfið mótast af okkur. Þessu eigum við að bera virðingu fyrir og haga okkur samkvæmt því.

### *Misvísandi upplýsingaflæði*

Vattarfjörður er þar-þarnæsti fjörður við Vatnsfjörðinn en í samantekt Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri vegna fjórða áfanga Rammaáætlunar kemur fram að Orkubú Vestfjarða sækir um leyfi fyrir Tröllárvirkjun í Reykhólahreppi, nýta þar rennsli Vattardalsár og Tröllár. Virkjunin yrði um 13,7 MW og lagðar yrðu niðurgrafnar þrýstipípur að um 180 m³ stóru stöðvarhúsi innarlega í botni Vattarfjarðar.

Áhugavert er að í nýjustu skýrslu varðandi eflingu samfélags Vestfjarða, – frá skipuðum starfshópi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, undir formennsku Einars K. Guðfinnssonar – er ekki minnst á þessa virkjun. Er skýrslan fyrst birt á vef stjórnarráðsins í júní nú í ár.

### RAMMAÁÆTLUN

Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, eða rammaáætlun eins og hún er jafnan nefnd, er ætlað að stuðla að því að að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi. Í áætluninni er leitast við að taka tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta sem og hagsmuna þeirra sem nýta þessi gæði.

### ÞRIÐJI ORKUPAKKINN

Lagabálkur sem lýtur að sameiginlegum orkumarkaði innan Evrópusambandsins (ESB) og evrópska efnahagssvæðisins (EES). Lagasetningunni er ætlað að efla samkeppni, einkum yfir landamæri, á mörkuðum fyrir gas og raforku, og auka sjálfstæði eftirlitsstofnana á orkumarkaði.

Af vef stjórnarráðsins:

### FRIÐLÝSING

Undir merkjum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins á vef stjórnarráðsins þann 26. febrúar 2021 kemur fram að Umhverfisstofnun hafi lagt fram tillögu að friðlýsingaskilmálum fyrir þjóðgarð á sunnanverðum Vestfjörðum ásamt tillögu að mörkum svæðisins. Er markmið friðlýsingarinnar varðveisla einstaks svæðis sem hefur að geyma ómetanlega sögu, náttúru- og menningarminjar. Enn fremur segir:

*„Kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að skoðaðir verði möguleikar á þjóðgörðum á öðrum svæðum en miðhálendi Íslands. Innan marka þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum myndu verða nokkur þegar friðlýst svæði. Dynjandi er meðal hæstu fossa landsins og var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1981. Vatnsfjörður var friðlýstur árið 1975 sem friðland, en þar má finna mikla gróðursæld, fjölbreytt dýralíf og jarðhita, ásamt menningarminjum. Surtarbrandsgil, hvar finna má steingerðar leifar gróðurs, var friðlýst sem náttúruvætti árið 1975. Þá er eyðifjörðurinn Geirþjófsfjörður, sem var sögusvið Gísla sögu Súrssonar, á náttúruminjaskrá. Á Hrafnseyri í Arnarfirði, sem var fæðingastaður Jóns Sigurðssonar forseta, er fræðslusetur tileinkað ævi og minningu hans.“*



**Hér sér yfir dalinn og glittir í Vatnsdalsvatn lengst í burtu. Þetta er eins og sjá má algjörlega ósnert svæði.**



Fossaraðir í Heimari Útnorðursá.



Hér mætast Útnorðursá og Vatnsdalsá.

Komið hefur fram hjá forsvarsmönnum orkumála hérlendis að virkjun á Vestfjörðum er ekki ætluð Vestfirðingum einum og sér heldur fari hún inn á dreifikerfi landsins. Til viðbótar sé heldur ekkert til í því að landsfjórðungar þurfi að vera sjálfbærir um orku. Orkuöryggi byggist á dreifikerfi raforku. Þetta kemur t.d. skýrt fram í aðsendri grein orkumálastjóra, Höllu Hrundar Logadóttur, í vor þar sem hún hvetur til þess að forgangsraða heimilum og smáum fyrirtækjum í landinu þegar kemur að orkunotkun; forgangsröðunin „grunnskyldur við þegna landsins“. Forgangsröðun er afar mikilvæg og að allt sem að því lýtur fari inn í rammaáætlun en sé ekki einungis ákvörðun ráðherra.

Málið er hins vegar það, segir Elva, að fólk hefur verið matað á villandi upplýsingum varðandi orkuöryggi á Vestfjörðum og því skiljanlegt að einhverjir séu uggandi um þau mál. Áform um virkjun í friðlandinu í Vatnsfirði sé matreidd þannig að þeir sem á hlýða telja enga framtíð á Vestfjörðum án slíkra inngripa í friðað land. Sem að sjálfsögðu er ekki rétt.

„Það þarf að gera dreifikerfið betra þannig að sú orka sem fyrir er sé betur nýtanleg, þá með tilliti til forgangsröðunar heimila og lítilla fyrirtækja í landinu. Þetta kemur inn á þriðja orkupakka Evrópusambandsins sem tekinn var fyrir á Alþingi árið 2019 og er svohljóðandi:

> ...virkjun á Vestfjörðum er ekki ætluð Vestfirðingum einum og sér heldur fer hún inn á dreifikerfi landsins, ekkert er til í því að landsfjórðungar þurfi að vera sjálfbærir um orku...“

*„Stjórnvöldum ber að skilja á milli raforkumarkaðs, stórnotenda sem keppa á frjálsum markaði og gera leynilega langtímasamninga við raforkuframleiðendur annars vegar og almenna notendur, þá heimili og smærri fyrirtæki hins vegar. Semsagt í samræmi við innleiðingu þriðja orkupakka Evrópusambandsins í íslenska löggjöf, þá ber stjórnvöldum að skilgreina hver njóti svokallaðrar alþjónustu á innlendum orkumarkaði.“*

„Með þetta í huga ætti að vera hægt að leggja skyldur á opinbera aðila á borð við Orkustofnun er kemur að því að tryggja raforkuöryggi með íhlutun. Heimilum og litlum fyrirtækjum verður að forgangsraða, segir Elva með þunga.

„Við þurfum að vanda okkur. Passa upp á þá náttúruauðlind sem við eigum og hlúa að. Við eigum, eins og áður sagði, stærsta hluta Evrópu er kemur að ósnertu víðerni. Ég er ekki viss um að fólk geri sér grein fyrir því eða hversu mikil ábyrgð er í því fólgin og í raun og veru krafa um að hvert og eitt okkar leggi því lið til framtíðar og kannist við jarðsambönd sín.“









Dalahvítlaukur:

# Búið að selja nær alla 6–8 tonna uppskeru næsta árs

## – Nálgast ræktunina lífrænt og vinna nú að því að rækta upp jarðveginn

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



**Farsælli tilraunaræktun hvítlauksbændanna í Neðri-Brekku í Dölum er nú lokið. Næsta sumar verður markið sett hátt, en þá er fyrirhugað að senda á bilinu sex til átta tonn af Dalahvítlauk í íslenskar matvöruverslanir.**

Þegar blaðamann bar að garði var uppskeru nýlokið og ferskur hvítlaukurinn hékk í gróðurhúsinu til þerris. „Við höfum tekið tvö markviss sumur í þessa tilraunaræktun og erum komin með nokkur yrki sem við ætlum að nota til ræktunarinnar næsta sumar. Það þarf líka að rækta jarðveginn upp – ná upp almennilegum lífrænum massa. Það höfum við gert á undanförnum tveimur árum og ætlum að halda því áfram," segir Haraldur Guðjónsson, hvítlauksbóndi í Neðri-Brekku.

### *Setja niður um 40 þúsund geira*

Þau Þórunn Ólafsdóttir, kona hans, eru komin í samstarf við breskan hvítlauksræktanda, The Garlic Farm, á eyjunni Isle of Wight í Englandi, og kaupa útsæði af honum. Þau eiga von á um 40 þúsund hvítlauksgeirum í lok september sem þau munu setja niður nú í haust. Þangað til munu þau vinna í hvítlauksbeðunum.

Þau hafa notið liðsinnis Arnars Eysteinssonar, bónda í Bessatungu, við jarðvegvinnuna en af föður hans, Eysteini Þórðarsyni, keyptu þau einmitt sitt land í Neðri-Brekku. „Það er hellingur af grjóti í landinu, en við höfum aðgang að tæki hér á næsta bæ sem tekur stærstu steinana. Þá hefur Arnar smíðað einfalt lítið snilldartæki fyrir okkur sem við notum til að móta beðin í snyrtilegar raðir. Við notum viðarkurl á milli beða í tvennum tilgangi, bæði fagurfræðilegum en einnig virkar kurlið sem eins konar hvati fyrir tiltekinn sveppagróður í beðunum sem líka hamlar illgresisvexti," segir Haraldur.

Hann bætir við að Gunnbjörn hjá Kol ehf., sem er flutningsþjónusta í Búðardal, hafi verið þeim mikil hjálparhella og séð um að þau fengju hæfilegan efnivið, eins og trjákurl úr Skógrægt Vesturlands og moltu frá Flúðasveppum.

### *Kröfuharður hvítlaukur*

Þau segjast hafa unnið heimavinnuna vel og kannað í þaula hvernig hægt er að bæta jarðveginn með lífrænum aðferðum svo hvítlauksræktunin megi takast eins vel og mögulegt er miðað við staðhætti. „Hvítlaukurinn þarf frjósaman jarðveg og þrífst illa í bleytu. Þá þolir hann ekki illgresi og ég hef samviskusamlega passað upp á að hreinsa öll beð af öllu slíku, pikkað hvert einasta upp með höndunum. Svo þarf hann helst skjól," segir Þórunn spurð um helstu kröfur hvítlauksins varðandi ræktunarskilyrði.

„Við höfum talsvert pælt í því hvernig við getum haldið jarðveginum frjósömum án þess að nota tilbúinn áburð – við ætlum okkur nefnilega á næstu árum að sækjast eftir því að fá lífræna vottun fyrir vörumerkið okkar. Í grúski okkar komumst við á snoðir um ræktunaraðferð sem kallast á ensku „cover crop", en þá er sáð fyrir tilteknum fjölbreyttum þekjugróðri í beðunum eftir uppskerutímann til að vernda og auðga jarðveginn," bætir Þórunn við.

### *Byltingarkennd aðferð*

Haraldur segir að þekjugróðurinn séu einærar jurtir sem sáð sé með þar til gerðu sáningartæki í sex raðir í hvert beð. Það eru bygg, hafrar, vetrarhveiti, vetrarrúgur, fóðurflækja, hestabaunir, ertur, mungbaunir, bókhveiti, mustard white, radísur og grimson clover.

Cover Crop er hluti af byltingarkenndri aðferð og breytingu í landbúnaði, sem kallast á ensku „Regenerative Acriculture". Hún snýst aðallega um að snúa ekki jarðvegi, heldur nota einæran þekjugróður, stunda beitarstjórnun og skiptiræktun, þar sem hún á við. Á ensku hefur þessi nálgun verið kölluð „No-Till, Cover Crops, Control Grazing and Crop Rotation," útskýrir Haraldur.

### *Fyrstu tilraunir með hvítlauksræktun árið 2019*

Þórunn byrjaði að prófa sig áfram með ræktun á hvítlauk strax árið 2019, eftir að hafa sótt fyrirlestur hjá Garðyrkjufélagi Íslands.

„Mér fannst þetta bara svo áhugavert þegar þau bentu á að þetta væri vel hægt á Íslandi. Maður hafði verið að kaupa þennan innflutta úti í búð og ég tók eftir því að þegar hann hafði verið geymdur í tvær til þrjá vikur, þá varð hann nánast orðinn að dufti. Þessi tegund sem er hér algengust er mjög hraðvaxta – og laukurinn hraðþurrkaður – og því má segja að bragðgæðin og geymsluþolið sé mjög í samræmi við það," segir Þórunn sem lengi hefur haft áhuga á matargerð og gæðum hráefna til matargerðar.

Haraldur er búfræðingur frá Hvanneyri og segja þau að bakgrunnur þeirra beggja fari vel saman í þessu hvítlauksverkefni.

Þau stefna bæði að því að hætta að vinna í daglegri reglulegri vinnu á næsta ári en segja að það sé bæði gefandi og skemmtilegt að geta helgað sig þessari ræktun í Dölunum, þar sem þau eru þó ekki með fasta búsetu.



Nýupptekinn hvítlaukur úr tilraunaræktun Haraldar og Þórunnar í þurrkun í gróðurhúsinu, sem tekur um þrjár til fjórar vikur. Myndir / smh



Haraldur er hér við sáningarvélina og rýnir í upplýsingar um fræin.



Alls voru tilraunabeðin 24 í sumar. Fjölbreyttur þekjugróður er notaður til að rækta í beðunum eftir uppskeru til að vernda og auðga jarðveginn.


Eru hjónin sammála um að bakgrunnur þeirra beggja fari vel saman er kemur að ræktun hvítlauksins.




„Þórunn er reyndar ættuð héðan af Skarðsströnd, en okkur bauðst kaup á þessu landi árið 1997,“ segir Haraldur.

*Hvítlaukurinn stækkar í samræmi við lífrænan massa*

„Við vorum bara með gamalt tún hér sem alltaf var borinn tilbúinn áburður á. En á síðustu þremur árum hefur ekkert verið borið á, nema við byrjuðum á síðasta ári að setja moltu, hænsnaskít og þaramjöl í þessi fyrstu 24 beð sem við vorum með tilraunaræktunina núna í. Þetta er liður í því að ræktunin verði lífrænt vottuð. Á meðan við erum að undirbyggja ræktunina megum við nota þessi áburðarefni en ekki þegar kemur að því að fá sjálfa vottunina, nema að þau sé viðurkennd sem slík,“ segir Þórunn.

Hún telur að það taki um tvö til þrjú ár að byggja upp lífrænan massa í jarðveginum og þau reikni með að Dalahvítlaukurinn stækki jafnt og þétt á hverju ári.

*Harður eða mjúkur háls*

Að sögn Haraldar skiptast hvítlaukstegundirnar í tvo yfirflokka. Annars vegar „hardneck“ (harður háls) og hins vegar „softneck“ (mjúkur háls). Í hvorum flokki fyrir sig séu margar tegundir eða yrki af hvítlauk.

Hann segir að „hálsinn" í nöfnunum vísi til stilksins sem vex upp frá lauknum. „Harðhálsar“ séu með stilk sem stafar frá miðju lauksins og verður stífur við þroska. Laukar með „mjúka hálsa“ hafi lauf frekar en miðlægan stilk. Blöðin á „mjúkum hálsi“ haldast mjúk og sveigjanleg við þroska og eru þannig veikari

> Hvítlaukurinn þarf frjósaman jarðveg og þrífst illa í bleytu. Þá þolir hann ekki illgresi ...“

fyrir sterkum vindi. Því sé talið að „harðhálsa“ hvítlaukur henti almennt betur fyrir norðlægar slóðir.

„Eftir tilraunir okkar hefur komið í ljós að „harðhálsa“ gerðin hentar okkur betur og munum við leggja aðaláherslu á hana og vera með fjögur yrki af þeim, en einnig prófa tvö til þrjú yrki af „mjúkhálsa“ gerðinni,“ segir Haraldur.

*Gróðurhús til þurrkunar*

Þurrkunin fer fram í gróðurhúsi og reikna þau með að þurfa að bæta tveimur húsum við, en laukinn þarf að þurrka í þrjár til fjórar vikur.

Þau segjast vera með viðskiptasamning í höndunum við stóran íslenskan smávörusala, sem sé búinn að tryggja sér nánast alla uppskeru næsta árs – en vilja að svo stöddu ekki gefa upp hver sá aðili er.

„Við værum ekki í þessari stöðu ef við hefðum ekki fengið stuðning úr sjóðum sem við leituðum til; DalaAuði, Brothættum byggðum og Uppbyggingarsjóði Vesturlands. Svona verkefni, þótt ekki séu mjög stór, hafa smitandi áhrif út frá sér í atvinnulífið og út í sveitirnar.

Við ætlum líka að selja beint frá býli og til annarra aðila hér í kring,“ segir Haraldur.








Albert Eiríksson mælir með því að borða hreinan og hollan mat. Mynd / Einkaeign

> „Fólk var kannski duglegra við að líta sér nær á árum áður, hvaða jurtir og plöntur væri hægt að nýta, en það er um að gera að taka þetta upp aftur ...“

# Lifum & borðum betur!

**Yfirskriftina mætti kalla möntru Alberts Eiríkssonar, eins ástsælasta matgæðings okkar - sem ásamt manni sínum, Bergþóri Pálssyni flakkar reglubundið á milli heimila þeirra á Ísafirði og í Reykjavík.**

Albert er ekki ókunnur nytjum landsins og var svo vænn að deila með okkur örlitlu af þeirri visku sem hann býr yfir og gott er að hafa bak við eyrað ef haldið er út fyrir mölina.

„Fjallagrös eru eitt þeirra skemmtilegu hráefna okkar lands,“ hefur Albert mál sitt, sem tínir þau og saxar gróft niður. Þau má meðal annars setja út í brauðdeig, segir hann, en mælir einnig með því að blanda þeim saman við múslí. Albert er svolítill múslí-maður og lumar á annarri dásemd sem hann mælir með við múslígerðina, en það er þurrkað hrat krækiberja.

„Fólk á að gleyma sér í berjum,“ heldur hann áfram, „þetta er svo mikill fjársjóður. Úr krækiberjum til dæmis höfum við Bergþór m.a. gert saft sem við frystum í klakapokum, notum þá í boost og annað, en tökum svo gjarnan hratið, þurrkum það og myljum svo út í múslí. Full nýting á krækiberjunum semsagt!“

Er kemur að sultugerð úr bláberjum minnir Albert svo á gamla húsráðið og þumalputta-regluna – að setja ekki hleypi í bláberjasultu heldur tína grænjaxlana með, enda eru þeir náttúrulegur hleypir. Meðfram berjatínslu hafa þeir Bergþór tínt örlítið blóðberg og notað sem krydd. „Það er bragðlítið, svona svolítið eins og timian, en smart þegar útlendingar eru í heimsókn, að geta boðið upp á íslenskt krydd úr náttúrunni með íslenska lambakjötinu,“ segir Albert brosandi.

### *Sveppapaté með meiru*

„Sveppirnir eru svo eitthvað sem við tínum árlega, þá helst kúalubba og lerkisveppi. Kúalubbana nota ég í sveppapaté, sem er ægilega vinsælt og gott. Svo þegar ég elda fyrir útlendinga sem eru gjarnan í fjallgöngum – þá set ég þeim fyrir að læra að þekkja kúalubbana, tína þá og svo elda ég úr þeim. Þetta er borðað með bestu lyst enda gaman að borða það sem maður sækir sjálfur. Þá annaðhvort geri ég paté eða steiki sveppina úr smjöri, með eplum og balsamik, sem er hrikalega góð samsetning.

Svo er önnur skemmtileg nýting sem við erum hrifnir af – það eru hjón í Skagafirði sem hafa gefið okkur þurrkaða sveppi og þá er hægt að mala. Slíkt er gott að eiga og krydda með sósur og súpur. En það er endalaust hægt að nýta náttúruna,“ heldur Albert áfram.

„Konu þekki ég sem þurrkar nálar barrtrjáa, mylur og notar sem krydd. Þetta er bragðmikið og skemmtilegt. Fólk var kannski duglegra við að líta sér nær á árum áður, hvaða jurtir og plöntur væri hægt að nýta, en það er um að gera að taka þetta upp aftur. Endilega síðan að nota bara bakarofninn við þurrkun, við þurfum ekkert annað og ekkert að mikla hlutina fyrir okkur. Svo höfum við Bergþór stússast í moltugerð, frá okkur kemur afar mikið af lífrænum úrgangi og því upplagt að breyta honum í mold.

Eitt heillaráð sem má svo minna á er náttúruleg skordýravörn. Þeir sem hrifnir eru af rabarbara hafa ef til vill tekið eftir að þarna er um að ræða plöntu sem sér að mestu um að halda umhverfi sínu lausu við óværu. Því er ekki úr vegi að smella í rabarbarablaðasprey!“

Þá er soðið upp á rabarbarablöðunum og soðið notað. Fyllir Albert sjálfur 10 l pott af blöðum, lætur vatn fljóta yfir og sýður herlegheitin í tíu mínútur. Látið kólna í pottinum, blöðin sigtuð frá og soðið sett í spreybrúsa. Þeir sem vilja geta svo blandað í brúsann græn- eða brúnsápu svo loði betur við.

### *Holl og heilnæm fæða í forgrunni*

Albert hefur staðið fyrir námskeiðum í nokkur ár þar sem viðfangsefnið er næringarríkur matur og venjur og hefur gegnum tíðina þróað ýmsar uppskriftir. Í dag er þetta í raun tvíbent, segir Albert, sem heldur næsta námskeið næsta mánudag, þann 11. september.

„Annars vegar eru þetta uppskriftir fyrir hvern dag í fjórar vikur og hins vegar eru þetta ýmis verkefni sem fólk leysir. Það er alveg nauðsynlegt að fara í smá naflaskoðun, sjá hvar maður er staddur í lífinu, hvert maður stefnir og hvort maður sé sáttur í eigin skinni. Horfa svolítið í spegilinn án þess að það eigi að vera flókið.

Í stuttu máli er námskeiðið afar einfalt, áhersla er á að borða alvöru mat. Ekkert framandi, þetta er hrein fæða, kjöt, fiskur og grænmeti, sumar mjólkurvörur – en eftir ákveðnu kerfi og boðið upp á einfaldar, auðveldar og fljótlegar uppskriftir að hollum mat. Engin boð og bönn, það má drekka kaffi og þess háttar, en við kannski drögum úr kolvetnum og svona ýmsu óæskilegu. Það er ekki verið að svelta sig, það er borðaður matur og enginn fer svangur að sofa,“ segir Albert með áherslu.

„Námskeiðið hefur reynst fólki gríðarlega vel og almenn ánægja með þetta. Persónulega finnst mér skemmtilegast að upplifa hvað fólk er tilbúið að gera sjálft og ekki síst hvað þetta reynist því auðvelt. Auðveldara en margur heldur. Upplýsingaflæði í dag er samt svo mikið að það er ekki skrýtið að fólk viti varla í hvorn fótinn það á að stíga. Eitthvað er hollt í dag sem er það svo ekki á morgun.“

### *Sjálfskoðun er öllum holl*

Eru námskeiðin vanalega haldin á þann hátt að fólk hittist í upphafi, borðar saman og farið er yfir hlutina. Í lok viknanna fjögurrra er það svo endurtekið. Þessa dagana er Albert staddur á Ísafirði þannig að námskeiðið sem hefst þann 11. september verður með örlítið öðru móti og þá einungis yfir netið. Haldnir verða vikulegir netfundir þar sem farið er yfir stöðuna, enda hefur fólk svo gaman og gott af því að upplifa hvernig öðrum gengur.

Fyrir þá sem hafa áhuga á að kynna sér námskeiðið betur og jafnvel lesa umsagnir, má fara á veffangið www.alberteldar.is og leita þar að Lifum og borðum betur, en möguleiki er á að fá námskeiðsgjaldið endurgreitt frá stéttarfélagi.

Skráning er á netfanginu albert.eiriksson@gmail.com, enda um að gera að fara í smá sjálfskoðun eða sjálfsumhyggju – og ekki verra að hafa gaman af því um leið. /SP



Steiktir sveppir með eplum og balsamik.



## SVEPPAPATÉ

- 3-4 msk. ólífuolía
- 1 b. saxaður laukur
- 3 hvítlauksgeirar
- 1½ tsk. timian
- ½ tsk. estragon
- 1 tsk. salt
- pipar
- caynne pipar
- 1 askja saxaðir sveppir
- 1 b. léttristaðar valhnetur
- 3/4 b. möndlusmjör
- 1 tsk. balsamik edik
- vatn til að þynna, ef þarf.

Hitið ólífuolíu í stórri pönnu við meðalhita, setjið laukinn út í og steikið í 3–5 mín. þar til hann er glær. Bætið hvítlauk og kryddum saman við og steikið áfram í eina mín.

Bætið því næst niðursneiddum sveppum í og steikið í 7–10 mín. eða þar til þeir eru mjúkir. Lækkið hita ef nauðsynlegt er svo þeir brenni ekki. Á meðan sveppirnir steikjast, eru valhneturnar settar í matvinnsluvélina og muldar fínt.

Setjið sveppablönduna út í valhneturnar í matvinnsluvélina, ásamt balsamediki og möndlusmjöri. Blandið vel saman og bætið við vatni ef þarf, þar til þetta er passlega mjúkt, líkt og kæfa. Setjið í ílát, lokið vel og kælið í a.m.k. klst.

LANDBÚNAÐUR Í SKÁLDSKAP


Halldór Kiljan Laxness. Hann skrifaði í Kristnihaldi undir jökli: „Sá sem ekki lifir í skáldskap lifir ekki af hér á jörðinni.“

# Um guð og snjótittlinginn

**Orðsins list kemur að þessu sinni frá Halldóri Kiljan Laxness. Halldór, f. 1902, d. 1998, er eitt okkar allra merkustu skálda og hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1955 fyrir að endurnýja íslenska skáldskaparlist.**

Hann skrifaði fjölda skáldsagna, sumar í nokkrum hlutum, leikrit, kvæði, smásagnasöfn og endurminningabækur og gaf auk þess út mörg greinasöfn og ritgerðir. Bækur hans hafa komið út á yfir fjörutíu tungumálum um víða veröld og útgáfurnar eru yfir 500 talsins.

Skáldsagan Kristnihald undir Jökli kom fyrst út árið 1968 hjá Helgafelli. Hún gerist vestur undir Snæfellsjökli og geymir heillandi náttúrulýsingar þaðan. Hún er um göldrótt fólk og fulltrúa almættisins og meginstef Kiljans er að ekki sé allt sem sýnist. Sagan er fyndin, djúp, listræn og naskur tíðarandaspegill.

Til gamans má geta þess að orðið „hnallþóra“ (stór og mjög skreytt terta) skapaðist í Kristnihaldinu. Í kaflanum Hnallþóruþáttur og hulduhrúts segir þegar umboðsmaður biskups verður á miðnætti sem lamaður frammi fyrir yfirgengilega hrokuðu veisluborði, honum einum ætlað, þar sem meðal annars má finna þrjár gildar stríðstertur (urðu móðins í stríðinu). Konan sem stendur fyrir veitingunum býður umboðsmanninum ítrekað að gjöra svo vel og segist vera kölluð Hnallþóra í sveitinni. /sá

---

*... Séra Jón: ... Nema guð hefur þann kost að það má fá honum sæti hvar sem er; í hverju sem er.*

*Umbi: Til að mynda í nagla?*

*Séra Jón, orðrétt: Í skólakappræðum var stundum lögð fram sú spurning hvort guði sé ekki ómáttugt að skapa svo þúngan stein að hann geti ekki tekið hann upp. Oft finst mér almættið vera einsog*




*snjótitlíngur sem öll veður hafa snúist í gegn. Svona fugl er á þýngd við frímerki. Samt fýkur hann ekki þó hann standi útá berángri í fárviðri. Hafið þér nokkurntíma séð hauskúpu af snjótitlíngi? Hann beitir þessu veikbygða höfði mót veðrinu, með gogginn við jörð, leggur vængina fast uppað síðunum, en stélið vísar upp; og veðrið nær ekki taki á honum heldur klofnar. Jafnvel í verstu hrinunum bifast fuglinn ekki. Hann er staddur í logni. Það hreyfist ekki einusinni á honum fjöður.*

*Umbi: Hvernig vitið þér að fuglinn sé almættið en ekki vindurinn?*

*Séra Jón: Af því frostbylur er sterkasta afl á Íslandi en snjótitlíngur vesalastur af öllum hugdettum guðs. (bls. 112-113).*

*... Um snjótitlíng hef ég aungvu að bæta við það sem ég sagði um daginn við úngan mann sem var að leita að sannleikanum: ef til er almætti í himingeimnum, þá er það í snjótitlíngum. Hvað sem á dynur, snjótitlíngurinn lifir af; stórhríðarnar eru ekki fyr um götur geingnar en hann er orðinn sólskríkja. (bls. 230).*











Sundhetjur ársins 2023. Mynd / Niklas Siemens

Önundarfjörður:

# Synt í klauffar Sæunnar

**Laugardaginn 26. ágúst sl. var mikið um dýrðir á Flateyri þegar hinn árlegi viðburður Sæunnarsund fór fram og fjórtán ofurhugar lögðust til sunds í Önundarfirði.**

Haustið 1987 stóðu bændur Í Breiðadal neðra í Önundarfirði, Halldór Mikkaelsson og Guðrún Hanna Óskarsdóttir, frammi fyrir því að fækka þurfti í fjósi, það var offramleiðsla á mjólkurvörum, smjörfjallið var hátt og nú áttu bændur að minnka framleiðslu og fækka kúm. Valið var þeim hjónum erfitt en ákveðið var að kúnni Hörpu skyldi fórnað. Harpa var ljómandi afurðagóð kýr, skapgóð en svolítið sérstök eins og átti svo sannarlega eftir að koma í ljós.

### *Hver var Sæunn?*

Á þessum tíma var rekið sláturhús á Flateyri en landbúnaður var blómlegur á þessum árum á Vestfjörðum og þann 13. október var Hörpu stuggað í bíl sem flutti hana á Flateyri. Magnús frá Hóli, slátrarinn á Flateyri, er mikill öndvegispiltur en alls ekki að skapi Hörpu sem með miklum bægslagangi rauk af bílnum og var engu tauti við hana komið, sleit hún af sér öll bönd og tók á rás út á bryggju. Fyrir henni urðu fiskikör sem þeyttust í burtu sem eldspýtustokkar væru og að endingu flaug þessi um það bil 500 kg skrokkur sem fjöður yfir allt sem fyrir var og fram af bryggjunni í ískaldan októbersjóinn.



Agnieszka Narkiewicz-Czurylo kemur fyrst að landi og henni til aðstoðar eru Svanborg Gróa Hinriksdóttir og Hrönn Garðarsdóttir. Mynd / Bryndís Sigurðardóttir

Í forundran gláptu viðstaddir á skepnuna taka á rás út fjörðinn, reisti hún halann sem loftnet væri meðan hún tróð marvaða af ótrúlegri lagni. Í snatri var sjósettur björgunarbátur sem leiðbeindi henni þvert yfir fjörðinn frekar en að synda bara út sjóndeildarhringinn, út á opið Atlantshaf. Einhver hafði vit á því að hringja í bændur í Valþjófsdal og boða þeim sögulegan „kúreka“. Guðmundur Steinar og Sigríður á Kirkjubóli skunduðu niður í fjöru og tóku þar á móti Hörpu sem var í góðu ásigkomulagi, þó með örlitla sjóriðu. Dóri og Gunna í Breiðadal tóku líka á móti Hörpu í fjörunni handan fjarðar og höfðu varla við henni akandi. Ekki þótti annað sanngjarnt en að Harpa fengi að lifa eftir annað eins afrek og keyptu Kirkjubólshjón Hörpu svo ekki þyrfti að ferja hana aftur til baka, kaupverð hefur ekki verið gefið upp en upp frá því var hún nefnd Sæunn.

Sæunn var leidd á bás í fjósinu á Kirkjubóli og undi þar hag sínum vel, mjólkaði ljómandi og á sjómannadaginn 1988 bar hún kvígu sem nefnd var Hafdís, ekki ólíklegt að hún hafi öðlast þennan gríðarlega lífsvilja vegna hennar. Spenar Hafdísar voru að sögn hins vegar lokaðir, af sumum talið vegna kuldaáfalls í móðurkviði og var því ekki sett á. Átti Sæunn aðeins nautkálfa eftir þetta sem ekki fengu að lifa og fjölga sér. Ættbogi þessarar merku skepnu lauk því hjá henni en hún var felld að nokkrum árum liðnum og heygð í fjörunni þar sem hún kom að landi og er þar Sæunnarhaugur. Sæunn þótti afar sérstök, með athugul augu og virtist fylgjast vel með umhverfi sínu, rólynd og þægileg skepna.

Af Sæunni eru sagðar margar sögur og skrifaðar hafa verið fréttir á mörgum tungumálum, meira að segja hefur verið skrifuð um hana bók, færri vita að Sæunn átti bróður, tuddann Moðhaus, sem sömuleiðis átti að færa til slátrunar á Flateyri. Eins og systu leist honum ekkert á Magnús frá Hóli, sleit sig lausan á bryggjunni og stökk út í sjó en í stað þess að synda yfir fjörðinn eða til hafs eins og Sæunn beygði hann til vinstri og tók land við Kaldá, gerði sig þar heimakominn í fjósinu og hafði brotið þar allt og bramlað þegar að var komið. Honum var engin miskunn sýnd og voru dagar hans þar með taldir.

### *Synt í klauffar Sæunnar*

Alla tíð síðan hefur saga Sæunnar lifað með Flateyringum og árið 2018 tók sig saman hópur sem ákvað




Sæunnarhaugur, á myndinni eru frá vinstri, Elísa Kristinsdóttir, Þuríður Hjartardóttir og Þóra Kristinsdóttir, sem allar syntu þetta árið. Mynd / BS





Sara Friðgeirsdóttir er sátt við sitt afrek, Svanborg, Hrönn og Jón Ágúst eru henni til aðstoðar þegar á fast land er komið. Mynd / BS



Úfinn sjór. Mynd / Elísa Kristinsdóttir

að nú skyldi Sæunn heiðruð og afreksfólki boðið að synda í klauffar hennar. Síðasta laugardag í ágúst á því herrans ári 2018, undir vökulu eftirliti björgunarfólks, lögðu ellefu hetjur af stað frá Flateyrarodda og stefndu yfir fjörð. Tæpri klukkustund síðar voru allir komnir á land í fjörunni við Valþjófsdal, á sama stað og Sæunn steig á land árið 1987.

Á Flateyri kvöddu Breiðadalsbændur sundfólkið eins og Hörpu forðum og í Valþjófsdal tóku Kirkjubólsbændur á móti. Enginn var þó leiddur í fjós eins og Sæunni heldur boðið í heit ker og heita drykki til að verma kaldan skrokkinn eftir volkið í sjónum.

Frá upphafi hafa 76 einstaklingar lagt af stað í klauffar Sæunnar, nú síðustu ár reyndar öfuga leið, lagt er af stað frá Valþjófsdal og gengið á land á Flateyri. Þetta hefur þótt öruggara því aðgengi í Valþjófsdal er þröngt og ekki einfalt að stýra umferð þannig að sjúkrabifreið hefði óhindraða aðkomu ef á þyrfti að halda, eins er auðveldara fyrir áhorfendur að fylgjast með sundhetjum koma að landi á Flateyri og styttra í sundlaugina. Margir synda á hverju ári enda eru Flateyringar með afbrigðum gestrisnir og kunna vel að meta þetta hrausta fólk.

Björgunarsveitir á norðanverðum Vestfjörðum leika lykilhlutverk í viðburði eins og Sæunnarsundið er, ekkert er mikilvægara en að gæta fyllsta öryggis og án björgunarsveitanna er ekki synt í klauffar Sæunnar.

Á næsta ári fer Sæunnarsund fram þann 31. ágúst og er undirbúningur fyrir það þegar hafinn. Hótelið í Holti í Önundarfirði hefur verið tekið frá fyrir hópinn alla helgina og stefnt er á glæsilegt lokahóf þar sem afrekum dagsins verður fagnað.

*Bryndís Sigurðardóttir*



Áhorfendabekkurinn Mynd / BS










## Hvað er ...
# Aspartam?

**Aspartam er gerfisæta sem, samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO), er mögulega krabbameinsvaldandi. Aspartam er einnig markaðssett undir heitinu Nutrasweet. E-númer aspartam er E951.**

Frá níunda áratugnum hefur aspartam verið útbreitt til að gefa sykurlausum gosdrykkjum sætt bragð. Enn fremur er það gjarnan notað í neysluvörur eins og tyggjó, hlaup, ís og jógúrt. Jafnframt er aspartam notað til að bragðbæta tannkrem og hóstasaft.

Rétt eins og sykur, þá inniheldur hvert gramm aspartam fjórar kaloríur. Þar sem aspartam er nálægt 200 sinnum sætara en sykur, þá þarf mjög lítið magn til að ná fram sömu áhrifum á bragð. Efnið er hvítt og lyktarlaust og er sett saman úr þremur efnum; amínósýrunum fenýlalanín (50%) og aspartínsýru (40%) ásamt tréspíra (10%).

Fenýlalaníninu hefur verið umbreytt með því að bæta við meþýl, sem gefur hið sæta bragð. Eitt og sér er fenýlalanín biturt á meðan aspartínsýran er súr. Þegar aspartam er neytt brotnar það hratt niður í sínar frumeiningar, sem líkaminn nýtir meðal annars sem orku. Við rannsóknir hefur hreint aspartam ekki fundist í blóðrás eða líffærum. Tréspíri er þekkt eiturefni, en talið er að hann hafi engin skaðleg áhrif í aspartami þar sem magn hans er svo lítið.

Frá upphafi hafa komið fram grunsemdir um skaðsemi aspartam á heilsuna. Í sumar sendi WHO frá sér yfirlýsingu þar sem aspartam er komið á lista yfir efni sem eru mögulega krabbameinsvaldandi. Þessi flokkun byggist á því að fjöldi vísindarannsókna hefur gefið óljósar vísbendingar um tengsl aspartam við krabbamein. WHO tekur sérstaklega fram að þörf sé á frekari rannsóknum til að geta svarað með óyggjandi hætti hvort sætuefnið sé krabbameinsvaldandi eða ekki.

Enn sem komið er telur WHO ekki ástæðu til að breyta ráðlögðum dagskammti, sem er að hámarki 40 milligrömm fyrir hvert kílógramm líkamsþunga. Til að ná þessum skammti þyrfti 70 kílógramma einstaklingur að drekka níu til fjórtán dósir af sykurlausu gosi, sem innihalda 200 til 300 millígrömm af aspartami hver.

Árið 1965 uppgötvaði bandaríski efnafræðingurinn James M. Schlatter aspartam fyrstur manna. Hann starfaði hjá lyfjafyrirtækinu Searle og var að vinna að efni sem átti að nota við rannsóknir á magasári. Fyrir slysni sleikti hann fingurinn og fann sæta bragðið af efninu sem hann hafði sett saman. Í kjölfarið hófst vinna við þróun sætuefnis fyrir neytendamarkað.

Árið 1974 fékk Searle heimild til að setja aspartam í þurr matvæli, eins og tyggjó og morgunkorn, en þar sem sérfræðingar matvælastofnunar Bandaríkjanna (FDA) töldu sig sjá tengsl efnisins við heilsukvilla og efuðust um gæði rannsókna Searle, var heimildin fljótlega dregin til baka.

Árið 1981 gaf FDA aftur heimild fyrir notkun aspartam í þurrmeti og árið 1983 í drykki. Sama ár kom Diet Coke á markað, sem upphaflega notaði blöndu af sakkarín-sykurlíki og aspartam. Eftir nokkur misseri var hætt að nota sakkarín í gosdrykkinn, enda aspartam mun sætara og ódýrara.

Sætuefni hafa lengi verið umdeild, en þessi flokkur innihaldsefna er meðal þeirra mest rannsökuðu á markaðnum. Þau geta verið jákvæð fyrir fólk sem þarf, eða vill, takmarka sykurinntöku af ýmsum ástæðum.

/ÁL




Heimildir: EFSA, National Geographic, NHS, Vísindavefurinn,WHO



# Líf og fjör í haustlægðunum

**Rigningartíð og grámi hafa löngum þótt leiðinleg til lengdar. Hérlendis, eins og margur hefur sjálfsagt tekið eftir, hefur þessi gleði hafist – þá a.m.k. ef tekið er tillit til áætlaðs veðurfars næstu daga.**




Samkvæmt Veðurstofu Íslands er til dæmis frá og með fimmtudegi skýjað með köflum og dálítlar skúrir vestan til, skýjað og þokusúld eða rigning út vikuna og áfram er útlit fyrir vætu á einn eða annan hátt.

Fyrir tæpum hundrað árum var tíðin svipuð, samkvæmt tíðarfarsyfirliti veðurbóka skeytastöðvarinnar í Síðumúla, Borgarfirði.

Þó kemur fram að maímánuður ársins 1935 hafi „*verið ein samfeld veðurblíða, svo að gamlir menn muna ekki slíka tíð. Sama er að segja um jarðargróður. Hann er ómunagóður. Úrkomur hafa verið mjög litlar, aðeins til bóta, en oft áfall um nætur. Í júnímánuði hefir yfirleitt verið köld og leiðinleg veðrátta. Var á tímabili frost um nætur. Sérstaklega inn til dala og upp til fjalla. Jarðargróðri hefir því víða lítið farið fram, þartil síðustu dagana að rigningin kom. Kartöflugras hefir sumstaðar fallið og orðið svart. Grasspretta er samt talin að vera í betra lagi. Tún eru víða að verða slæg. Júlímánuður hefir verið mjög erfiður hvað veðráttu snertir. Sífeldar rigningar. Taðan hefir hrakist til stórtjóns.*“ Áfram eru dagarnir raktir og fram á haustið þar sem tíðin hélt áfram að sortna.

Sagan hefur þó sýnt að ekki má leggjast alveg í híði þó svona ósköp dynji yfir en heldur reyna að líta björtum augum á það sem er í kringum mann og taka einhver skref sér til hugnaðar.

Þá er að velta fyrir sér hvað slíkt getur verið.

Fyrsta skrefið eftir góðan nætursvefn byljandi rigningar getur verið heitt bað, sturta og/eða heitur drykkur. Kertaljós jafnvel á meðan íhugað er hvernig best sé að haga deginum. Fatnaður er jafnan nauðsynlegur og hægt að hafa í huga að þó farið sé út fyrir hússins dyr í gúmmístígvélum, má alltaf taka með sér annað skótau í poka – þá sérstaklega þegar haldið er til vinnu.

### *Að ná jarðtengingu*

Gaman er að geta þess að víða um heiminn fyrirfinnast svokallaðir „núdistar“, fólk sem kýs fremur að vera nakið en klætt – og telja það afar hollt að striplast um í rigningunni.

Vatn er jú eitt frumefnanna og því upplagt til að ná jarðtengingu eða innri ró með því að standa berfættur á regnvættri jörð. Einn þekktasti íslenski núdistinn var Þórbergur Þórðarson, en til eru myndir af honum nöktum í flæðarmáli fjöru Seltjarnarness iðkandi líkamsæfingar. Því er spurning hvort fólk hafi ef til vill gott og gaman af því að tileinka sér þessa iðju og tengjast sjálfu sér betur.

### *Hugsanir flytja fjöll*

Ef ekki er farið til vinnu er ýmislegt sem hægt er að gera sjálfum sér til góðs. Sumum þykir gott að teygja sig og beygja, anda djúpt og vel auk þess að hefja daginn á einhvers konar hugleiðslu. Þeir sem stunda slíkt vilja meina að best sé að einbeita sér að blessunum líðandi stundar og komandi dags. Beint hugsunum að þakklæti og trú á að heimurinn sé þeim hliðhollur.

Aðrir sem hafa engan áhuga á því að anda djúpt og vera þakklátir geta á hinn bóginn skreiðst upp í sófa með sængina sína og haldið værð morgunlúrsins áfram með grunnri öndun þeirra er liggja í híði. Að sama skapi hægist á hjartslætti og efnaskiptavirkni og að minnsta kosti hjá björnum gerir slíkt þeim kleift að lifa af minnkað fæðuframboð. Sem helst þá í hendur við að nenna ekki úr sófanum að sækja sér snarl.

### *Með montprik í hendinni og sultubollu í hinni*

Eftir því sem dagurinn líður þarf þó að finna sér eitthvað til dundurs. Einhverjir geta sökkt sér ofan í góða bók eða þáttaraðir ljósvakans, aðrir fara í gegnum þá ótal kassa og minningar sem þyrfti að losa sig við og enn aðrir læra nýja uppskrift, sér og öðrum til gleði.

Það er nefnilega til bolluuppskrift sem gleður nær alla sem hana reyna og því ekki úr vegi að hressa sig við og fá vindinn í andlitið ef þarf að versla svolítið fyrir baksturinn. Þetta er óstjórnlega góð austurrísk uppskrift að bollum. Þekkjast þær bæði undir nöfnunum Buchteln og Wuchteln en eiga það sameiginlegt að innihalda sultu og vera sætar og góðar og mjúkar.

Fyrir þá sem stefna á búðarferð verður að taka fram að vanir menn hafa löngu gefist upp á því að nota regnhlíf hérlendis þó slíkt tól hafi verið í einhvers konar notkun síðan a.m.k. 1859, þá mögulega notað sem montprik.

*Sbr. auglýsingu sem birtist í dagblaðinu Þjóðólfi það ár. „– Svört regnhlíf úr silki með járnstaung og handfángi úr horni hefir verið skilin eptir einhverstaðar í bænum. Sá sem kynni að verða var við hana hjá sér, er vinsamlega beðinn að halda henni til skila þángað, sem eg hefi átt heima. Reykjavík, 8 ágúst 1859. H. Guðmundsson. –“*

## Sultubollur

En þá er það uppskriftin að bestu sultubollum í heimi, miðað er við um 18 stykki. Gott er að eiga hringlaga form sem bollurnar fara allar ofan í. Eða kassalaga álform. Það virkar ekki síður.

350 ml af mjólk

750 g af hveiti

150 g af mjúku smjöri

2 pokar af þurrgeri, þá miðað við að 1 poki af geri = 7 g)

9 matskeiðar af sykri

2 egg af stærstu gerð

örlítið af salti

sulta að eigin vali

Gott er að hafa til handargagns brætt smjör til viðbótar, til að pensla á bollurnar áður en þær eru bakaðar.

Blandið saman hveiti, sykri, salti og þurrgeri í skál. Gerið holu í miðjuna til að bæta eggjunum við og hyljið þau svo með hveitiblöndunni. Dreifið mjúku smjörinu ofan á hveitiblönduna.

Hitið mjólkina þar til hún er volg og hellið helmingnum yfir hveitiblönduna. Hnoðið með hrærivélinni á meðan mjólkinni er smám saman bætt við. Hnoða skal þar til deigið er slétt og festist ekki lengur við hlið skálarinnar.

Hyljið deigið með eldhúsþurrku og látið hefast í klukkustund eða þar til það hefur að minnsta kosti tvöfaldast að stærð.

Eftir klukkutímann skal hnoða deigið aftur, skipta því í 18 bita og móta kúlur úr bitunum. Aftur þarf að hylja þá og leyfa þeim að hefast í um 20 mínútur. Forhitið ofninn í 190 °C.

Næst skal fletja hverja kúlu varlega út, setja sultu í miðjuna og loka hverju stykki fyrir sig, þétta vel. Raða svo kúlunum í bökunarformið með skilin/sauminn niður.

Hyljið og látið lyfta sér í 20 mínútur. Penslið bollurnar með bræddu smjöri og setjið í miðjan ofn. Bakið í 25–30 mínútur. Eftir 20 mínútur af bökunartíma skal pensla þær aftur með smjöri og setja þær aftur í ofninn í 10 mínútur í viðbót.

Þegar bollurnar eru komnar úr ofninum skal láta þær kólna að mestu og sigta flórsykri yfir.

Ef hugnast þó einhverjum má sem sé enn brúka regnhlífar sem montprik. Spurning hversu vel það gengur þegar barist er á móti íslenskum rigningarsudda með innkaupapoka í hendinni.

En hvað sem öðru líður ættum við landsmenn að geta gert okkur eitthvað til dundurs. Bakað svolítið, hlaupið um (nakin) í rigningunni, æft það að leggjast í híði eða verið þakklát fyrir allt og alla í kringum okkur. Að meðtöldum okkur sjálfum auðvitað. /SP

LÍFRÆNT ÍSLAND



# Lífræni dagurinn 16. september 2023

**Lífrænt Ísland og VOR (félag um lífræna framleiðslu) standa fyrir lífræna deginum í ár líkt og í fyrra þegar hann var haldinn í fyrsta sinn.**

Einn viðburður verður á höfuðborgarsvæðinu á Kaffi Flóru í Grasagarðinum, laugardaginn 16. september, á milli klukkan 13–17. Fjögur býli víðs vegar um landið munu á sama tíma opna sín býli fyrir gestum og gangandi. Kaffi Flóra ætlar í samstarfi við Lífrænt Ísland að bjóða upp á rétti byggða nær alfarið á lífrænum íslenskum hráefnum. Það verður því hægt að kaupa sér dýrindis lífrænan íslenskan mat þennan dag á Kaffi Flóru, hitta lífræna bændur og framleiðendur og fræðast um lífræna ræktun. Á þessum fjórum lífrænu býlum sem opna hjá sér þennan dag geta gestir séð, smakkað og heyrt hvað lífrænir bændur eru að vinna að. Einhverjar uppákomur verða yfir daginn, leikir fyrir börn og jafnvel alla fjölskylduna.

Lífræni dagurinn var stofnaður í fyrra, 18. september 2022, og var haldinn á Neðri-Háls í Kjós í Hvalfirði hjá Kristjáni Oddssyni og Dóru Ruf, sem eru frumkvöðlar í lífrænum kúabúskap og framleiðslu mjólkurvara. Að baki fyrsta lífræna deginum stóðu Anna María Björnsdóttir, Jóhanna Vilhjálmsdóttir og Tumi Bjartur Valdimarsson í samstarfi við VOR. Jóhanna Vilhjálmsdóttir hefur skrifað bók um áhrif eiturefna í umhverfi á heilsu en lífrænn matur er ein leið til að forðast eiturefnaleifar í mat. Tumi Bjartur er kvikmyndagerðarmaður og lífrænn neytandi. Anna María er lífrænn neytandi, kvikmyndagerðarkona og er nú gengin til liðs við Lífrænt Ísland sem verkefnastjóri Lífræna dagsins 2023.Okkur langaði að gera eitthvað til að vekja athygli á þessari tegund ræktunar á Íslandi en aðeins eru um 30 lífrænir bændur og framleiðendur á Íslandi af um 3000. Í fyrra var þetta boðsviðburður og takmarkaður fjöldi sem hægt var að bjóða. Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra heiðraði okkur með nærveru sinni og í ræðu hennar tilkynnti hún að hún hefði nýlokið undirritun á samningi um gerð tillögu að aðgerðaáætlun fyrir lífræna ræktun á Íslandi. Þessi litli viðburður breyttist því í sögulegan viðburð fyrir lífræna ræktun á Íslandi en lífrænir framleiðendur hafa margir beðið eftir þessu í áratugi.



Markmiðið var að bjóða í lífræna matarveislu þar sem matreitt var eingöngu úr lífrænum íslenskum hráefnum. Sólveig Eiríksdóttir og Gunnhildur Emilsdóttir sáu um eldamennskuna með dyggri aðstoð frá Kolbrúnu Björnsdóttur, Jóhönnu Vilhjálmsdóttur og Anne-Mette Heltborg Poulsen. Maturinn þennan dag var stórfenglega gómsætur og nokkrir höfðu á orði að þetta væri besti matur sem þau höfðu smakkað um ævina. Markmiðið okkar var að ganga eins langt og hægt væri í að nota lífrænt vottuð hráefni af íslenskum uppruna og enduðum við í um 95%. Einungis sítrónur, smjör og þurrkrydd var ekki hægt að fá lífrænt vottuð og íslensk. Hin gullna danska leið var því farin en í Danmörku fá mötuneyti og veitingastaðir sem eru með 95% hráefnanna lífrænt vottuð sérstakt gullmerki sem er mikill gæðastimpill.

Það var ótrúlega gaman að sjá hvað hægt var að töfra fram fjölbreyttan mat úr lífrænum íslenskum hráefnum og hlökkum við til að endurtaka leikinn á lífræna deginum í ár.

**Lífrænu bæirnir sem munu opna sín býli í ár eru:**

- Akur organic, Flaga, Þórshöfn
- Móðir Jörð, Vallanesi, Egilsstöðum
- Sólbakki garðyrkjustöð, Ós Hörgársveit
- Syðra-Holt, Svarfaðardal



Á Íslandi er m.a. verið að rækta og framleiða lífrænar íslenskar kartöflur, gulrætur, rófur, fjölbreytt úrval af grænmeti, káli, salati, tómötum, gúrkur, mjólk, ost, jógúrt, gríska jógúrt, bygg, heilhveiti, repjuolíu, kex, sultur, chutney, súrkál, grænmetisborgara og grænmetisbuff, hnetusteikur, falafel, súpur, kökur, nautakjöt og lambakjöt, egg en einnig fleira eins og snyrtivörur.

Allir eru velkomnir á Kaffi Flóru laugardaginn 16. september kl. 13–17 eða á lífrænu býlin víðs vegar um landið á sama tíma.

Einnig er kjörið að halda upp á lífræna daginn með því að elda heima hjá sér úr lífrænum íslenskum hráefnum þennan dag og stuðla þannig að útbreiðslu lífræns landbúnaðar á Íslandi. www.lifraentisland.is

*Anna María Björnsdóttir*, *verkefnastjóri lífræna dagsins 2023*















SKÓGRÆKT



Marþöll í góðu skógarskjóli með sveigðan topp sem þó kemur ekki í veg fyrir að stofninn verði beinn með tímanum. Mynd / Pétur Halldórsson

# Marþöll (Tsuga heterophylla)

**Þöll er gamalt orð í norrænu máli sem meðal annars kemur fram í fornum kveðskap í kenningum eins og skrúða þöll.**

Upprunaleg merking er væntanlega fura eða jafnvel bara barrviður. Fura er til dæmis kölluð tall í sænsku nútímamáli. Það orð er af sama meiði og þöll í íslensku. Í grasafræðinni er ein ætt barrtrjáa kölluð þallarætt og henni tilheyra nokkrar ættkvíslir, sedrusviðir, furur, lerki-, furu- og grenitegundir, en líka þallir. Því má segja að þetta gamla orð, þöll, hafi einskorðast í íslensku nútímamáli við tré af einni þessara ættkvísla.

Þallartegundirnar eiga uppruna sinn í Norður-Ameríku og austanverðri Asíu. Asísku tegundirnar eru ýmist taldar fjórar eða sex eftir því hversu hart er flokkað. Þær norður-amerísku eru fjórar og hafa tvær þeirra verið ræktaðar nokkuð hérlendis, marþöll og fjallaþöll.

Mikið var flutt inn til Íslands af marþallarfræi á 6. áratug síðustu aldar í þeirri von að þetta væri framtíðartegund í skógrækt hérlendis. Fræið kom af suðurströnd Alaska, frá sömu svæðum og fræ af sitkagreni sem hingað var flutt. Árangurinn varð þó ekki í samræmi við magnið. Hér skorti þekkingu og aðstöðu til sáningar fræja þessara tegunda og uppeldis smáplantna. Aðstaða í gróðrarstöðvum var frumstæð og mikil afföll urðu af báðum þessum tegundum. Nokkur hluti sitkagrenitrjánna komst að vísu á legg en einungis örfáar marþallir, jafnvel bara teljandi á fingrum annarrar handar. Þau tré lifa þó enn í dag og hafa borið fræ.

Margar barrtrjátegundir eru mjög skuggþolnar í uppvexti og þrífast best fyrstu árin í skjóli eldri trjáa. Barrið er mjög viðkvæmt á þeim í æsku og því þola þær illa við á berangri þar sem þær eru óvarðar fyrir sterku sólarljósi, vindum og skaraveðrum. Marþöll er sérstaklega viðkvæm í æsku að þessu leyti. Ræktun hennar verður að fara fram undir trjáskermi ef einhver teljandi árangur á að nást. Hún þarf að vaxa í algjöru skjóli. Þetta er líka hægvaxin tegund og af þessu leiðir að hún er ekki álitleg nytjatrjátegund hérlendis eins og sakir standa.

Í framtíðinni gæti þetta hugsanlega breyst, þegar hægt verður að skipuleggja ræktun marþallar að einhverju marki í algjöru skjóli eldri trjáa. Marþöll gefur nefnilega gott timbur sem talsvert er notað í til dæmis veggjastoðir og þess háttar en einnig í framleiðslu á krossviði og límtré, pappírsgerð og vex fleira. Marþallarviður er góður smíðaviður með jafnan þéttleika og einsleitar trefjar þannig að gott er að skera í hann, hefla og slípa.



Lundur beinvaxinna marþallartrjáa við Jökullæk í Hallormsstaðaskógi. Mynd / Þröstur Eysteinsson

Marþöll er einstofna tré, beinvaxið og hefur keilulaga krónu. Einkennandi fyrir vöxt hennar er slútandi toppsproti sem þó hefur engin áhrif á vaxtarlagið þegar upp er staðið því stofninn verður þráðbeinn þrátt fyrir allt. Þetta er hægt að sjá við Jökullæk í Hallormsstaðaskógi þar sem farnir eru að myndast litlir lundir marþallar með beinum og fallegum trjám. Tegundin hefur fallegt, mjúkt ljósgrænt og gljáandi barr með stuttar nálar sem gefur henni sérstakan svip.

Sem tegund til að auka fjölbreytni í eldri íslenskum skógum er marþöll mjög álitleg. Hún er til mikillar prýði og vex yfirleitt áfallalaust ef hún fær það atlæti sem hér hefur verið lýst að hún þurfi. Hún hefur gott frostþol, er langlíf og laus við óþrif eins og sjúkdóma eða meindýr. Í upprunalegum heimkynnum sínum getur marþöll orðið 60-70 metra há og fær mjög gildvaxinn stofn neðan til með tímanum. Eftir er að sjá hversu há og sver hún verður hérlendis en það fáum við sem nú lifum varla að vita því marþöll er mjög langlíf tegund. Í elsta trénu sem vitað er um voru taldir 1.238 árhringir. Það tré stendur í suðvestanverðri Bresku-Kólumbíu í Kanada en annars er útbreiðslusvæði marþallar um mestalla vesturströnd Norður-Ameríku, allt frá Kaliforníu í suðri norður um Kanada og Alaska. Þar er marþöll víða ríkjandi tegund ásamt sitkagreni og degli.

*Pétur Halldórsson*

MENNING



Juraj Hubinak, dramatúrg og doktor í sviðslistum, ólst upp í Slóvakíu en býr nú á Flateyri þar sem hann hefur nýverið opnað stafræna markaðsstofu.

# Þórbergur kveikjan að nýsköpun á Vestfjörðum

## – Juraj Hubinak ákvað að láta drauminn rætast og flutti til Íslands

**Eigandi Hnappsins, Juraj Hubinak, þekkir af eigin raun hvernig er að hasla sér völl sem einyrki úti á landi en hann flutti til Flateyrar árið 2020.**

Áður hafði hann unnið hjá stórum auglýsinga- og markaðsstofum í Evrópu, við stór vörumerki á borð við Johnnie Walker og Tesco. „Það voru dálítil viðbrigði, sérstaklega þar sem þetta var um hávetur og í upphafi heimsfaraldursins,“ segir Juraj og hlær að minningunni.

Hann var þó alls ekki ókunnur Íslandi því hann flutti til Reykjavíkur í september 2014 en það hafði lengi verið draumur hans að koma til Íslands. „Ég hafði verið heillaður af Íslandi og íslenskri menningu frá því ég var tíu ára og las Steinarnir tala eftir Þórberg Þórðarson.“

Það var þó ekki lenska að barnaskólabörn í Slóvakíu læsu Þórberg Þórðarson en Juraj var mikill lestrarhestur og fór oft á bókasafnið í sínum heimabæ. Þegar hann var orðinn tíu ára fannst honum hallærislegt að fara í barnabókadeildina og vildi uppgötva eitthvað nýtt. „Svo ég sagði við bókasafnsvörðinn: Ég vil lesa bók sem enginn annar hefur lesið!“ Á þessum tíma var hægt að sjá á bókasafnsspjöldum aftast í bókunum hvort einhver hefði tekið þær að láni og það tók hana eina viku að finna tvær bækur sem enginn hafði lesið. „Ég valdi Steinarnir tala því hún var nokkuð þunn,“ segir Juraj og brosir, en svo varð hann uppnuminn við lesturinn.

### *Áhugamaður um allt íslenskt*

„Sagan er náttúrlega skrifuð út frá sjónarhorni annars lítils stráks en sá bjó í borg, umkringdur háum steinsteypublokkum og malbikuðum götum, svo þessi heimur heillaði mig mikið enda alveg frábærar lýsingar á ósnortinni náttúru Suðursveitar,“ segir Juraj. Þegar hann skilaði bókinni rétti bókasafnsvörðurinn honum aðra íslenska bók, Brekkukotsannál eftir Laxness, og eftir það varð ekki aftur snúið, hann las allar íslenskar bækur sem hann komst yfir en á þeim tíma hafði ötull þýðandi í Slóvakíu snúið mörgum íslenskum skáldverkum á móðurmál Jurajs. Hann varð mikill áhugamaður um allt sem íslenskt er, valdi sér alltaf eitthvað tengt Íslandi til að læra og skrifa um í skólanum, horfði á og hvatti Völu Flosadóttur á Ólympíuleikunum í Sydney og hlustaði á Sigur Rós og Björk, en þeirri síðarnefndu hafði hann reyndar fallið fyrir löngu áður en hann komst að því að hún væri íslensk.

Árið 2012, þegar Juraj var 29 ára, missti hann móður sína eftir stutt veikindi og segist hafa ákveðið eftir það að láta drauma sína rætast. „Hana hafði alltaf langað til Íslands en aldrei látið verða af því. Ég sá að lífið er stutt og ákvað því að láta minn draum rætast, sagði upp vinnunni og flutti til Reykjavíkur.“

Það var þó ekki eins auðvelt fyrir Juraj að komast inn í samfélagið þar eins og hann hafði búist við. Hann er menntaður dramatúrg og með doktorsgráðu í sviðslistum, með mikla reynslu úr leikhúsi og sjónvarpi og sérhæfingu í brúðuleik fyrir fullorðna. Áður en hann flutti til Íslands hafði hann kennt við listaháskóla í Bratislava, unnið fyrir Sacchi & Sacchi auglýsingastofuna og ritstýrt eina leikhústímariti Slóvakíu. En á Íslandi þótti honum erfitt að komast inn í atvinnulífið, þ.e. í starf sem hæfði hans menntun.

### *Hreiðruðu um sig á Flateyri*

„Ég sendi yfir 300 tölvupósta en fékk einungis 12 svör,“ segir hann og tók því þá erfiðu ákvörðun, eftir þrjá mánuði, að yfirgefa landið aftur, en viti menn, daginn eftir kynntist hann ungum manni, Eyjólfi Karli, sem í dag er sambýlismaður hans. „Við vildum láta reyna á sambandið og ég ákvað að fresta brottförinni. Stuttu síðar fékk ég starf sem bréfberi og undi því vel, fékk heilmikla útivist og hreyfingu og gat borgað leigu og reikninga en auðvitað langaði mig að starfa við mitt áhugasvið, eftir að hafa aflað mér allrar þessarar menntunar.“

### *Stór og ánægjuleg skref*

Þegar Juraj bauðst starf við markaðsstofu í Prag flutti Eyjólfur með honum út, fór í nám í tékknesku og þeir tóku að sér hundinn Skugga. Juraj segir þá hafa átt gott líf í nokkur ár í Prag en langað til að eignast eigið húsnæði. Það hafi ekki verið hlaupið að því þar sem fasteignaverð hafi verið á miklu skriði í Tékklandi og víðar í stórborgum Evrópu, svo að þeir hófu að líta til Íslands.

„Og duttum niður á stórt hús á Flateyri sem við höfðum vel efni á, keyptum það óséð og fluttum þangað án þess að hafa nokkru sinni komið til Flateyrar áður! Húsið þarfnaðist reyndar lagfæringar, og talsvert meiri lagfæringar en við höfðum gert okkur grein fyrir, svo við höfum verið að gera það upp smátt og smátt,“ segir Juraj, sem fljótlega fékk starf við Lýðskólann á Flateyri og Eyjólfur er orðinn framkvæmdastjóri Vagnsins.

Þeir una því hag sínum mjög vel í litla þorpinu á Vestfjörðum og þar sem Juraj fór að taka að sér markaðsverkefni fyrir smærri aðila á svæðinu, ákvað hann að taka stökkið og stofna eigið fyrirtæki, Hnappinn. „Landsbyggðarfólk tekur aðfluttum mjög vel, þau sýna þér áhuga, kunna að meta þína menntun og reynslu og spá í hvernig það getur nýst samfélaginu. Þau vilja að þér líði vel og gangi vel að aðlagast og það er ekki síst því að þakka að Hnappurinn varð að veruleika.“

*Ingibjörg Rósa Björnsdóttir.*

# Dagar við Dýrafjörð

## – Minningabók Bjarna Guðmundssonar, fyrrverandi prófessors

**Bjarni Guðmundsson, fyrrverandi prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur gefið út minningabókina Dagar við Dýrafjörð.**

Í áttatíu þáttum – og með ríflega eitt hundrað teiknimyndum – rifjar höfundur upp umhverfi og atvik úr uppvexti sínum þar vestra um miðja síðustu öld.



Bjarni Guðmundsson.

### *Teikningar höfundar*

Útgáfa bókarinnar var formlega kynnt í Samkomuhúsinu í Haugadal í Dýrafirði á dögunum. Þar kom fram að á uppvaxtarárum Bjarna í Dýrafirði var margt að breytast í byggðarlaginu; í daglegum störfum, vinnubrögðum og viðhorfum.

Flestir þáttanna eru kryddaðir teikningum höfundar. Um tilgang bókarinnar segir í formála hennar:

„Ég vona að þú hafir gagn og gaman af verkinu. Mér þætti best ef við lestur þess kviknar hjá þér hugsun um þína eigin aðstöðu, þitt æskuumhverfi. Hver á sína ungdómsveröld. Geyma sambærilega drætti þótt ólíkar séu.

Saman móta þær mynd af fjölbreyttu og síkviku samfélagi, sem á margar og misdjúpar rætur. Til rótanna sækjum við næringu og þrótt – svo og festu sem nauðsynleg er í hverfulum heimi."




### *Kennsla og rannsóknir á Hvanneyri*

Bjarni er fæddur og uppalinn á Kirkjubóli í Dýrafirði. Að loknu framhaldsnámi var hann lengi kennari við Bændaskólann á Hvanneyri og síðan prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands til opinberra starfsloka. Samhliða kennslu stundaði Bjarni rannsóknir, einkum á verkun fóðurs og tækni við hana og miðlaði bændum fróðleik um fóðurverkun um langt árabil með greinaskrifum og fyrirlestrum á bændafundum víða um land.

Bjarni hefur skrifað bækur um búfræði og búnaðarsögu, m.a. um verkhætti við bústörf svo sem jarðyrkju og heyskap á tuttugustu öld og breytingar á þeim.

Höfundurinn gefur bókina út sjálfur og er hún fáanleg hjá honum á Hvanneyri á meðan upplag endist. */sá*




**Tannstaðabakki, 500 Stað, Húnaþing vestra**

Til sölu er jörðin Tannstaðabakka, 500 Stað, Húnaþingi vestra, ásamt öllum fasteignum, vélum og tækjum, ásamt rekstri þeirrar mjólkur- og nautakjötsframleiðslu sem stunduð hefur verið á jörðinni.

Jörðin er um 300 ha að stærð, þar af um 80 ha ræktað land og 12 ha skógrækt. Mjólkurkvóti er 329.031 ltr.

**Söluverð eignarinnar 335 m.**

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í netfangið mareik1809@gmail.com.


# Borgfirskri 19. aldar sögu gerð skil

**Út er komin bókin „Gleymd skáld og gamlar sögur – sagnaþættir úr Borgarfirði" sem Helgi Bjarnason blaðamaður hefur tekið saman og gefið út.**

Höfundur segir um efni bókarinnar að það sé gluggi inn í líf, störf og örlög Borgfirðinga á 19. öld og upp úr aldamótum 1900. 532 menn og konur komi við sögu og 125 býli í Borgarfirði séu nefnd og að auki 63 annars staðar.

### *Borgfirsk rímnaskál og hagyrðingar*

Gerð er grein fyrir ævi nokkurra borgfirskra rímnaskálda og hagyrðinga og sagðar sögur af fleira fólki og forvitnilegum atburðum. Þá er farið með lesendur í hringferð um Borgarfjörð í kjölfar ljósmyndara úr hópi danskra landmælingamanna sem voru þar við mælingar og kortagerð árið 1910. Segir Helgi að í bókinni séu einstæðar ljósmyndir af fólki á nokkrum bæjum og stöðum og komið við í Heyholti, Svignaskarði, Stafholti, á Hamraendum, í Norðtungu, Víðgelmi, Deildartungu, Bæ í Bæjarsveit, við Hvítá og í Borgarnesi.

Bókin er í kiljuformi, 203 blaðsíður að stærð og er prýdd fjölda ljósmynda og teikninga. Hún er fáanleg hjá höfundi. */sá*







**Til sölu DFSK C31 pallbíll**

Árgerð 2017. Burðargeta 1.200 kg. Bifreiðin er ekinn aðeins 514 km. Lipur og duglegur vinnubíll. Verð 2.100.000 kr. +vsk. Upplýsingar í síma 863-2548.

**Bílanaust**

FYRIR FÓLK Á FERÐINNI

Skoðaðu vöruúrvalið á **www.bilanaust.is**




**BETRA AÐ EIGA EN VANTA!**

VAKTARAR - TALSTÖÐVAR - HÖFUÐLJÓS - BÆTIEFNI

| STÓRVERSLUN | STÓRVERSLUN | Hafnargata 52 | Hrísmýri 7 | Furuvöllum 15 | Sólvangi 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| BÍLDSHÖFÐA 12 | BÆJARHRAUNI 12 | 260 Reykjanesbæ | 800 Selfossi | 600 Akureyri | 700 Egilsstöðum |
| 110 REYKJAVÍK | 220 HAFNARFIRÐI | S. 421 7510 | S. 482 4200 | S. 535 9085 | S. 471 1244 |
| S. 535 9000 | S. 555 4800 | | | | |

**VIG** Vélsmiðja Ingvars Guðna




**VIG** framleiðir vandaðar og traustar þvottasnúrur fyrir íslenskar aðstæður. **VIG** þvottasnúrurnar liggja samsíða og snúningurinn tryggir að það blæs alltaf rétt í þvottinn.

**VIG** afhendir þvottasnúrurnar með öllum boltum, snúrum, smurefni og undirstöðu í jörðina.

**Vélsmiðja Ingvars Guðna**

VIG

Tanga · 801 Selfoss
Sími 486 1810 · Fax 486 1820
www.vig.is · vig@vig.is

LANDGRÆÐSLA


Birkilundur í brattri fjallshlíð.

# Birkivistkerfi og endurheimt þeirra

**Miklar breytingar hafa orðið á vistkerfum Íslands frá landnámi sem er reyndar í takt við náttúrusögu flestra landa. Við upphaf landnáms var ásýnd landsins ólík því sem nú er.**


Kristín Svavarsdóttir.

Meðal annars er talið að birkiskógar hafi þakið um fjórðung landsins en núverandi útbreiðsla þeirra er aðeins 1,5%. Birki er eina innlenda trjátegundin sem myndað hefur skóga hér frá lokum síðustu ísaldar og eru því birkiskógar einu náttúrulegu skógarnir okkar og njóta þeir sérstakrar verndar í lögum um náttúruvernd. Á síðari árum hefur aukin áhersla verið á vernd og endurheimt birkiskóga í stefnumótun ríkisins, m.a. í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og nýrri stefnu og aðgerðaáætlun um landgræðslu og skógrækt, Land og líf. Auk þess hafa stjórnvöld sett það markmið í tengslum við hið alþjóðlega Bonn ákall (Bonn Challenge) að árið 2030 verði búið að leggja drög að því að birkiskógar vaxi á 5% landsins. Því markmiði verður einungið náð með því að nýta á markvissan hátt getu birkisins til sjálfgræðslu. Mikil aukning á útbreiðslu birkis á Skeiðarársandi og víðar um land á síðari árum benda þó til þess að það geti verið raunhæft ef rétt er að málum staðið.

Til að vel takist til við endurheimt vistkerfa er mikilvægt að byggt sé á vísindalegri þekkingu. Árið 2021 fékk rannsóknaverkefnið **Endurheimt birkivistkerfa á 21. öld – áskoranir, leiðir og ávinningur (BirkiVist)** styrk frá Markáætlun um samfélagslegar áskoranir en verkefnið er samstarfsverkefni margra háskóla, stofnana og félagasamtaka.

Tilgangur verkefnisins er að tryggja að aðgerðir við endurheimt birkivistkerfa séu byggðar á bestu fáanlegu þekkingu hverju sinni og að auka skilvirkni við endurheimt birkivistkerfa á Íslandi með áherslu á sjálfgræðslu. Verkefnið fjallar bæði um vistfræðilegar og félagslegar áskoranir og tækifæri, auk þess að meta mögulegan ávinning endurheimtarinnar fyrir líffræðilega fjölbreytni, loftslag og mannlíf.

Gamlir birkiskógar og -lundir sem finnast víða um land gegna lykilhlutverki við endurheimt birkivistkerfanna; þaðan


Gróskumikill skógarbotn.

getur birkið dreift sér og þeir geyma einnig erfðaauðlindir úr birkiskógum fortíðarinnar. Þegar ýtt er undir sjálfgræðslu þarf að huga annars vegar að því hvort og þá hvar frædreifing eigi sér stað og hins vegar hvort aðstæður á yfirborði séu þannig að fræ geti spírað og planta vaxið þar upp (örugg set). Ef þessir þættir eru til staðar, fræframboð og örugg set, ætti birki að geta numið land nema að landnýting, s.s. sauðfjárbeit, geti hamlað landnámi þess. Í BirkiVist verða þróuð líkön sem ætluð eru að aðstoða við ákvarðanir um hvort og þá hvaða inngrip þurfi til að stuðla að sjálfgræðslu birkis á hverjum stað, til að ná sem mestum árangri með sem minnstum inngripum. Líkönin nota m.a. gögn um hvar er að finna birki sem geti verið fræuppsspretta fyrir það svæði sem unnið er að endurheimt á, auk upplýsinga um útbreiðslu vistgerða.

Einkum er byggt á kortlagningu Skógræktarinnar yfir útbreiðslu birkiskóga á Íslandi (sjá skóglendisvefsjá fyrir náttúrulegt birki á vefsíðu Skógræktarinnar, www.skogur.is) sem miðar við að lágmarki 0,5 ha svæði þar sem krónuþekja nær 10%. Birkilundir sem ekki ná þeim lágmörkum geta líka verið fræuppspretta og því er mikilvægt að hafa einnig upplýsingar um þá. Því leitum við til almennings um að aðstoða við þá skráningu ef einhverjir vita um litla birkilundi eða rekast á þá á ferðum sínum um landið. Einungis þarf að taka mynd af lundinum á símann sinn og passa að kveikt sé á staðsetningu (gps) þannig að hún komi fram í myndaupplýsingunum. Skráningarform hefur verið útbúið á vefnum (https://birkivist.is/utbreidsla-birkis/) þar sem hægt er að hlaða inn viðkomandi mynd og annað sem við á.

Við erum þakklát fyrir alla hjálp sem við fáum í þessu verkefni.

*Kristín Svavarsdóttir,*
*vistfræðingur hjá Landgræðslunni.*

RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS


Vorsi 22002 frá Vorsabæ.

# Ný naut til notkunar í september 2023


Guðmundur Jóhannesson
ráðunautur í nautgriparækt
mundi@rml.is

**Erfðamat er nú keyrt á um mánaðarfresti og í samræmi við það getur mat einstakra gripa tekið breytingum mjög ört miðað við það sem áður var.**

Breytingar milli keyrslna eru þó sjaldnast miklar og þau naut sem hafa verið í notkun undanfarin misseri hafa staðið við fyrra mat. Eigi að síður ákvað fagráð í nautgriparækt á fundi sínum í lok ágúst að gera breytingar á nautum í notkun. Þannig verða 19 naut í notkun næstu vikurnar í stað 17 áður. Úr notkun verða teknir Títan 17036, Tindur 19025 og Bersi 20004, en notkun þeirra hefur minnkað mikið. Þeirra í stað koma ung naut sem eru fædd 2022, naut sem eru mjög há í mati og miklar væntingar því gerðar til. Hér á eftir fer stutt umsögn um hvers megi vænta af þeim.


Hnallur 22008 frá Birtingaholti IV.


Ægir 22010 frá Hlemmiskeiði.

**Vorsi 22002** frá Vorsabæ í Landeyjum, faðir er Knöttur 16006 og móðurfaðir Skellur 11054. Samkvæmt erfðamati eiga dætur Vorsa að verða mjólkurlagnar kýr með hátt fituhlutfall í mjólk og próteinhlutfall nærri meðallagi. Júgurgerð um meðallag þar sem styrkurinn liggur í áberandi júgurbandi, spenar hæfilegir að stærð og mjaltir og skap úrvalsgott hvoru tveggja. Heildareinkunn 111.

**Svarfdal 22006** frá Göngustöðum í Svarfaðardal undan Tanna 15065 og móðurfaðir er Lögur 07047. Erfðamat Svarfdals segir að dætur hans verði í meðallagi mjólkurlagnar með hátt fituhlutfall í mjólk og próteinhlutfall nærri meðallagi. Júgurgerðin frábær með mikilli festu og þau mjög vel borin. Spenar væntanlega í grennri kantinum en ákaflega vel settir. Vænta má meðalgóðra mjalta og góðs skapar. Heildareinkunn 112.

**Hnallur 22008** frá Birtingaholti 4 í Hrunamannahreppi, faðir er Skírnir 16018 og móðurfaðir Dropi 10077. Erfðamatið gefur til kynna að dætur Hnalls verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk nærri meðallagi. Júgurgerð ætti að verða mjög góð, mikil festa og þau vel borin. Spenar verða í nettari kantinum, mjaltir og skap mjög gott hvoru tveggja. Heildareinkunn 111.

**Kajak 22009** frá Þorgautsstöðum í Hvítársíðu, faðir er Róður 16019 og móðurfaðir Bambi 08049. Samkvæmt erfðamati verða dætur Kajaks mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk í góðu meðallagi. Júgurgerðin ákaflega góð, mikil festa, áberandi júgurband og þau vel borin. Spenar fremur nettir en ákaflega vel settir. Mjaltir og skap mjög gott hvoru tveggja. Heildareinkunn 112.

**Ægir 22010** frá Hlemmiskeiði 2 á Skeiðum, undan Tanna 15065 og móðurfaðir er Stáli 14050. Erfðamat Ægis segir að dætur


Kajak 22009 frá Þorgautsstöðum.


Svarfdal 22006 frá Göngustöðum.

hans verði ákaflega mjólkurlagnar, fituhlutfall i mjólk í góðu meðallagi en próteinhlutfall aðeins neðan meðallags. Júgurgerðin góð, spenar í lengri kantinum hæfilegar þykkir og vel settir. Mjaltir mjög góðar og skapið í góðu meðallagi. Heildareinkunn 114.

*Naut í notkun áfram*

Í notkun verða áfram Kollur 18039, Skáldi, Simbi 19037, Kvóti 19042, Bússi 19066, Billi 20009, Marmari 20011, Hengill 20014, Banani 20017, Garpur 20044, Óðinn 21002, Hákon 21007, Kaldi 21020 og Pinni 21029.

Nú hillir undir að sett hafi verið í notkun öll þau naut sem áhugaverð eru til frekari notkunar úr nautaárgöngum 2018–2022.

Þetta eru naut sem voru keypt á grunni ætternis og fóru flest í dreifingu á sínum tíma sem ungnaut til afkvæmaprófana

Áður en til niðurstaðna þeirra kom var erfðamengisúrvali hleypt af stokkunum en eigi að síður munu öll þessi naut fá sína prófun í fyllingu tímans.

Nú fara hins vegar að koma til notkunar naut sem voru keypt á grunni erfðamats en það á við um yngstu nautin fædd 2022. Val nautanna fer þá fram um leið og þau koma í heiminn eða þegar erfðamat þeirra liggur fyrir. Þau koma því til notkunar gefi þau nægilegt og nógu gott sæði, nokkuð sem aldrei liggur fyrir fyrr en til á að taka.

*Hvatning til að nota sæðingar*

Það fjölbreytta úrval nauta sem nú stendur mönnum til boða ætti að verða öllum hvatning til þess að nota sæðingar sem allra mest og láta af notkun „spari"nautanna, þ.e. nautanna sem standa heima í fjósi og á að spara.

*Erfðaframfarir hjá dönskum kúabændum*

Í nýjasta tölublaði tímaritsins Dansk Holstein kemur fram að erfðaframfarir hafa skilað dönskum kúabændum 2 þús. dönskum kr. á kú á ári síðasta áratuginn samkvæmt úttekt SEGES – dönsku landbúnaðarráðgjafarinnar.

Þetta er nálægt 38 þús. ISK á kú á ári. Ef við heimfærum þessar tölur upp á íslenskar aðstæður og gefum okkur að erfðaframfarir hérlendis skili helmingi minna (sem þó er alls ekki víst vegna mun hærra mjólkurverðs hér) nemur þetta rétt tæpum 2 milljónum króna á ári fyrir meðalbúið.

Þetta segir mér að sú ákvörðun að leiða fram heimanautið er einhver sú alversta sem nokkur kúabóndi tekur á sinni búskapartíð. Þessa röngu ákvörðun taka margir bændur því miður oft og mörgum sinnum, ekki bara sjálfum sér til skaða heldur einnig ræktunarstarfinu og sæðingastarfseminni sem og þjóðfélaginu öllu.

*Þriðjungur undan heimanautum*

Það getur ekki gengið til langframa að um þriðjungur allra fæddra kálfa sé undan heimanautum og sá tími hlýtur að koma að spurt verði hvernig bændur hafi efni á því að slá hendinni á móti þeim fjármunum sem erfðaframfarir skila.

Hverju svörum við þá?

Er þetta ekki flott?




TGB
Play different
TGB Blade 600 LTX
100L kassi og hiti í handföngum



-561cc mótor 45 hestöfl
-Rafmagnsstýri
-spil 3000lbs
-4wd/2wd með drifslæsingum að framan
-Dráttarkrókur
-Hátt og lágt drif
-18l bensíntankur
-12" Alfelgur / 25" Kenda Bighorn
-T3b dráttavélarskráning
Fullt verð 2.065.890 m.vsk
Tilboð: 1.750.000kr m.vsk.
HRAUNHAF
www.hraunhaf.is / info@hraunhaf.is
696-5198 / 898-2663

Lífræn hreinsistöð






• Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
• Engir hreyfanlegir hlutir
• Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

wpl Diamond
IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi Sími 550 3000 Gsm 892 6000




Til sölu jörðin Gnúpufell í Eyjafjarðarsveit fasteignanúmer F215-8627 og landeignanúmer L152605.

Helstu upplýsingar
Gnúpufell er landmikil jörð með heimaland sem eru tæpir 600 hektarar, auk þess umtalsvert afréttarland. Jörðin er mjög áhugaverð fyrir margra hluta sakir.

Er með ágætum eldri húsakosti. Búið var mjög myndarlega á Gnúpufelli, m.a. var þar umtalsverð skógrækt. Í dag er jörðin ekki í ábúð en nytjuð.

Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson í síma 892 6000 eða magnus@fasteignamidstodin.is

Á FAGLEGUM NÓTUM

# Skotlandsferð ungra bænda

– síðari hluti

**Í sumar héldu nýútskrifaðir búfræðingar frá Hvanneyri í útskriftarferð og var ferðinni heitið til Skotlands. Ferðin, sem var vikulöng, náði til þriggja borga, skoska hálendisins og hinnar margrómuðu og heimsþekktu landbúnaðarsýningar Royal Highland Show sem fjallað var um í þarsíðasta tölublaði Bændablaðsins.**



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Þá var auk þess tekið hús á 5 bændum þar sem fræðst var um þarlendan landbúnað. Hér á eftir fer síðari hluti umfjöllunar um þessar bænda-heimsóknir en fyrri hlutinn birtist í síðasta tölublaði Bændablaðsins.

*Fjárhundaþjálfarar*

Ekki langt frá Aberdeen búa hjónin Michelle og Gary Bruce á búi sínu, Meikle Tillyeve. Þau eru sauðfjárbændur, með 650 ær, og eru þrautreyndir fjárhundaþjálfarar. Þau keyptu þetta bú fyrir nokkrum árum og vinna bæði fulla vinnu utan við búið líka, til að ná endum saman, en engir aðrir koma að vinnu á þessu búi. Gary sagði það nauðsynlegt enda hvorugt frá búinu og því þurftu þau að fjármagna kaupin með eigin fé og lánum með 8% föstum vöxtum. Þau væru með nokkuð þunga greiðslubyrði og því væru aukatekjur utan bús nauðsynlegar. Annars, ef bú af þessari stærð væri skuldlaust, væri ekki nauðsynlegt fyrir þau bæði að vinna utan bús, en í Skotlandi er oft miðað við að 4–500 ær geti staðið undir fullu starfi einstaklings afkomulega séð.

*Sýna, keppa og þjálfa*

Þau hjónin sýndu gestunum hundana sína en þau er bæði með ræktun á fjárhundum, þjálfa þá, halda námskeið í þjálfun fjárhunda og taka hunda í þjálfun líka. Gary sagði það alls ekki sjálfgefið að Border Collie hundur geti verið góður fjárhundur og stundum henti einstaklingarnir alls ekki til slíkrar vinnu. Hann sé þó fljótur að greina það og sagði m.a. að hann væri nýbúinn að taka tvo hunda í þjálfun frá öðrum sauðfjárbónda og að annar hundurinn væri ómögulegur fjárhundur. Hann yrði vafalítið góður sem gæludýr en ekki sem vinnuhundur á fjárbúi!

Gary og Michelle sýndu svo hvernig hundar eru notaðir á keppnum, en Gary keppir reglulega með hunda sína, þar sem þeir vinna með stjórnanda sínum að því að reka ær eftir ákveðinni þrautabraut sem og að skipta fjárhópnum upp eftir kúnstarinnar reglum. Það er mjög áhugavert að fylgjast með svona fagfólki þegar hundur og stjórnandi vinna sem ein heild.

*Láta bera inni*

Þó svo að ærnar geti verið úti allt árið, þá taka þau þær inn í sérstaka burðaraðstöðu þegar sá tími kemur. Þetta er fyrst og fremst vegna hættu á afföllum lamba vegna rándýra en á svæðinu eru bæði refir og svo friðað óðal greifingja en greifingjarnir, sem oft eru nokkrir saman á hverju óðali, fúlsa nú ekki við nýfæddum lömbum ef slíkt er í boði. Vegna þessa láta Michelle og Gary ærnar bera inni. Þau byrja á því að setja nýbærurnar í einstaklingsspil og eftir sólarhring fara þær í hópstíu með 20 öðrum nýbærum. Þegar þau meta það svo að lömbin séu nógu spræk og ærnar nógu sterkar til að verja lömbin, er viðkomandi hópur settur út.

Eins og hér að framan greinir eru þau með 650 ær en þær eru af mjög blönduðu kyni en þó í grunninn sauðfjárkynið Lleyn, sem á uppruna sinn að rekja til hins áberandi Llŷn skaga í Norðvestur-Wales. Þetta var annað sauðfjárbúið sem var heimsótt þar sem ekki var um neina hreinræktun að ræða heldur virðast bændur blanda saman margs konar kynjum í þeim tilgangi að hámarka afrakstur búa sinna. Að sögn Michelle þá leggja þau mesta áherslu á að kynbæta fyrir léttum burði og góðri frjósemi þegar þau horfa til ásetnings en sé ánum fyrst og fremst ætlað að framleiða lömb til slátrunar er það vaxtarhraði og þungi sem þau horfa til sem helstu eiginleika.

*Skiptibeit á fimm daga fresti*

Þau eru með ærnar og lömbin á sínum túnum allt árið, en þau eiga alls 50 hektara lands og leigja auk þess 60 hektara. Þetta land er nógu stórt fyrir alla hagagöngu auk fóðuröflunar búsins, enda geta þau beitt fénu stærstan hluta ársins og þurfa ekki fóður nema fyrir örfáa mánuði. Þau stunda skiptibeit á landi sínu en þau miða við að hvert hólf sé í notkun í 5 daga í senn og svo hvílt og hópurinn færður á næstu spildu. Þá er hið beitta stykki ruddaslegið og eftir aðstæðum þá er borinn á tilbúinn áburður. Svo er beitarstykkið hvílt í 2-3 vikur, eða lengri tíma ef endurvöxturinn er hægur, þar til ærnar koma inn á það aftur.

Þess má geta að rafmagnsgirðingin, sem notuð var til að skipta túnum Gary og Michelle niður í beitarhólf, var bara með þrjá strengi og höfðu íslensku gestirnir á orði að slíkur frágangur myndi ganga harla illa við að halda íslenskum kindum og lömbum þeirra í skefjum. Gary sagði að það væri búið að rækta slíkt strokueðli úr skoskum kindum fyrir áratugum síðan og þetta væri nákvæmlega ekkert vandamál!

*Standandi eða liggjandi bjórdós*

Aðspurður um mælingar á því hvenær spildurnar eru tilbúnar til beitar sagði Gary að það væri nú einföld aðferð sem hann notaði. Þegar grashæðin er til jafns við venjulega hálfslítra bjórdós er spildan tilbúin til beitar og þegar beitarhæðin er til jafns við liggjandi bjórdós þarf að færa ærnar á næstu spildu! Einfalt er það!



Marshall framleiðir alls konar vagna, m.a. með margs konar útfærslur á skítadreifurum. Mynd / Marshall Trailers





**Hópurinn fyrir framan ísgerðina.** Mynd / Helgi Fannar Gestsson

*2–2,5 milljónir fyrir hektarann*

Þau hjónin keyptu landið fyrir ekki löngu síðan og aðspurð um verð á heppilegu landi fyrir rekstur sauðfjárbús í Skotlandi sögðu þau að gott land eins og þeirra kosti þetta á bilinu 2-2,5 milljónir íslenskra króna á hektarann, 12-14.500 pund. Þau töluðu þó um að vaxtakjör á lánum væru ekki sérlega góð og því keyptu þau þó ekki nema 50 hektara og leigja 60 hektara. Algengt er að land sé leigt út í Skotlandi og sögðu þau að verðið færi eftir gæðum landsins og því hvað fylgdi landinu eins og t.d. aðgengi að vatni og/eða girðingum. En verðið sé þetta á bilinu 33.000–84.000 krónur á hektarann á ári, eða 195–495 pund á hektarann.

Ánum og lömbunum er beitt mjög þétt á hvert stykki og stærð hvers beitarstykkis er reiknað út svo það dugi í 5 daga, þ.e. stykkjunum er skipt upp með léttri rafmagnsgirðingu. Þau færa svo féð í næsta stykki eftir þessa fimm daga og svo koll af kolli. Þessi tíða færsla á fé er einmitt ein af ástæðum þess að þau hjónin eru með hunda með sér í vinnu, enda auðvelt fyrir einn mann að smala hundruðum kinda með því einu að vera með góðan fjárhund með sér.

*Slök frjósemi*

Eins og áður segir þá eru þau með blandað sauðfjárkyn og það ætti alla jafna að vera með góða frjósemi, eða í kringum 2,0 þ.e. 2 lömb að jafnaði eftir hvern burð. Í fyrra fór þetta hlutfall aftur á móti niður í 1,80 og í ár í 1,56. Lækkar sem sagt hratt og þau hafa af þessu eðlilega miklar áhyggjur.

Aðspurð sagði Michelle at þau haldi að um stein- eða snefilefnaskort sé að ræða og að verið sé að mæla blóðsýni ánna þessa dagana. Þau munu svo, í kjölfar mælinganna, bæta ánum upp mögulegan skort með því að blanda aukabætiefnum út í heilfóðrið sem þau gefa ánum.

*The Marshalls*

Næstsíðasta bændaheimsókn hópsins var til búsins Boghead Farm. Þetta er fjölskyldubú og á móti hópnum tók yngsta dóttirin á bænum, Shona Marshall. Afi hennar keypti búið á sínum tíma og þegar synir hans tveir komu inn í reksturinn fóru þeir, auk hefðbundins búreksturs, að sinna járnsmíðavinnu. Sú vinna vatt upp á sig og þegar þeir bræður tóku við rekstrinum ákváðu þeir að eiga landið saman en skipta upp rekstrinum þannig að Kenny, sem er faðir Shonu, tók yfir búreksturinn en Charles, hinn bróðirinn, tók yfir smiðjuna. Nú er búið svo komið í eigu Kenny, konu hans Moiru og þriggja dætra þeirra. Charles og hans fjölskylda eru aftur á móti með smiðjuna sem í dag er orðið mjög stórt fyrirtæki í smíði á alls konar vögnum og landbúnaðartækjum undir merkjum Marshalls.

*450 mjólkurkýr ekki nóg!*

Þegar Kenny og Moira tóku við búinu stækkuðu þau það ört og voru komin í 450 mjólkurkýr á tímabili. Erfið staða kúabúskapar í Skotlandi og lágt verð gerði það þó að verkum að þau fóru að leita að tækifærum til að afla frekari tekna. Búið er í einungis um hálftíma akstursfjarlægð frá borginni Aberdeen og þau ákváðu að byrja með sölu beint frá býli og reyna að ná til íbúanna í Aberdeen.

Til að byrja með var vöruframboðið mjög einfalt, egg og grænmeti, og var vörunum bara einfaldlega stillt upp við veginn og þar gátu viðskiptavinir afgreitt sig sjálfir og skilið eftir pening. Þetta vatt svo hægt og rólega upp á sig og fyrr en varði voru þau farin að selja alls konar landbúnaðarvörur. Þegar mjólkurverð til skoskra kúabúa féll hraustlega upp úr síðustu aldamótum ákváðu þau að hætta í mjólkurframleiðslu og veðja á ferðaþjónustuna og hættu með mjólkurkýrnar árið 2005. Þau seldu mjólkurkýrnar, en til að nýta landið fjárfestu þau í holdakúm í staðinn. Í dag eru þau með myndarlegt blandað bú sem samanstendur af 500 holdakúm, 1.000 ám, 3.000 varphænum og nokkrum svínum auk þess að reka gríðarlega stóra verslun með eigin kjötvinnslu og veitingastað. Vegna mikilla umsvifa starfa hjá þeim í dag tugir starfsmanna.

*Allar vörur úr nærumhverfinu*

Eins og áður segir er megin markhópur sölustarfseminnar íbúar stórborgarinnar Aberdeen og til þess að halda í ákveðin grunngildi þá var strax ákveðið að leggja höfuðáherslu á vörur úr nærumhverfi Marshall búsins. Þannig eigi neytendur að geta treyst því að vörurnar sem þarna eru seldar séu ekki með hátt sótspor vegna flutninga o.þ.h. og að með kaupum þá sé verið að styðja við framleiðslu í heimahéraði. Þau framleiða sem sagt ekki allar vörur sjálf heldur selja í umboðssölu fyrir ýmsa smáframleiðendur í nágrenninu. Shona sagði að þau miði við að þessar vörur séu framleiddar innan u.þ.b. 10 km radíuss frá búinu og er óhætt að fullyrða að vöruúrvalið var ótrúlega fjölbreytt miðað við þessa kröfu.

*Eigin kjötvinnsla*

Shona, sem er búfræðingur að mennt og með meistarapróf í landbúnaðarviðskiptafræði, sér um kjötvinnslu búsins en systurnar þrjár eru að taka við rekstrinum af foreldrum sínum og hafa skipt með sér verkum. Ein sér um matsölustaðinn, önnur um verslunina og Shona s.s. um kjötvinnsluna auk þess að sinna búskapnum. Shona, sem hafði í upphafi ekki reynslu í vinnslu á kjöti, ákvað að læra fagið og í Skotlandi er boðið upp á kjötvinnslunámskeið fyrir bændur sem hún fór á.

Svo fékk hún reynslumikla kjöt- iðnaðarmenn með sér í lið og svo var ekki annað að gera en að henda sér í djúpu laugina! Hún sagði að kjötvinnslan gengi í raun vonum framar en það taki þó tíma að vinna sér sess í hugum og hjörtum neytenda. Hún slátri ekki neinu sjálf heldur taki heim skrokkana og þar eru þeir unnir eftir kúnstarinnar reglum. Þau leggja eðlilega mikla áherslu á nautakjöt frá eigin búskap og láta allt hanga vel áður en það er unnið svo tryggt sé að allt kjöt sé einstaklega mjúkt undir tönn.

Þau senda gripi í slátrun í hverri viku, m.a. 3 nautgripum, og kostar slátrunin í heimtöku 160 pund, eða 27 þúsund krónur á hvern nautgrip. Fyrir heimtekin lömb borga þau 35 pund, eða 6.000 krónur. Kjötvinnslan framleiðir svo margs konar rétti sem eru svo seldir í kjötborði verslunarinnar. Það kom mjög á óvart að sjá hvað vöruúrvalið á kjötréttum var fjölbreytt í kjötborði Marshall búsins.

*Með bílalúgu*

Eins og áður segir er rekinn stór veitinga-staður í tengslum við ferðaþjónustuna og er alltaf mikið að gera þarna. Svo mikið að þau eru nú búin að koma upp bílalúgu og geta þannig þjónustað fólk sem er á hraðferð. Þar er bæði hægt að kaupa mat frá veitingastaðnum en einnig fá afhentar vörur beint úr versluninni. Líklega ekki mörg bú í heiminum sem eru með bílalúgu!

*Aberdeen Angus*

Það vakti athygli gestanna að holdakýrnar 500 eru ekki Aberdeen Angus, þrátt fyrir nálægð við einmitt Aberdeen. Shona sagði að skýringin væri nú einfaldlega sú að áður fyrr hefðu þau horft til mikillar vaxtargetu og því ekki verið í hreinræktun á gripum heldur með blandaða hjörð.

Nú, vegna áherslu búsins á einmitt tengingu við nærumhverfið og viðskiptavina frá Aberdeen, ætli



Séð heim að búinu Glasgowforest og ferðaþjónustu búsins sem kallast Forest Farm. Myndir / Snorri Sigurðsson



Hluti af fjölbreyttu vöruúrvali í verslun Marshall-búsins.



Kjötborð verslunar Marshall svignaði nánast undan vöruframborðinu. Hér sést þó einungis hluti þess.

þau að þoka bústofninum í átt að Aberdeen Angus. En þau telja að það muni efla enn frekar kjötvinnsluna og sölu á kjöti búsins.

### *Heimagerður lífrænt vottaður ís!*

Síðasta bændaheimsóknin í þessari ferð var svo á kúabúið Glasgoforest, sem er lífrænt vottað kúabú sem selur bæði drykkjarmjólk og heimagerðan ís beint frá býli. Búið er með 140 Holstein kýr og er í eigu bræðranna William og Angus Willis og fjölskyldna þeirra. William tók á móti hópnum og fór yfir reksturinn sem er í dag ansi umsvifamikill enda ísgerðin og mjólkursalan vinsæl meðal íbúa Aberdeen en búið er, líkt og Marshalls, skammt frá borginni.

### *Nánast 100% heimaaflað fóðurgras*

Eins og áður segir er búið með lífræna vottun og er markmið bræðranna að framleiða sem mest af mjólkinni með heimaöfluðu fóðri sem samanstendur af grasbeit, votheyi og heilskornu byggi og ertum. Þannig fá kýrnar nánast ekkert kjarnfóður á þessu búi og einungis kýr sem mjólka meira en 25 kg á dag fá 0,4 kg af kjarnfóðri fyrir hver kíló mjólkur sem þær mjólka umfram það. Vegna þessarar fóðrunar eru kýrnar nytlágar, miðað við að um Holstein kúakynið er að ræða, og er meðalnyt búsins ekki nema rétt um 6,5 tonn á kúna.

### *Mjólkar einu sinni á dag*

Á þessu svæði er hægt að beita kúnum í átta mánuði á ári og stillir William burð kúnna af miðað við að þær séu sem mest geldar á meðan hinni fjögurra mánaða innifóðrun stendur. Á þeim tíma er jafnframt dregið úr mjöltum og kýrnar einungis mjólkaðar einu sinni á dag. Þetta skýrir enn frekar hina lágu nyt kúnna enda þekkt að kýr sem einungis eru mjólkaðar einu sinni á dag mjólka mun minna en þær sem eru mjólkaðar tvisvar á dag, svo ekki sé nú talað um oftar en það.

### *Stýrir beitinni með snjallsímaforriti*

Til búsins heyra um 120 hektarar af landi og er stór hluti þess nýttur til beitar fyrir kýr og geldneyti.

William sagði að kýrnar fái nýtt beitarstykki á hverjum einasta degi og að hann notaði grasþéttnimæli til þess að ákvarða beitina.

Niðurstöður daglegra grasþéttnimælinga slái hann svo inn í snjallsímaforrit (App) sem metur sjálfkrafa fyrir hann beitargæðin og reiknar forritið út hvað beitin á að geta gefið mikið fóður af sér. Forritið reiknar svo út, miðað við gefnar forsendur Williams, hve stórt beitarstykki næsta dags eigi að vera. Hann færir svo til rafmagnsgirðingu í samræmi við leiðbeiningar forritsins!

### *Eingöngu með kyngreint sæði*

Aðspurður um sæðingar á búinu sagði William að hann þyrfti að fá um 40 kvígukálfa árlega, til að viðhalda stofninum, og til að framleiða þær sæddi hann 80 kýr með kyngreindu sæði. Um 50 þeirra festi fang við fyrstu sæðingu og þar sem kyngreint sæði er ekki 100% hreint þá gefur þessi fjöldi sæddra kúa nógu margar kvígur.

Kýrnar sem ekki halda í fyrstu sæðingu fái ekki annan möguleika og séu við næsta beiðsli sæddar með holdasæði eins og hinar sem ekki voru valdar í úrvalshópinn. Hann notar einnig einungis kyngreint holdasæði og þá auðvitað á höttunum eftir nautkálfum. Sagði hann að blendings nautkálfar af Holstein og góðu holdakyni væru seldir á fimmfalt hærra verði en hreinræktaðir nautkálfar af Holstein kyni. Það væri því mikill akkur í því að sæða kýrnar með kyngreindu holdasæði.

### *4% veltunnar opinber stuðningur*

Kúabúið framleiðir árlega um 800 tonn af mjólk og þar af fara um 600 tonn í afurðastöð en 200 tonn eru seld yfir í ferðaþjónustuhluta rekstursins. Að sögn William er velta búsins um 750 þúsund pund, eða um 128 milljónir króna, en af þessari upphæð er opinber stuðningur ekki nema 30 þúsund pund, eða um 4% af heildarveltu búsins. Sagði hann styrki og almenna fyrirgreiðslu hafa farið lækkandi undanfarin ár og muni lækka enn frekar á komandi árum. Í raun geri skoskir bændur ráð fyrir því að skoski landbúnaðurinn verði að fullu styrkjalaus innan örfárra ára.

### *30 starfsmenn*

Eins og áður segir er þetta bú með hliðarrekstur sem felst í því að selja drykkjarmjólk beint frá býli úr sérstökum sjálfsölum sem gerilsneyða mjólkina sjálfkrafa. Þá er í raun aðal hliðarreksturinn sérstök ísgerð sem þeir bræður hafa nú starfrækt í 6 ár.

William sagði að við allan reksturinn störfuðu í dag 30 manns en þar af væru einungis tveir sem kæmu nálægt kúabúskapnum. Allir hinir væru tengdir sölu- og framleiðslunni á ísnum enda hann orðinn mjög vinsæll. Þá rækju þeir bræður einnig nokkra ísbíla sem þeir staðsetja m.a. á mannamótum þar sem ísinn er afgreiddur beint til fólks. Allur hópurinn fékk svo að skoða ísgerðina og auðvitað að smakka og getur greinarhöfundur vottað það að ísinn var ljómandi góður og skal engan undra að hann sé orðinn vinsæll meðal íbúa Aberdeen og nágrennis.




Það eru ekki mörg sveitabýli í heiminum sem reka bílalúgubjónustu en Marshall-búið er a.m.k. eitt þeirra.

### *Selur lítrann á 238 krónur*

Þó svo að ísgerð búsins sé þessum hliðarrekstri mikilvægust þá er hin beina sala á mjólk einnig mjög vinsæl meðal viðskiptavina búsins og komu margir við meðan á heimsókn hópsins stóð og keyptu sér mjólk í eigin flöskur og brúsa. Hin beina mjólkur- og íssala veltir í dag meiru en kúabúið veltir og nemur árleg velta þessarar hliðarbúgreinar milljón pundum, eða um 170 milljónum íslenskra króna. William sagði að þetta væri í raun afar góður rekstur og að arðsemin væri góð enda eru þeir bræður ekkert að selja mjólkina sína í samkeppni við hefðbundna mjólk í verslunum.

Fólk sem kaupi mjólk beint af býli eigi að borga mun meira í samanburði við verðlag í verslunum, enda felast verðmæti í því að vita nákvæmlega um uppruna vörunnar sem eigi að borga aukalega fyrir. Þess vegna er lítrinn seldur á 1,4 pund, eða 238 krónur, þegar hann er keyptur beint af búinu, en til samanburðar er algengt verð á einum lítra af lífrænt vottaði mjólk 160–175 krónur í lágvöruverðsverslunum Skotlands.

Heimsóknin á þetta kúabú var eins og áður segir síðasta bændaheimsóknin í ferðinni sem voru hver annarri betri. Þessari viðburðaríku ferð lauk svo á Royal Highland Show, en þeirri sýningu var gerð góð skil í 14. tbl. Bændablaðsins nú í sumar.

Húsfélög - Verktakar - Sveitarfélög
miðbik.is
Framleiðsla á viðgerðarmalbiki og þjónusta
Upplýsingar á midbik.is – midbik@midbik.is

Led lýsing í allar Landbúnaðarbyggingar og Iðnaðarhúsnæði
Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.



KAUPLAND
www.kaupland.is
sími 8449484

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Námsleyfi grunnskólakennara og skólastjórnenda skólaárið 2024–2025

Stjórn Námsleyfasjóðs auglýsir eftir umsóknum um námsleyfi grunnskólakennara og stjórnenda grunnskóla skólaárið 2024–2025.

Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is. Umsóknir á öðru formi verða ekki teknar gildar. Ekki er tekið við viðbótargögnum og því verða allar upplýsingar að koma fram í umsókninni. Umsóknarfrestur er til og með 10. október 2023.

Umsækjandi sem æskir námsleyfis skal að lágmarki fullnægja eftirfarandi skilyrðum, sbr. reglur um Námsleyfasjóð:
a) Hafa, þegar sótt er um námsleyfi, gegnt starfi í 10 ár samtals við kennslu, ráðgjöf eða stjórnun í grunnskóla á Íslandi, í eigi minna en hálfu starfi, og verið samfellt í starfi sl. fjögur ár, enda hafi verið greitt fyrir umsækjanda í sjóðinn.
b) Vera fastráðinn starfsmaður sveitarfélags eða aðila sem stofnað er til með samstarfi sveitarfélaga og taka laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna grunnskólans.
c) Ljúka á námstímanum 60 ECTS eininga háskólanámi, eða jafngildu háskólanámi, miðað við 1/1 námsleyfi, og skal námið miða að því að nýtast viðkomandi í því starfi sem hann er ráðinn til að sinna.
Með umsókn þarf að berast staðfesting sveitarfélags/skólastjóra, eða eftir atvikum rekstraraðila skóla, um að skilyrðum a) og b) liðar hér að ofan sé uppfyllt á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Reglur um Námsleyfasjóð og viðmiðunarreglur um laun í námsleyfi er að finna á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga og eru umsækjendur hvattir til að kynna sér þær.

Við mat á umsóknum er haft til hliðsjónar hversu vel hún er rökstudd, hversu skýr markmið hennar eru, hvernig námið nýtist umsækjanda í núverandi starfi og stofnuninni sem hann vinnur hjá eða skólakerfinu í heild.

Stefnt er að því að svarbréf berist umsækjendum rafrænt á www.island.is eigi síðar en um miðjan desember 2023.

Nánari upplýsingar veitir Anna Ingadóttir í tölvupósti, á anna.ingadottir@samband.is

LESENDARÝNI

# Til í samtalið við bændur

**Ég fór á fund Bændasamtakanna á Selfossi á dögunum. Þetta var lokafundur í fundaröð undir yfirskriftinni: Tökum samtalið.**


Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Mér skildist að aðeins tveir þingmenn hafi komið til þessara funda, en var alveg sátt við að Viðreisn skuli hafa átt helming þeirra. Ég veit að grundvallarhugmyndir Viðreisnar um atvinnufrelsi og alþjóðasamvinnu hafa ekki í einu og öllu átt upp á pallborðið hjá öllum bændum.

Afstaða Viðreisnar er skýr um að við viljum sjá íslenskan landbúnað dafna og við höfum stutt þann fjárhagslega stuðning sem bændur njóta á fjárlögum. Við erum því sannarlega til í samtalið við bændur.

Umfram allt trúi ég því að hreinskilni sé betri í því samtali en gylliboð.

### Áhyggjur af afkomu

Það kom ekki á óvart að áhyggjur af afkomu bænda voru hinn þungi undirtónn. Vandinn er að hluta tímabundinn vegna stöðu efnahagsmála. En vandinn á líka kerfislegar rætur, bæði í landbúnaðarkerfinu sjálfu og peningakerfinu.

Einn fyrrverandi landbúnaðarráðherra, reyndar sá sem lengst hefur setið á þeim stóli á þessari öld, dró á fundinum upp mjög dökka mynd af framtíðinni. Að öllu óbreyttu gæti sú spá ræst.

Ég vil gjarnan taka þátt í samtali sem miðar að því að finna leiðir til að koma í veg fyrir að sú kolsvarta mynd verði að veruleika – og helst að samtalið verði þannig að markmið okkar um öflugan landbúnað verði sú mynd sem rætt er um.

Við ættum að geta komist að sameiginlegri niðurstöðu um þá þætti sem núverandi stefna er að stranda á og bændur finna rækilega fyrir. Svo er ég til í að rökræða mismunandi leiðir og hlusta á rök annarra.

Mig langar til að opna þetta samtal með því að varpa fram spurningum varðandi tvö atriði sem fram komu á fundinum.

### Fjármálaáætlun gerir ekki ráð fyrir auknum fjárframlögum

Formaður Bændasamtakanna greindi frá því að tólf milljarða króna vantaði inn í reksturinn. Hann sagði jafnframt að úrbætur fengjust ekki við endurskoðun búvörusamninga á þessu ári. Því yrði að leggja allt traust á nýja búvörusamninga eftir þrjú ár.

Mín spurning er þessi: Er raunhæft að stóla á meira svigrúm ríkissjóðs eftir þrjú ár?

Í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er ekki gert ráð fyrir auknum heildarframlögum. Við sjáum þannig að núverandi ríkisstjórnarflokkar hafa svarað spurningunni afdráttarlaust neitandi. Það er ekki gert ráð fyrir auknum fjárframlögum af hálfu ríkisstjórnarflokkanna þriggja.

Minn flokkur getur lofað einörðum stuðningi við að núverandi styrkir haldist að verðgildi. En það væri ómarktækt gylliboð ef ég gæfi undir fótinn með aukin útgjöld án samtalsins um nýjar hugmyndir og sóknarfæri fyrir landbúnaðinn. Slík pólitík er ekki heiðarleg og hjálpar engum, hvorki landbúnaðnum né öðrum.

Vandinn er fyrir hendi. Lausnin liggur ekki á borðinu. Mér sýnist því að samtal um hugmyndir sé nauðsynlegt.

### Kerfislegt óréttlæti

Ein leið er að kanna hvort unnt er að minnka kostnað. Formaður Bændasamtakanna upplýsti að vaxtahækkanir að undanförnu hafa aukið kostnað bænda um 5,5 milljarða króna. Vaxtahækkunin ein er helmingurinn af því sem vantar inn í reksturinn. Einnig hefur hann bent á að við stöndum frammi fyrir áskorun um hvernig við látum nýliðun í íslenskum landbúnaði raungerast. Þar vanti hagstæð lánakjör en fjármagnskostnaður sé þar verulega íþyngjandi þáttur.

Jafnvel ég, húsmóðir í Hafnarfirði og Ölfusinu, sé í hendi mér að það getur ekki gengið upp að greiða 40 krónur í vexti af hverjum mjólkurlítra sem framleiddur er. Það endar með ósköpum.

Að því kemur að vextir lækka aftur. Þeir verða hins vegar alltaf þrefalt hærri en hjá grannþjóðunum sem neytendur horfa til með verðsamanburð. Það sama gildir um bændur. Sú væntanlega staða gengur því heldur ekki upp. Sjávarútvegurinn sætti sig ekki við slíka samkeppnismismunun. Hann fékk því heimild stjórnvalda til að yfirgefa krónuna og tekur þar af leiðandi ekki þátt í þeim umfram kostnaði sem henni fylgir.

Með því er landbúnaðurinn kominn í þá stöðu að bera byrðar sem stórútflutningsatvinnugreinarnar sleppa við, sjávarútvegurinn, stóriðjan, Landsvirkjun, stærstu ferðaþjónustufyrirtækin og þekkingariðnaðurinn. Með landbúnaðinum í þessum báti eru heimilin og minni fyrirtæki. Þessi þungi vaxtakostnaður er þess vegna réttlætismál að leiðrétta.

### Mögulegar leiðir

Er það náttúrulögmál að leggja vaxtabyrðar á landbúnaðinn sem aðrar atvinnugreinar í landinu sleppa við? Mitt svar er nei.

Bændur vita að við viljum tryggja jafna aðstöðu allra með því að taka upp samkeppnishæfan gjaldmiðil. Ég þykist vita að almennt eru bændur ekki endilega sannfærðir. Þá er spurningin

- Eru aðrar leiðir færar?

Ég sé ekki fyrir mér ríkisstjórn sem snúa mun til baka og innleiða pólitíska ákvörðun vaxta. Eftir sex ár væru núverandi stjórnarflokkar búnir að því ef þeir teldu það fært.

Ég veit þó ekki um neinn stjórnmálaflokk sem vill ná jöfnuði með því að skerða samkeppnisstöðu helstu útflutningsgreinanna. Það væri eins og að taka fóðrið frá bestu mjólkurkúnni.

Við erum sammála um að ná þarf vaxtakostnaðinum niður. Ég er tilbúin að hlusta á aðrar hugmyndir en ég fer ekki ofan af því að mismuninn milli bænda og útvegsbænda er óréttlát og efnahagslega óhagkvæm bæði fyrir landbúnaðinn og íslenskt samfélag í heild.

### Tölum meira saman

Ég vildi þakka fyrir áhugaverðan fund á Selfossi og gott boð um að taka samtalið lengra með því að draga þessi afmörkuðu álitaefni fram strax í byrjun. Vonandi getum við í framhaldinu átt málefnalegt samtal um þau og málefni landbúnaðar í stærra samhengi. Orð eru til alls fyrst.

Stundum finnst mér að umræðan snúist bara um tvennt: Endalokin eða öflugasta landbúnað í heimi.

Er ekki rétt að byrja einhvers staðar þarna á milli?

***Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir,***
*formaður Viðreisnar.*

# Brókarvatn og borusveppir

**Eitthvað var það. Jafnvel eitthvað áhugavert. En um leið og ég settist niður til að skrifa gleymdi ég því auðvitað samstundis.**


Kristján Friðbertsson.

Þið sýnið mér vonandi smá þolinmæði meðan ég reyni að rifja þetta upp. Smá biðlund í Billund, ef þið eruð að lesa þetta þar.

### Bensín: rokgjarnara en Stórhöfði?

Hvað gæti ég hafa lesið nýlega? Jú, gluggaði loks í hina frægu bók Kama Sutra um daginn. Aldeilis hvað ég brann fyrir efninu, nánast frá fyrstu málsgrein. Þetta var reyndar á sérlega sólríkum degi í Portúgal, svo kannski var það bara þess vegna sem ég brann. Gleymdi mér við lesturinn og sólvörnin mætti því afgangi. Engu að síður alveg funheitt efni. Líklega engin tilviljun að bálfarir og bólfarir tengist oft, svona séð yfir aldirnar. Oftar þó í öfugri stafrófsröð held ég.

Hvað annað var ég að gera nýlega? Fyrir skömmu notaði ég vaskafót til að vaska föt. Föt sem við setjum í fatahengi, líkt og samlíkingar í samhengi. En það hafði ég ekki gert lengi, þó rétt samhengi sé auðvitað lykilatriði.

Keyrði líka framhjá Brókarvatni á Vesturlandi. Það man ég vel, enda leiddi það huga minn beint í þverfaglegar hugsanir. Sjálfsagt mætti nýta brókarvatn til að slökkva áðurnefnd bál, sé fyrir því vissa að manneskjan sem um ræðir verði ekki við það alveg bálreið.

Ekkert af þessu ætlaði ég þó að miðla til ykkar, en nú man ég loksins hvað það var.

### Búsetumál

Nýlega komst ég að því að íbúafjöldi við mína reykvísku götu er margfalt


Hnúðmyndanir í blómum burnirótar. Mynd / Kristján Friðbertsson.


Smásjármynd af Aceria rhodiolae. Mynd / Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir

meiri en ég hélt. Stór hluti þeirra reyndist ekki einu sinni skráður í Þjóðskrá. Heilu hóparnir virðast geta búið hér án þess að mikið beri á og komist algerlega hjá því að vera til í opinberum gögnum. Þetta kom mér á óvart.

Satt að segja hef ég enga hugmynd hvaðan þau komu né hve lengi þau eru búin að vera hér, en skv. mínum heimildum er þetta víst nokkuð algengt. Mikilvægt er að taka fram að sjálfsagt eru þau ekki viðriðin neitt ólöglegt eða gruggugt.

Þegar maður kemst að einhverju svona grunar mann þó auðvitað ýmislegt. Hvað með sameiginlegu sjóðina? Fyrst þau eru ekki til í opinberum gögnum, borga þau væntanlega enga skatta né gjöld til ríkis og sveitarfélaga, eða hvað?

Sjálfsagt var þetta lengi augljóst þeim sem vissu af, en ég hafði ekki tekið eftir neinu fyrr en mér var bent á þetta. Kona sem býr á Akureyri hafði vitneskju um málið og mér til lukku var hún svo almennileg að deila þessu með mér. Svo kom bruninn.

### Bruni eða íkveikja?

Hundruð íbúa sáust inni í bruna! Sem betur fer var ekki um íkveikju að ræða. Það skýrðist fljótt þegar ljóst varð að þessi bruni var víst innsláttarvilla. Burnirót átti þarna að standa. Burnirót (Rhodiola/Sedum rosea) kannist þið örugglega flest við. Hún vex víða um land og er bæði falleg og gagnleg.

Oft búa hins vegar á henni heilu hóparnir af agnarsmáum langmítlum af tegundinni Aceria rhodiolae. Stundum kallaðir hnúðmaurar. Þótt orðið „agnarsmáir“ beri með sér að þeir séu svipaðir að stærð og Agnar, sjást þessir einungis með smásjá. Nærast á plöntusafanum og gera okkur ekkert mein. Eru meira að segja sérhæfðir á burnirót og hafa engan áhuga á öðrum tegundum. Enn eitt dæmið um „sérfræðinga að sunnan“?

Fyrir tæpum sextíu árum sungu bítlarnir „Ticket to Ride“, en til lengri ferðalaga húkka mítlarnir miðalaust far t.d. með flugum. Flugurnar leita í blómin og því setjast þeir oft að þar. Þeir láta svo plöntuna sjálfa um að byggja fyrir sig híbýli, með því að sprauta efni í plöntuvefinn sem orsakar hnúðmyndun. Plönturnar bíða sjaldnast nokkurn skaða af veru mítlanna. Þegar hnúðar myndast á sjálfum blómunum getur það þó dregið úr sjálfsáningarhæfni plöntunnar. Mennskir neytendur burnirótar mættu hafa í huga að magn annars af tveim virkum efnum í plöntunni (salidroside) getur helmingast, séu mítlarnir til staðar.

### Ekki nógu frægir

Burnirótin er ekki ein um slíka ábúendur. Svipaða mítla má t.d. finna á grasvíði/smjörlaufi (Salix herbacea) og sjást ummerkin þar líka einna helst í kringum blóm eða nærliggjandi blöð. Hafið endilega augun opin í náttúrunni. Flestir taka eflaust ekki eftir neinu óvanalegu, en einhverjir hafa séð mun og velt þessu fyrir sér. Af því mítlarnir eru lítt þekktir meðal almennings hérlendis og sjást ekki utan smásjár, er ekki skrýtið að fólki detti í hug sveppasýking.

Það er einmitt þess vegna sem sýni rata til konunnar á Akureyri. Sveppafræðingsins Guðríðar Gyðu Eyjólfsdóttur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Hún sá fljótt að engin ummerki um sveppi voru til staðar. Í þröngu samhengi fannst ekkert, en af því hún hefur augun og hugann opin, sá hún hins vegar umrædda mítla.

### Rétt samhengi

Hafi einhver gefist upp á miðri leið, heldur viðkomandi kannski að eitthvað vandræðafólk hafi komið sér fyrir við götuna mína. Þið sem lásuð áfram fenguð heildarmyndina. Alla söguna um burnirótina og íbúa hennar í réttu samhengi. Sveppafræðingar eru ekki eina fólkið sem þurfa að skoða hlutina nánar til að komast að hinu sanna. Við eigum jú til að lesa bara fyrirsagnir og jafnvel fyllast „réttlátri reiði“ án þess að kynna okkur málið betur. Í réttu samhengi. Fréttum kannski ekki af hinu rétta fyrr en miklu seinna. Jafnvel eftir að hafa sagt eða gert eitthvað sem við hefðum betur sleppt.

### Borusveppir og rassblöðkur

Ekki er hægt að ljúka grein um mítlana án þess að minnast á rassblöðkurnar. Þeir eru með fjóra fætur á framenda og tvær blöðkur á afturenda, takk fyrir. Vafalítið notaðar til að losa sig sem hraðast við óvelkomna lykt.

En hvað var annars með þessa borusveppi? Hvað er borusveppur? Borusveppir brjóta niður dauðan við og mynda sumir seig, fjölær aldin með áberandi lykt, sem mynda árlega nýtt borulag. Við greiningu getur útlitið, ekki síður en borustærðin, hjálpað til. Greiningar og annar sveppafróðleikur er nokkuð sem áðurnefnd Guðríður Gyða er einmitt óþreytandi í að fræða landann um og á hún hinar mestu þakkir skildar fyrir. Fyrir alla sem vilja fræðast meira er því rétt að nefna í lokin Facebook-hópinn hennar, en hann heitir: Funga Íslands – sveppir ætir eður ei. */Kristján Friðbertsson*

RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS



Um þessar mundir fara fram hin árlegu samræminganámskeið fyrir sauðfjárdómara. Eitt af áhersluatriðunum á námskeiðunum er að fylgja eftir uppfærslu á dómstiganum.

# Sauðfjárdómar og forystufé

## – Uppfærsla á dómstiganum samþykkt í fagráði

**Eyþór Einarsson**
ráðunautur búfjárræktar- og þjónustusviðs
ee@rml.is



**Fagráð í sauðfjárrækt samþykkti tvær breytingar á dómstiganum sem notaður er við lambadóma, nú í ágúst. Annars vegar er um að ræða breytingar á viðmiðum fyrir einkunn fyrir bak og hins vegar eru það breytingar á dómum fyrir ull.**

Þegar hrútum er gefin einkunn fyrir bak er haft til hliðsjónar kröfur um vöðvaþykkt, fitu og lögun bakvöðva auk þess sem tekið er tillit til þroska gripsins. Á síðustu árum hafa orðið talsverðar framfarir í þykkt bakvöðva. Var því orðin nokkur samþjöppun í einkunnum fyrir bak þar sem algengasta einkunnin er 9,0. Ákveðið hefur því verið að auka kröfurnar um 2 mm fyrir hverja einkunn dómstigans fyrir bak.

Einnig var ákveðið að gera þá breytingu að fyrir hæstu bakeinkunnir eru nú gerðar meiri kröfur um lágmarksfitu og kröfur um hámarksfitu rýmkaðar, en viðmiðið er nú að 45 kg lambhrútur hafi 2 til 4 mm þykka fitu yfir bakvöðvanum til að hljóta hæstu einkunnir (9,0 eða hærra).

Hin breytingin sem gerð var á dómstiganum er meiri grundvallarbreyting. Það er gagnvart ullinni, en nú var það skref stigið til fulls að aftengja lit kindarinnar ullardómnum. Hingað til hafa aðeins hreinhvítar kindur geta fengið hæstu einkunnir fyrir ull.

Áherslan fer því alfarið á ullargæðin og ullarmagnið og reynt að ná betur fram breytileika innan hvers litar. Vonast er til þess að með þessari breytingu færist þetta ullarmat nær því að ná utan um eðlisgæði ullarinnar. Breytingin ætti að skapa betri grundvöll til þess að nýta þessa einkunn í framtíðinni til að reikna kynbótamat fyrir ull.

Breytingar þessar munu væntanlega hafa þau áhrif, að væg gengisfelling verður á hrútadómunum þar sem kröfur um vöðvaþykkt hafa aukist. Þá ætti ekki lengur að vera þörf fyrir það á hrútasýningum að hafa sérstaka flokka fyrir mislitt fé.

Drög að ræktunarmarkmiðum fyrir forystufé og dómstigi fyrir þann merkisfjárstofn hafa legið fyrir í nokkurn tíma og mönnum gefist kostur á að gera athugasemdir áður en þetta plagg yrði afgreitt af fagráði. Í sumar voru þessi ræktunarmarkmið yfirfarin og hafa nú verið samþykkt af fagráðinu. Þeir sem standa fyrir hrútasýningum á komandi hausti eru hvattir til þess að bjóða upp á sérstakan flokk fyrir forystufé sem vonandi myndi auka áhuga á forystufénu og hlúa að varðveislu þess og ræktun.

Á heimasíðu RML má nálgast uppfærðan dómstiga fyrri lambadóma og endanlega útgáfu af ræktunarmarkmiðum og dómstiga fyrir forystuféð.

| Einkunn | Þykkt (mm | Fita (mm) | Lögun | Annað |
|---|---|---|---|---|
| 10 | Meira en 3 | 2 - 4 mm | 5 | |
| 9,5 | 36-39 | 2 - 4 mm | ≥ 4,5 | Frábært átak, mjög breitt bak |
| 9 | 32-35 | 2 – 4 mm | ≥ 4 | Mjög gott átak, breitt bak |
| 8,5 | 29-31 | | ≥ 3,5 | Gott átak, háþorn og þverþorn finnast ekki |
| 8 | 27-28 | | ≥ 3 | Finnst fyrir háþornum og þverþornum |
| 7,5 | 25-26 | | | Háþorn og þverþorn finnast greinilega |
| 7 | 21-24 | | | Áberandi gallar, lélegt sláturlamb |
| 6,5 | Minna en 21 | | | |

Viðmið sem fylgja dómstiganum sem notaður er við lambadóma hafa verið uppfærð. Þessi viðmið hafa dómarar til hliðsjónar þegar einkunn fyrir bak er gefin.

Á FAGLEGUM NÓTUM

# Línubrjótar með ARR/x arfgerð

## – Hvað á að verða um þá?

**Vangaveltur hafa vaknað varðandi það hvernig eigi að bregðast við ef línubrjótar reynast vera af ARR/x arfgerð.**

Það er niðurstaða Matvælastofnunar að túlka megi 1. mgr 25. gr. laga nr 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim á þann veg að heimild stofnunarinnar til að leyfa flutning á kynbótagripum yfir varnarlínur geti einnig náð til línubrjóta með ARR-arfgerð.

**Haust og vetur 2023-24 gildir:**

Þegar um línubrjóta er að ræða skal allt fullorðið fé sent til slátrunar eða aflífað, utan sláturtíðar. Ef um lömb er að ræða sem eru með **staðfesta ARR arfgerð** fá þau að lifa svo lengi sem ekki er um að ræða heimflutning af garnaveikisvæði yfir á svæði þar sem ekki er bólusett við garnaveiki. Matvælastofnun getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði við sérstakar aðstæður.

Þetta þýðir að þegar línubrjótar koma fram í haustréttum, ber fjallskilastjóra að hafa samband við eigendur. Ef viðkomandi eigandi getur sýnt fram á (í Fjárvís) að lömb séu af ARR-arfgerð gefst honum þar með kostur á að sækja um undanþágu til Matvælastofnunar til að fá að sækja þessi lömb og setja þau á til lífs.

Það þarf að vera tryggt að umrædd lömb séu þá geymd í réttinni, fóðruð og þeim brynnt uns eigandi getur sótt þau að fengnu leyfi Matvælastofnunar. Sækja skal lömbin eins fljótt og hægt er.

*Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir*, *sérgreinadýralæknir nautgripa og sauðfjár hjá Matvælastofnun*

STRAUTMANN STÆÐUSKERAR
Þýsk gæði og áreiðanleiki




Vinnslubreidd: 2,0m
Dýpt á kubbi: 1,2m
Verð kr. 1.935.000 án vsk.
Kr. 2.399.400 m/vsk

VINNUVÉLAR & ÁSAFL
Völuteig 4 - 270 Mosfellsbær
www.vinnuvelarehf.is - S: 496 4400

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi Sími 550 3000 Gsm 892 6000



Til sölu Garðyrkjubýlið Reykás
Reykás stendur á um fjögurra hektara landi, úr jörðinni Götu Hrunamannahreppi.
Lausleg lýsing
Hér um að ræða stóra garðyrkjustöð í fullum rekstri, húsakostur rúmlega 5000 fermetrar að stærð, með stækkunarmöguleikum, staðsett á um fjögurra hektara eignarlandi. Aðgangur að borholu með heitu vatni.
Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson í síma 892 6000 eða magnus@fasteignamidstodin.is

MYKJULÓN
Hagkvæm geymsla verðmæta
Mykjulón eru hagkvæm og afturkræf aðferð við geymslu á húsdýraáburði sem gerir bændum kleift að hámarka verðmæti áburðarefna og uppfylla kröfur um geymslu búfjáráburðar. Mykjulón eru styrkhæf framkvæmd.
Verðdæmi:

| 1.000m³ | 1.500m³ | 2.000m³ |
|---|---|---|
| 2.800.000 án vsk. | 3.500.000 án vsk. | 4.300.000 án vsk. |
| Kr. 3.472.000 m/vsk | Kr. 4.340.000 m/vsk | Kr. 5.332.000 m/vsk |



VINNUVÉLAR & ÁSAFL
Völuteig 4 - 270 Mosfellsbær
www.vinnuvelarehf.is - S: 496 4400

LESENDARÝNI

# Landsbyggðin lifi

**Samtökin Landsbyggðin lifi voru stofnuð formlega árið 2001 sem íslenski armur samtakanna Hela Norden Ska Leva (HNSL) og eru því orðin 22 ára gömul.**

Markmið samtakanna er að mynda sterk heildarsamtök til að vinna að hagsmunum landsbyggðarinnar og tengja saman einstaklinga og hvers konar óháð áhugamannafélög sem vilja efla heimabyggð sína bæði efnahagslega sem og menningarlega. Aðilar að samtökunum Landsbyggðin lifi eru því framfarafélög og einstaklingar um land allt.

Landsbyggðin lifi er einnig í samstarfi með ERCA (European Rural Community Alliance) sem eru samtök dreifbýlis í Evrópu. Markmið Evrópusamtakanna eru einmitt líka að efla evrópska landsbyggð með samvinnu og jafningjafræðslu og -stuðningi; að efna til umræðu um framtíð strjálbýlis og þróun þess og ekki síst að hafa áhrif á opinbera stefnumótun, bæði hjá Evrópusambandinu sem og á landsvísu. Samtökin leitast við að koma á sambandi og samstarfi milli staðbundinna félagasamtaka, byggja á þeim styrkleikum sem eru nú þegar til staðar og efla enn frekar.

Landsbyggðin lifi tekur þátt í samstarfsverkefnum með öðrum dreifbýlissvæðum í Evrópu, m.a. á Spáni, í Lettlandi og í Frakklandi. Með sambærilegum verkefnum á þremur ólíkum stöðum í Evrópu er leitast við að miðla þekkingu, efla sjálfbærni, skiptast á reynslu, sem og að endurheimta menningu íbúa viðkomandi svæðis í því augnamiði að efla stolt og ábyrgð gagnvart svæðinu.



Fiðrildaverkefnið, Lands of Butterflies, skoðar áhrif kvenna á verkmenningu og óáþreifanlega menningu á tveimur svæðum, í Santo Adriano í Asturias á Spáni og á Kópaskeri og nágrenni á Íslandi. Þriðji aðilinn er franska götulistafélagið Groupe ToNNE, sem stendur fyrir listasmiðjum á þessum stöðum, sem og í Frakklandi. Verkefnið Our Civic Heritage er samvinnuverkefni tíu samtaka í átta löndum og leitast við að efla sameiginleg evrópsk gildi og glæða þekkingu og hæfileika íbúa til að taka þátt í samfélaginu, sem forsendu fyrir heilbrigðu lýðræði. Þátttökulöndin eru Holland, Írland, Bretland, Búlgaría, Rúmenía, Spánn, Ítalía og Ísland.

Það er undir okkur íbúum sjálfum komið hversu vel tekst til með verkefnin, því þátttaka okkar er forsenda fyrir velgengni. Samtökin eru ópólitísk og ávallt opin nýju fólki.

Möguleikarnir eru líka margir, eins og verkefni um sjálfbæra þróun, lífræna ræktun, hamprækt og hvað sem okkur dettur í hug sem gæti eflt landsbyggðina.

Framtíðarsýn okkar greinarhöfunda er að fólk vilji búa í frelsi og ala upp afkomendur sína nær náttúrunni. Það er svo dýrmætt að geta ræktað eigið grænmeti og gott fyrir börn að læra að vera sjálfbær. Svo má jafnvel vera með hænur eða önnur dýr í bakgarðinum. Hver veit hvenær næsti heimsfaraldur skellur á og þá er gott að vera sem mest sjálfbær. Auk þess hlýtur fólk að þreytast á umferðarteppum og mengun og vilja einfalda líf sitt. Því eru næg tækifæri fyrir landsbyggðina, hvort sem er í litlum eða stórum bújörðum, í dreifbýli eða bæjum allan hringinn á landinu okkar.

Landsbyggðin lifi verður með málþing að loknum aðalfundi samtakanna í Sláturhúsinu „menningarsetri“ á Egilsstöðum 30. september. Á málþingið koma frumkvöðlar í alls kyns nytjaræktun frá Norður- og Austurlandi. Við hvetjum sem flesta áhugamenn landsbyggðarinnar til að mæta og taka þátt í að koma af stað bylgju í sjálfbærni hringinn í kringum landið. Aðgangur er öllum opinn og ókeypis. Fylgist með á Facebook-síðu samtakanna, Landsbyggdin lifi - Farsæld til framtíðar. Heimasíða samtakanna er landlif.is, einnig er hægt að hafa samband á netfangið landlif@landlif.is.

*Hildur Þórðardóttir,*
*Sigríður B. Svavarsdóttir*

# Áhættumatið og fjárhagslegur ávinningur

**Í fréttatilkynningu Hafrannsóknastofnunar og grein Ragnars Jóhannssonar, rannsóknastjóra fiskeldis hjá stofnuninni, í Bændablaðinu hinn 9. mars kemur m.a. eftirfarandi fram: „*Valdimar sakar meðal annars Hafrannsóknastofnun um að ganga erinda erlendra fyrirtækja í þeim tilgangi að tryggja íslenskum fulltrúum þeirra mikinn fjárhagslegan ávinning.*“**



Valdimar Ingi Gunnarsson.

Í þessu samhengi er eitt víst að öll vinna er tengist undirbúningi og breytingum á lögum um fiskeldi og útgáfu reglugerða hefur gengið út á að vinna að sérhagsmunum laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila:

- Koma á tæknilegum hindrunum til að halda eldissvæðum
- lágmarka umhverfiskostnað
- hámarka framleiðsluheimildir
- hámarka arðinn.

Þannig ná miklum fjárhagslegum ávinningi á kostnað íslenskra hagsmuna og umhverfismála eins og tekið hefur verið fyrir í fjölmörgum skýrslum og greinum höfundar sem hægt er að sækja á lagareldi.is og sjavarutvegur.is.

*Halda svæðum*

Þáverandi stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða, sem voru búnir að koma leyfisveitingarkerfinu í uppnám, með um 70% eldissvæða, létu skipa sig í starfshóp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem fékk það verkefni að gera opinbera stefnumótun fyrir fiskeldi á árinu 2017. Áhættumat erfðablöndunar setti takmarkanir á eldi á frjóum laxi. Eitt af verkefnum þeirra var því að koma á tæknilegum hindrunum sem fólst í eldi á ófrjóum laxi til að tryggja að þeir gætu haldið eldissvæðum jafnvel án þess að nýta þau í fjölmörg ár eða greiða af þeim auðlindagjald.

Fjölmargir aðilar gerðu athugasemdir við fiskeldisfrumvarpið á árunum 2018 og 2019, m.a. Matvælastofnun, og bentu á að eldi á ófrjóum laxi væri ekki tímabært. Það hefur vakið athygli að Hafrannsóknastofnun gerði enga athugasemd /ábendingar við meðferð málsins á Alþingi Íslendinga. Nú, sex árum seinna, er eldi á frjóum laxi á tilraunastigi. Í skýrslu starfshóps um strok úr sjókvíum, sem var skipaður af matvælaráðherra, sem gefin var út í júní á þessu ári, kemur m.a. fram að líkur eru taldar á að eldi á ófrjóum laxi verði raunhæfar innan ca 10 ára.

Hafrannsóknastofnun hafði fulltrúa í þessum starfshópi en stofnunin var áður búin að benda á í sinni áhættumatsskýrslu frá 2017 að unnt væri að ala ófrjóan lax þegar heimildir til eldis á ófrjóum laxi skorti. Það geta því liðið rúm fimmtán ár frá því að Hafrannsóknastofnun lagði til eldi á ófrjóum laxi þar til það getur hugsanlega raungerst.

Óraunhæft eldi á ófrjóum laxi var alltaf ætlað til þess að laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila gætu haldið sínum eldissvæðum og breytt úr eldi á ófrjóum laxi yfir í eldi á frjóum laxi eftir því sem áhættumat erfðablöndunar eykur framleiðsluheimildirnar.

*Lágmarka umhverfiskostnað*

Málið hefur snúist um að halda umhverfiskostnaði í lágmarki og ná þannig sem mestum fjárhagslegum ávinningi fyrir laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila:

**Slysasleppingar:** Í Noregi þarf atvinnugreinin að greiða kostnað við að fjarlægja eldislax úr veiðiám. Hafrannsóknastofnun hefur unnið á móti því að þessi leið verði farin á Íslandi, þannig lagt til að lög um umhverfisábyrgð verði brotin sem hefur dregið úr kostnaði laxeldisfyrirtækja. Nú er þetta mál í endurskoðun og hefur komið fram vilji hjá sumum stjórnmálamönnum að fylgja norsku leiðinni.

**Laxalús:** Í Noregi eru miklar kröfur um að vakta og halda tíðni laxalúsar á villtum laxfiskum í lágmarki. Hafrannsóknastofnun lagði samskonar aðgerðir ekki til þegar stefnumótunin í fiskeldi átti sér stað og við meðferð málsins á Alþingi Íslendinga en þessi mál eru nú til endurskoðunar.



Ósasvæði Bakkadalsár í Arnarfirði.

**Heilbrigðismál:** Í Noregi er búið að koma á framleiðslusvæðum, með takmörkuðum flutningi á eldisfiski á milli strandsvæða og þar eru einnig meiri kröfur um flutningsbúnað fyrir lifandi fisk með tilheyrandi kostnaði til að draga úr líkum á dreifingu sjúkdóma. Hafrannsóknastofnun kom ekki með neinar tillögur um mótvægisaðgerðir við meðferð málsins á Alþingi Íslendinga.

Niðurstaðan er að heilbrigðismál laxeldis þurfa verulegrar endurskoðunar sem nú er í vinnslu.

Allar þessar tillögur kom íslenskt laxeldisfyrirtæki með í sínu umhverfismati á árinu 2016 að norskri fyrirmynd með höfund sem ráðgefandi aðila. Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar veittu umsögn í umhverfismatinu en tóku ekki undir tillögurnar.

*Hámarka framleiðsluheimildirnar*

Við endurskoðun á áhættumatinu á árinu 2020 voru gerðar nokkrar breytingar á forsendum til að hægt væri að auka framleiðsluheimildir á frjóum laxi enda var mikil pressa á að það væri gert og miklir fjárhagslegir hagsmunir undir í formi verðmætari eldisleyfa.

Í reiknilíkani áhættumats erfðablöndunar voru m.a. notaðar rangar forsendur við umbreytingu úr framleiðslu í hámarks heimilaðs lífmassa. Við það jukust framleiðsluheimildirnar á frjóum laxi u.þ.b. 30%.

Forsendur í líkani áhættumats erfðablöndunar eru ekki byggðar á traustum grunni og í skýrslu Ríkisendurskoðunar er m.a. bent á að „þrátt fyrir að Hafrannsóknastofnun hafi talið að nákvæmari gögn þyrfti þá breyttist áhættumatið töluvert til aukningar við endurskoðun þess árið 2020“.

*Hámarka arðinn*

Stefnumótun í fiskeldi á árinu 2017 sem áhættumat erfðablöndunar var hluti af því sem snerist fyrst og fremst um að hámarka arðinn hjá erlendum fjárfestum og íslenskum fulltrúum þeirra. Eldisleyfin eru og hafa alltaf verið verðmætin sem arðurinn byggist að mestu á.

Að vísu hefur markaðsverð á laxi verið í hæstu hæðum sem hefur einnig gefið mikinn ávinning og markaðssérfræðingar telja að þannig geti það verið áfram á allra næstu árum.

Gróft mat á verðmætum eldisleyfa hjá Arnarlaxi í lok síðasta árs voru rúmir 30 milljarða króna, tæpir 20 milljarða hjá Arctic Fish og mun lægra hjá Fiskeldi Austfjarða, en gengið hafði lækkað mikið í kjölfarið á miklu tjóni vegna sjúkdóma.

*Að lokum*

Í grein rannsóknastjórans kemur fram að „með því að gera ekki ráð fyrir litlu veiðiánum í áhættumati erfðablöndunar var hægt að úthluta Kjartani Ólafssyni, stjórnarformanni Arnarlax og fulltrúa í stefnumótunarhópunum, nægilegum framleiðsluheimildum á sunnanverðum Vestfjörðum“.

Það er athyglisvert að Ragnar Jóhannsson, opinber starfsmaður, nefnir Kjartan á nafn en hann var einn af þeim sem voru í starfshópi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi þar sem leiðin var vörðuð í opinberri stefnumótun, sjálfum sér og sínu fyrirtæki til fjárhagslegs ávinnings á kostnað annarra. Það sem átti að vera stefnumótun stjórnvalda varð að stefnumótun sérhagsmuna laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila.

Af fræðimönnum kallast þessi aðferðafræði að „fanga ríkisvaldið“. Kjartan fékk m.a. lán frá SalMar, meirihlutaeiganda í Arnarlaxi, til kaupa á hlutabréfum félagsins og hefur hagnast um milljarða króna. Þar hafa framleiðsluheimildirnar á frjóum laxi, sem m.a rannsóknastjórinn hefur lagt til verði úthlutað í gegnum áhættumat erfðablöndunar, gegnt stóru hlutverki.

Höfundur hefur allt frá árinu 2019 farið fram á að gerð verði opinber rannsókn vegna vinnubragða sem voru viðhöfð við undirbúning og gerð laga um fiskeldi og því hefur verið svarað með því að svara engu.

*Valdimar Ingi Gunnarsson*
*sjávarútvegsfræðingur*

# Skógrækt í viðkvæmri náttúru Íslands

**Samtökin Landvernd og Vinir íslenskrar náttúru (natturuvinir.is) stóðu fyrir nokkru síðan að netfundi þar sem yfirmaður baráttunnar gegn villibarri á Nýja-Sjálandi ræddi mikilvægi þess að útrýma barrtrjám utan sérstakra ræktunarsvæða.**


Andrés Arnalds.

Bændablaðið (SÁ-20. júlí) gerði þessu efni góð skil á grunni traustra heimilda, en þar birtust jafnframt viðhorf til skógræktar hér á landi sem varð tilefni þessa pistils.

### *Ábyrgð og ágengar tegundir*

Leitað var álits hjá sérfræðingi búgreinadeildar skógarbænda hjá Bændasamtökunum um viðbrögð við því hvort reynsla Nýsjálendinga ætti erindi til okkar. Megininntakið í svari hans var:

„Stafafura er ekki ágeng af því að til að teljast ágeng þarf hún að leiða til rýrnunar á líffjölbreytni að því marki að til vandræða horfi. Hún er hvergi að gera það og það verða árhundruð ef ekki -þúsund þangað til að það gerist, ef það gerist nokkurn tímann.“

Þetta órökstudda andsvar til varnar þeirri takmarkalitlu gróðursetningu stafafuru sem stunduð er hér á landi er umhugsunarefni. Það virðist eiga rætur sínar í umfjöllun um skógrækt og kolefnisbindingu sem birt er á vef Skógarkolefnis (skogarkolefni.is). Verkefnið er í umsjá Skógræktarinnar og „ætlað öllum sem velja að ráðast á ábyrgan hátt í ný skógræktarverkefni“ með því meginmarkmiði að binda kolefni í skógum og búa til vottaðar kolefniseiningar. Fram kemur að Skógarkolefni er valkvætt regluverk, þ.e. kröfusett sem lýtur að því að geta fullnægt alþjóðlegum kröfum um bestu starfshætti, ábyrgð, gagnsæi og opið ferli.

Í ljósi þessa veigamikla hlutverks er forvitnilegt að skoða þá leiðsögn sem veitt er til að stuðla að slíkar kröfur verði uppfylltar. Meginatriðin koma fram á nokkrum stöðum á skogarkolefni.is en þó fyrst og fremst í umfjöllun sem þar er undir hnappnum Um á yfirlitssíðum vefsins og ber heitið Spurt og svarað. Þar er fjallað um forsendur ábyrgrar skógræktar, en því miður fer sú greining um of inn á óvenjulegar brautir.

Þetta veldur því að efnistökin fá víða á sig blæ frjálslegra túlkana, fullyrðinga, afneitunar og mótsagnakenndrar hagsmunagæslu.


Stafafura við Lyngdalsheiðarveg. Mynd / Sigurður Hjalti Magnússon

### *Hringborð þröngra hagsmuna*

Ummælin í upphafi greinarinnar til stuðnings því að stafafura sé ekki ágeng eru tekin úr svari Skógarkolefnis við spurningunni; er skógrækt ekki ógn við líffræðilega fjölbreytni? Þar kemur fram skýr afneitun til stuðnings algildu sakleysi skógræktar. Röksemdafærslan er byggð á heildarfjölda tegunda og á sér enga stoð í viðurkenndum skilgreiningum á líffræðilega fjölbreytni.

Þessi nálgun við að svara grundvallarspurningum vekur áleitnar spurningar um tengsl gæða og hagsmunagæslu.

Geta fagstofnanir stjórnvalda tekið sér nær ótakmarkað rými til túlkana á stefnu og markmiðum sem þær eiga að fylgja? Hve vel stuðlar ofangreint spurt og svarað að ábyrgum starfsháttum í tengslum við skógrækt og kolefnisbindingu?

Í Nýja-Sjálandi hvöttu ríkisstofnanir til gróðursetningar stafafuru um áratuga skeið. Nú er hún á bannlista og talin eitt skæðasta „illgresið“ m.a. vegna áhrifa á landslag og lífríki. Þar er háum fjárhæðum varið til að uppræta villibarr utan skógræktarsvæða. Hér á landi voru barrtré, einkum stafafura, í afgerandi meirihluta gróðursettra plantna árið 2022 og væntanlega einnig 2023. Dreifing með sjálfsáningu blasir víða við, en kirfilega virðist slökkt á öllum varúðarljósum.

Það er margt sem þarf að gaumgæfa í tengslum við skógrækt í viðkvæmri náttúru Íslands og þar þarf víðtækt samstarf.

Margar þjóðir leita nú til Nýja-Sjálands um samstarf við mat á langtímaáhrifum innfluttra tegunda á þau vistkerfi sem fyrir eru og mögulegum leiðum til lausna. Slíkt samstarf væri áhugavert fyrir íslensk stjórnvöld.

***Andrés Arnalds.***





**Hilltip Icestriker 900–1600L**
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.


**Hilltip Icestriker 380–550L**
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.


**Hilltip Icestriker 600 TR**
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.


**Hilltip Snowstriker VP**
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.


**Hilltip Snowstriker SP**
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.


**Hilltip Fjölplógur MVP**
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel
Stofnað 1957

**A Wendel ehf.**
**Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,**
**S:551 5464 - wendel@wendel.is**
**www.wendel.is**

VÉLABÁSINN

# Jafnvígur í sveit & borg

## – Prufuakstur á Toyota Yaris Cross



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

**Nýr smájepplingur frá Toyota byrjaði að sjást á götunum á síðasta ári. Þetta er merkilega sparneytinn og fjölhæfur bíll með meiri veghæð en gengur og gerist í þessum stærðarflokki.**

Yaris Cross býr yfir þeirri sérstöðu að bjóða upp á fjórhjóladrif, sem er ekki sjálfsagt í flokki smájepplinga.

Eins og margir bílar frá Toyota, þá fæst Yaris Cross sem tvinnbíll. Toyota hefur nýtt tvinnkerfið á sniðugan hátt, en afturhjólin eru hvergi tengd við bensínmótorinn, heldur eru þau knúin áfram af rafmagnsmótor. Hægt er að fá Yaris Cross ekki sem tvinnbíl, en þeir bílar eru einungis framhjóladrifnir.

Ef augun eru pírð nógu mikið í rökkri er hægt að ruglast á þessum bíl og nýjasta Toyota Rav4. Yaris Cross samsvarar sér vel og er margfalt fríðari en stóri bróðir hans, Toyota Corolla Cross. Þegar Yaris Cross er lagt við hliðina á tuttugu ára gömlum Toyota Corolla hlaðbak, þá sést að bílarnir eru nánast jafnstórir. Sé lagt við hliðina á venjulegum Yaris af nýjustu gerð, er bersýnilegt að hér er um miklu stærra ökutæki að ræða.




Toyota Yaris Cross er fjórhjóladrifinn tvinnbíll þar sem afturhjólin eru knúin með rafmótor, á meðan framhjólin eru knúin af bensínmótornum. Þetta er bíll með góða aksturseiginleika á fjölbreyttum. Veikasti hlekkurinn er hátt verð í samanburði við betur búna rafmagnsbíla. Myndir / ÁL




Toyota leggur mikið í hönnun sinna bíla um þessar mundir.



Lítið rými er í aftursætunum.



Skottið er rúmgott og flúttir gólfið við hlerann.



Margmiðlunarkerfið er gamaldags en gerir sitt.

### *Nóg af hnöppum*

Þegar sest er um borð tekur á móti manni fríð innrétting. Hún er nær alfarið svört, en gylltar línur lyfta hlutunum aðeins upp. Bíllinn í þessum prufuakstri er af gerðinni Adventure, sem er ein af best búnu útfærslunum.

Toyota er á margan hátt íhaldssamt fyrirtæki, en það sést í afstöðu þeirra til gamaldags hnappa. Hér er hljóðstyrk, miðstöð og fleiru stjórnað með auðfinnanlegum tökkum, ólíkt því sem er í mörgum nýjum bílum þar sem öllu er stjórnað í gegnum snertiskjá, sem getur verið óþarflega flókið.

Blessunarlega hefur Toyota haldið í hnappana, því sjálfur margmiðlunarskjárinn er með afar gamaldags viðmóti. Hann gerir sitt, en hvað útlitið varðar er varla hægt að sjá mun á þessu margmiðlunarkerfi og því sem var í nýjum bílum fyrir áratug. Kostir þess eru þó að það er fljótvirkt og næmt fyrir snertingu, jafnvel þótt notaðir séu hanskar. Enn fremur er auðvelt að tengja síma með Bluetooth og bakkmyndavélin fer í gang þegar er bakkað. Helst vantaði nálægðarskynjara að framan og aftan til að auðvelda það að leggja í stæði.

### *Sæti þægileg*

Framsætin eru sérlega þægileg með stillanlegum mjóbaksstuðningi. Til að gera hávaxna fullkomlega sátta þyrfti að vera hægt að færa sætin nokkra sentímetra aftar. Stórt glerþak er aukahlutur á þessum bíl og hleypir mikilli birtu inn í farþegarýmið.

Aftursætin eru einungis nógu stór fyrir börn, smávaxna fullorðna eða hávaxin prúðmenni sem barma sér ekki þrátt fyrir þrengslin. Þakið er lágt, en er íhvolft rétt yfir kollinum til að gefa örlítið meira rými. Fótaplássið er jafnframt það lítið að nauðsynlegt er að færa framsætin fram séu fullorðnir aftursætisfarþegar með fætur. Enn fremur er líklegt að erfitt sé að koma stórum barnabílstólum fyrir.

Stærð og form skottsins er vel nothæft. Afturhlerinn er breiður og opnast það hátt að engin hætta er á að reka höfuðið í. Gólfið flúttir við afturhlerann og er smá geymslupláss undir skottgólfinu, þó ekki nógu stórt til að rúma varadekk.

### *Notalegur í akstri*

Akstursupplifuninni má lýsa sem notalegri. Veg- og vindhljóð er prýðilega einangrað og stýrið er létt. Auðvelt er að kveikja á skynvædda hraðastillinum og akreinavaranum. Þegar kerfið er í gangi sýnir bíllinn mikið umburðalyndi gagnvart því hvernig haldið er í stýrið – ólíkt mörgum bílum – og því er auðvelt að slaka á þegar keyrt er á góðum vegum, eins og Reykjanesbrautinni. Þá sér bíllinn um aksturinn eiginlega alveg sjálfur.

Í þéttbýli er þægilegt að vera með mjúka fjöðrun þegar ekið er yfir hraðahindranir. Stiglaus sjálfskiptingin er jafnframt í essinu sínu þegar stöðugt er verið að stoppa og taka af stað. Ökumaðurinn verður í raun ekki var við hana.

Það sem kemur sérstaklega á óvart með Toyota Yaris Cross er hversu öflugur hann er á malarvegum. Í þessum prufuakstri var farið yfir blautan og holóttan veg með lausri möl og Yaris kvartaði ekki neitt. Þegar ekið var ofan í dýpstu holurnar var glymurinn í farþegarýminu vel dempaður og mjúk fjöðrunin virkaði vel á þvottabrettum. Óverulegur hávaði myndaðist vegna steinkasts á undirvagninn.

Fjórhjóladrifið hjálpaði til við að gera bílinn stöðugri í lausamölinni, þó tekið skuli fram að þetta sé langt því frá eins gott aldrif og í bílum eins og Subaru.

### *Að lokum*

Helstu mál í millimetrum – breidd 1.765; lengd, 4.180, hæð 1.595. Hæð undir lægsta punkt er 17 sentímetrar. Ódýrasta útgáfa Yaris Cross er á 5.250.000. Verð Adventure útgáfunnar er frá 7.250.000. Bíllinn í þessum prufuakstri, með nokkrum aukahlutum, var á 7.312.950 krónur. Allt verð með vsk.

Toyota Yaris Cross Adventure er vel útbúinn bíll sem er jafnvígur í borg og sveit. Þó þetta sé frábært ökutæki, er líklegt að Yaris Cross eigi erfitt með að keppa við fjöldann allan af góðum rafmagnsbílum sem eru nálægt þessum í verði. Þar má helst nefna fjórhjóladrifinn Tesla Model 3, sem er merkilegt nokk á nánast sama prís og bíllinn í þessum prufuakstri.

## SÖFNIN Í LANDINU



Hann tekur sig vel út, ökumaður traktorsins í sumarblíðunni.

# Sumarið á Minjasafninu á Bustarfelli

**„Sumarið er tíminn“ segir í ljóðinu. Það á við um Minjasafnið á Bustarfelli sem einungis er opið yfir sumarmánuðina.**

Starfsemi sumarsins sem er að líða var hefðbundin; opið alla daga vikunnar og boðið upp á leiðsögn um gamla bæinn.



Ríðum heim til Hóla ...



Prúðbúnir herramenn í fremri stofunni sitja við prjóna og spjall.

Í byrjun júlí var „Bustarfellsdagurinn“ haldinn hátíðlegur í 31. sinn. Þá lifnar bærinn við þegar fólk gengur í gömlu störfin. Þessi viðburður var hápunktur sumarsins, sem leið hratt með góðu starfsfólki á öllum aldri.

Fastasýning safnsins tekur alltaf einhverjum smábreytingum frá ári til árs og öðrum sýningum er skipt út reglulega. Þjónustuhús Bustarfells heitir „Hjáleigan“. Þar er einnig lítið kaffihús sem býður upp á úrvals bakkelsi, gott kaffi og listaverk á veggjum. Í sumar sýndi listakonan Sigrún Lara Shanko verk sín er bera titilinn „Landslag í draumi“. Við hlið gamla bæjarins er lítið dýragerði þar sem gestir hafa gaman af því að staldra við og klappa dýrunum.

Að sögn gesta sem skrifa svo fallegar umsagnir í gestabókina er Minjasafnið á Bustarfelli „dásamlegt“, kaffihúsið „frábært“ og að „friðsæld ríki í fögrum dal“.

Velkomin í heimsókn næsta sumar!









## KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði







MATARKRÓKURINN

# Steikt lamba rib-eye

- fyrir fjóra




Hafliði Halldórsson
haflidi@icelandiclamb.is




**Haustið er komið og með því göngur og réttir í sveitum landsins og meðfylgjandi sauðfjársláturtíð. Þess vegna má hvetja lesendur til að sækja sér ferskt lamb nú á næstu vikum og njóta á meðan lambakjötið fæst ferskt.**

Þess má geta að ferskt lambakjöt rýrnar mun minna við eldun en það sem hefur frosið. Munurinn er allt að 15% minni rýrnun samkvæmt nokkurra ára gamalli rannsókn Matís, þessi munur skilar sér í safaríkari niðurstöðu sem gleður flesta. Við notum að þessu sinni svokallaðan framhryggjarvöðva sem flestir kalla „rib-eye", en sem fyrr þá má nota uppskriftina til viðmiðunar og velja annan vöðva henti hann betur.

Notið svo endilega kjöthitamæli því það er eina örugga leiðin til að ná bestu mögulegu niðurstöðu!

Fæstir þekkja sólrót, en hún er afar bragðgott rótargrænmeti sem einnig kallast ætifíflar, en fleiri þekkja þá undir dönskuslettunni „jarðskokkar". Plantan á uppruna sinn í Norður-Ameríku en er nú ræktuð víða um heim.

Stutt íslensk sumur hafa komið í veg fyrir að plantan hafi verið ræktuð hérlendis í einhverju magni, en ræktun í gróðurhúsum ætti að skila árangri.

Nánar má fræðast um þessa ágætu matjurt í fróðlegri samantekt Vilmundar Hansen, sem birtist í Bændablaðinu 7. febrúar 2020 og má finna við leit á vefnum.

Best er að byrja á meðlætinu og sósunni, og enda á því að steikja kjötið.

***Steikt lamba rib-eye***
***800 g lamba rib-eye***
***3 msk. olía***
***100 g smjör***
***4-5 hvítlauksgeirar, kramdir***
***3-4 timjan-kvistar***
***Salt***
***Nýmulinn svartur pipar***

Látið kjötið ná stofuhita áður en þið hefjist handa við matreiðsluna. Þerrið bitana, saltið vandlega og brúnið vandlega í olíu á vel heitri pönnu. Þegar þið hafið snúið kjötinu er smjöri, hvítlauk og timjan bætt í.

Ausið smjörinu með matskeið yfir kjötið á meðan þið ljúkið við að brúna steikurnar. Færið í ofnskúffu, piprið og eldið í ofni í 10-15 mínútur, eða þar til kjarnhiti nær 58 °C.

Takið úr ofninum og látið hvíla í a.m.k. 10 mínútur áður en þið skerið í kjötið og berið fram.

***Kartöflumús***
***3 bökunarkartöflur***
***1 rósmarín-stilkur***
***3 dl rjómi***
***50 g smjör***
***Salt***

Skrælið kartöflur og skerið í jafnstóra bita, setjið í pott með rósmarín og sjóðið þar til eru mjúkar. Sigtið vatnið frá, hendið rósmarín kvistinum og maukið kartöflurnar í gegnum sigti eða til þess gerða kartöflupressu.

Sjóðið rjóma í víðum potti á hægum hita þar til hann hefur soðið niður um helming. Blandið kartöflum saman við rjómann, bætið smjörinu saman við og smakkið til með salti.

***Ofnbökuð sólrót***
***300 grömm sólrót***
***2 msk. olía***
***20 g smjör***
***Salt***

Setjið sólrótina í vatn og skrúbbið af henni lausan jarðveg og sand. Yfirborðið er oftast frekar ójafnt og þess vegna þarf að þrífa hana vel. Skerið í tvennt og setjið í eldfast form, kryddið og veltið upp úr olíunni, bætið smjöri við og eldið í 160 °C heitum ofni í 20-30 mínútur eða þar til eru mjúkar.

***Gufusteiktur blaðlaukur***
***2 blaðlaukar***
***3 msk. olía***
***20 g smjör***
***4 msk. sojasósa***
***1 dl vatn***

Skerið græna hluta blaðlauksins frá og skerið rótarendann af. Eftir stendur hvíti hluti blaðlauksins og við eldum hann í heilu lagi.

Brúnið vandlega á vægum hita í olíu og smjöri.

Færið í eldfast mót og bætið sojasósu við ásamt vatni, lokið mótinu með álpappír og eldið á 120 °C í 30 mínútur, eða þar til laukurinn er mjúkur í gegn.

Skerið í 4-5 cm langa skammta áður en þið berið fram.

***Soðsósa***
***1 hvítur laukur***
***3 hvítlauksrif***
***3 msk. skírt smjör***
***2-3 stilkar timían***
***3 msk. rauðvínsedik***
***150 ml rauðvín***
***200 ml lambabeinaseyði***
***200 ml nautabeinaseyði***
***50 g kalt smjör***
***Sjávarsaltflögur***
***Nýmulinn svartur pipar***

Skrælið og saxið lauk og hvítlauk, setjið í víðan pott á meðalhita ásamt timjan og svitið í smjöri. Ath. að laukurinn má ekki brúnast! Setjið rauðvínsedik í pottinn og sjóðið niður, því næst rauðvíni og sjóðið niður um helming. Þá er bæði lambabeinaseyði og nautabeinaseyði bætt í og soðið niður um helming.

Sigtið sósuna yfir í annan pott, rétt áður en sósan er borin fram er smjörinu pískað saman við og sósan smökkuð til með salti, nýmuldum pipar og e.t.v. ögn af ediki.

ERFINGJAR LANDSINS

# Ætlar að verða bóndi!

**Hún Sigrún Lind er sex ára stúlka sem æfir bæði fimleika og sund en þykir meðal annars skemmtilegast að smala.**



**Nafn:** Sigrún Lind Birkisdóttir

**Aldur:** 6 ára

**Stjörnumerki:** Krabbi

**Búseta:** Fellabær

**Skóli:** Fellaskóli

**Skemmtilegast í skólanum:** Leika úti.

**Áhugamál:** Fimleikar og að vera uppi í sveit.

**Tómstundaiðkun:** Er að æfa fimleika og sund.

**Uppáhaldsdýrið:** Kisur.

**Uppáhaldsmatur:** Tortilla, pítsa, píta og pylsur.

**Uppáhaldslag:** Power með Diljá.

**Uppáhaldslitur:** Rauður.

**Uppáhaldsmynd:** Pétur Pan, 101 dalmatíuhundur og refurinn og hundurinn.

**Fyrsta minningin:** Leika við bróður minn.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert:** Smala og fara í rush.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór:** Bóndi.

**Við hvetjum sem flesta til að hafa samband ef ykkur langar að vera með!**
Hafið samband: **sigrunpeturs@bondi.is**

# SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

**Setja skal inn tölur frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt - og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 4 | 5 | | | 3 | | 9 |
| | 8 | 2 | 3 | 9 | | 5 | | 1 |
| | | 9 | 6 | 4 | | | | |
| 2 | 3 | | | 6 | 4 | 9 | 8 | |
| 1 | | | | | 8 | 2 | 7 | |
| 5 | | | | 2 | 3 | | | |
| | | | 4 | 1 | 6 | | | 7 |
| | | 3 | | | | | 9 | 4 |
| 4 | 7 | 1 | | | | | | 2 |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | | | | | | 4 | |
| | | | 7 | 4 | | | | |
| | 9 | | | 5 | | | 6 | |
| 2 | 8 | | | | | 1 | | |
| | 4 | | | | | 8 | | 6 |
| 9 | | | | 7 | | | 5 | |
| | | | | | | 2 | | 8 |
| | 2 | | | | | | 7 | |
| | | 5 | | | 9 | | | |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | | | 7 |
| | 6 | | | | | | | 3 |
| | | 5 | 9 | | 8 | | | |
| | 1 | | 2 | | 9 | | | 8 |
| | | | | | 4 | 9 | | |
| 7 | | | | | | | 2 | |
| 4 | | 3 | 6 | 1 | | | | |
| | | 6 | | | | | | |
| 8 | 2 | | | 9 | 5 | 6 | | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | | | | | |
| 4 | 1 | | 6 | | | 7 | 9 | |
| | 6 | | | | | | 4 | 8 |
| | 9 | | 3 | | | | | |
| 8 | | | | 9 | 5 | 2 | | |
| | 3 | 6 | | 2 | 1 | | 5 | |
| | | | | | 7 | | | 3 |
| | 5 | | | | | 8 | | |
| | | | | | 2 | | | 9 |

HANNYRÐAHORNIÐ

# Notalegt hálsskjól

**Nú þegar vetur nálgast er gott að byrja á vetrarprjóni. Þetta fallega og einfalda hálsskjól situr svo vel á börnum. Uppskrift að húfunni má finna á vef garnstudio.com**




**Drops Design:** nr me-084-bn
**Stærðir:** 2 (3/5) 6/9 (10/12) ára
**Garn:** DROPS Merino Extra Fine (fæst í Handverkskúnst)
150 (150) 200 (200) g litur á mynd nr 38, blá þoka
**Prjónar:** Hringprjónar 40 cm, nr 3 og 3,5. Sokkaprjónar nr 3,5
**Prjónfesta:** 22 lykkjur x 30 umferðir = 10 x 10 cm í sléttu prjóni.
**Garðaprjón** (prjónað fram og til baka): Lykkjurnar eru prjónaðar slétt í öllum umferðum.

**ÚRTAKA-2** (á við um hliðar framan og aftan á hálsskjóli):
Öll úrtaka er gerð frá réttu og lykkjum ef fækkað innan við 5 kantlykkjur í garðaprjóni.
FÆKKIÐ LYKKJUM Á EFTIR 5 KANTLYKKJUM Í GARÐAPRJÓNI ÞANNIG:
Lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð (= 1 lykkja færri).
FÆKKIÐ LYKKJUM Á UNDAN 5 KANTLYKKJUM Í GARÐAPRJÓNI ÞANNIG:
Prjónið þar til 2 lykkjur eru eftir á undan 5 kantlykkjum og prjónið þessar 2 lykkjur slétt saman (= 1 lykkja færri).

**Útaukning** (á við um útaukningu fyrir axlarsæti):
**Á UNDAN PRJÓNAMERKI:**
Nýja lykkjan verður snúin til hægri. Notið vinstri prjón til að taka upp þráðinn á milli 2 lykkja frá umferðinni að neðan, þráðurinn er tekinn upp að aftan og lykkjan er prjónuð slétt í fremri lykkjubogann.
**Á EFTIR PRJÓNAMERKI:**
Nýja lykkjan verður snúin til vinstri. Notið vinstri prjón til að taka upp þráðinn á milli 2 lykkja frá umferðinni að neðan, þráðurinn er tekinn upp að framan og lykkjan er prjónuð slétt í aftari lykkjubogann.

**GARÐAPRJÓN:** Lykkjurnar eru prjónaðar slétt í öllum umferðum.

**HÁLSSKJÓL - STUTT ÚTSKÝRING Á STYKKI:** Stykkið er prjónað í hring á sokkaprjóna / stuttan hringprjón frá vinstri öxl (þegar stykkið er mátað) – prjónað er ofan frá og niður. Fyrst er prjónaður kantur í hálsi í stroffprjóni. Síðan eru lykkjur auknar út fyrir axlarsæti í hvorri hlið, áður en axlalykkjurnar eru felldar af. Síðan er bakstykkið og framstykkið prjónað fram og til baka á hringprjóna hvort fyrir sig til loka máls.
Fitjið upp 96 (104) 112 (120) lykkjur á stutta hringprjóna nr 3. Prjónið stroff hringinn (= 2L sl, 2L br) í 8 (9) 10 (11) cm, eða að óskaðri lengd. Nú eru sett 4 prjónamerki í stykkið eins og útskýrt er að neðan – þetta er gert án þess að prjóna lykkjurnar og hvert prjónamerki er sett á milli 2 lykkja. Prjónamerkin eru notuð síðar þegar auka á út fyrir axlarsæti. Setjið fyrsta prjónamerki í byrjun á umferð – á undan fyrstu lykkju, teljið 38 (38) 42 (42) lykkjur (= bakstykki), setjið 2. prjónamerki á undan næstu lykkju, teljið 10 (14) 14 (18) lykkjur (= öxl), setjið 3. prjónamerki á undan næstu lykkju, teljið 38 (38) 42 (42) lykkjur (= framstykki), setjið 4. prjónamerki á undan næstu lykkju. Nú eru 10 (14) 14 (18) lykkjur eftir á öxl á eftir síðasta prjónamerki. Látið þessi 4 prjónamerki fylgja með í stykkinu, það á að auka út við hvert prjónamerki. Skiptið yfir á hringprjón nr 3,5 og prjónið fyrstu umferð þannig: Prjónið sléttprjón yfir 38 (38) 42 (42) lykkjur á bakstykki og fækkið jafnframt um 6 lykkjur jafnt yfir þessar lykkjur – sjá ÚRTAKA/ ÚTAUKNING, haldið áfram með stroff yfir 10 (14) 14 (18) lykkjur á öxl, prjónið sléttprjón yfir 38 (38) 42 (42) lykkjur á framstykki og fækkið jafnframt um 6 lykkjur jafnt yfir þessar lykkjur, haldið áfram með stroff yfir 10 (14) 14 (18) lykkjur á öxl = 84 (92) 100 (108) lykkjur.
Síðan er aukið út fyrir axlarsæti eins og útskýrt er að neðan.

**ÚTAUKNING FYRIR AXLARSÆTI:**
Prjónið sléttprjón yfir 32 (32) 36 (36) lykkjur á bakstykki og framstykki og stroffprjón yfir 10 (14) 14 (18) axlalykkjur. JAFNFRAMT er aukið út um 4 lykkjur í hverri umferð fyrir axlarsæti þannig: Aukið út á UNDAN 2. og 4. prjónamerki og á EFTIR 1. og 3. prjónamerki – sjá ÚTAUKNING (= 4 lykkjur fleiri – útauknar lykkjur tilheyra framstykki og bakstykki, þ.e.a.s. að 10 (14) 14 (18) axlalykkjurnar haldast stöðugar). Aukið svona út í hverri umferð alls 8 (10) 12 (12) sinnum = 116 (132) 148 (156) lykkjur.
Í næstu umferð eru alxalykkjurnar felldar af, þ.e.a.s. prjónað er frá byrjun á umferð þannig (= við 1. prjónamerki): Prjónið 5 lykkjur brugðið, 38 (42) 50 (50) lykkjur sléttprjón, 5 lykkjur brugðið, fellið af næstu 10 (14) 14 (18) axlalykkjur með brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur og sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur, 5 lykkjur brugðið, 38 (42) 50 (50) lykkjur sléttprjón, 5 lykkjur brugðið, fellið af 10 (14) 14 (18) axlalykkjur með brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur og sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur. Ekki klippa þráðinn frá. Bakstykkið og framstykkið er síðan prjónað hvort fyrir sig fram og til baka á hringprjóna.
**BAKSTYKKI:** = 48 (52) 60 (60) lykkjur. Prjónið fyrstu umferð frá réttu þannig: 5 kantlykkjur í garðaprjóni, prjónið sléttprjón þar til 5 lykkjur eru eftir í umferð, prjónið 5 kantlykkjur í garðaprjóni. Haldið áfram fram og til baka í sléttprjóni með 5 kantlykkjum í garðaprjóni í hvorri hlið. **JAFNFRAMT** þegar bakstykkið mælist 2 (3) 3 (3) cm frá þar sem axlalykkjur voru felldar af, fækkið um 1 lykkju í hvorri hlið – sjá ÚRTAKA-2. Fækkið lykkjum svona með 2½ (3) 3 (3) cm millibili alls 3 (3) 4 (4) sinnum í hvorri hlið = 42 (46) 52 (52) lykkjur. Prjónið þar til stykkið mælist 10 (12) 13 (14) cm frá þar sem axlalykkjur voru felldar af. Nú eru eftir ca 3 cm til loka máls, mátið e.t.v. hálsskjólið og prjónið að óskaðri lengd.
Nú eru lykkjur auknar út eins og útskýrt er að neðan, til að koma í veg fyrir að stroffið sem prjóna á dragi ekki stykkið saman. Prjónið 1 umferð frá röngu eins og áður þar sem aukið er út um 10 (10) 12 (12) lykkjur jafnt yfir – munið eftir ÚRTAKA/ ÚTAUKNING = 52 (56) 64 (64) lykkjur. Skiptið yfir á hringprjón nr 3. Prjónið næstu umferð frá réttu þannig: 5 kantlykkjur í garðaprjóni, *2L sl, 2L br*, prjónið frá *-* þar til 7 lykkjur eru eftir í umferð, prjónið 2 lykkjur slétt og endið með 5 kantlykkjum í garðaprjóni. Haldið svona áfram með stroffi í 3 cm. Fellið af með garðaprjóni yfir garðaprjón, sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur – sjá AFFELLING!
Hálsskjólið mælist ca 13 (15) 16 (17) cm frá þar sem axlalykkjur voru felldar af.

**FRAMSTYKKI:** = 48 (52) 60 (60) lykkjur. Prjónið alveg eins og bakstykki, þ.e.a.s. framstykki og bakstykki eru alveg eins.

*Prjónakveðja,*
*Stelpurnar í Handverkskúnst*
*www.garn.is*






BÆRINN OKKAR




**Á Syðstu-Fossum í Borgarfirði búa þau Unnsteinn og Harpa ásamt Snorra, föður Unnsteins, sem er fyrrverandi bóndi á bænum, og Magnúsi, syni þeirra.**

**Býli:** Syðstu-Fossar.

**Staðsett í sveit:** Borgarfjörður.

**Ábúendur:** Unnsteinn Snorri Snorrason og Harpa Sigríður Magnúsdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Við eigum tvo syni, Ísak Rey (f. 2000) og Magnús Snorra (f. 2015). Ísak er fluttur að heiman, býr á Fáskrúðsfirði.
Á bænum býr einnig Snorri Hjálmarsson, sem er pabbi Unnsteins og fyrrverandi bóndi á bænum. Í heimilisfesti eru einnig tveir gagnslausir kettir, Doppa og Aska, sem eru í eigu húsfreyjunnar.

**Stærð jarðar:** Jörðin er um 170 ha, þar af eru um 30 ha tún.

**Gerð bús:** Sauðfé og hross.

**Fjöldi búfjár:** 120 vetrarfóðraðar ær og 25 hross

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum:** Dagarnir eru misjafnir, eftir árstíðum, eins og gengur í búskapnum. Harpa og Unnsteinn vinna bæði utan bús. Unnsteinn sér um gegningar að morgni áður en hann fer til vinnu. Harpa sér um að koma Magnúsi í skóla. Síðan reyna allir að hjálpast að seinni part dags eftir getu og áhugasviði.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Skemmtilegustu verkefnin eru á vorin. Það fylgja því alltaf einhverjir töfrar að taka á móti vorinu með öllum þeim verkefnum sem því fylgja.
Okkur þykja engin bústörf sérstaklega leiðinleg, nema þá helst bókhald og skýrsluskil.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir 5 ár:** Það eru ekki fyrirhugaðar neinar breytingar á búskapnum næstu árin.
Við erum opin fyrir tækifærum sem geta skapað meiri tekjur af búskapnum, þannig að ekki þurfi að sækja vinnu utan bús í eins miklum mæli.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum:** Það er þetta hefðbundna, íslenskar landbúnaðarafurðir, svo sem mjólk, smjör, ostar og skinka. Síðan er gjarnan til sviðasulta og kalt slátur.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu:** Þegar mikið liggur við er eldað lambakjöt. Steikt bleikja er líka ofarlega á vinsældalistanum.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin:** Við gefum Magnúsi orðið:







„Mér fannst skemmtilegt þegar kindin mín bar, 3 lömbum, úti á túni eitt vorið. Við þurftum að sækja hana á bílnum.
Pabbi mátti ekki vera að því að setja hana inn á réttum tíma því hann var að halda fyrirlestur í tölvunni um vinnuhagræðingu á sauðburði. Svo setti pabbi eitt lambið á um haustið, en ég komst að því í vor og núna á ég 6 kindur, átti nefnilega bara 5.“

FRÆÐSLA



Grágæs er stærst þeirra gæsa sem verpa á Íslandi og getur orðið allt að því 3,5 kg að þyngd. Hún er mjög algeng og útbreidd um allt land að undanskildu miðhálendinu sem hún eftirlætur frænku sinni, heiðagæsinni. Grágæsir eru að mestu farfuglar en þó dvelja þær nokkurn tíma á landinu. Fyrstu fuglar koma snemma, eða um miðjan mars, og dvelur mikill hluti þeirra hér alveg fram í nóvember. Algengt var að nokkur hundruð fuglar héldu til allan veturinn á Suðurlandi. Með hlýnandi loftslagi undanfarin ár og aukinni kornrækt á Suðurlandi hefur sú tala stóraukist og hlaupa staðfuglarnir nú á einhverjum þúsundum. Utan varptíma eru þær félagslyndar og sjást gjarnan í stórum hópum á láglendi þar sem þær sækja helst í gras eða korn í ræktuðu landi. Þær gæsir sem yfirgefa landið á veturna dvelja að mestu á Bretlandseyjum. Það getur verið tilkomumikil sjón á vorin og haustin að sjá stóra gæsahópa í oddaflugi. Langt farflug tekur mikið á fuglana en með því að fljúga í v-laga oddaflug tekst þeim að minnka loftmótstöðuna svo að fuglarnir geta flogið lengra án þess að þreytast.

Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

## Tíska:

# Náttúruleg hnútalitun



**Seint á sjöunda áratugnum mátti finna grein í vikublaði hérlendis þar sem hnútalitun svokölluð var lofi sungin.**

Kom fram að þarna væri um að ræða indverska litunaraðferð sem hefði þekkst frá alda öðli, þarlendis undir nafninu bandhnu.

Litunin fór þannig fram samkvæmt vikublaðinu:

*„Vefnaðurinn er hnýttur saman á ýmsum stöðum og honum dýft í lit, til að fá fram alls konar mynstur, litskrúðugar klessur, hringi og tígla, mismunandi reglulegt, en alltaf litskrúðugt, og nú er það orðið þannig að þessi litunaraðferð er notuð bæði á ódýran fatnað og til að gera upp gömul föt, og svo er það líka notað og ekki síður, á betri efni og í glæsilegan samkvæmisklæðnað.“*

### *Ókrýndur konungur hnútalitunar*

Kom á daginn að þessir tískuduttlungar höfðu hafist hjá blómabörnum Kaliforníu sem voru hvað áköfust í að fá útrás fyrir litagleði alheimsins með allri þeirri skynjun sem möguleg var. Mátti sjá vinsæla tónlistarmenn þessa tíma klæðast litríkum flíkum, þá John Sebastian sérstaklega, en hann var þekktur fyrir einlægan áhuga sinn á hnútalitun. Stóð í sífelldum litabreytingum á fatnaði sínum, jafnvel strigaskónum – auk þess sem má finna afar litaglatt tónlistarmyndband með laginu hans, You are a big boy now, á Youtube.

Nú í dag þekkir fólk hnútalitun frekar undir orðskrípinu Tædæ. Eða tie-dye.

### *Klórtískan mikla*

Einhverjir gengu í gegnum tímabil á unglingsárunum þar sem „acid eða bleach-wash“ var móðins, eða „að klóra“ galla og bómullarfatnaðinn sinn. Þeir þekkja þetta kannski helst sem eru fæddir seint á áttunda áratugnum.

Þessi aðferð með klórnum má segja að sé á borð við hnútalitunina, nema þar var útkoman þannig að heldur dró úr litnum frekar en hitt. Þetta er þó skemmtilegt og eina sem þarf að gæta er að hafa fatnaðinn ekki of lengi í klórnum svo hann eyðist ekki upp.

Á meðan að klóraðferðin er fremur einföld og krefst nær einungis þess að viðkomandi eigi í fórum sínum klórbrúsa og plastfötu – er tædæið heldur kröfumeira.

### *Aðferð hnútalitunar*

Fyrsta skrefið er að fara í búðir á borð við Liti og föndur, sem eitt sinn var til húsa á Skólavörðustígnum en er nú í Kópavogi, og finna þar fatalit eða liti sem gleðja.

Gúmmíteygjur eða tvinni verða að vera handbær og sú flík eða klæði sem á að lita verður að vera þvegin með mildri sápu og höfð rök.

Gúmmíteygjurnar eru bundnar á víð og dreif eins og sjá má á mynd – en til eru hinar ýmsu aðferðir við þetta skref. Næst er litnum blandað í vatn eins og stendur á pakkningunum og klæðið sett þar ofan í. Öðrum finnst best að leggja klæðið á bökunargrind svo litirnir renni síður saman.

Eftir litun þarf að leyfa flíkinni eða klæðinu að draga í sig litinn og sitja í að minnsta kosti 8 klst. ef vel á að takast til, allt að sólarhring og jafnvel í plastpoka. Skola svo vel með köldu vatni.

Margir notast við hvítt edik og kalt vatn til helminga til að festa litinn vel eftir að litarefnið hefur verið skolað úr og þá í 30 mínútur. Hægt er að bæta við öðrum lit eftir fyrstu litun, og svo koll af kolli.

Einnig má setja lit í plastflöskur og sprauta honum á klæðið eða mála það með pensli.

### *Jurtalitun*

Til eru þeir sem ganga skrefi lengra og nota jurtir við litunina. Þá er gott að kynna sér vel þau skref sem taka þarf en hérlendis má finna ýmislegt, bæði í ísskápnum og í náttúrunni, sem má nýta sér. Íslendingar hafa litað klæði í áraraðir og hér áður fyrr nýttu þeir sér bæði haugarfa og keytu til að gegna hlutverki festis. Keytan festi þó ekki aðeins litinn heldur breytti honum þannig að litirnir urðu skýrari. Í dag leika málmsölt á borð við álún sama hlutverk – sem festir eða til breytinga á litbrigðum.

Bleikur = rófur, rauðlaukur
Gult = laukhýði, túrmerik
Blár = svartar baunir, bláber
Grænt = gras, spínat,
Fjólublátt = rauðkál, krækiber

Að lokum er gaman að segja frá því að þeir sem standa í jurtalitun vilja gjarnan nota gamlan, jafnvel ryðgaðan pott, en litamunur er á flíkum sem eru litaðar í mismunandi tegundum potta, þá ál-, kopar- eða járnpottum. Álið er talið draga úr styrkleika litar á meðan kopar eða járn gera litinn sterkari. Áhrif (ryðgaðra) járnpotta geta orðið til þess að ef t.d. litað er með laukhýði sem vanalega gefur gulan lit – þá getur það orðið ólífugrænt. Og skemmtið ykkur nú vel. /SP



**Hér eru sjö skref hnútalitunar í myndum en á myndinni að ofan má sjá tónlistarmanninn John Sebastian í essinu sínu.**

**Jesús sagði:**
„Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar."
*Matt. 28.20*

biblian.is

# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar

**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is



GÁMASLISKJURNAR KOMNAR, GOTT VERÐ.

VÍR OG LYKKJUR EHF

772-3200



**2ja manna infrarauður saunaklefi**
Stærð 120x100x200 cm. (BxDxH)
Kr. 260.000,- fyrir einfasa rafmagn.



**Rafmagnspotturinn HYDRO**
Stærð 200x200x95cm.
Kr. 850.000,- m/loki, tröppu, síu o.fl.

GODDI.IS
Auðbrekka 19, 200 Kópavogur
s. 5445550



Til sölu Shetland 570 – 1994 Með Mercury 150 hp fjórgengismótor keyrður ca 200 tíma. Bátur í topp standi. Báturinn hefur alltaf verið geymdur inn á veturna. Vagn fylgir og ásamt ýmsu öðrum hlutum. Verð kr. 3.500.000.- Einnig til sölu A-4 skrúfusett og B-3 skrúfusett. Á Volvo duo prop 290 drif Settin eru ný. Verð kr. 110.000 settið. Uppl. Þórður s. 863-4460 eða Bjarni s. 897-9857.



Uppgert A-hús til selst til flutnings. Salerni. Lokað ofnakerfi. Sóló eldavél. Pallur. Staðsett í Grímsnesi. Sjá www.tinyurl.com/grimsnes



Úrval tækja fyrir skógarbóndann. Stubbatætarar, kljúfar, plógar, vagnar, rafbörur og kurlarar. Þessar frábæru rafbörur eru með drifi á öllum og kosta kr. 395.000 +vsk. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is



Renault Master árg. 2015 ek. 120.000 með lyftu og hærri topp. Verð 2,5 m. auk vsk. Uppl. s. 894-8620.



Vetrargeymsla fyrir húsbíla og ferðavagna. Uppl í s. 831-1411.



Til sölu er vandað saunahús tilbúið til flutnings. Húsið er smíðað hér á Íslandi og hentar því vel Íslenskum aðstæðum. • Stærð hússins er 2,35 x 2,35 • Utanklæðning er bandsöguð fura • Gólf, veggir og þak byggt upp með 45 x 100 mm grindarefni • Einangrað með 100 mm ull • Hert öryggisgler 90x175 • Innanhússviður er Ölur, veggir, loft og bekkir. Nánari uppl. í s. 893-3833.



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90. Verð frá kr. 9.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.



**400.000 KR. AFSLÁTTUR**

Fyrir nánari upplýsingar kíktu á Súperdaga Sixt - auglýsinguna, bls. 71 í blaðinu!



Vélavagn, þriggja öxla. Verð kr. 1.500.000 +vsk. Uppl. s. 894-8620.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Brettagaflar með vökvafærslu. Burðargeta 2,5 tonn. Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 263.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. | www. hhauksson.is | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Til sölu Arctic cat fjórhjól. Er í góðu standi. Staðsett í Reykjavík. Uppl. í s. 868-7699.



Dick Cepeck 285-70-17 negld dekk, svo til ónotuð, verð kr. 180.000. Uppl. í s. 892-2032.



Nissan Qashqai J10, 1.995 cm3, 4WD, með krók, árgerð 2013. Sjálfskiptur, dísel, heilsársdekk, ekinn 96.500 km. Verð kr. 1.480.000. Uppl. í s. 898-0276.



**400.000 KR. AFSLÁTTUR**

Fyrir nánari upplýsingar, kíktu á Súperdaga Sixt – auglýsinguna, bls. 71 í blaðinu!

**senmatic**

**Tæknibúnaður fyrir atvinnugróðurhús**

Loftlagsstýringar
Áburðarblandarar
Skjámyndakerfi
Gluggabúnaður
Mótorlokar
Mælitæki
LED lampar

Árvirkinn

Eyravegi 32 • 800 Selfoss
Sími 480 1160 • www.arvirkinn.is



Góð kerra til sölu ónotuð. Verð kr. 200.000. Uppl. s. 896-4695.



Til sölu tvær nýjar bílskúrshurðir með opnara. Br 341 x H 224, verð kr. 243.000 +vsk. Br 352 x H 350, verð kr. 390.000 +vsk.Búvís ehf. Grímseyjargötu 1, 600 Akureyri, s. 465-1332.

**Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.**

**Úrvalið hefur aldrei verið meira.**

AL-KO QUALITY FOR LIFE
UNSINN
Schmidt FAHRZEUGBAU



**Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.**
**Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.**

**Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.**

BRIMCO
**EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ**
**SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is**

## ÚRVAL NOTAÐRA DRÁTTARVÉLA



**MF5613**
Lipur lágnefja með einfaldri uppsetningu



**MF6615 DYNA6**
Fullbúin luxus vél með hestöfl. Gæða gripur



**MF5613**
Vel útbúinn vinnuhestur með frábært útsýni á nærumhverfið



**MF6615 DYNA4**
Öflugur vinnuþjarkur með einfalda uppsetningu



**VALTRA N163D**
Stiglaus skipting vel með farin



**VALTRA N103 HITEC 5**
Afskaplega sterk og áreiðanleg ámoksturstækjavél

TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI
Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

AFLVÉLAR




Claas Arion, 630 árgerð 2021, notuð 1800 vst. Verð kr. 15.900.000 +vsk. Uppl. s. 894-8620



Trésmíðavél, sambyggð, eins fasa. Verð kr. 450.000. Upp. s. 896-4695.



Bútsög til sölu. Verð kr. 80.000. Upplýsingar í s. 896-4695.



Rúllugreip með keflum og spjótum. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 247.000 m/vsk. (kr. 199.000 án/vsk) H. Hauksson ehf. | www.hhauksson.is | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Askeladden bátur til sölu, 40 hp mótor. Bátur, mótor og vagn. Verð kr. 2.200.000. Upplýsingar í s. 896-4695.



Vandaðir vatnabátar frá Póllandi. Stærð- 4,04 m x 1,67 m, 110 kg. Bátarnir eru með tvöföldum botni með frauði á milli. Bátunum fylgir sami búnaður og á mynd, ásamt tréárum. Vinsamlega hafið samband fyrir nánari upplýsingar. Hákonarson ehf, netfang- hak@hak.is. S . 892-4163.



Óskast til kaups, Toyota bílar, mismunandi gerðir og ástand. Einnig fleiri tegundir. Upplýsingar dagbjartur80@gmail.com / s. 896-5001.



Til sölu Toyota Hilux árgerð 2007, ekinn 83.935 km. Ásett verð kr. 3.500.000. kristinerna@gmail.com








Sparneytinn, beinskiptur, Skoda Oktavia dísel, árg. 2014. Nánar í s. 661-5090



Tumi þumall, beltagrafa 1,2 tonn. Einstaklega lipur og skemmtileg vél til að takast á við verkefnin heima eða í sveitinni. Fáðu tilboð í Tuma. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520.



Skemmtibátur til sölu - Víkin GK 6630 - Sandvik 945. Skráð lengd- 9,3m. Smíðaður 1984 í Noregi. Cummins 5.7 vél, keyrð 1700 klst. Gengur 16 mílur. Ný siglingatæki- Simrad NSO evo 3 plotter og dýptarmælir, RO 4000 VHF talstöð. Easy AIS tæki og Garmin GPS. Töluvert endurnýjaður, m.a. bólstrað sæti, nýr stóll, nýtt stýri, nýtt gólfefni. Vagn til geymslu á landi fylgir. Verð kr. 6.900.000. Uppl. í s. 858-5500 eða mhaflidason@gmail.com



Jarmet heyvinnutæki. Rýmingarsala 15-20% afsláttur. Vallarbraut.is s. 454-0050



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt- 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Mercedes Benz Vito Tourer 4x4 119 CDi sk. 03.2022. Ekinn 35.000 km. Sjálfskiptur, 9 manna. Tvær rafmagns hliðarhurðir, dráttarbeisli o.fl. Niðurfelling möguleg til leigubílstjóra og bílaleiga. Uppl. S. 820-1071 kaldasel@islandia.is




Fyrir nánari upplýsingar, kíktu á Súperdaga Sixt – auglýsinguna, á bls. 71 í blaðinu!



Belmac Haugsugur, 9.564 l með sjálfvirkum áfyllibúnaði. Verð kr. 3.920.000 +vsk. Vallarbraut.is s. 454-0050



Timbur í fjárhúsgólf til sölu Stærð 38 x 100. Verð kr. 415 LM m/vsk. Lengdir til á lager- 4,2 m og 5,4 m. H. Hauksson ehf. | www.hhauksson.is | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Polaris Sportsman 809 árg. 12/2007. Verð kr. 1.090.000. Uppl. s. 894-8620.



FAÐMGREIP Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 235.000 – m/vsk. H. Hauksson ehf. | www.hhauksson.is | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is.



Stórbaggagreip með EURO festingum. Slöngur fylgja. Verð kr. 343.000 - m/vsk. H. Hauksson ehf. | www.hhauksson.is | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Flatvatn, þriggja öxla, á tvöföldu. Verð kr. 2.100.000 +vsk. Uppl. s. 894-8620.



Burðartimbur stærð 48x198 (2x8) Styrkleiki C24 Verð kr. 900 LM m/vsk Lengd 4,8m H. Hauksson ehf. | www.hhauksson.is | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Case 695, árg. 2003. Verð kr. 4.700.000 +vsk. Uppl. í s. 894-8620.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cmx B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is



Belmac Haugsugur, 7.274 ltr. með sjálfvirkum áfyllibúnaði. Verð kr. 3.000.000 +vsk. Vallarbraut.is s. 454-0050

mýranaut

Bragðgott og meyrt ungnautakjöt. ⅛ úr skrokk um 20 kg. Inniheldur steikur, hakk, gúllas og snitsel. Heimkeyrsla á höfuðborgarsvæðinu. S. 868-7204 www.myranaut.is



Brettagafflar fyrir ámoksturstæki. Ásoðanar festingar- Euro. Euro + 3 tengi. Sérpöntun á öllum festingum. Burðargeta 2.500 kg. Lengd á göfflum,120 cm. Pólsk framleiðsla. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is.



KANE er tilbúinn í kornið. 15,5 t heildarþyngd. Verð kr. 2.856.060 +vsk, með upphækkunum. Verð kr. 2.600.000 +vsk, án upphækkana. Vallarbraut.is s. 454-0050



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Brettagafflar með snúningi, 180°eða 360°.Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta- 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is.



Ateco 1023, árg. 2016, ekinn 238.000 km. Sjálfskiptur, lokaður kassi og lyfta. Verð kr. 5.000.000 +vsk. S. 894-8620.



Sveitarfélög og verktakar. Mjög öflugur búnaður fyrir stífluhreinsun í skolprörum. Háþrýstidælur frá www. comet-spa.com. Margar útfærslur í flæði og þrýstingi. Bensín, dísel, glussadrif eða drifskaft. Sköffum allan slöngu- og spíssabúnað fyrir rörahreinsun. Gerum föst tilboð, mjög hagstætt verð og góð þjónusta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Belmac Haugsugur, 13.638 ltr. með niðurfellingarbúnaði. Tilboðsverð kr. 9.000.000 +vsk. Vallarbraut.is s. 454-0050



Glussadrifnar haughrærur á ámoksturstæki eða 3 tengi. Hentar mjög vel fyrir útitanka, útilón og víðar. Lengdir : 4 m, 5 m 6 m, 6,7 m, 8 m, 9 m Rótor og skrúfa eru sambyggð, enginn öxull. Mjög léttbyggðar, 9 m löng er aðeins 360 kg. Allar festingar í boði fyrir skotbómulyftara og traktora. Boltaðar festingar sem er fljótlegt að skipta um. Getum einnig skaffað fremsta hlutann án burðarvirkis. Öflugur búnaður á góðu verði frá Póllandi. Hákonarson ehf. hak@hak.is – www.hak.is – S. 892-4163.



Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus fræsing, verð reiknast á fermetra. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Nánari upplýsingar og tilboð í S. 892-0808- Oliver.



Vatnshitarar fyrir háþrýstiþvott. Hitar vatn í allt að 110 °C með gegnumstreymi. Max þrýstingur - 500 Bar. Hentar í margs konar verkefni. Gengur fyrir húsarafmagni eða 12 V. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is



Belmac keðjudreifarar. R 10,5 cu. verð kr. 2.460.000 +vsk. 4,5 cu. Verð kr. 880.000 +vsk. Vallarbraut.is s. 454-0050



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt- 1,9 m. Stærð á skrúfu- 48 cm. Rotor-12 kW. Glussaflæði- 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi- 2 m. Burðarvirki- Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir- 1,6 m,-2 m-2,1 m-2,5 m-3 m-3,5 m-4 m-4,5 m-5 m. Burður fyrir par- 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163.



















LANDSTÓLPI
McHale

**McHale** - FUSION 4 PLUS



Meðal helstu breytinga:
- Pro Flo sópvinda
- Aukin pressa í baggahólfi
- Hraðari binding og pökkun
- ISOBUS stjórnkerfi
- Vinnuljós undir hlífum og á pökkunarborði
- Stjórnborð aftan á vél fyrir helstu aðgerðir

**McHale** - B9600



- 3,4m sláttuborð
- Stillanleg vinnslubreidd
- Með drifknúnum stáltinda-knosara

**McHale** - F3100



- Sérhönnað til þess að fylgja ójöfnum í túnum.
- Sjálfvirk aðlögun á sláttuborði

**McHale** - R3100




- Aukavörn á sláttuborði
- Þrjár stillingar á knosun
- Mikil afköst

**McHale** - R68-78




- Vökvastillanleg vinnslubreidd
- 6,8-7,8 metrar
- 13 armar á stjörnu
- 4 tindar í armi
- Snúningur á gafli
- Möguleiki að lyfta upp annarri stjörnu án þess að stöðva vél

**McHale** - Rúllugreip



- BH691 rúllugreipin er búin hreyfanlegum keflum sem hægt er að taka af og eru spjót þar undir

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum
ALLT FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta- 8.000 kg. Stærð- 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is




Ledljós fyrir kerrur og landbúnaðartæki. 12 og 24 V , 7 pinna tengi. 2,5 m kapall á milli ljósa og 12 m kapall í pinnatengi. Segulfesting, IP66 vatns- og rykvörn. Handhæg plasttaska fylgir. Til á lager. Hákonarson ehf, S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is - www.hak.is



Háþrýstidælur fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísel. Margar stærðir, allt að 700 Bar. Einnig öflugir vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Stór og öflug háþrýstidæla fyrir verktaka til sölu. Dælan er ný og ónotuð, FDX Xtreme XL, www.comet-spa.com. Dælan er 16 L /min og max þrýstingur er 520 Bar. Vél - 26 hestöfl, Kohler, dísel, KDW 1003. Vélin er vatnskæld og með rafstarti. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - e-mail - hak@hak.is.



Díselhitari, 12 og 24v 5 kw. Verð kr. 53.900. Öll Þjónusta- Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavik s. 888-1185.



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð-L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd- 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta- 10 tonn Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is




Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2" , 3" , 4". Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang-hak@hak.is.



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari- 680 kg og 1500 kg CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf / S. 892-4163 / netfang-hak@hak.is



Sláttuorf með Honda vélum. Orfin henta mjög vel sveitarfélögum og verktökum. Margar útfærslur. Einnig öflugar sláttuvélar með Honda vélum. Allar vélarnar eru fjórgengis. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang - hak@hak.is




Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi. https://www.sipma.pl/produkt/zgniatacze-ziarna/ Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Slöngubátar fyrir alhliða veiði. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.

## Atvinna

Óska eftir að ráða konu á besta aldri til heimilisstarfa á lítið sveitaheimili í Borgarfirði. Það að kunna að elda og vera vön heimilisstörfum. Nánari upplýsingar í s. 894-5063.

## Óska eftir

Ég leita að stórri ritvél sem gengur ekki fyrir rafmagni, eins og voru algengar á skrifstofum áður. Til að mynda Olympia, Rheinmetall, Optima, Olivetti eða annað. S. 822-5269, astvaldurl@gmail.com

Óska eftir að kaupa gömul hlutabréf frá Loftleiðum, Flugfélagi Íslands og öðrum flugfélögum. Einnig einkennismerki og aðra gamla safngripi frá flugfélögum. Eiríkur L, andromeda@simnet.is.

Kaupi íslensk ber. Bláber 800 kr/kg. Aðalbláber 1.200 kr/kg. Krækiber 500 kr/kg. Einiber 4.000 kr/kg. Kúmen 4.000 kr/kg. Blóðberg 7.000 kr/kg. Rifsber 1.200 kr/kg. Uppl. í s. 695-1008. email snorri@reykjavikdistillery.is

Óska eftir amerískum pikkup. Ford f350/250, Dodge ram, Chevrolet silverado eða Gmc sierra. Mega þarfnast lagfæringa. S. 774-4441.

Kaupi vínylplötur og CD. Staðgreiði stór plötusöfn. Plötumarkaður Óla, Ísbúðin Háaleitisbraut 58. S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Óska eftir lágþrýstum olíukatli, af stærð frá 100-500kW. Það að vera í lagi. Nánari upplýsingar í s. 821-9598.

## Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is s. 820-8096.

Nýr, fallegur 3ja sæta leðursófi til sölu. Uppl. í s. 534-8555.

Trésmíðavélar úr heilu verkstæði til sölu, seljast helst allar í einu. Áhugasamir um upplýsingar sendi nafn og símanúmer á kein@simnet.is

Lely Lotus Stabilo 900, einstök hönnun tinda, fer vel bæði með heyið og grassvörðinn. Verð kr. 1.800.000 +vsk. Uppl í s. 861-1029.

Cooper snjódekk 215/60,R17. Akstur um 2.000 km. Uppl. í s. 865-3119.

## Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang- einar.g9@gmail.com - Einar G.

Tækifærisskáldið Daníel Daníelsson, nú umtalað í Bændablaðinu og Morgunblaðinu. Get samið söngtexta, ástarbréf, ljóð og fleira. Pantanir í s. 694-2748.

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.
Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463
VÉLSMIÐJA GRUNDARFJARÐAR



# BÍLALEIGUBÍLARNIR ERU KOMNIR Í SÖLU!

SIXT




**Toyota BZ4X AWD - 2022**
9.000 km. - Rafmagn - Sjálfskiptur
Ásett verð: 8.990.000
**Súperverð: 6.990.000**




**Toyota AYGO - 2019**
71.000 km. - Bensín - Beinskiptur
Ásett verð: 1.590.000
**Súperverð: 1.190.000**




**Toyota Landcruiser - 2021**
55.000 km. - Bensín - Sjálfskiptur
Ásett verð: 10.490.000
**Súperverð: 9.990.000**




**Marvel R Electric - 2022**
5.000 km. - Rafmagn - Sjálfskiptur
Ásett verð: 6.990.000
**Súperverð: 6.490.000**

## LÆKKAÐ VERÐ – ÓTRÚLEGT ÚRVAL!

# SÚPERDAGAR

Birt með fyrirvara um mynda og texta brengl




**Tesla Model 3 Long Range - 2022**
25.000 km. - Rafmagn - Sjálfskiptur
Ásett verð: 6.890.000
**Súperverð: 6.490.000**




**Jeep Compass - 2021**
74.000 km. - Bensín/rafmagn - Sjálfskiptur
Ásett verð: 5.990.000
**Súperverð: 5.490.000**




**Hyundai Kona Style - 2021**
37.000 km. - Rafmagn - Sjálfskiptur
Ásett verð: 4.890.000
**Súperverð: 4.490.000**




**Opel Astra - 2016**
112.000 km. - Bensín - Sjálfskiptur
Ásett verð: 1.890.000
**Súperverð: 1.490.000**




**Opel Ampera-E - 2020**
30.000 km. - Rafmagn - Sjálfskiptur
Ásett verð: 4.390.000
**Súperverð: 3.990.000**




**Chevrolet Cruze - 2016**
105.000 km. - Bensín - Sjálfskiptur
Ásett verð: 1.190.000
**Súperverð: 790.000**




**Nissan Qashqai - 2020**
76.000 km. - Dísel - Sjálfskiptur
Ásett verð: 3.890.000
**Súperverð 3.490.000**




**Nissan Micra Tekna - 2019**
59.000 km. - Bensín - Beinskiptur
Ásett verð: 2.390.000
**Súperverð: 2.190.000**




**Ford Kuga - 2014**
207.000 km. - Dísel - Beinskiptur
Ásett verð: 1.390.000
**Súperverð: 990.000**




**SsangYong Korando - 2018**
90.000 km. - Dísel - Sjálfskiptur
Ásett verð: 3.090.000
**Súperverð: 2.790.000**




**Opel Karl Viva - 2019**
38.000 km. - Bensín - Beinskiptur
Ásett verð: 1.590.000
**Súperverð: 1.290.000**




**Reykjavík**
Krókháls 9
540 2035
Opið virka daga frá 10 - 18
Laugardaga frá 12 - 16

**BÍLALEIGUBÍLAR Á MÖGNUÐUM KJÖRUM! | MEIRA ÚRVAL Á SIXTBILASALA.IS**

MASSEY FERGUSON




BÚVÉLAR

Gagnheiði 35, Selfossi | Sími 4800080 | www.buvelar.is